

Eyri

Eyri er eina landnámsjörðin í hinum forna Mosvallahreppi ef mark má taka á því sem ritað er um þau efni í Landnámabók en þar segir: *Önundur Víkingsson, bróðir Þórðar í Alviðru, nam Önundarfjörð allan og bjó á Eyri.*¹ Sú fullyrðing að Önundur hafi numið *Önundarfjörð allan* rekst þó á aðrar frásagnir sömu bókar þar sem greint er frá landnámi á Ingjaldssandi (sjá hér Svipast um á Ingjaldssandi). Í sumum gerðum Landnámabókar er gefið til kynna að Þórður Víkingsson í Alviðru hafi í raun verið sonur Haralds hárfagra Noregskonungs (sjá hér Alviðra) og má ætla að föðurnafnið *Víkingsson* sem þeir bræður, Þórður og Önundur, báru báðir hafi átt að vísa til hins konunglega faðernis. Í Landnámabók og öðrum fornum ritum er hins vegar engan fróðleik að finna um Önund landnámsmann hér á Eyri eða skyldulið hans og niðja. Hin ritaða frásögn af landnámi Önundarfjarðar er því mjög rýr en án hennar mætti reyndar telja harla líklegt að þeir sem hér byggðu fyrstir hafi sest að á Eyri. Að minnsta kosti liggur beint við að ætla að þeir sem komu af hafi að ónumdu landi og sigldu inn Önundarfjörð hafi strax veitt athygli hinni ágætu höfn innan við **Flateyri** og stigið þar á land.

Spölurinn frá oddatánni á Flateyri og upp að bæjarstæðinu á Eyri er um það bil 1300 metrar. Eyrarbærinn stóð undir **Eyrahjöllum**² í túnbrekku rétt fyrir utan og ofan Flateyri.³ Á þessum slóðum eru nú (1995) miklar malargrýfjur en bærinn stóð neðan við þær, þar sem nú er kartöflugarður sem Hjörtur Hjálmarsson skólastjóri átti.⁴ Gamla bæjarstæðið á Eyri hefur því verið ofan við hesthúsin sem nú (1995) eru þarna og rétt aðeins innan við þau⁵ en svolítið utar en endinn á sjóvarnargarðinum innan við **Eyrbótina** sem blasir við hér fyrir neðan. Ljóst er að bærinn hefur staðið um það bil miðja vega milli fjörunnar og malargrýfjanna sem nú setja hér svip á umhverfið en þó aðeins ofar. Öll túnin ofan við malargrýfjurnar eru nýrækt en neðan við þær er enn sem áður nokkur hluti af gamla Eyrartúninu.⁶

María Jóhannsdóttir, sem er dótturdóttir Torfa Halldórssonar, útgerðarmanns á Flateyri, fluttist fimm ára gömul að **Sólbakka** austan frá Hólmum í Reyðarfirði árið 1912.⁷ Hún hefur æ síðan átt heima á Sólbakka (Litlabýli) og á Flateyri. María minnst þess að á hennar fyrstu árum í Önundarfirði héngu enn uppi fjórir bæir á Eyri⁸ en síðasta fólkið sem átti heima í þessum bæjarhúsum fluttist þaðan niður á Flateyri árið 1903 (sjá

¹ Íslensk fornrit I, 186.

² Snorri Sigfússon 1969 II, 104.

³ María Jóhannsdóttir. – Viðtal K.Ó. við hana 5.7.1995. Sbr. Kristján G. Þorvaldsson 1951, 64.

⁴ María Jóhannsdóttir. – Viðtal K.Ó. við hana 5.7.1995.

⁵ Jóhanna G. Kristjánsdóttir. – Viðtal K.Ó. við hana 5.7.1995.

⁶ Gunnlaugur Finnsson. – Viðtal K.Ó. við hann 5.7.1995.

⁷ María Jóhannsdóttir. – Viðtal K.Ó. við hana 5.7.1995.

⁸ Sama heimild.

hér bls. 35). Að sögn Maríu stóðu þrjár bæjanna á Eyri í túbrennkunni sem hér var áður nefnd og var mjög skammt á milli þeirra.⁹ Fjórði bærinn var svo mun neðar, skammt ofan við fjöruna.¹⁰ María minnst þess að hafa heyrt móður sína tala um að Helga Ólafsdóttir, sem gift var Guðjóni Jónssyni lóðs á Ísafirði, hafi alist upp í innsta bænum uppi í brekkunni.¹¹ Nær fullvíst má því telja að það hafi verið gamli Eyrarbærinn því nýnefnd Helga var dóttir Ólafs Magnússonar sem lengi var bóndi á Eyri.¹² Hann andaðist þar árið 1883, þegar Helga var rétt liðlega tvítug, en ekkja hans, Sigurborg Sæmundsdóttir sem var móðir Helgu, hafðist við á Eyri allt til ársins 1888.¹³ Í hinum þremur torfbæjunum, sem María mundi eftir að enn héngu uppi á árunum kringum 1915, hlýtur þurrabúðarfólk að hafa búið en margar slíkar fjölskyldur áttu heima á Eyri á árunum 1870-1903 (sjá hér bls. 29-38). Eðlilegt var að þurrabúðarfólkið reisti kofa sína utan við gamla Eyrarbæinn því snjóflóð sem oft féllu úr **Eyrarfjalli fóru jafnan innan við hann niður á eyrina**.¹⁴

Hér var áður frá því greint að einn bæjanna sem þurrabúðarfólk reisti á Eyri á síðasta þriðjungi 19. aldar hefði staðið niður við ströndina. Í þeim bæ fæddist Ólafía Sigurðardóttir vorið 1898. Hún sagði svo frá á árunum upp úr 1960 að bletturinn þar sem hús foreldra hennar stóð væri horfinn í sjóinn¹⁵ sem vel getur staðist því hér hefur orðið töluvert landbrot eins og áður var nefnt. Ólafía var dóttir hjónanna Sigurðar Ólafssonar og Dagbjartar Jónsdóttur,¹⁶ sem áttu heima á Eyri á árunum 1896-1900 (sjá hér bls. 37), og má ætla að þau hafi búið í þessum bæ sem var rétt ofan við fjöruna.

Síðasti bóndinn á Eyri var Kristján Mosdal Friðriksson sem var skipstjóri á þilskipinu *Jeanette* en hann druknaði þegar skip hans fórst í hafi vorið 1887 (sjá hér Flateyri). Hann hafði þá verið búsettur á Eyri í þrjú ár og haft um það bil þriðjung jarðarinnar til ábúðar.¹⁷ Tvo þriðju parta hennar eða því sem næst nytjaði þá Torfi Halldórsson á Flateyri og svo hafði lengi verið (sjá hér Flateyri). Á árunum 1888-1903 var það aðeins þurrabúðarfólk sem átti heimili á Eyri og frá 1903 hefur allt verið hér í eyði.¹⁸ Gamli Eyrarbærinn er nú löngu horfinn og líka kofar þurrabúðarfólksins svo fátt eitt stendur eftir til að minna á fólkið sem áður lifði hér sínu lífi, hver kynslóð á fætur annarri í þúsund ár.

Að fornu mati var Eyri talin vera 24 hundraða jörð¹⁹ og náði land jarðarinnar frá landamerkjum á mótum **Hvilft**, sem eru rétt innan við

⁹ María Jóhannsdóttir. – Viðtal K.Ó. við hana 5.7.1995.

¹⁰ Sama heimild.

¹¹ Sama heimild.

¹² Ólafur Þ. Kristjánsson / Önfirðingar. Sbr. hér bls. 22-25.

¹³ Sama heimild.

¹⁴ Kristján G. Þorvaldsson 1951, 64.

¹⁵ Gunnlaugur Finnsson. – Viðtal K.Ó. við hann 5.7.1995.

¹⁶ Prestsþj.b. og sóknarm.töl Holts í Öfundarf.

¹⁷ Sóknarm.töl Holts í Öfundarf. Skj.s. sýslum. og sv.stj. Ís. Mosv.hr. 5. Hreppsþing 1883-1912.

¹⁸ Sóknarm.töl Holts í Öfundarf.

¹⁹ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns VII, 125. J. Johnsen 1847, 196.

Sólbakka (sjá hér Sólbakki og Hvilft) og að **Gathamri** yst á **Sauðanesi**,²⁰ en þar eru hreppamörk milli hins forna Mosvallahrepps og Suðureyrarhrepps í Súgandafirði. Skammt ofan við hið forna bæjarstæði á Eyri rís snarbrött hlíð **Eyrarfjalls** sem er hömrum krýnt hið efra. Fjallsbrúnnin liggur í um það bil 680 metra hæð yfir sjávarmáli. Þar sem Eyrarfjall þrýtur, hálfum öðrum kílómetra fyrir utan Eyri, skerst **Klofningsdalur** inn í landið en um hann lá alfaraleið á **Klofningsheiði** yfir í Staðardal í Súgandafirði. Utan við dalinn tekur við fjallið **Sauðanes** sem skilur að Önundarfjörð og Súgandafjörð. Brún þess liggur víðast hvar í 500-550 metra hæð en er þó lítið eitt lægri yst. Vegalengdin milli innri og ytri landamerkja Eyrar er um 11 kílómetrar og í landareigninni er víða gott beitiland fyrir sauðfé, ekki síst á Sauðanesi eins og nafnið bendir til. Þangað slepptu Eyrarbændur yfirleitt fé sínu á göu eða einmánuði og gekk það að mestu sjálfala þaðan í frá²¹ (sbr. hér Flateyri). Frá Eyri var líka gott að sækja sjó því að stutt var á miðin og **Kálfeyri**, sem löngum mátti kallast eina verstöð Önfirðinga, er í landi jarðarinnar, um það bil tveimur kílómetrum fyrir utan Eyri.

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns er getið um þrjú forn eyðiból í landi Eyrar, **Bakkhús**, **Klofninga** og **Kálfhóla**,²² en allt er þó mjög óljóst um hugsanlega byggð þar á fyrri öldum.

Bakkhús eða **Bakkahús** voru dálítið innan við Eyri, á bökkunum þar sem Hans Ellefsen hvalveiðiforstjóri byggði síðar og nefndi Sólbakka²³ Kunnugir telja að Bakkahús hljóti að hafa verið á að heita má alveg sama stað og íbúðarhúsin sem nú (1995) standa á Sólbakka því bæði fyrir innan og utan er hætt við snjóflóðum.²⁴ Um Bakkhús segir svo í Jarðabókinni frá 1710:

*Bakkhús heitir eitt örnefni hér í landinu inn frá bænum. Þar ætla menn að í fyrndinni hafi byggð verið og sjást þess nokkur merki af tóttarústum. Ekki má hér byggð setja fyrir túnstæðis- og heyskaparleysis.*²⁵

Eyðibýlið Klofninga segja höfundar Jarðabókarinnar hafa staðið þar sem **Hvilftarsel** var á ritunartíma bókarinnar,²⁶ það er *kippkorn fyrir utan Klofningshrygg* (sjá hér Hvilft) sem er hár hryggur rétt innan við Klofningsdal er hér var áður nefndur.²⁷ Í Jarðabókinni er frá því greint að þar sem nýnefnt eyðiból stóð sjáist *ljós byggingamerki af tóttu og girðingaleifum* en jafnframt tekið fram að þar sé þó engan veginn

²⁰ Kristján G. Þorvaldsson 1951, 62.

²¹ Snorri Sigfússon 1969 II, 55 og 103.

²² Jarðab. Á. og P. VII, 126.

²³ Kristján G. Þorvaldsson 1951, 64.

²⁴ Einar Oddur Kristjánsson. – Viðtal K.Ó. við hann 5.7.1995.

²⁵ Jarðab. Á. og P. VII, 126.

²⁶ Sama heimild.

²⁷ Kristján G. Þorvaldsson 1951, 64.

mögulegt að hefja búskap á ný fyrir vatnsbrest og heyskaparleysi þó að túnstæði sé nokkurt.²⁸

Þriðja eyðibýlið í landi Eyrar sem minnst er á í Jarðabókinni frá 1710 eru svo **Kálfhólar**,²⁹ ofan við verstöðina á Kálfeyri en skammt þar frá var lengi sel frá Eyri.³⁰ Vegalengdin frá Eyri og út að Kálfeyri er um það bil tveir kílómetrar. Þegar Árni Magnússon, prófessor og annar tveggja höfundar Jarðabókarinnar, kom í Önundarfjörð sumarið 1710 lifðu á vörum manna óljósar sagnir um búsetu fólks á þessum meintu eyðibólum fyrir margt löngu. Um Kálfhóla ritar Árni svo:

*Kálfhólar heitir og eitt örnefni út lengra með sjónum [þ.e. fyrir utan Klofninga sem hér voru áður nefndir – innsk. K.Ó.] sem að sagt er að í fyrndinni hafi byggð verið og sjást hér enn bygginga merki af tóttarústum. Ekki má hér byggja því heyskapur er enginn og ekkert vatn.*³¹

Ólafur Olavíus sem fór í rannsóknarleiðangur um Vestfirði sumarið 1775 á vegum stjórnvalda nefnir býsna mörg eyðibýli í sinni Ferðabók.³² Hann nefnir þó hvorki Bakkhús né Kálfhóla en getur um eyðibýlið **Klofning** í Klofningsdal í landi Eyrar³³ og er það ugglaut sama eyðiból og nefnt er Klofningar í Jarðabókinni frá 1710. **Hvannakra** á Sauðanesi, sem eru í landi Eyrar, segir Olavíus líka vera eyðibýli³⁴ en Árni Magnússon taldi að þar hefði aðeins verið verstöð *að fornu*.³⁵ Frá Kálfeyri er rösklega einn kílómetri út að Hvannökum en á göngu okkar fyrir Sauðanes munum við svipast um á öllum þessum stöðum, Klofningum, Kálfhólum og Hvannökum (sjá hér bls. 82-83, 86-87 og 114-117) og skoða hina fornu verstöð Önfirðinga á Kálfeyri. Vert er hins vegar að taka fram strax að í jarðabók frá árinu 1805 eru beutilandið á Sauðanesi og verstöðin á Kálfeyri sögð vera sameign jarðanna Eyrar og Hvilftar, þannig að Hvilft eigi 2/5 en Eyri 3/5 hluta.³⁶ Um ástæður þessa hefur áður verið fjallað í þessu riti og skal til þess vísað (sjá hér Hvilft).

Í Jarðabókinni frá 1710 er gerð grein fyrir kostum og ókostum þessarar 24 hundraða landnámsjarðar og þá einkum dregnir fram ókostirnir. Þar segir m.a. svo um Eyri:

Útigangur í betra lagi og bregst sjaldan þó hann sé mjög hættusamur sem síðar segir. Torfrísta engin nýtileg og stunga lök. Lyngrif lítið. Elt er klíningi. Hvannatekja lítill í

²⁸ Jarðab. Á. og P. VII, 126.

²⁹ Sama heimild.

³⁰ Kristján G. Þorvaldsson 1951, 64.

³¹ Jarðab. Á. og P. VII, 126.

³² Ólafur Olavíus 1964 I, 177-180.

³³ Sama heimild, 178.

³⁴ Sama heimild.

³⁵ Jarðab. Á. og P. VII, 127.

³⁶ Rtk. Jarðabækur V. 16, Ísafj.sýsla 1805.

ógöngu klettum, brúkast ei. Rekavon hefur verið gagnvæn að fornu en valla til gagnsmuna teljandi í nokkur ár. Lagðist viðurinn til húsabóta þá nokkuð uppbar en hvala hefur landsdrottinn notið.

Túninu grandar möl og aur sem rennur á það í vatnagangi og leysingu af holti því er ofan völlin er [þ.e. ofan við túnið – innsk. K.Ó.]. Engjar mjög spilltar af skriðum og fyrir því víðast eyðilagðar. Hætt er kvikfé fyrir sjávarflæðum og merkilega fyrir snjóflóðum og hafa þessi snjóflóð stundum tekið hér bæði menn og fé út í sjó, og hesta, og gjört með því stórkostlegan skaða.

Kirkjuvegur torsóttur yfir Öfundarfjörð til Holts. Hætt er húsum fyrir stórveðrum og ekki sýnist bænum öldungis óhætt fyrir snjóflóðum þó ekki hafi það hingað til mein gjört.

Heimræði er hér árið um kring og lending sæmileg og ganga hér 2 skip ábúenda, stundum eitt eftir því sem þeir fá við komið. Á vorin láta þeir skipin ganga stundum á Kálfeyri því þar er minna langræði.³⁷

Árið 1710 var Eyri í leiguabúð og hér var þá tvíbyli. Landskuld af allri jörðinni var þá 160 álnir og svo hafði lengi verið.³⁸ Jörðinni fylgdu þá sex leigukúgildi.³⁹ Árið 1805 var jörðin komin í sjálfsábúð og þá bjó hér aðeins einn bóndi.⁴⁰ Í jarðabók frá því ári er talið að jörðin bjóði upp á útigang fyrir 15 sauði og var þá miðað við að níu þeirra væru veturgamlir, fjórir tveggja vetra og tveir eldri.⁴¹ Þessi tala er reyndar grunsamlega lág því árið 1710 voru 103 sauðir á Eyri og þá voru ærnar 68.⁴² Árið 1805 var gert ráð fyrir að við róðra frá Eyri fengjust að jafnaði í hlut yfir árið 175 pund af þorski, 67 pund af riklingi (líklega lúðu), 200 pund af steinbít og 25 pund af ýsu.⁴³ Ætla má að þarna sé ætíð miðað við hertan fisk en við þetta bættist hálf tunna af hákarlslifur og hrognkelsaafli sem svaraði til 300 punda af fiski,⁴⁴ væntanlega harðfiski. Beitin fyrir útigangssauðina var árið 1805 virt á 138 álnir⁴⁵ eða nokkru meira en svaraði einu jarðarhundraði og aðstaðan til sjósóknar á 196 álnir og hálfri betur.⁴⁶ Í sóknalýsingu séra Tómasar Sigurðssonar í **Holti**, sem rituð var árið 1840, er þess getið að jarðirnar Hvilft og Eyri hafi *góða beit og slægjur á Sauðanesi en heima um sig fá þær fremur skaða af fjallsskriðum.*⁴⁷

³⁷ Jarðab. Á. og P. VII, 125-126.

³⁸ Sama heimild.

³⁹ Sama heimild.

⁴⁰ Rtk. Jarðabækur V. 16, Ísafj.sýsla 1805.

⁴¹ Sama heimild.

⁴² Jarðab. Á. og P. VII, 125.

⁴³ Rtk. Jarðabækur V. 16, Ísafj.sýsla 1805.

⁴⁴ Sama heimild.

⁴⁵ Sama heimild.

⁴⁶ Sama heimild.

⁴⁷ Sóknalýsingar Vestfjarða II, 101.

Um 1920 voru öll jarðarhús fallin á Eyri en jörðin, án Sólbakka og Flateyrar, var þó virt á nær 30.000,- krónur.⁴⁸ Jörðin var þá notuð jöfnum höndum til beitar og slægna og í álitsgerð matsmanna frá sama tíma er tekið fram að á Eyri sé mjög góð fjörubeit og jörðin sé *ágætis beitarjörð*, bæði að vetrarlagi og á sumrin.⁴⁹ Í annarri heimild er staðhæft að Eyri hafi verið talin *ein besta jörð Önundarfjarðar*⁵⁰ og mun það orð að sönnu.

Utan Landnámabókar er hvergi minnst á jörðina Eyri í Önundarfirði í íslenskum fornritum. Frásögnin af landnámsmanninum Önundi Víkingssyni, sem tók sér hér bólfestu, er því hið eina sem um jörðina finnst í heimildum frá því fyrir 1400. Í bréfum frá 15. öld er Eyrar hins vegar getið stöku sinnum og er ljóst að þá hefur kostajörð þessi orðið bitbein ríkismanna.

Í skránni yfir eignir Guðmundar ríka Arasonar á Reykhólum, sem teknar voru undir konung árið 1446, er nafn Eyrar ekki að finna.⁵¹ Í vitnisburði Einars Þórðarsonar, fyrrum skrifara Guðmundar, frá 3. ágúst 1460 segir þó að Guðmundur hafi þóst taka bæði **Kirkjuból** og Eyri í Önundarfirði að erfðum en Einar kveðst reyndar hafa heyrt *ákærur veittar á þær jarðir*.⁵² Í þessu vitnisburðarbréfi tekur Einar Þórðarson fram að sjálfur hafi hann haft umsjón með *bréfastjörðum* Guðmundar er hann hafði *mestan yfirgang á Vestfjörðum*.⁵³ Einar lætur þess getið að Guðmundur á Reykhólum hafi þá sölsað undir sig fjölda jarða án þess að greiða fyrir þær og telur upp þessar jarðeignir, þar á meðal Eyri.⁵⁴

Sumarið 1478 var færð í letur á Þingvöllum skrá um dýrleika þeirra jarða sem þá var talið að Guðmundur ríki hefði náð með rangindum og skila átti aftur til hinna fyrri eigenda eða þeirra erfingja.⁵⁵ Ein þessara jarða var Eyri í Önundarfirði sem þarna er enn talin 25 hundruð að dýrleika.⁵⁶ Síðar var dýrleiki þessarar jarðar hins vegar ávallt sagður vera 24 hundruð en skýringuna á þeim mismun er reyndar auðvelt að finna eins og hér verður brátt vikið að. Þegar nýnefnd skrá var rituð hafði Halldór Hákonarson, bóndi og lögréttumaður á Kirkjubóli í **Valþjófsdal**, verið talinn eigandi Eyrar um alllangt skeið eða frá því fyrir 1470.⁵⁷ Frá Halldóri, sem var sonur hálf systur Guðmundar ríka Arasonar, er sagt á öðrum stað í þessu riti (sjá hér Kirkjuból í Valþjófsdal). Í Kirkjubólsmáldaga frá 11. september 1470 er frá því greint að nýnefndur Halldór Hákonarson hafi gefið kirkjunni á Kirkjubóli í Valþjófsdal

⁴⁸ Fasteignamatsskjöl. Gjörðabók undirmatsnefndar í V-Ís., löggilt 26.3.1919, bls. 192. Gjörðabók fasteignamatnefndar í V-Ís., löggilt 9.3.1916, bls. 89.

⁴⁹ Sömu heimildir.

⁵⁰ Kristján G. Þorvaldsson 1951, 64.

⁵¹ D.I. IV, 683-692.

⁵² D.I. V, 215-217 og XI, 17-19.

⁵³ Sömu heimildir.

⁵⁴ Sömu heimildir.

⁵⁵ D.I. VI, 141-142.

⁵⁶ Sama heimild.

⁵⁷ D.I. V, 579-580.

*hundraðs eign í skóginum á Eyri.*⁵⁸ Þetta skógarítak á Sauðanesi í landi Eyrar átti Kirkjubólskirkja lengi síðan eins og m.a. má sjá í Gíslamáldaga frá árunum upp úr 1570⁵⁹ og í Jarðabók Árna og Páls frá árinu 1710.⁶⁰ Í Jarðabókinni er þess getið að nefnt skógarítak sé í **Barðsurðum** á Sauðanesi en þar sé hins vegar ekkert eftir af trjágróðri.⁶¹ **Barðsurðir** eru fyrir ofan klettabríkina **Stóra-Barð** sem gengur í sjó fram rétt utan við **Björgin** og **Bjargavík** á Sauðanesi en hún er skammt fyrir utan Kálfeyri (sjá hér bls. 112-114).

Óljóst er nú hversu lengi Halldór Hákonarson á Kirkjubóli átti Eyri en í vitnisburðarbréfum frá árinu 1521 segir að Halldór hafi selt hana mági sínum, Þorsteini Sveinssyni, og fengið hjá honum í staðinn jarðirnar **Grafargil** og **Tungu** í Valþjófsdal.⁶² Þorsteinn var kvæntur Bergljótu Halldórsdóttur, hálsystur Halldórs Hákonarsonar (sjá hér Kirkjuból í Valþjófsdal og Grafargil) og kynni að hafa búið á Eyri um eitthvert skeið. Í vitnisburði frá 18. febrúar 1521 er komist svo að orði að fyrir Grafargil og Tungu hafi Halldór gefið Þorsteini Sveinssyni *fimm hundruð og tuttugu í jörðinni Eyri er liggur í Öfundarfirði ... að fráteknun hundraði í skógi er Halldór hafði gefið kirkjunni á Kirkjubóli í Valþjófsdal.*⁶³

Hér var áður að því vikið að á dögum Guðmundar Arasonar ríka hefði jarðardýrleiki Eyrar verið talinn 25 hundruð en hins vegar 24 hundruð í öllum heimildum frá því eftir 1470. Af því sem nú hefur verið sagt virðist augljóst að matið á jörðinni hafi verið lækkað um eitt hundrað þegar skógarteigurinn í Barðsurðum var skilinn frá henni og gefinn kirkjunni í Valþjófsdal.

Eigi síðar en um 1480 náði hálfkirkjan á Hvilft, næsta bæ við Eyri, að eignast fimm hundruð úr Eyrarjörðinni ef marka má vitnisburð séra Narfa Böðvarssonar í Holti frá 21. apríl 1484 (sjá hér Hvilft). Nýnefndur prestur heldur því reyndar fram að hálfkirkjan á Hvilft eða eigandi hennar, Örnólfur Einarsson, hafi átt þessi fimm hundruð úr Eyri alveg frá því um 1460 eða lengur⁶⁴ sem stangast á við það sem hér var sagt um eignarhald Halldórs Hákonarsonar og Þorsteins Sveinssonar á allri Eyrarjörðinni. Þarna hefur því orðið einhver brenglun í vitnisburðunum en hvernig sem því hefur verið varið er unnt að fullyrða að títtnefnd hálfkirkja á Hvilft átti fimm hundruð í Eyri a.m.k. frá því um 1480 og allt þar til hún var lögð niður á árunum kringum 1600⁶⁵ (sbr. hér Hvilft). Þegar kirkjan var lögð niður náðu Hvilftarmenn að eignast margvísleg ítök í landi Eyrar, það er beitarrétt á Sauðanesi, rekaréttindi, rétt til selstöðu og ákveðin réttindi á Kálfeyri (sjá hér Hvilft). Þessi réttindi virðast Hvilftarmenn hafa öðlast er þeir létu af hendi þau fimm jarðarhundruð sem hálfkirkjan hafði átt en allt

⁵⁸ D.I. V, 579-580.

⁵⁹ D.I. XV, 574.

⁶⁰ Jarðab. Á. og P. VII, 96.

⁶¹ Sama heimild.

⁶² D.I. VIII, 772-773 og 775-777.

⁶³ Sama heimild, 776.

⁶⁴ D.I. VI, 509-510.

⁶⁵ D.I. XV, 572.

olli þetta síðar miklum deilum og var dæmt í þeim málum árið 1852 eins og hér hefur áður verið gerð grein fyrir (sjá hér Hvilft) og gat eigandi Hvilftar unað vel við dómsniðurstöðuna sem þá fékkst.

Hér hafa nú verið nefndir þrír elstu eigendur Eyrar, sem um er kunnugt eftir 1400, og er þá Guðmundur Arason ríki talinn einn þeirra en hinir tveir Halldór Hákonarson og Þorsteinn Sveinsson. Næsti eigandi Eyrar sem vitað er um með fullri vissu hét Örnólfur Jónsson⁶⁶ og mun hann hafa átt alla jörðina að frátöldum eignarhlut hálfkirkjunnar á Hvilft. Þegar Örnólfur gekk að eiga Steinunni Ólafsdóttur úr Súgandafirði í lok ársins 1549 hafði hann bæði Eyri og Hvilft *til kaups og kvonarmundar* eins og frá er greint í kaupmálabréfi sem skrifað var á Stað í Súgandafirði 30. desember 1549⁶⁷ (sbr. hér Hvilft). Líklegt má telja að brúðguminn, Örnólfur Jónsson, hafi verið niðji Örnólfs Einarssonar sem átti Hvilft, hálfa eða alla, um nokkurt skeið á síðari hluta 15. aldar og hér var nýlega nefndur. Sá Örnólfur var bóndasonur frá Hvilft en varð sýslumaður í Barðastrandarsýslu og bjó í Hvestu í Arnarfirði.⁶⁸

Annar tveggja festingarvotta við gerð kaupmála Örnólfs Jónssonar og Steinunnar Ólafsdóttur 30. desember 1549 var séra Ari Jónsson⁶⁹ sem þá var prestur á Stað í Súgandafirði.⁷⁰ Nokkrar líkur benda til þess að séra Ari hafi eignast hálfa Eyri, nema þar sé um nafna hans að ræða. Í Alþingisbókinni frá árinu 1592 segir svo:

Ég Bjarni Jónsson í löglegu umboði séra Ólafs Jónssonar lýsi hér í dag lögveði í hálfri jörðinni Eyri í Önundarfirði, 12 hundruð að dýrleika, liggjandi í Holtskirkjusókn eftir þeim skilmála sem Páll heitinn Sveinsson hafði áður gjört við Ara Jónsson.⁷¹

Þennan texta er varla hægt að skilja á annan veg en þann að það hafi verið Ari Jónsson sem átti háflenduna á Eyri og að hann hafi á árum áður gefið Páli Sveinssyni kost á að taka veð í jörðinni. Árið 1592 var Páll andaður eins og tilvitnaður texti ber með sér en fyrir hönd erfingjanna tók séra Ólafur Jónsson málið upp og fól Bjarna Jónssyni að þinglýsa þessu lögveði á Alþingi svo að enginn réttur tapaðist. Presturinn, séra Ólafur, getur enginn annar verið en séra Ólafur Jónsson sem árið 1592 var heimilisprestur í Bæ á Rauðasandi en tók fáum árum síðar við Sandaprestakalli í Dýrafirði og enn er þjóðkunnur fyrir skáldskap sinn. Enginn annar prestur bar þetta nafn árið 1592 ef marka má Íslenskar æviskrár.⁷² Annað sem styrkir þá kenningu að það hafi verið séra Ólafur, síðar prestur á Söndum, sem lét lýsa lögveði í hálfri Eyri árið 1592 er að

⁶⁶ D.I. XI, 739.

⁶⁷ Sama heimild.

⁶⁸ Íslenskar æviskrár V, 265-266.

⁶⁹ D.I. XI, 739.

⁷⁰ Sveinn Níelsson 1950, 193.

⁷¹ Alþingisbækur Íslands II, 250.

⁷² Ísl. æviskrár IV 57-59.

faðir Guðrúnar konu hans hét einmitt Páll Sveinsson og var bóndi á Sæbóli,⁷³ að því er ætla má á Ingjaldssandi. Hér getur því vart leikið nokkur vafi á en Bjarni Jónsson sem annaðist þinglýsinguna í umboði séra Ólafs er eflaust sá maður með þessu nafni sem var lögsagnari eða sýslumaður í vesturhluta Ísafjarðarsýslu á síðustu áratugum 16. aldar⁷⁴ (sbr. hér Kirkjuból í Korpudal).

Úr annarri heimild er kunnugt að Guðrún Pálsdóttir, eiginkona séra Ólafs á Söndum, átti a.m.k. hálfu Eyri um skeið því Ólafur seldi frænda sínum, Ara Magnússyni, sýslumanni í Ögri, þá hálfleudu 30. mars árið 1604.⁷⁵ Frá kaupsamningnum var gengið á Söndum nefndan dag og segir þar m.a. svo:

*Það meðkennist, auglýsi og opinbert gjöri ég, Ólafur Jónsson prestur, með þessu opnu bréfi fyrir öllum sem það sjá og heyra að ég hef selt frómum og heiðarlegum manni, mínum frænda Ara Magnússyni, með samþykki minnar kvinnu, Guðrúnar Pálsdóttur hennar jarðarpart í Eyri í Önundarfirði, 12 hundruð að dýrleika, undan okkur og okkar erfingjum en undir fyrrnefndan Ara og hans eftirkomendum*⁷⁶
....

Í staðinn fyrir hálfu Eyri fengu séra Ólafur og Guðrún kona hans jörðina Höfn í Þingeyrarhreppi, 12 hundruð að fornu mati, en þá jörð hafði Ari sýslumaður átt.⁷⁷

Þeir séra Ólafur á Söndum og Ari í Ögri voru þremmenningar að frændsemi því Eggert lögmaður Hannesson, sem var afi Ara, var hálfbróðir ömmu séra Ólafs.⁷⁸ Sú er skýringin á því að hann nefni Ara frænda sinn í kaupsamningnum sem hér var vitnað til og reyndar hafði séra Ólafur alist upp hjá Eggerti Hannessyni og að nokkru hjá foreldrum Ara sýslumanns, þeim Magnúsi prúða Jónssyni og Ragnheiði Eggertsdóttur.⁷⁹ Með hliðsjón af því sem hér hefur verið sagt má telja nær fullvíst að það hafi verið eiginkona skáldsins, séra Ólafs á Söndum, sem átti Eyri, hálfu eða alla, árið 1594 þegar bændum sem hér bjuggu var með dómi bannað að veiða rauðmaga í net fyrir landi jarðarinnar *vegna almúgans nauðsynja* (sjá hér Mosvallahreppur, inngangskafli). Rökin fyrir dómsniðurstöðunni voru þau að netaveiðarnar hömlluðu göngu rauðmagans inn í Holtsós en þar var almenningur þar sem allir máttu stanga þennan góða fisk sér til bjargar (sjá hér Mosvallahreppur, inngangskafli).

Ari Magnússon, sýslumaður í Ögri, eignaðist Eyri árið 1604 eins og hér var áður nefnt. Allar líkur benda til þess að hann hafi átt jörðina til

⁷³ Ísl. æviskrár IV, 58.

⁷⁴ Sama heimild I, 174.

⁷⁵ Rtk. I. 4. Jarðaskjöl úr Ísafj. sýslu, skjal nr. 17.

⁷⁶ Sama heimild.

⁷⁷ Sama heimild.

⁷⁸ Menn og menntir IV, 610-611.

⁷⁹ Sama heimild.

æviloka og síðan niðjar hans langt fram á 18. öld. Ari í Ögri andaðist árið 1652⁸⁰ og fullvíst er að sonur hans Þorlákur lögréttumaður í Súðavík var eigandi Eyrar árið 1658.⁸¹ Þorlákur Arason átti bæði Eyri og Hvilft, sem er næsta jörð, og að honum látnum komust þessar jarðir í eigu Helgu dóttur hans sem giftist Jóni Vigfússyni, sýslumanni á Stórólfsfsvoli í Rangárvallasýslu (sjá hér Hvilft). Helga Þorláksdóttir, sýslumannsekkja á Stórólfsfsvoli, átti bæði Eyri og Hvilft árið 1695⁸² og árið 1710 voru þessar sömu jarðir í eigu sonar hennar, Erlendar Jónssonar á Stórólfsfsvoli,⁸³ en hann druknaði í Markarfljóti árið 1723 (sjá hér Hvilft). Sonur Erlendar á Stórólfsfsvoli var séra Vigfús á Setbergi í Grundarfirði⁸⁴ og má ætla að hann sé sá Vigfús Erlendsson sem átti bæði Eyri og Hvilft árið 1762.⁸⁵ Séra Vigfús Erlendsson andaðist árið 1781 en tíu árum síðar fluttist Ólafur Magnússon frá Núpi í Dýrafirði að Eyri⁸⁶ og fyrir liggur að hann eignaðist um þær mundir bæði Eyri og Hvilft (sjá hér Hvilft) sem hann að líkindum hefur keypt af erfingjum séra Vigfúsar.

Hér verður brátt sagt nánar frá Ólafi Magnússyni er var fyrsti sjálfseignarbóndinn á Eyri sem um er kunnugt með fullri vissu en hann og síðan kona hans, sonur og sonarsonur bjuggu hér á Eyri allt til ársins 1883 ef frá eru talin árin 1805-1810.⁸⁷

Árið 1805 seldi Ólafur Magnússon Brynjólfi Hákonarsyni Eyri og bjó Brynjólfur hér í fjögur ár en seinna lengi á Mýrum í Dýrafirði.⁸⁸ Árið 1809 náði sonur Ólafs, sem Magnús hét, að rifta þeim kaupum og urðu erfingjar Ólafs Magnússonar þá eigendur Eyrar.⁸⁹ Allmörgum árum síðar, líklega um 1826, náði Friðrik Svendsen, kaupmaður á Flateyri, að kaupa 7 hundruð í Eyri af einum sona Ólafs Magnússonar og eigi síðar en 1835 var hann orðinn eigandi að 16 hundruðum úr Eyrarjörðinni (sjá hér Flateyri) og átti þar með 2/3 af allri jörðinni. Þessi 16 hundruð keypti svo Torfi Halldórsson á Flateyri af erfingjum Svendsens árið 1858 en þau átta hundruð sem Svendsen eignaðist ekki héldust í eigu fólksins sem bjó á Eyri, niðja Ólafs Magnússonar⁹⁰ sem hér verður nánar sagt frá síðar. Fyrir andlát sitt árið 1906 hafði Torfi þó náð að eignast eitt hundruð í viðbót úr Eyrarjörðinni og átti þá sautján hundruð (sjá hér Flateyri). Um 1920 átti sonur Torfa, Kristján Torfason á Sólbakka, þessi 17 jarðarhundruð.⁹¹

⁸⁰ Ísl. æviskrár I, 18-19.

⁸¹ Lbs. 797^{4to}, Jarðaskrá úr Ísafj.sýslu 1658.

⁸² Lbs. 797^{4to}, Jarðaskrá úr Ísafj.sýslu 1695.

⁸³ Jarðab. Á. og P. VII, 123-125.

⁸⁴ Ísl. æviskrár V, 46-47.

⁸⁵ Manntal 1762.

⁸⁶ Ólafur Þ. Kristjánsson 1948, 65 (Frá ystu nesjum IV).

⁸⁷ Sama heimild, 65-68.

⁸⁸ Sama heimild. *Sóknarskjal* Magnúsar Einarssonar á Hvilft í máli hans frá árunum 1851 og 1852 gegn eigendum Eyrar. Skjalið er óundirritað og ódagsett en af efni þess má ráða að það er samið árið 1851. Skjalið er varðveitt hjá Gunnlaugi Finnssyni á Hvilft. Skj.s. sýslum. og sv.stj. Ís. Mosv.hr. 1. Hreppsþók 1786-1819.

⁸⁹ Sama *Sóknarskjal*.

⁹⁰ Skj.s. sýslum. og sv.stj. Ís. IV. 10. Dóma- og þingbók 1848-1854, aukapring í Holti 31.1.1852.

⁹¹ Fasteignamatsskjöl. Gjörðabók undirmatsnefndar í V-Ís., löggilt 26.3.1916, bls. 192.

Kjartan Rósinkranzson á Flateyri átti þá eitt hundrað í Eyrarjörðinni en sex hundruð áttu enn niðjar Ólafs Magnússonar frá Núpi, sem settist hér að árið 1791, nánar tiltekið erfingjar sonarsonar hans og nafna, Ólafs Magnússonar sem dó bóndi á Eyri árið 1883.⁹²

Þau orð sem hér hafa verið fest á blað nægja til að sýna að fátt skortir til þess að setja saman tæmandi skrá yfir eigendur Eyrar allt frá dögum Guðmundar ríka um miðbik 15. aldar, enda hélst jörðin öll eða partur úr henni stundum býsna lengi í eigu sömu ættarinnar.

Um fjölda býla á Eyri fyrir 1680 er allt ókunnugt en árið 1681 bjuggu hér tveir bændur.⁹³ Á 18. öld, allt fram til 1791, virðast býlin á Eyri oftast hafa verið þrjú⁹⁴ en stundum þó ekki nema tvö.⁹⁵ Er jörðin komst í sjálfsábúð, undir lok 18. aldar, varð hér breyting á og þaðan í frá var yfirleitt aðeins einn bóndi búsettur á Eyri.⁹⁶ Undantekningar finnast þó frá þessari reglu og má sem dæmi nefna að árið 1816 voru bræðurnir Magnús Ólafsson og Kjartan Ólafsson báðir bændur á Eyri.⁹⁷ Um skeið munu feðgarnir Magnús Ólafsson og Ólafur Magnússon yngri líka hafa búið hér í tvíbýli.⁹⁸ Allt frá árunum kringum 1830 voru tveir þriðjungar úr jörðinni jafnan í eigu manna sem áttu heima á Flateyri og nytjaðir þaðan eins og hér hefur nýlega verið nefnt. Þessir eigendur, þeir Friðrik Svendsen og Torfi Halldórsson, eru þó ekki flokkaðir hér sem bændur á Eyri. Um 1870 tók þurrabúðarmönnum að fjölga á Eyri eins og hér verður síðar vikið að en að sjálfsögðu eru þeir ekki flokkaðir með bændum.

Á árunum 1650-1710 var landskuldin af Eyri 160 álnir⁹⁹ eða sem svaraði 1 og 1/3 úr kýrverði. Þessa landskuld urðu leiguliðarnir sem hér bjuggu að greiða á hverju ári og á fyrri hluta 18. aldar eða um miðbik hennar hækkaði landskuldin í 170 álnir.¹⁰⁰ Þaðan í frá mun hún hafa haldist óbreytt meðan leiguliðar bjuggu á jörðinni.¹⁰¹ Leigukúgildin sem jafnan fylgdu Eyrarjörðinni á fyrri tíð voru yfirleitt sex á árunum 1650-1790 en þó aðeins fimm árið 1681.¹⁰² Lögleiga fyrir hvert kúgildi var 10 kíló af smjóri ár hvert eða 20 álnir (1/6 úr kýrverði) í öðrum skileyri.¹⁰³ Ætla má að í þeim efnum hafi leiguliðarnir á Eyri setið við sama borð og aðrir.

⁹² Fasteignamatsskjöl. Gjörðabók undirmatsnefndar í V-Ís., löggilt 26.3.1916, bls. 192. Sbr. Ól. Þ. Kr. 1948, 65-68 (Frá ystu nesjum IV).

⁹³ Rtk. 2. 1. Stríðshjálpin 1681.

⁹⁴ Manntöl 1703 og 1762. Bændatöl og skuldaskrár 1720-1765, eftirrit, Ísafj.sýsla um 1735. Jarða- og bændatöl 1752-1767, Ísafj.sýsla 1753.

⁹⁵ Jarðab. Á. og P. VII, 125.

⁹⁶ Manntöl 1801, 1835, 1840, 1845, 1850, 1855, 1860, 1870 og 1880. Rtk. Jarðabækur V. 16. Ísafj.s. 1805.

⁹⁷ Manntal 1816.

⁹⁸ J. Johnsen 1847, 196. Sbr. Manntöl 1845 og 1850.

⁹⁹ Lbs. 797^{4to}, Jarðaskrár úr Ísafj.sýslu frá árunum 1658 og 1695. Jarðab. Á. og P. VII, 125.

¹⁰⁰ Jarða- og bændatöl 1752-1767, Ísafj.sýsla 1753.

¹⁰¹ J. Johnsen 1847, 196.

¹⁰² Lbs. 797^{4to}, Jarðaskrár úr Ísafj.sýslu frá árunum 1658 og 1695. Rtk. Jarðabækur V. 16. Ísafj.sýsla 1805. Jarðab. Á. og P. VII, 125. Jarða- og bændatöl 1752-1767, Ísafj.sýsla 1753. J. Johnsen 1847, 196. Rtk. 2.1. Stríðshjálpin 1681.

¹⁰³ Þorvaldur Thoroddsen / Lýsing Íslands III, bls. 46.

Úr röðum bændanna sem bjuggu á Eyri fyrstu 800 árin eða því sem næst eftir landnám eru aðeins tveir þekktir með nafni, þeir Markús Guðmundsson og Vilhjálmur Ólafsson, sem höfðu hér sína háflenduna hvor til ábúðar árið 1681.¹⁰⁴ Er þá litið fram hjá landnámsmanninum Önundi Víkingssyni sem hendur verða tæplega festar á og þeim eigendum jarðarinnar sem ef til vill hafa búið hér um skeið á 15. og 16. öld og áður hafa verið nefndir (sjá hér bls. 6-7). Þögnin sem geymir nöfn hinna fyrri Eyrarbænda gefur tilefni til að rifja upp gamla vísu hafða eftir ferðamanni sem sagði fréttir frá þessum bæ fyrir margt löngu en hún er svona:

*Enginn talar orð á Eyri,
enginn trúi ég mál þar heyri
daga og vikur heilar hér,
utan þetta: Lestu, lærðu,
lypptu, spinndu, sjóddu, hrærðu;
þegjandi róður þungbær er.¹⁰⁵*

Markús Guðmundsson, sem var bóndi á Eyri árið 1681, virðist hafa búið hér mjög lengi því maður með því nafni bjó á jörðinni árið 1703, þá 63ja ára gamall,¹⁰⁶ og enn 1710,¹⁰⁷ og hefur þá verið orðinn sjötugur. Á búskaparárum Markúsar, nánar til tekið í nóvembermánuði árið 1695 urðu hér miklir skaðar af völdum skriðufalla og lá við að allt túnið á Eyri færi undir skriðu.¹⁰⁸ Magnús Magnússon, sýslumaður sem þá bjó á Eyri í Seyðisfirði við Djúp, greinir frá þessum náttúruhamförum í Eyrarannál og segir miklar skemmdir hafa orðið á mörgum jörðum í Ísafjarðarsýslu.¹⁰⁹ Í Önundarfirði nefnir hann sérstaklega jarðirnar **Hest**, **Tungu**, Kirkjuból og Eyri, *hvar tún mestallt af tók*.¹¹⁰ Hér hefur áður verið rakin að nokkru lýsing Magnúsar sýslumanns af veðurfarinu á Vestfjörðum á þessu hamfara- og harðindaári, 1695, þegar hafís lá við land frá þorra og fram á sumar og *ríða mátti nes af nesi fyrir allar fjörður* um veturinn (sjá hér Neðri-Hjarðardalur) og *ei varð harðatorf [mór] til eldiviðar í torfgröfum skorid* um sumarið sökum klaka í jörð.¹¹¹

Allt þetta fengu Markús bóndi á Eyri og hans fólk að reyna og líklega hafa fleiri en Magnús sýslumaður veitt því athygli að bæði sól og tungl báru nú minni birtu en áður. Um þessar ógnir á himinhvelinu árið sem skriðan mikla hljóp á Eyrartúnið ritar sýslumaður svo:

*Frá þessum nýársdegi [1695] og allt fram á góu gaf
sólin ei svo mikla birtu eður hita af sér sem annars*

¹⁰⁴ Rtk. 2. 1. Stríðshjálpin 1681.

¹⁰⁵ Vestfirskar sagnir III, 69.

¹⁰⁶ Manntal 1703.

¹⁰⁷ Jarðab. Á. og P. VII, 125.

¹⁰⁸ Annálar III, 378-379.

¹⁰⁹ Sama heimild.

¹¹⁰ Sama heimild.

¹¹¹ Sama heimild.

venjulegt var og til forna verið hafði svo umferðamenn sáu ei sinn skugga á hæstu fjöllum, hvar margir menn eftir tóku. Í sama máta um tunglsins skin að það skein ei svo skært um þennan tíma sem áður vanalegt verið hafði, hvað ei skeð hafði að elstu manna frásögu í næstu 80 eður 90 ár. Og þeir segja að álíka skeð hafi það ár sem Tyrkjar ræntu í Vestmannaeyjum og Austfjörðum.¹¹²

Vera má að þarna hafi gætt áhrifa frá Heklugosinu mikla árið 1693 en spurningunni um það hvort svo geti hafa verið er þó best að vísa til jarðfræðinga og annarra náttúruvísindamanna.

Ekki gafst Markús bóndi á Eyri upp við búskapinn þó að harðindin þrengdu að og túnið færi nær allt undir skriðu. Beitin á Sauðanesi og fiskurinn í sjónum hafa orðið fólkinu á Eyri til bjargar. Þegar manntal var tekið árið 1703 voru átta ár liðin frá hinum miklu skriðuföllum. Þá bjó Markús bóndi hér enn ásamt konu sinni, Járngerði Sveinsdóttur, hann 63ja ára, hún fimm árum yngri.¹¹³ Tveir synir þeirra, annar 16 ára en hinn 21 árs, voru þá enn á heimili foreldranna og hétu báðir Sveinn.¹¹⁴ Hjá þeim voru líka þrjár vinnukonur svo þetta var sjö manna heimili.¹¹⁵ Árið 1703 var þrífýli á Eyri. Auk Markúsar Guðmundssonar bjuggu hér Guðmundur Markússon, 32ja ára, sem kvæntur var Guðfinnu Bárðardóttur, og ekkjan Vilborg Markúsdóttir sem var 28 ára gömul og hafði Jón Björnsson, 39 ára, að fyrirvinnu.¹¹⁶ Líklegt virðist að bæði Guðmundur og Vilborg hafi verið börn gömlu hjónanna sem fyrr voru nefnd, Markúsar og Járngerðar, en Bárður, faðir Guðfinnu á Eyri, var sonur Torfa Jónssonar á Gerðhömrum í Dýrafirði og fyrri konu hans, Hallbjargar Ólafsdóttur.¹¹⁷ Heimilin þrjú á Eyri voru öll álíka fjölmenn árið 1703 og að meðtöldum tveimur einhleypum húsmönnum, sem nærðust á sjóróðrum, voru tuttugu manneskjur og einni betur skráðar hér til heimilis það ár.¹¹⁸

Ætla má að eitthvað af Eyrarfólki hafi dáið í stórubólu árið 1707, þegar um það bil þriðjungur þjóðarinnar týndi lífi, og reyndar getur Jón Espólín þess að börn Guðmundar og Guðfinnu á Eyri hafi dáið í bólunni.¹¹⁹ Markús bóndi lifði þó bóluna af og bjó enn á Eyri árið 1710, nú í tvífýli á móti Guðfinnu Bárðardóttur.¹²⁰ Líklega er það sama Guðfinna Bárðardóttir og var húsfreyja hér árið 1703, þá gift Guðmundi Markússyni sem fyrr var nefndur. Nú, sjö árum síðar, mun hún hafa verið orðin ekkja. Bú Markúsar og Guðfinnu voru bæði álíka stór. Hann bjó með 4 kúr, 35 ær, 52 sauði, 26

¹¹² Annálar III, 378-379.

¹¹³ Manntal 1703.

¹¹⁴ Sama heimild.

¹¹⁵ Sama heimild.

¹¹⁶ Sama heimild.

¹¹⁷ ÍB 14^{4to}, Ættatölubækur Jóns Espólín, dálkur 5332 og 5333.

¹¹⁸ Manntal 1703.

¹¹⁹ ÍB 14^{4to}, Ættatölubækur Jóns Espólín, dálkur 5333.

¹²⁰ Jarðab. Á. og P. VII, 125.

lömb og 2 hesta en hún með 4 kýr, 33 ær, 51 sauð, 31 lamb og 2 hross.¹²¹ Þessi bú voru talsvert stærri en almennt gerðist því sauðirnir á Eyri voru mun fleiri en á nokkurri annarri jörð í Mosvallahreppi og aðeins hjá prestinum í Holti voru fleiri ær (sjá hér Mosvallahreppur, inngangskafli).

Árið 1735 bjó Sveinn Markússon á Eyri¹²² og er að líkindum annar tveggja sona Markúsar Guðmundssonar sem voru ungir í foreldrahúsum árið 1703 og hétu báðir Sveinn. Sambýlismenn Sveins bónda á Eyri árið 1735 voru Bjarni Bessason og Bjarni Jónsson.¹²³ Árið 1753 bjuggu Sveinn Markússon og Bjarni Jónsson enn á Eyri,¹²⁴ líklega hinir sömu og hér voru við búskap átján árum fyrr. Þriðji bóndinn á Eyri árið 1753 hét Guðmundur Sveinsson¹²⁵ sem gæti hafa verið sonur nýnefnds Sveins Markúsar, en um það hvort svo hefur verið er þó ekki unnt að fullyrða neitt. Af þessum þremur bændum, sem bjuggu á Eyri árið 1753, virðist Bjarni Jónsson hafa verið efnaðastur því hann var sá eini þeirra sem gert var að greiða skatt.¹²⁶ Tíundarskyldur lausafjárstofn hjá Bjarna var þá 8 hundruð en 5 hundruð hjá Sveini og 4 hundruð hjá Guðmundi.¹²⁷

Guðmundur Sveinsson, bóndi á Eyri, hefur að líkindum verið ungur maður árið 1753 því börn hans fimm, sem um er kunnugt, fæddust öll á árunum 1749-1759.¹²⁸ Eiginkona Guðmundar Sveinssonar á Eyri hét Anna Guðmundsdóttir og var að sögn Jóns Espólín dóttir Guðmundar Jónssonar, bónda á Hvilft, og konu hans, Ingibjargar Pálsdóttur.¹²⁹ Árið 1762 var Anna Guðmundsdóttir ein þriggja ábúenda á Eyri¹³⁰ og mun þá hafa verið orðin ekkja því Guðmundur Sveinsson, eiginmaður hennar, fórst í snjóflóði á Klofningsheiði á leið úr Öndarfirði til Súgandafjarðar á árunum kringum 1760.¹³¹ Sighvatur Grímsson Borgfirðingur greinir frá ævilokum Guðmundar og getur þess að hann hafi áður verið í skóla en misst hann.¹³² Ætla má að það hafi verið Skálholtsskóli sem Guðmundur náði að setjast í og orð Sighvats verður að skilja svo að þar hafi hann misst ölmusuna, það er að segja námsstyrkinn sem fátækum piltum var veittur, og orðið af þeim ástæðum að hætta námi. Þetta hefur þó ekki tekist að fá staðfest.¹³³

Eins og áður var nefnt bjó ekkja Guðmundar Sveinssonar, Anna Guðmundsdóttir, á Eyri árið 1762. Hún var þá 34 ára gömul með fjögur börn sín á aldrinum 5-12 ára.¹³⁴ Hjá henni var þá einn vinnumaður og ein

¹²¹ Jarðab. Á. og P. VII, 125.

¹²² Bændatöl og skuldaskrár 1720-1765, eftirrit, Ísafj.sýsla 1735.

¹²³ Sama heimild.

¹²⁴ Jarða- og bændatöl 1752-1767, Ísafj.sýsla 1753.

¹²⁵ Sama heimild.

¹²⁶ Sama heimild.

¹²⁷ Sama heimild.

¹²⁸ Ól. Þ. Kr. 1948, 81-83. Sami 1949, 97-98 (Frá ystu nesjum IV og V.).

¹²⁹ Ól. Þ. Kr. 1948, 81-82.

¹³⁰ Sama heimild. Manntal 1762.

¹³¹ Ól. Þ. Kr. 1948, 81-82.

¹³² Sama heimild.

¹³³ Sbr. sama heimild.

¹³⁴ Manntal 1762.

vinnukona.¹³⁵ Meðal barna Guðmundar Sveinssonar á Eyri og Önnu konu hans voru Guðrún, kona Þorláks Sigurðssonar á **Hóli í Firði** (sjá hér Hóll í Firði), Halldóra, kona Bernharðar Guðmundssonar á **Kirkjubóli í Korpudal** (sjá hér Kirkjuból í Korpudal), og Guðmundur Guðmundsson meðhjálpari sem bjó á **Hóli á Hvilftarströnd** frá því um 1790 og til dauðadags árið 1819 (sjá hér Hóll á Hvilftarströnd). Frá börnum Guðmundar Sveinssonar á Eyri og Önnu konu hans, bæði þeim sem hér voru talin og öðrum, er nú kominn mikill fjöldi niðja. Ekkjan Anna Guðmundsdóttir á Eyri giftist í annað sinn á árunum kringum 1765 en seinni maður hennar var Þorsteinn Bjarnason, síðar bóndi á Hvilft (sjá hér Hvilft). Líklega hafa þau Þorsteinn og Anna búið í nokkur ár á Eyri því Ástríður dóttir þeirra fæddist hér um 1770.¹³⁶

Eins og áður var getið bjuggu þau Guðmundur Sveinsson og Anna kona hans í þríbýli hér á Eyri árið 1753 og þrjú býli voru hér líka árið 1762 þegar sama Anna var búandi ekkja.¹³⁷ Hinir bændurnir tveir, sem þá bjuggu á Eyri, hétu Bjarni Jónsson og Jón Bjarnason.¹³⁸ Sá fyrnefndi var 69 ára gamall¹³⁹ og er að líkindum sami Bjarni Jónsson og hér bjó 1735 og 1753 (sjá hér bls. 14). Jón Bjarnason, þriðji bóndinn á Eyri árið 1762, var þá 28 ára gamall og gæti því vel hafa verið sonur nýnefnds Bjarna Jónssonar en óvíst er hins vegar hvort svo hefur verið. Þessir tveir Eyrarbændur voru báðir kvæntir og árið 1762 voru ellefu heimilismenn hjá Bjarna en fjórir hjá Jóni.¹⁴⁰

Um Jón Bjarnason, unga bóndann á Eyri árið 1762, er ekkert vitað með vissu umfram það sem sést í manntalinu frá því ári en vel gæti hann hafa búið hér fram yfir 1780. Bent hefur verið á að líklega sé það hann sem dó í Önundarfirði vorið 1804, þá ekkjumaður og sveitarómagi, kominn fast að sjötugu.¹⁴¹

Árið 1786 bjuggu á Eyri bændurnir Jón Magnússon frá **Görðum** og Magnús Jónsson sem seinna bjó á Görðum.¹⁴² Hér hefur áður verið sagt lítið eitt frá báðum þessum bændum sem fæddir voru á árunum upp úr 1740 (sjá hér Garðar). Jón Magnússon, bóndi á Eyri, kvæntist í annað sinn vorið 1789¹⁴³ og fluttist þá að Kirkjubóli í Valþjófsdal þar sem hann bjó í nokkur ár en síðar á Sæbóli á Ingjaldssandi (sjá hér Garðar). Þegar Jón fór frá Eyri hóf hér búskap á hálflelundinni sem hann hafði búið á maður að nafni Guðmundur Þorvarðsson.¹⁴⁴ Guðmundur bjó hér aðeins í tvö ár en fluttist þá að Hvilft og hefur áður verið um hann fjallað (sjá hér Hvilft).

¹³⁵ Manntal 1762.

¹³⁶ Ól. Þ. Kr. 1948, 83 (Frá ystu nesjum IV). Manntal 1816, 695.

¹³⁷ Manntal 1762.

¹³⁸ Sama heimild.

¹³⁹ Sama heimild.

¹⁴⁰ Sama heimild.

¹⁴¹ Ól. Þ. Kr. / Önfirðingar.

¹⁴² Skj.s. sýslum. og sv.stj. Ís. Mosv.hr. 1. Hreppsþók 1786-1819. Ól. Þ. Kr. / Önfirðingar.

¹⁴³ Prestsþj.b. Holts í Önundarf.

¹⁴⁴ Skj.s. sýslum. og sv.stj. Ís. Mosv.hr. 1. Hreppsþók 1786-1819.

Þegar Guðmundur Þorvarðsson fluttist frá Eyri að Hvilft vorið 1791 fór Ólafur Magnússon að búa hér á hálfri Eyrarjörðinni.¹⁴⁵ Með komu hans að Eyri urðu þáttaskil því öldum saman höfðu allir sem hér bjuggu verið leiguliðar (sjá hér bls. 6-10) en Ólafur keypti jörðina um svipað leyti og hann fluttist hingað búferlum (sjá hér Hvilft). Þáttaskilin fólust líka í því að með komu Ólafs hófst nær hundrað ára langt tímabil sem sama ættin sat hér nær óslitið að búi, fyrst nýnefndur Ólafur en síðan ekkja hans, sonur þeirra og sonarsonur. Í fjögur ár á þessu langa skeiði var þó ekkert af þessu fólki búandi á Eyri eins og hér verður síðar gerð grein fyrir.

Fyrstu fimm árin sem Ólafur Magnússon var á Eyri, 1791-1796, bjó hann ekki sjálfur á allri jörðinni.¹⁴⁶ Fardagaárið 1791-1792 var Magnús Jónsson, sem fyrr var nefndur og hér hafði búið í nokkur ár, með ábúð á hálfri jörðinni eins og verið hafði.¹⁴⁷ Hann fluttist að Görðum 1792 og dó þar 1803, þá hreppstjóri¹⁴⁸ (sbr. hér Garðar). Frá 1792-1796 bjó Ólafur á 16 hundruðum úr Eyri en Daniel Steenbach, verslunarstjóri á Flateyri, nytjaði þá 8 hundruð úr Eyrarjörðinni.¹⁴⁹ Vorið 1796 bætti Ólafur svo við sig þessum 8 hundruðum og bjó þaðan í frá einn á allri jörðinni.¹⁵⁰

Ólafur Magnússon kom að Eyri frá Núpi í Dýrafirði en þar hafði hann búið í allmörg ár í sambýli við bróður sinn, Magnús Magnússon, sem bjó áfram á Núpi uns hann andaðist nær fjórum áratugum síðar (sjá hér Núpur). Faðir þeirra bræðra var Magnús Björnsson, bóndi á Núpi, og móðirin, að því er ætla má, önnur tveggja eiginkvenna hans en bóndi þessi á Núpi átti fyrst Guðnýju Ólafsdóttur frá Sæbóli og síðan Sigríði Þorleifsdóttur.¹⁵¹ Magnús Björnsson á Núpi, faðir Ólafs á Eyri, var af hinni gömlu Núpsætt sem rekja má til Hannesar Eggertssonar hirðstjóra er sat á Núpi á árunum um og upp úr 1520 (sjá hér Núpur). Höfuðbólið Núp fékk Hannes með konu sinni Guðrúnu, dóttur Björns Guðnasonar í Ögri, sem eignaðist Núp árið 1508 (sjá hér Núpur). Eggert lögmaður, sonur Hannesar hirðstjóra, eignaðist Núp eftir föður sinn og bjó þar um skeið en seldi jörðina sumarið 1556 mági sínum, Þorláki Einarssyni sýslumanni sem kvæntur var Guðrúnu Hannesdóttur, systur Eggerts (sjá hér Núpur). Núpur gekk síðan jafnan að erfðum frá föður til sonar, allt þar til Ólafur Magnússon, síðar bóndi á Eyri, og Magnús bróðir hans erfðu þetta forna höfuðból við andlát föður síns árið 1777 (sjá hér Núpur). Flestir bjuggu þessir forfeður Ólafs Magnússonar á ættaróðalinu Núpi og reyndar allir nema tveir en alls voru þetta nú ættliðir ef Hannes Eggertsson hirðstjóri er talinn fyrstur og Ólafur eða Magnús bróðir hans síðastur (sjá hér Núpur). Tíunda liðnum má svo bæta við, ef horft er á eigendur jarðarinnar, það er Birni Guðnasyni í Ögri sem var tengdafaðir Hannesar hirðstjóra og eignaðist Núp árið 1508 en bjó þar reyndar aldrei.

¹⁴⁵ Skj.s. sýslum. og sv.stj. Ís. Mosv.hr. 1. Hreppsþók 1786-1819.

¹⁴⁶ Sama heimild.

¹⁴⁷ Sama heimild.

¹⁴⁸ Sama heimild.

¹⁴⁹ Sama heimild.

¹⁵⁰ Sama heimild.

¹⁵¹ Ól. Þ. Kr. 1948, 63 (Frá ystu nesjum IV).

Í manntalinu sem tekið var árið 1801 er Ólafur Magnússon á Eyri sagður vera 47 ára gamall¹⁵² og mun því hafa fæðst árið 1753 eða 1754. Kona hans var Þuríður, dóttir séra Gísla Bjarnasonar, sem var prestur í Dýrafjarðarþingum og á Stað í Súgandafirði, og konu hans Þuríðar Jónsdóttur frá Melum í Hrutafirði.¹⁵³ Þess var áður getið að faðir Ólafs hefði andast árið 1777 en Ólafur og Þuríður kona hans munu hafa byrjað sinn búskap á Núpi um eða rétt eftir 1780 því elsta barn þeirra fæddist þar árið 1782.¹⁵⁴ Þuríður var fimm árum yngri en Ólafur.¹⁵⁵

Í sóknarmannatali frá árinu 1785 er Ólafur Magnússon, sem þá bjó á Núpi, sagður vera *forstandugur og alúðlegur* en Þuríður kona hans *hægferðug og siðsöm*.¹⁵⁶ Í sömu heimild fær tengdamóðir Ólafs, prestsekkjan Þuríður Jónsdóttir, hins vegar þá umsögn að hún sé *guðhrædd og sköruleg og fárra líki að siðsemi og kunnáttu*.¹⁵⁷

Síðustu árin sem Ólafur var á Núpi, 1789 og 1790, átti hann meiri viðskipti við verslunina á Þingeyri en aðrir bændur í Dýrafirði sem um er kunnugt¹⁵⁸ og má því ætla að hann hafi verið sémilega loðinn um lófana. Viðskiptavelta hans hjá versluninni var þá 74-78 ríkisdalir á ári.¹⁵⁹

Ekki er vitað með fullri vissu hvaða ár Ólafur Magnússon festi kaup á jörðunum Eyri og Hvilft í Önundarfirði en skjalfest er að það var nokkrum árum fyrir 1796 (sjá hér Hvilft). Líklegast verður því að telja að hann hafi keypt Eyri sama ár og hann fluttist hingað, það er 1791, eða árið áður. Sé svo hefur það verið Ólafur sem samdi við Henrik Henkel, eiganda Þingeyrarverslunar, um að útibú frá henni yrði sett upp á Flateyri, í landi Eyrar, en það tók til starfa árið 1792 eins og hér hefur áður verið gerð grein fyrir. Þá var eitt ár liðið frá því Ólafur gerðist sjálfseignarbóndi á Eyri.

Hér eru á öðrum stað leiddar líkur að því að Núpstorfan, sem að fornu mati var 60 hundruð, að hjáleigunum meðtöldum, hafi skipst þannig milli bræðranna Ólafs og Magnúsar Magnússona að Ólafur hafi átt hjáleigurnar Ytrihús, Innrihús og Rana en Magnús heimajörðina, sem var 20 hundruð, og Kotnúp (sjá hér Núpur). Áttu þá bræðurnir sín 30 hundruðin hvor að kirkjueigninni sem var 20 hundruð meðtalinni en hún var í rauninni þeirra eign því að kirkjan var bændakirkja. Þegar Ólafur Magnússon fluttist frá Núpi að Eyri í Önundarfirði virðist hann ekki hafa selt eignarhlut sinn í Núpsjörðinni. Ekki liggur þó allt ljóst fyrir í þeim efnum en í jarðabók frá árinu 1805 segir að Núpur sé í eigu kirkjunnar þar og tveggja bænda.¹⁶⁰

¹⁵² Manntal 1801.

¹⁵³ Ísl. æviskrár II, 43-44.

¹⁵⁴ Ól. Þ. Kr. 1948, 65 og 67 (Frá ystu nesjum IV). Manntal 1816, bls. 668. Manntal 1801, vesturamt, bls. 289.

¹⁵⁵ Manntal 1801, vesturamt, bls. 289.

¹⁵⁶ Ól. Þ. Kr. 1948, 65.

¹⁵⁷ Sama heimild.

¹⁵⁸ H. Henkel 1799, tafla sem fylgir bls. 68 í ritlingi hans *Nödvendig Replik* (sjá hér Þingeyri).

¹⁵⁹ Sama heimild.

¹⁶⁰ Rtk. Jarðabækur V. 16, Ísafj.sýsla 1805.

Vitað er að annar þessara bænda var Magnús Magnússon, bróðir Ólafs, sem bjó á Núpi¹⁶¹ og vera má að Ólafur hafi þá enn verið hinn eigandinn.

Árið 1801 hafði Ólafur Magnússon búið í tíu ár á Eyri með Þuríði konu sinni. Fimm synir þeirra hjóna voru þá á lífi, sá elsti 19 ára, og allir í foreldrahúsum.¹⁶² Dætur eignuðust þau aldrei og synirnir fæddust allir áður en 18. öldinni lauk.¹⁶³ Alls voru þeir sjö en tveir dóu á barnsaldri.¹⁶⁴ Hinir voru þessir: Magnús sem varð bóndi á Eyri, Ólafur sem varð hattamakari og átti lengst heima á Eyri í Skötufirði, Kjartan sem varð bóndi í **Tröð**, Rósinkranz sem drukknaði 17 ára í mannskaðanum mikla árið 1812 og Jón sem varð bóndi á **Kaldá** og dó fertugur að aldri árið 1841.¹⁶⁵ Alls voru heimilismenn á Eyri 16 árið 1801. Auk fjölskyldu Ólafs voru á heimilinu fjórir vinnumenn, þrjár vinnukonur, eitt fósturbarn og svo systir Þuríðar húsfreyju.¹⁶⁶

Árið 1803 var Ólafur Magnússon á Eyri orðinn hreppstjóri í Mosvallahreppi og er í sóknarmannatali frá því ári sagður *forstandugur, mannlegur og eftir sínu standi vel að sér*.¹⁶⁷ Hjá prestinum í Holti, séra Jóni Ásgeirssyni, fékk Þuríður húsfreyja á Eyri þá umsögn þetta sama ár að hún væri *sæmdarkona, góðmannleg og vel að sér*.¹⁶⁸

Um þetta leyti varð Ólafur fimmtugur og þá virðist hafa gripið hann einhver undarleg óró sem leiddi til þess að hann tók sig upp og fluttist af landi brott, líklega til Englands, árið 1805.¹⁶⁹ Þessi ráðabreytni hins forstönduga hreppstjóra á Eyri sætti miklum tíðindum því einsdæmi mátti heita á þeim tíma að ráðsettur íslenskur bóndi yfirlæti torfunu og settist að í öðrum pörtum heimsins, fjarri fósturjarðarströndum

Enginn veit nú hvað valdið hefur mestu um þessa ákvörðum Ólafs á Eyri en tvær skýringar koma helst til greina. Önnur er sú að kynni af erlendum sjómönnum og ævintýralöngun tengd þeim kynnum hafi leitt þennan fimmtuga hreppstjóra burt frá grónum götum vanans. Hitt er svo líka hugsanlegt að það hafi fyrst og fremst verið harðindin á árunum rétt eftir 1800 sem vöktu þá hugsun hjá Ólafi að fara burt og leita nýrra tækifæra á framandi slóðum. Vera má að þetta hvort tveggja hafi blandast saman.

Um árferðið á Íslandi í byrjun 19. aldar hefur víða verið ritað en hér verða aðeins tekin upp fáein orð úr Annál nítjándu aldar sem séra Pétur Guðmundsson, prestur í Grímsey ritaði. Um árið 1801 segir þar m.a. svo:

Með miðjum mars harðnaði veðráttu til muna. Hinn 11. sama mánaðar var stórhrið um allt land. Fylltust þá

¹⁶¹ Rtk. Jarðabækur V. 16, Ísafj.sýsla 1805.

¹⁶² Manntal 1801.

¹⁶³ Ól. Þ. Kr. 1948, 67-68 (Frá ystu nesjum IV).

¹⁶⁴ Sama heimild.

¹⁶⁵ Sama heimild.

¹⁶⁶ Manntal 1801.

¹⁶⁷ Sóknarm.töl Holts í Önundarf.

¹⁶⁸ Sama heimild.

¹⁶⁹ Ól. Þ. Kr. 1948, 65-66.

Vestfirðir og Norðurlandshafnir með hafís og gengu allt til 13. apríl ofviðri, frost og byljir svo varla var farandi bæja á milli án lífsháská, þótt bylurinn á góuþrælinn tæki yfir. Girti hafísinn allt land, frá Barðastrandarsýslu að vestan allt til Reyðarfjarðar að austan. Varð þá skepnufellir meiri eða minni í flestur sveitum

Þótt veðrátta tæki að gjörast vægari eftir fardaga kom eigi verulegur bati fyrr en um Jónsmessu og sumstaðar seinna þegar hafísinn tók að rýma frá. Fiskafli var á þessu ári víðast í betra lagi þá er hafís og ógæftir eigi hömluðu ... en að því varð mörgum manni bagi í Bolungavík við Ísafjörð aðfaranótt hins 11. mars, er róðrar voru þar svo að segja nýbyrjaðir, að hafís og lagís þrengdi svo að, að þeir misstu öll veiðarfæri af 30 skipum er þeir urðu að yfirgefa og brjótast heim með allmiklu vosi en voru áður máttedregnir af hallæri því er þar var.¹⁷⁰

Árið 1802 harðnaði enn í ári. Um þau ósköp ritar séra Pétur í Grímsey svo:

Þegar um nýár snerist veðrátta til kafalda allvíða. Voru spilliblotar í millum og tók þegar fyrir jörð og kom eigi upp fyrr en í maí. Mátti svo kalla að um allt land yrði vetur hinn harðasti er menn mundu og lengri en nokkur á hinni 18. öld. Var hann og af nokkrum nefndur Langijökull.

Sumstaðar á Vestfjörðum komu tún eigi upp fyrr en um venjulega sláttarbyrjun. Eigi varð fært frá fyrri en í 11. viku sumars og sumir urðu að skera hvert einasta unglamb vegna snjókyngi og gróðurleysis á afréttum. ... Um Mikaelmessu komu ný harðindi. ... Hafís hafði þegar gjört vart við sig fyrir árslok 1801. Lá hann umhverfis land allan veturinn og yfirgaf eigi Norðurland fyrr en undir höfuðdag. ... Allmikill fellir var um vorið bæði á hrossum og sauðfénaði og vestra bönnuðu hafísar og ófærð mönnum sjóróðra og kaupstaðarferðir. Margir flosnuðu þar upp um vorið og kvað svo rammt að þessu í Barðastrandarsýslu að börn fóru þar að leita sér uppeldis á húsgangslakki.¹⁷¹

Árið 1803 og 1804 var tíðarfarið skárara en fólk var þá enn að falla úr hungri og vesöld því afleiðingar hinna miklu harðinda sögðu lengi til sín.

Þann 15. júlí 1805 gaf F.K. Trampe, amtmaður í vesturamtinu, út vegabréf fyrir Ólaf Magnússon og fleiri úr Holtssókn í Ísafjardarsýslu.¹⁷² Orðin sýna að Ólafur fór alls ekki einn en óvíst er hvort kona hans og

¹⁷⁰ Annáll níttjándu aldar I, 12-13.

¹⁷¹ Sama heimild, 25-26.

¹⁷² VA. Bréfabók amtmannsins í vesturamti 25.11.1804 – 21.12.1805. Mál nr. 136 árið 1805.

synirnir fimm, sem þá voru á aldrinum 5-23 ára, hafi öll fylgt honum af landi burt. Líklegt er þó að þau hafi farið flest eða öll því enginn úr fjölskyldu Ólafs varð eftir á Eyri.¹⁷³ Áður en Ólafur fór seldi hann jörðina Brynjólfi Hákonarsyni, er seinna bjó lengi á Mýrum í Dýrafirði, og tók Brynjólfur við búsföráðum á Eyri vorið 1805.¹⁷⁴ Sala jarðarinnar og það að Ólafur fór ekki einn sýnir að meining hans var að flytjast búferlum en ekki að bregða sér í snögga ferð til útlanda.

Því miður varð Ólafi ekki langra lífdaga auðið. Sighvatur Grímsson Borgfirðingur, sem náði að ræða við barnabörn Ólafs Magnússonar, segir að hann hafi dáið í Englandi árið 1806.¹⁷⁵ Þar er að líkindum rétt með farið og tvímælaust er að hann andaðist utanlands fyrir 1810.¹⁷⁶ Sóknarmannatölin úr Holtsprestakalli frá fyrstu árum níttjándu aldar eru mjög slitrótt. Þar má þó sjá að Brynjólfur Hákonarson, þá hreppstjóri, bjó enn á Eyri árið 1808 og hér var þá enginn úr fjölskyldu Ólafs Magnússonar.¹⁷⁷ Ekki er hins vegar hægt að útiloka að einn eða fleiri úr fjölskyldu Ólafs hafi hafst við á öðrum bæjum í Önundarfirði um lengri eða skemmri tíma á árunum 1806-1809. Þau brot úr sóknarmannatölum sem varðveist hafa nægja engan veginn til að skera úr um það. Fullgild heimild sýnir hins vegar að ekkja hins burtsiglda og burtsognaða bóndamanns sem hér var frá sagt, Þuríður Gísladóttir, tók á ný við búsföráðum á Eyri vorið 1809.¹⁷⁸

Ekki verður nú sagt með fullri vissu hvort Þuríður og synirnir fimm fóru öll með Ólafi bónda af landi brott sumarið 1805. Hafi svo verið náðu þau öll að koma lifandi til baka nema sjálfur fjölskyldufaðirinn. Líklegast er að þau hafi þá aðeins verið utanlands í eitt eða tvö ár og komið aftur í síðasta lagi vorið 1807 því eftir árás Breta á Kaupmannahöfn síðar á því ári var mjög lítið um skipaferðir til Íslands og nær alger siglingateppa af styrjaldarástæðum árið 1808.¹⁷⁹

Um einn hinna fimm sona Ólafs Magnússonar og Þuríðar konu hans á Eyri er reyndar vitað að hann dvaldist langdvölum erlendis en það er næstelsti sonurinn sem hét Ólafur og var fæddur árið 1785.¹⁸⁰ Hann hefur því verið rétt um tvítugt þegar faðir hans kvaddi fósturjörðina og má telja nær fullvíst að þeir feðgar hafi fylgst að. Ólafur Ólafsson frá Eyri lærði ungur hattarið, að sagt var í Kaupmannahöfn eða í Björgvin í Noregi.¹⁸¹ Á fyrri hluta 20. aldar kunnu niðjar Ólafs hattamakara frá því að segja að hann hafi starfað við flutninga hjá danska hernum og lent á vígvellinum í stríði þeirra við Englendinga 1807 eða í öðrum ófriði fáum árum síðar.¹⁸²

¹⁷³ Sóknarm.tal Holts í Önundarf. frá árinu 1808.

¹⁷⁴ Ól. Þ. Kr. 1948, 66 (Frá ystu nesjum IV). Sbr. Rtk. Jarðabækur V. 16, Ísafj.sýsla 1805.

¹⁷⁵ Ól. Þ. Kr. 1948, 66.

¹⁷⁶ Sama heimild.

¹⁷⁷ Sóknarm.töl Holts í Önundarf.

¹⁷⁸ Skj.s. sýslum. og sv.stj. Ís. Mosv.hr. 1. Hreppsþók 1786-1819.

¹⁷⁹ Annáll níttjándu aldar I, 117-118.

¹⁸⁰ Ól. Þ. Kr. 1948, 69-73.

¹⁸¹ Sama heimild.

¹⁸² Sama heimild.

Bar hann þess nokkur merki, það er að segja þrjú ör og var eitt þeirra eftir fallbyssukúlu sem sagt var að hann hefði fengið í öxlina.¹⁸³ Óljóst er nú hvenær Ólafur kom aftur til Íslands en það hlýtur þó að hafa verið eigi seinna en árið 1816 því undir lok þess árs var hann heimilismaður hér á Eyri¹⁸⁴ og gekk haustið 1818 að eiga bóndadóttur frá Vigur.¹⁸⁵ Næstu ár bjó hann í Vigur en lengst á Eyri í Skötufirði við Djúp og var jafnan nefndur *hattamakari*, enda stundaði hann hattagerð með búskapnum.¹⁸⁶

Hér var áður nefnt að Magnús Einarsson, bóndi á Hvilft, sem settist að í Önundarfirði árið 1835 eða því sem næst, greini svo frá að Magnús Ólafsson, elsti sonur Ólafs á Eyri, hafi árið 1809 náð að rifta kaupsamningnum sem gerður var þegar Ólafur faðir hans seldi Brynjólfi Hákonarsyni Eyri fjórum árum fyrr (sjá hér bls. 10). Allt bendir til þess að Magnús á Hvilft fari þarna rétt með því Brynjólfur Hákonarson bjó aðeins á Eyri í fjögur ár, 1805-1809,¹⁸⁷ en eins og áður sagði tók ekkja Ólafs Magnússonar aftur við jörðinni vorið 1809. Hún hóf þá þegar búskap á annarri hálfleðunni en á móti henni bjó fyrstu árin Guðmundur Ólafsson sem hafði hina hálfleðuna á Eyri til ábúðar frá 1809 til 1815 en fluttist þá að **Neðri-Breiðadal** og bjó þar næstu ár (sjá hér Neðri-Breiðadalur og Hvilft).¹⁸⁸ Guðmundur hafði áður búið lengi í Súgandafirði og mun hafa flust þaðan að Eyri.

Er ekkjan Þuríður Gísladóttir tók á ný við búsföráðum á Eyri var hún fimmtug að aldri, fædd 1759 eða því sem næst.¹⁸⁹ Þó að eldri synirnir væru komnir vel til manns sá hún ástæðu til að fá sér ráðsmann og valdi til þess starfa Jón Magnússon, hinn yngri tveggja bræðra með því nafni en þeir voru synir hjónanna Magnúsar Jónssonar og Járngerðar Jónsdóttur sem búið höfðu á Eyri allt til ársins 1792 en seinna á Görðum¹⁹⁰ (sbr. hér Garðar). Þann 23. október 1810 giftist Þuríður þessum ráðsmanni sínum.¹⁹¹ Hún var þá liðlega fimmtug en hann 37 ára eða því sem næst.¹⁹² Sambúð þeirra stóð stutt því að hinn nýi bóndi á Eyri, eiginmaður Þuríður, týndi lífi í mannskaðanum mikla vorið 1812 (sjá hér Mosvallahreppur, inngangskafli). Þá druknaði líka stjúpsonur hans, Rósinkranz Ólafsson, aðeins 17 ára gamall, en hann var næstyngstur hinna fimm sona Þuríðar Gísladóttur sem náðu fermingaraldri.¹⁹³

Í mannskaðanum mikla 6. maí 1812 varð Þuríður ekkja í annað sinn. Búskapnum hélt hún þó áfram og bjó eins og áður á hálfri Eyri allt til vorsins 1815 er synir hennar tveir, Magnús og Kjartan, tóku við en þeir

¹⁸³ Ól. Þ. Kr. 1948, 69-73 (Frá ystu nesjum IV).

¹⁸⁴ Manntal 1816.

¹⁸⁵ Ól. Þ. Kr. 1948, 69-73.

¹⁸⁶ Sama heimild.

¹⁸⁷ Skj.s. sýslum. og sv.stj. Ís. Mosv.hr. 1. Hreppsþók 1786-1819.

¹⁸⁸ Manntal 1816.

¹⁸⁹ Manntal 1801, vesturamt, bls. 289.

¹⁹⁰ Ól. Þ. Kr. 1948, 66-67.

¹⁹¹ Sama heimild.

¹⁹² Sama heimild.

¹⁹³ Sama heimild, 65-78.

fengu þá alla Eyrarjörðina til ábúðar.¹⁹⁴ Báðir voru þeir þá kvæntir og 1. desember 1816 voru fimm manneskjur í heimili hjá Magnúsi á Eyri en tíu hjá Kjartani bróður hans.¹⁹⁵ Þuríður móðir þeirra var þá heimilisföst hjá Kjartani og líka þeir tveir synir hennar sem enn voru ókvæntir, Ólafur hattamakari, sem nefndur er monsjör í manntalinu frá 1816, og Jón sem aðeins var 15 ára.¹⁹⁶ Á fyrsta búskaparári Kjartans og Magnúsar gerðist sá atburður að 35 ára gamall vinnumaður frá Eyri, sem hét Jón Ásgrímsson, varð úti skammt frá bænum.¹⁹⁷ Hann var á heimleið úr Súgandafirði 23. nóvember 1815 og var kominn *heim undir heimili sitt* þegar kraftana þraut.¹⁹⁸

Bræðurnir Magnús og Kjartan Ólafssynir bjuggu saman í tvíbýli hér á Eyri í ellefu ár, frá 1815 til 1826, en vorið 1826 fluttist Kjartan að Tröð og bjó þar í 28 ár. Hann var snemma talinn loðinn um lófana, enda voru þeir bræður sjálfseignarbændur (sjá hér bls. 11) sem mjög var fátítt í Önundarfirði á þeirri tíð. – *Kjartan situr Eyri á með aurasafni, besti er hann bóndajafni*, segir í rímu sem ort var um bændur í Önundarfirði árið sem þeir bræður tóku við búsföráðum á Eyri af móður sinni.¹⁹⁹

Um Kjartan Ólafsson, bónda á Eyri og síðar í Tröð, hefur áður verið fjallað á þessum blöðum og skal til þess vísað (sjá hér Tröð). Um svipað leyti og Kjartan fór frá Eyri keypti Friðrik Svendsen, kaupmaður á Flateyri, tvo þriðju hluta Eyrarjarðarinnar, það er 16 hundruð (sjá hér Flateyri). Magnús Ólafsson hélt hins vegar eftir 8 hundruðum og bjó áfram á þeim þriðja parti úr jörðinni. Sá jarðarpartur sem Svendsen keypti var allt frá árinu 1826 nytjaður frá Flateyri og að hluta til frá Hvilft í fáein ár²⁰⁰ (sbr. hér bls. 10 og Flateyri) og engin breyting varð í þeim efnum þegar Torfi Halldórsson keypti Flateyrareignir af erfingjum Friðriks Svendsen árið 1858 (sjá hér Flateyri). Eftir 1826 höfðu Magnús bóndi á Eyri og síðan Ólafur sonur hans því ekkert af jörðinni til ábúðar nema þau 8 hundruð sem þeir áttu sjálfir.

Magnús Ólafsson, sem var bóndi á Eyri frá 1815 og fram undir 1850, var elsti sonur hjónanna Ólafs Magnússonar og Þuríðar Gísladóttur á Eyri.²⁰¹ Hann fæddist árið 1782 á Núpi í Dýrafirði, þar sem foreldrar hans bjuggu áður, og var því níu ára gamall er þau fluttust frá Núpi að Eyri árið 1791.²⁰² Haustið 1810 kvæntist Magnús Steinvöru Guðmundsdóttur sem var sex árum yngri en hann.²⁰³ Hún var dóttir Guðmundar Ólafssonar og Þuríðar Pálsdóttur sem bjuggu á hálfri Eyri frá 1809-1815 en áður í Súgandafirði og seinna í Neðri-Breiðadal (sjá hér bls. 21 og Neðri

¹⁹⁴ Skj.s. sýslum. og sv.stj. Ís. Mosv.hr. 1. Hreppsþing 1786-1819.

¹⁹⁵ Manntal 1816.

¹⁹⁶ Sama heimild.

¹⁹⁷ Prestsþj.b. Holts í Önundarf.

¹⁹⁸ Sama heimild.

¹⁹⁹ ÍB 783^{8vo}, *Bændaríma kveðju Anno 1815*.

²⁰⁰ Skj.s. sýslum. og sv.stj. Ís. Mosv.hr. 2., 3. og 4. Hreppsþing 1819-1835, 1835-1847 og 1849-1883.

²⁰¹ Ól. Þ. Kr. 1948, 65-78 (Frá ystu nesjum IV).

²⁰² Sama heimild.

²⁰³ Sama heimild.

Breiðadalur). Bróðir Steinvarar var Finnur Guðmundsson, bóndi á Hvilft, tengdafaðir Magnúsar Einarssonar sem lengi bjó á Hvilft og gerði þar garðinn frægan.

Árið 1815 tóku Magnús og Kjartan bróðir hans við búsföráðum á Eyri af móður þeirra og bjuggu síðan í sambýli með alla jörðina til ábúðar næstu ellefu árin eins og hér var áður nefnt. Bústofn þeirra árið 1821 var sem hér segir ef marka má það sem skráð er í búnaðarskýrslu frá því ári. Hjá Kjartani: 3 kýr, 1 kálfur, 20 ær, 8 sauðir og hrútar, 10 gemlingar, 9 lömb og 1 hestur.²⁰⁴ Hjá Magnúsi: 2 kýr, 13 ær, 2 hrútar eða sauðir, 4 gemlingar, 5 lömb og 2 hestar.²⁰⁵ Svo virðist sem Kjartan hafi verið fyrir þeim bræðrum þó að Magnús væri eldri því bæði var hann með talsvert stærra bú eins og tölurnar sýna og átti auk þess stóran bát en Magnús var bátlaus.²⁰⁶ Bátur Kjartans á Eyri var áttæringur en aðeins sex svo stórir bátar voru þá til í öllum hreppnum.²⁰⁷ Tvo þeirra áttu presturinn í Holti og sýslumaðurinn í **Hjarðardal** en hina áttu tveir og tveir bændur saman nema áttæringinn á Eyri sem Kjartan átti einn.²⁰⁸ Reyndar átti hann líka annan minni bát, tveggja manna far, og báðir voru þeir Eyrarbændur með svolitla garðrækt árið 1821.²⁰⁹

Frá vorinu 1826 var Magnús Ólafsson eini bóndinn sem sat á Eyri en hafði þó aðeins þriðjung jarðarinnar til ábúðar eins og hér hefur áður verið nefnt þau 20 ár sem hann átti þó enn fram undan í búskapnum. Á árunum 1830-1840 virðist bú hans yfirleitt hafa verið álíka stórt og verið hafði 1821, tvær kýr en stundum bara ein, 13-20 ær og 5-12 sauðir.²¹⁰ Búnaðarskýrslur frá árunum 1830, 1834 og 1837 sýna að Magnús átti engan bát²¹¹ en ætla má að hann hafi verið í skiprúmi hjá öðrum á vertíðinni.

Með konu sinni, Steinvöru Guðmundsdóttur, eignaðist Magnús á Eyri tvo syni og komst annar þeirra upp, Ólafur Magnússon²¹² og tók hann við búi af foreldrum sínum á Eyri árið 1848.²¹³ Foreldrar Ólafs dvöldust hjá honum til æviloka. Steinvör dó á Eyri 25. júní 1852 en Magnús 3. september 1855.²¹⁴

Ólafur Magnússon, sem hóf búskap á Eyri árið 1848, var fæddur árið 1821²¹⁵ og bar nafn afa síns sem fluttist hingað frá Núpi í Dýrafirði árið 1791. Þegar þessi seinni Ólafur Magnússon á Eyri var um 18 ára aldur eignaðist hann barn með Guðrúnu Jónsdóttur sem þá var vinnukona hjá

²⁰⁴ Skj.s. sýslum. og sv.stj. Ís. XX. 1, búnaðarskýrsla Mosv.hr. 1821.

²⁰⁵ Sama heimild.

²⁰⁶ Sama heimild.

²⁰⁷ Sama heimild.

²⁰⁸ Sama heimild.

²⁰⁹ Sama heimild.

²¹⁰ Sama askja búnaðarsk. Mosvhr. 1830 og 1834. VA III, 407, búnaðarskýrslur 1837.

²¹¹ Sömu heimildir.

²¹² Ól. Þ. Kr. 1948, 67-69 (Frá ystu nesjum IV).

²¹³ Skj.s. sýslum. og sv.stj. Ís. Mosv.hr. 3. Hreppsþók 1835-1847 og 4. Hreppsþók 1849 og 1883. Sóknarm.töl Holts í Önundarf.

²¹⁴ Ól. Þ. Kr. / Önfirðingar.

²¹⁵ Sama heimild.

foreldrum hans og var hún nær helmingi eldri en hinn ungi bóndasonur.²¹⁶ Guðrún var dóttir hjónanna Jóns Oddssonar og Sigríðar Hákonardóttur sem bjuggu á **Kirkjubólshúsum** (sjá hér Kirkjuból í Korpudal) og þar fæddist hún árið 1808.²¹⁷ Sigríður móðir hennar var systir Brynjólfs Hákonarsonar sem bjó á Eyri frá 1805 til 1809 en seinna lengi á Mýrum í Dýrafirði.²¹⁸

Barnið, sem þau Guðrún Jónsdóttir og Ólafur Magnússon á Eyri eignuðust vorið 1839, var drengur og var skírður Rósinkranz.²¹⁹ Árið 1845 var Ólafur enn ókvæntur og þá voru Guðrún barnsmóðir hans og barnið Rósinkranz eina heimilisfólkið á Eyri auk Ólafs og foreldra hans sem stóðu þá enn fyrir búi.²²⁰ Áður en lengra er haldið skal þess getið að fremur illa rættist úr nýnefndum Rósinkranz Ólafssyni því hann náði ekki að sjá sér farborða án stuðnings annarra og var árið 1870 orðinn sveitarómagi á **Ytri-Veðrará**.²²¹ Þá um haustið voru lagðar með honum tvær vættir úr sveitarsjóði,²²² það er einn þriðji úr kýrverði. Sex vættir voru þá lagðar með þyngsta ómaganum í Mosvallahreppi²²³ svo ætla má að Rósinkranz hafi unnið að nokkru leyti fyrir mat sínum.

Um svipað leyti og Rósinkranz var settur niður á Ytri-Veðrará gaf séra Stefáni P. Stephensen honum einkunnina *óðell letingi*.²²⁴ Hér er þó vert að hafa í huga að guðsmaðurinn í Holti var oft harður í dómum um þá sem lítils máttu sín. Að fenginni þeirri umsögn hjá presti, sem hér var nefnd, drukknaði Rósinkranz Ólafsson í **Vöðunum** 14. janúar 1871.²²⁵ Hann var þá 31 árs gamall og var að koma frá Holti,²²⁶ máske af prestsfundi, þegar ísinn brast fram undan **Breiðadal**.²²⁷

Ólafur Magnússon, sem tók við búi á Eyri árið 1848, erfði jarðarhundruðin átta sem faðir hans hafði búið á og stóð hér fyrir búi í röskan þriðjung aldar.²²⁸ Hann var tvíkvæntur. Fyrri konu sinni, Helgu Steindórsdóttur, sem var úr Nauteyrahreppi, kvæntist Ólafur haustið 1849.²²⁹ Hún dó 12 árum síðar *af vatnssýki*, aðeins 33ja ára gömul.²³⁰ Með henni eignaðist Ólafur fjögur börn en tvö þeirra dóu úr barnaveiki með fárra daga millibili og Steindór sonur þeirra drukknaði tvítugur að aldri árið 1871,²³¹ sama ár og Rósinkranz hálfbróðir hans sem fyrr var nefndur. Af börnum Ólafs með fyrri konunni náði því aðeins ein dóttir að komast á

²¹⁶ Ól. Þ. Kr. 1948, 67-69 (Frá ystu nesjum IV). Manntal 1845, vesturamt, bls. 282.

²¹⁷ Ól. Þ. Kr. / Önfirðingar.

²¹⁸ Sama heimild.

²¹⁹ Ól. Þ. Kr. 1948, 67-69. Manntal 1845, vesturamt, bls. 282.

²²⁰ Manntal 1845.

²²¹ Skj.s. sýslum. og sv.stj. Ís. Mosv.hr. 4. Hreppsþók 1849-1883. Sóknarm.töl Holts í Önundarf.

²²² Sama hreppsþók.

²²³ Sama hreppsþók.

²²⁴ Ól. Þ. Kr. / Önfirðingar.

²²⁵ Sama heimild.

²²⁶ Sama heimild.

²²⁷ Ól. Þ. Kr. 1948, 68-69.

²²⁸ Sóknarm.töl Holts í Önundarf.

²²⁹ Ól. Þ. Kr. / Önfirðingar.

²³⁰ Sama heimild.

²³¹ Ól. Þ. Kr. 1948, 68-69.

miðjan aldur, Ólöf, sem lengi var á Eyri (sjá hér bls. 26 og 32) en dó á Grafargili haustið 1903.²³² Hún giftist ekki en eignaðist börn með þremur mönnum (sjá hér bls. 26 og 32).

Seinni kona Ólafs á Eyri hét Sigurborg Sæmundsdóttir og var frá **Selakirkjubóli**.²³³ Hún var átján árum yngri en eiginmaðurinn og giftist honum haustið 1862, þá 23ja ára gömul.²³⁴ Með henni eignaðist Ólafur þrjár dætur sem allar komust upp en tvær þeirra dóu ógiftar og barnlausar.²³⁵

Á sínum fyrstu búskaparárum reyndi Ólafur að fjölga fénu lítið eitt og var árið 1850 með 28 ær og 20 sauði að meðtöldum hrútum og gemlingum.²³⁶ Hann átti þá líka eina kú, tvær kvígur, einn kálf, tvo hesta og folald.²³⁷ Árið 1860 hafði ánum hins vegar fækkað niður í sautján.²³⁸ Sauðir og hrútar sem Ólafur átti voru þá sex og gemlingarnir níu.²³⁹ Fleira en fjártalan bendir til þess að Ólafur á Eyri hafi á sínum yngri árum verið framtakssamari en faðir hans og þá einkum það að hann náði snemma að eignast hálfan bát, sexæring eða fjöggra manna far, og líka annan minni bát.²⁴⁰ Árið 1860 átti Ólafur sexæring eða fjöggra manna far einn sér og líka minni bátinn.²⁴¹ Hann fór líka út í garðrækt. Var árið 1850 með 6 ferfaðma garðholu en tíu árum síðar kominn með þrjá garða sem samtals voru 120 ferfaðmar að flatarmáli ef marka má opinberar skýrslur.²⁴²

Árið 1870 var Ólafur á Eyri kominn undir fimmtugt og kynni þá að hafa verið farinn að tapa heilsu. Sú er líklegasta skýringin á því að fardagaárið 1870-1871 var hann búlaus en sat þó á Eyri sem húsmáður og var reyndar með eina kú.²⁴³ Hann fór þó aftur að búa næsta ár²⁴⁴ en dauflegt var yfir búskap hans hér á Eyri hin síðari ár. Þó var hann enn með tvær kýr árið 1880 en ærnar voru þá bara tíu, sauðir og hrútar átta og engir gemlingar.²⁴⁵ Bóndinn á Eyri átti þá ekki lengur nokkurn bát og stærð kálgarðanna var aðeins einn sjöttu partur þess sem verið hafði tuttugu árum fyrr.²⁴⁶

Síðasta árið sem Ólafur Magnússon á Eyri lifði bjó hann með tvær óleigufærar kýr eða kvígur, tíu ær, fjóra sauði og tvo hesta²⁴⁷ en bóndi þessi andaðist á heimili sínu 11. desember 1883.²⁴⁸

²³² Ól. Þ. Kr. 1948, 68-69 (Frá ystu nesjum IV).

²³³ Sama heimild.

²³⁴ Ól. Þ. Kr. / Önfirðingar.

²³⁵ Ól. Þ. Kr. 1948, 68-69.

²³⁶ VA III, 412, búnaðarskýrslur 1850.

²³⁷ Sama heimild.

²³⁸ VA III, 417, búnaðarskýrslur 1860.

²³⁹ Sama heimild.

²⁴⁰ VA III, 412, búnaðarskýrslur 1850.

²⁴¹ VA III, 417, búnaðarskýrslur 1860.

²⁴² VA III, 412, bún.sk. 1850. VA III, 417, bún.sk. 1860.

²⁴³ VA III, 421, bún.sk. 1870. Skj.s. sýslum. og sv.stj. Ís. Mosv.hr. 4. Hreppsþók 1849-1883.

²⁴⁴ Sama hreppsþók.

²⁴⁵ VA III, 424, búnaðarskýrslur 1880.

²⁴⁶ Sama heimild.

²⁴⁷ Skj.s. sýslum. og sv.stj. Ís. Mosv.hr. 4. Hreppsþók 1849-1883.

Heimili Ólafs Magnússonar, sem hér hefur nú verið sagt frá, var aldrei fjölmennt²⁴⁹ og líklega hefur fólkið rúmast sæmilega í baðstofunni. Vorið 1861 voru bæjarhúsin á Eyri tekin út en þá var fyrri eiginkona Ólafs, Helga Steindórsdóttir, nýlega látin. Úttektin fór fram þann 1. júní og mældist gólfplöturinn í baðstofunni 6 x 5 álnir,²⁵⁰ það er 11,8 fermetrar. Loftið í baðstofunni var undir súð og hún í góðu standi.²⁵¹ Önnur bæjarhús voru búr og eldhús með um það bil 8 fermetra gólfleti hvort og svo göngin sem voru liðlega 3 metrar á lengd og um 1,25 metrar á breidd.²⁵² Fjosið á Eyri var líka í góðu standi árið 1861 og þar var hægt að hafa þrjár kýr.²⁵³

Árið 1877 var Ólöf Ólafsdóttir ein á lífi af börnum Ólafs Magnússonar á Eyri og fyrri konu hans, Helgu Steindórsdóttur. Hún var þá liðlega tvítug og átti heima hjá föður sínum á Eyri. Hér er á öðrum stað sagt nokkru nánar frá Ólöfu (sjá hér bls. 32) en til fróðleiks verður nú gerð grein fyrir viðskiptum þessarar tvítugu stúlku við verslunina á Flateyri þetta ár, árið 1877.

Á fyrstu fjórum mánuðum ársins keypti hún alls ekki neitt en þann 26. maí brá hún sér í búðina og tók út þennan varning:

1. Þrjár álnir af lérefsti á kr. 1,11
2. Þrjár álnir af nankini á kr. 1,68
3. Tvær álnir af dúki á kr. 0,92
4. Svart lérefst fyrir kr. 0,38
5. Einn trefil sem kostaði kr. 1,13
6. Einn hníf sem kostaði kr. 0,38
7. Tvinna fyrir kr. 0,40
8. Hálf pund af rúsínum kr. 0,27²⁵⁴

Samtals kostuðu þessara vörur kr. 6,27 en að auk tók Ólöf út kr. 2,15 í peningum.²⁵⁵ Allt var þetta tekið út í reikning en þann 29. september um haustið lagði Ólöf inn 82 pund af kjöti og fékk fyrir það 13 krónur og 12 auru.²⁵⁶ Kjötið nægði því til að borga úttektina frá vorinu og gott betur en í septemberlok átti hún kr. 4,70 inni hjá versluninni.²⁵⁷ Þann 6. október lét hún kaupa fyrir sig eina alin af lérefsti sem kostaði 67 auru og einn brúsa af *anilin* á 33 auru²⁵⁸ en það var litarefni.

²⁴⁸ Ól. Þ. Kr. 1948, 68 (Frá ystu nesjum IV).

²⁴⁹ Manntöl 1850, 1860, 1870 og 1880.

²⁵⁰ Skj.s. sýslum. og sv.stj. Ís. Mosv.hr. 6. Úttektabók 1835-1874.

²⁵¹ Sama heimild.

²⁵² Sama heimild.

²⁵³ Sama heimild.

²⁵⁴ Hsk. á Ísaf. Kassi 240. Verslunarbækur frá verslun Hjálmars Jónssonar á Flateyri. Höfuðbók nr. 5, bls. 22.

²⁵⁵ Sama heimild.

²⁵⁶ Sama heimild.

²⁵⁷ Sama heimild.

²⁵⁸ Hsk. á Ísaf.. Kassi 240. Verslunarbækur frá verslun Hjálmars Jónss. á Flateyri. Höfuðbók nr. 5, bls. 22.

Þann 24. nóvember kom Ólöf niður á Flateyri í sína síðari innkaupaferð á þessu ári og keypti þá þessar vörur.

1. Eitt pund tjól (tóbak) á kr. 1,50
2. Eitt pund kaffi á kr. 1,10
3. Eitt pund sykur á kr. 0,60
4. Eitt *parabréf* á kr. 0,12
5. Svólítið af tvinna á kr. 0,28
6. Ein alin fódurtau á kr. 0,46
7. Ein alin sirs á kr. 0,45²⁵⁹

Samtals kostaði þessi varningur kr. 4,51 og við úttektina í október hafði innstæðan lækkað um eina krónu svo nú var bóndadóttirin á Eyri komin í 81 eyris skuld við verslunina.²⁶⁰

Síðustu viðskipti Ólafar á Eyri við Flateyjarverslun á árinu 1877 voru þau að á skemmsta degi ársins lét hún taka út fyrir sig í búðinni eitt pennaskaft sem kostaði 12 aura og hálf pund af sykri á 30 aura.²⁶¹ Við upphaf ársins 1877 hafði hún verið skuldlaus við verslunina en við lok sama árs skuldaði hún kr. 1,23²⁶² sem ekki gat talist alvarlegt.

Hálfu fjórða ári síðar, vorið 1881, voru auraráð þessarar bóndadóttur á Eyri það rúm að hún leyfði sér að festa kaup á saumamaskínu sem kostaði heilar 50,- krónur.²⁶³

Þegar faðir Ólafar, Ólafur Magnússon bóndi á Eyri, andaðist á jólaföstunni árið 1883 slitnaði þráður sem spunninn hafði verið allt frá því afi hans og alnafni hóf hér búskap árið 1791 (sjá hér bls. 16). Við andlát Ólafs tók ekkja hans, Sigurborg Sæmundsdóttir, þá ákvörðun að hætta búskap. Hún var þá 44 ára gömul en hin elsta af þremur dætrum þeirra Ólafs rétt liðlega tvítug.²⁶⁴ Sigurborg dvaldist þó áfram á Eyri sem húskona næstu árin en fluttist til Ísafjarðar árið 1888.²⁶⁵ Þar var hún enn 1920, orðin áttræð,²⁶⁶ og þá áttu erfingjar Ólafs Magnússonar enn 6 hundruð í Eyrarjörðinni (sjá hér bls. 10-11).

Vorið 1884 gerðist Kristján Friðriksson frá **Mosdal** bóndi hér á Eyri og fékk til ábúðar jarðarpartinn sem Ólafur Magnússon hafði búið á og nú var í eigu erfingja hans.²⁶⁷ Kristján og eiginkona hans, Guðbjörg Sveinfríður Sigurðardóttir, settust þá að í baðstofunni á Eyri og tóku þar m.a. við *kamínu með rörum og potti* sem var virt á kr. 29,20.²⁶⁸ Hér hefur áður verið sagt frá Kristjáni Friðrikssyni en hann var fæddur árið 1850 og

²⁵⁹ Hsk. á Ísaf.. Kassi 240. Verslunarbækur frá verslun Hjálmars Jónss. á Flateyri. Höfuðbók nr. 5, bls. 22.

²⁶⁰ Sama heimild.

²⁶¹ Sama heimild.

²⁶² Sama heimild.

²⁶³ Sama askja. Verslunarbækur frá verslun Hjálmars Jónssonar á Flateyri. *Cladd*, 1881.

²⁶⁴ Ól. Þ. Kr. / Önfirðingar.

²⁶⁵ Sama heimild. Sbr. Vestfirskar ættir I, 236-237.

²⁶⁶ Ól. Þ. Kr. / Önfirðingar.

²⁶⁷ Skj.s. sýslum. og sv.stj. Ís. Mosv.hr. 7. Úttektabók 1875-1905, bls. 33. Sóknarm.töl Holts í Önundarf.

²⁶⁸ Skj.s. sýslum. og sv.stj. Ís. Mosv.hr. 7. Úttektabók 1875-1905, bls. 33. Sóknarm.töl Holts í Önundarf.

hafði verið verslunarmaður á Flateyri á árunum 1877-1883 en gerðist þá sjómaður á þilskipum (sjá hér Flateyri). Eiginkona Kristjáns, Guðbjörg Sveinfríður, sem fluttist með honum að Eyri, var tólf árum yngri en hann og því aðeins 22ja ára gömul er þau hófu búskapinn. Hún var fædd í **Innri-Hjarðardal** vorið 1862, barn ógiftra foreldra, en móðir hennar var Ólöf, fædd 1836, dóttir Jóns Sveinssonar og Dagbjartar Filippusdóttur sem áður höfðu búið á **Innri-Veðrará, Vífilsmýrum** og í Neðri-Breiðadal²⁶⁹ (sbr. hér Innri-Veðrará). Faðir Guðbjargar Sveinfríðar, húsfreyju á Eyri, var hins vegar Sigurður Þórarinsson, fæddur 1832,²⁷⁰ sem fluttist með móður sinni, Kristínu Þórarinsdóttur, frá Látrum í Mjóafirði að Innri-Hjarðardal árið 1853 (sjá hér Innri-Hjarðardalur) en átti árið 1862 heima í Botni í Súgandafirði (sjá hér Botn og Staður í Súgandafirði). Í sóknarmannatali frá árinu 1883 er Guðbjörg Sveinfríður sögð vera vinnukona hjá Kristjáni Friðrikssyni á Flateyri en árið eftir voru þau gefin saman í hjónaband og fóru að búa á Eyri.²⁷¹

Kristján Friðriksson, sem hér er frá sagt, nefndi sig Kristján Mosdal²⁷² og mun skýringin hafa verið sú að hann fæddist í Mosdal og ólst þar upp eins og hér hefur áður verið nefnt. Að áliðnum vetri árið 1887 var Kristján ráðinn skipstjóri á skútuna *Jeanette*, tveggja ára gamalt skip sem þá var gert út frá Flateyri, en það fórst með allri áhöfn í sumarmálagarðinum þetta sama ár (sjá hér Flateyri).

Þegar Kristján Mosdal druknaði vorið 1887 hafði hann verið bóndi á Eyri í þrjú ár en líka stýrimaður og síðast skipstjóri á skútu á sama tíma. Hann var allra síðasti bóndinn sem bjó hér á Eyri. Allt frá árinu 1826 höfðu tveir þriðju hlutar þessarar fornu bújarðar verið nytjaðir frá Flateyri (sjá hér bls. 22), síðustu 30 árin af Torfa Halldórssyni, og vorið 1887 bætti Torfi við sig þeim þriðjungi jarðarinnar sem Kristján Mosdal hafði haft til ábúðar (sjá hér Flateyri). Þaðan í frá var það eingöngu húsfólk sem hafðist við hér á Eyri.²⁷³

Tvímælalaust er að Torfi Halldórsson fékk jarðarpartinn sem Kristján og Guðbjörg Sveinfríður höfðu búið á til umráða sumarið 1887²⁷⁴ en bæjarhúsin á Eyri voru þó ekki tekin út fyrir en 4. júní 1888.²⁷⁵ Þann dag lét Guðbjörg Sveinfríður Sigurðardóttir, hin unga ekkja síðasta bóndans á Eyri, öll bæjarhúsin af hendi og þá var ástand þeirra metið. Baðstofan virðist þá hafa verið sú sama og hér stóð 27 árum fyrir og áður var lýst á þessum blöðum (sjá hér bls. 26). Að vísu mældist hún nú aðeins mjórri en árið 1861 og munaði þar hálfri alin.²⁷⁶ Í úttektinni frá 1888 sjáum við að baðstofuhúsið var 6 álnir, það er 3,77 metrar, á hæð frá gólfi og í *kjöl*²⁷⁷ og

²⁶⁹ Eyjólfur Jónsson 1967, 49.

²⁷⁰ Sama heimild.

²⁷¹ Ól. Þ. Kr. / Önfirðingar.

²⁷² Eyjólfur Jónsson 1967, 49.

²⁷³ Sóknarm.töl Holts í Önundarf. Skj.s. sýslum. og sv.stj. Ís. Mosv.hr. 5. Hreppsbook 1883-1912.

²⁷⁴ Skj.s. sýslum. og sv.stj. Ís. Mosv.hr. 5. Hreppsbook 1883-1912.

²⁷⁵ Skj.s. sýslum. og sv.stj. Ís. Mosv.hr. 7. Úttektabók 1875-1905.

²⁷⁶ Skj.s. sýslum. og sv.stj. Ís. Mosv.hr. 7. Úttektabók 1875-1905.

²⁷⁷ Sama heimild.

hafa þá nær allir getað gengið uppréttir bæði uppi á baðstofuloftinu og líka niðri. Tveir gluggar voru á þessu húsi er hér var komið sögu.²⁷⁸ Eldhúsið á Eyri var árið 1888 álfka stórt og verið hafði fyrir aldarfjórðungi en svoltið öðru vísi í laginu.²⁷⁹ Um búr er hins vegar ekki getið í þessari síðustu úttekt.²⁸⁰

Þegar Guðbjörg Sveinfríður skilaði af sér bæjarhúsunum hér á Eyri voru liðin fjögur ár frá því hún og Kristján tóku við þeim. Þá hafði fjárhús fyrir átta ær fylgt með en nú var það *fallið að veggjum*.²⁸¹ Fyrir það sem húsin höfðu gengi úr sér á þessum fjórum árum var henni gert að greiða kr.23,50.²⁸² Á móti kom að þau hjónin höfðu þiljað eitthvað af baðstofunni og fyrir það töldu virðingarmennirnir rétt að lækka kröfuna á hendur dánarbúinu um tíu krónur.²⁸³ Eftir stóðu þá kr. 13,50 sem bókað var að ættu að greiðast af dánarbúi Kristjáns Friðrikssonar.²⁸⁴

Þau Kristján Friðriksson Mosdal og Guðbjörg Sveinfríður kona hans eignuðust engin börn.²⁸⁵ Hún varð því, að eiginmanninum látnum, laus og liðug ekkja, 25 ára gömul, en kaus að basla hér áfram á eigin fótum, án búskapar við þurrt hús.²⁸⁶ Reyndar var þess mjög skammt að bíða að hún fengi til sín nýjan sambýlismann sem hér segir síðar frá.

Árið 1888 voru hér á Eyri sex heimili þurrabúðarfólks²⁸⁷ sem ætla má að hafi fyrst og fremst lifað á sjósókn og þeirri launavinnu sem til féll við fiskverkun á Flateyri. Á árunum 1850-1869 var ekkert af búlausu húsfólki á Eyri nema einn og einn einhleypingur í skamman tíma.²⁸⁸ Árið 1870 varð breyting á í þessum efnum en þá settust hér þrjár fjölskyldur að í þurrabúð.²⁸⁹ Þaðan í frá voru hér oftast tvær eða fleiri slíkar fjölskyldur, allt til ársins 1903 en þó ekki nema ein á árunum 1879-1883.²⁹⁰ Fyrstu 17 árin eftir 1870 var húsfólkið hér í eins konar sambýli við bóndann sem sat á jörðinni en eftir 1887 bjó allt heimafólk á Eyri við þurrt hús.

Á tímabilinu frá 1870 til 1903 bjuggu að minnsta kosti 15 fjölskyldur um lengri eða skemmri tíma í þurrabúð á Eyri en árið 1903 fluttust síðustu íbúarnir burt héðan og settust að á Flateyri.²⁹¹ Þegar hér er talað um fjölskyldur er átt við hjón eða sambýlisfólk ellegar einstæða foreldra með eitt eða fleiri börn og sjálfstætt húshald. Á árunum 1888-1899 voru jafnan

²⁷⁸ Skj.s. sýslum. og sv.stj. Ís. Mosv.hr. 7. Úttektabók 1875-1905.

²⁷⁹ Sama heimild.

²⁸⁰ Sama heimild.

²⁸¹ Sama heimild.

²⁸² Sama heimild.

²⁸³ Sama heimild.

²⁸⁴ Sama heimild.

²⁸⁵ Eyjólfur Jónsson 1967, 49-50.

²⁸⁶ Sóknarm.töl Holts í Önundarf.

²⁸⁷ Sama heimild.

²⁸⁸ Sama heimild.

²⁸⁹ Sama heimild.

²⁹⁰ Sama heimild.

²⁹¹ Sama heimild.

fjórar til sex fjölskyldur á Eyri, allar búlausar.²⁹² Flest var fólkið árið 1893 en þá voru liðlega 30 manneskjur heimilisfastar á Eyri (sjá hér Flateyri). Árið 1897 voru íbúarnir enn 23 en fækkaði síðan ár frá ári (sjá hér Flateyri).

Hér hefur áður verið minnst á gamla bæinn, sem stóð hér á Eyri árið 1888, en í honum virðast einu vistarverurnar hafa verið baðstofa og eldhús (sjá hér 28-29 sbr. bls. 26). Grunnflötur baðstofunnar var aðeins tíu til tólf fermetrar eins og hér hefur áður verið greint frá en í henni var loft svo segja má að búið hafi verið á tveimur hæðum. Auk þessa bæjar, sem síðustu bændurnir á Eyri bjuggu í, stóðu hér við lok 19. aldar a.m.k. þrír aðrir torfbæir eða kofar sem þurrabúðarfólk hírðist í (sjá hér bls. 1-2).

Fyrstu fjölskyldumennirnir sem settust að í þurrabúð á Eyri voru Guðmundur Einarsson, Egill Egilsson og Ólafur Jónsson sem allir komu sér hér fyrir árið 1870.²⁹³ Guðmundur var fæddur á Flateyri árið 1844 og hafði haustið 1868 gengið að eiga Ólöfu Jónsdóttur sem fæddist á Gilsbrekku í Súgandafirði árið 1841.²⁹⁴ Þau Guðmundur og Ólöf voru í húsmennsku á Eyri í fimm ár og í heimildum frá þeim árum er hann stundum nefndur smiður.²⁹⁵ Hjón þessi bjuggu síðar á Innri-Veðrará og á Selakirkjubóli (sjá hér Selakirkjuból).

Egill Egilsson var nokkru eldri en Guðmundur, fæddur á Klukkulandi í Dýrafirði árið 1837.²⁹⁶ Hann fluttist árið 1868 frá Alviðru í Dýrafirði til Flateyrar og kvæntist Guðrúnu Jónsdóttur, húskonu á Eyri, haustið 1870.²⁹⁷ Guðrún var frá Fjallaskaga í Dýrafirði, fædd þar sumarið 1841, en hafði flust til Flateyrar árið 1866.²⁹⁸ Þau Egill og Guðrún voru í húsmennsku á Eyri í tíu ár eða allt þar til hann andaðist árið 1880.²⁹⁹ Ekkjan Guðrún fór skömmu síðar frá Eyri og árið 1882 fluttist hún til Dýrafjarðar.³⁰⁰

Þriðju hjónin sem gerðust húsfólk á Eyri árið 1870 voru Ólafur Jónsson og Ragnheiður Björnsdóttir sem þá voru bæði á fimmtugsaldri.³⁰¹ Nýnefndur Ólafur var fæddur á Kaldá árið 1830, sonur hjónanna Jóns Ólafssonar og Elínar Eiríksdóttur sem þar bjuggu.³⁰² Faðir Ólafs Jónssonar, Jón bóndi á Kaldá, var sonur Ólafs Magnússonar frá Núpi sem hóf búskap hér á Eyri árið 1791.³⁰³ Ólafur húsmiður á Eyri og Ólafur Magnússon sem bjó á þriðjungi úr Eyrarjörðinni árið 1871 voru því bræðrasynir.³⁰⁴ Ólafur Jónsson og Guðmundur Einarsson, sem líka var húsmiður á Eyri og fyrr var nefndur, voru hins vegar hálfbræður því Elín Eiríksdóttir var móðir

²⁹² Sóknarm.töl Holts í Önundarf.

²⁹³ Sama heimild.

²⁹⁴ Ól. Þ. Kr. / Önfirðingar.

²⁹⁵ Sóknarm.töl Holts í Önundarf.

²⁹⁶ Ól. Þ. Kr. / Önfirðingar.

²⁹⁷ Sama heimild.

²⁹⁸ Sama heimild.

²⁹⁹ Sama heimild. Sóknarm.töl Holts í Önundarf.

³⁰⁰ Ól. Þ. Kr. / Önfirðingar.

³⁰¹ Sóknarm.töl Holts í Önundarf.

³⁰² Ól. Þ. Kr. / Önfirðingar.

³⁰³ Sama heimild.

³⁰⁴ Ól. Þ. Kr. / Önfirðingar.

beggja³⁰⁵ en hún var dóttir séra Eiríks Vigfússonar á Stað í Súgandafirði og konu hans Ragnheiðar Halldórsdóttur.³⁰⁶ Kona Ólafs Jónssonar, húsmanns á Eyri, Ragnheiður Björnsdóttir, var aftur á móti bróðurdóttir Elínar og þau hjónin, Ólafur og Ragnheiður, því systkinabörn.³⁰⁷ Foreldrar Ragnheiðar voru hjónin Björn Eiríksson og Valgerður Benediktsdóttir³⁰⁸ sem m.a. bjuggu á **Mosvöllum** og í Neðri-Breiðadal (sjá hér Neðri-Breiðadalur).

Þau Ólafur Jónsson og Ragnheiður Björnsdóttir voru í húsmennsku á Eyri í 18 ár og hann nokkru lengur.³⁰⁹ Þau munu yfirleitt hafa verið með örfáar kindur og má sem dæmi um það nefna að árið 1883 áttu þau 4 ær og 3 gemlinga.³¹⁰ Ragnheiður andaðist á Eyri vorið 1889 og var þá 63ja ára gömul en Ólafur dó sex árum síðar, ekill á Eyri.³¹¹ Þau voru barnlaus.

Þegar Guðmundur Einarsson fór frá Eyri árið 1875 kom hingað annar tómthúsmáður í hans stað og var það Jón Jónsson, sonur Jóns Sveinssonar og Járngerðar Indriðadóttur sem bjuggu lengi í **Fremri-Breiðadal** og svo á Hvilft³¹² (sbr. hér Fremri-Breiðadalur). Jón þessi Jónsson var fæddur árið 1849 og kvæntist haustið 1873 Arnfríði Þórarinsdóttur frá Stað í Súgandafirði sem var þremur árum eldri.³¹³ Hún var föðursystir Guðbjargar Sveinfríðar Sigurðardóttir sem varð húsfreyja á Eyri árið 1884 og hér var áður kynnt. Þau Jón og Arnfríður voru aðeins í tvö ár á Eyri og urðu bæði skammlíf.³¹⁴ Arnfríður dó haustið 1878, þá húskona á Hóli á Hvilftarströnd, en Jón druknaði vorið 1882 með Aðalbirni Jóakimssyni, skipstjóra á Ísafirði, þegar jaktin Jóhannes, sem Aðalbjörn stýrði til veiða, fórst.³¹⁵ Jón var síðast vinnumaður í Holti.³¹⁶ Með Arnfríði konu sinni hafði hann eignast þrjú börn en ekkert þeirra komst upp.³¹⁷

Ekkert nýtt húsfólk settist að á Eyri á árunum 1876-1883 en vorið 1884 gerðist ekkjan Sigurborg Sæmundsdóttir húskona en hún hafði verið gift bóndanum á Eyri, Ólafi Magnússyni sem andaðist í desembermánuði árið 1883.³¹⁸ Sigurborg var hér í húsmennsku með dætur sínar í fjögur ár (sbr. hér bls. 27).³¹⁹

Fardagaárið 1885-1886 voru hjónin Bjarni Ólafsson og Helga Jónsdóttir í húsmennsku á Eyri en fóru héðan að Kvíanesi í Súgandafirði³²⁰ og verður þeirra nánar getið síðar (sjá hér Kvíanes).

³⁰⁵ Ól. Þ. Kr. 1945, 157-158 (Frá ystu nesjum III).

³⁰⁶ Sama heimild, 146-158.

³⁰⁷ Ól. Þ. Kr. / Önfirðingar.

³⁰⁸ Sama heimild.

³⁰⁹ Sóknarm.töl Holts í Önundarf.

³¹⁰ Skj.s. sýslum. og sv.stj. Ís. Mosv.hr. 4. Hreppsþók 1849-1883.

³¹¹ Ól. Þ. Kr. / Önfirðingar.

³¹² Sama heimild.

³¹³ Eyjólfur Jónsson 1967, 111.

³¹⁴ Sóknarm.töl Holts í Önundarf. Eyjólfur Jónsson 1967, 111.

³¹⁵ Eyjólfur Jónsson 1967, 111.

³¹⁶ Sama heimild.

³¹⁷ Sama heimild.

³¹⁸ Sóknarm.töl Holts í Önundarf.

³¹⁹ Sama heimild.

³²⁰ Sama heimild. Ól. Þ. Kr. / Önfirðingar.

Við lok ársins 1887 voru heimilin á Eyri fjögur. Húsráðendur á þessum þessara heimila voru ekkjurnar Guðbjörg Sveinfríður Sigurðardóttir og Sigurborg Sæmundsdóttir, sem hér hefur áður verið sagt frá, og hjónin Ólafur Jónsson og Ragnheiður Björnsdóttir sem fyrr var getið. Fyrir fjórða heimilinu stóðu svo Jens Arnbjörnsson og Ólöf Ólafsdóttir sem bjuggu saman ógift með dóttur sína unga.³²¹ Ólöf var dóttir Ólafs Magnússonar, sem lengi hafði búið á Eyri, af hans fyrra hjónabandi.³²² Árið 1887 var hún liðlega þrítug en sambýlismaðurinn 25 ára eða því sem næst.³²³ Jens Arnbjörnsson sem bjó með Ólöfu á Eyri var úr Dýrafirði og stundaði aðallega smíðar.³²⁴ Að Eyri kom Jens frá Ísafirði árið 1887 en fluttist frá Eyri að Bæ í Súgandafirði árið 1891.³²⁵ Árin sem Jens var á Eyri bjó hann jafnan með Ólöfu og saman eignuðust þau tvær dætur en hann fór hins vegar einn til Súgandafjarðar.³²⁶ Jens Arnbjörnsson dó í Hnífsdal vorið 1920, sagður bátasmiður,³²⁷ og verður hér sagt lítið eitt frá honum síðar (sjá hér Bær, Þverá þar).

Ólöf Ólafsdóttir var áfram á Eyri allt til ársins 1896 og eignaðist hér á árunum 1893 og 1895 tvo syni sem báðir urðu skammlífir³²⁸ en áður hafði hún eignast tvær dætur eins og fyrr var nefnt. Faðir að drengnum sem Ólöf eignaðist árið 1893 var norskur og hét Kaspar Nielsen en hinn drenginn, sem fæddist tveimur árum síðar, átti Sigurður Jóhannsson³²⁹ er menn nefndu *skurð*. Sigurður var viðloðandi hér á Eyri í tíu ár, frá 1887 til 1897.³³⁰ Óljóst er nú hvernig heilsu Ólafar Ólafsdóttur var háttað á þeim árum sem hún var að eignast börnin en árið 1901 var hún komin að Grafargili og er þá sögð vera *sinnisveik niðurseta*.³³¹ Hún andaðist á Grafargili árið 1903.³³²

Sigurður Jóhannsson, sem hér var minnst á, kom fyrst í Önundarfjörð svo kunnugt sé árið 1886 og þá frá Bolungavík.³³³ Við lok ársins 1887 var hann kominn að Eyri og er þá sagður vera *laus*,³³⁴ sem merkir að hann hefur hvergi verið vistráðinn. Í sóknarmannatalinu frá 31. desember 1887 er lausamaður þessi á Eyri sagður vera 22ja ára en var reyndar þremur árum eldri, fæddur í Hafnardal á Langadalsströnd 7. janúar 1862.³³⁵ Árið sem Sigurður kom að Eyri hafði síðasti bóndinn sem sat á jörðinni druknað um sumarmál (sjá hér bls. 28) og má telja mjög líklegt að þessi

³²¹ Sóknarm.töl Holts í Önundarf.

³²² Ól. Þ. Kr. / Önfirðingar.

³²³ Sóknarm.töl Holts í Önundarf.

³²⁴ Ól. Þ. Kr. / Önfirðingar.

³²⁵ Sama heimild.

³²⁶ Sama heimild. Sóknarm.töl Holts í Önundarf.

³²⁷ Ól. Þ. Kr. / Önfirðingar.

³²⁸ Sama heimild.

³²⁹ Sama heimild. Prestsþj.b. Holts í Önundarf.

³³⁰ Sóknarm.töl Holts í Önundarf.

³³¹ Ól. Þ. Kr. / Önfirðingar.

³³² Sama heimild.

³³³ Sama heimild.

³³⁴ Sóknarm.töl Holts í Önundarf.

³³⁵ Jón Guðnason 1968, 226-227.

nýi lausamaður hafi þá þegar verið ráðinn ekkjunni, Guðbjörgu Sveinfríði Sigurðardóttur, til aðstoðar. Svo fór að þau slógu sér saman og hin eldri tveggja dætra sem þau eignuðust fæddist haustið 1889.³³⁶ Sigurður taldist þá vera vinnumaður hjá Guðbjörgu og stóð svo allt þar til hún andaðist en húsfreyja þessi á Eyri kvaddi lífið sumarið 1894 og var þá aðeins 32ja ára gömul.³³⁷ Árið 1896 var Sigurður enn á Eyri, lausamaður með nýja konu, sem líka hét Guðbjörg, en árið 1897 fluttust þau burt héðan.³³⁸ Um Sigurð *skurð* hefur margt verið skrifað og hér verður síðar gerð nánari grein fyrir þessum eftirminnilega múgamanni og vikið að örlagaríkum atburði sem honum tengdist og við bar hér á Eyri um jólaleytið árið 1891 (sjá hér bls. 39-77).

Árið 1888 settust þrjár nýjar fjölskyldur að í þurrabúð á Eyri.³³⁹ Þar er fyrst að nefna Geir Gíslason, sem fæddur var á Vífilsmýrum 15. júlí 1837, og konu hans, Konkordíu Sigurðardóttur, sem var 30 árum yngri, fædd á Laugum í Súgandafirði árið 1867.³⁴⁰ Geir var sonur hjónanna Gísla Þorlákssonar og Halldóru Sigurðardóttur sem bjuggu á Vífilsmýrum um skeið³⁴¹ en reistu árið 1843 nýbýlið **Bethaníu**, sem einnig var nefnt **Kot**, í landi Mosvalla (sjá hér Bethanía/Kot). Með Hallbjörgu, dóttur Jóns Björnssonar er lengi bjó á **Tannanesi** (sjá hér Tannanes), eignaðist Geir dótturina Amalíu, sem fæddist 4. janúar 1877,³⁴² en hinni ungu Konkordíu kvæntist hann ekki fyrr en 11 árum síðar, sumarið 1888.³⁴³ Hún fluttist sama ár frá Gelti í Súgandafirði að Eyri en Geir hafði flust úr Súgandafirði í Önundarfjörð árið 1883. Þau Geir og Konkordía nutu samvista hér á Eyri í þrjú ár en haustið 1891 dó þessi unga tómthúskona og var þá að verða 24 ára.³⁴⁴ Næstu ár dvaldist Geir Gíslason hér áfram í húsmennsku og um skeið var hér líka bróðir hans, Páll Gíslason, einhleypur húsmáður.³⁴⁵ Þeir bræður voru hér enn árið 1897 en Geir dó á Flateyri árið 1905.³⁴⁶

Guðmundur Kristjánsson og Ragnheiður Sigurðardóttir voru ein hjónanna þriggja sem settust að á Eyri árið 1888.³⁴⁷ Guðmundur var fæddur á Næfranesi í Dýrafirði árið 1853 en Ragnheiður á Kambi í Reykhólasveit árið 1858.³⁴⁸ Árið 1880 var Guðmundur Kristjánsson vinnumaður á Grafargili en Ragnheiður fluttist til Önundarfjarðar frá Ólafsdal árið 1885.³⁴⁹ Hún var þá vistráðin á Hvilft en giftist Guðmundi

³³⁶ Eyjólfur Jónsson 1967, 49-50.

³³⁷ Sóknarm.töl Holts í Önundarf. Eyjólfur Jónsson 1967, 49-50.

³³⁸ Sóknarm.töl Holts í Önundarf.

³³⁹ Sama heimild.

³⁴⁰ Sama heimild. Ól. Þ. Kr. / Önfirðingar.

³⁴¹ Ól. Þ. Kr. / Önfirðingar.

³⁴² Sama heimild.

³⁴³ Sama heimild.

³⁴⁴ Sama heimild.

³⁴⁵ Sama heimild. Sóknarm.töl Holts í Önundarf.

³⁴⁶ Sömu heimildir.

³⁴⁷ Sóknarm.töl Holts í Önundarf.

³⁴⁸ Ól. Þ. Kr. / Önfirðingar.

³⁴⁹ Sama heimild.

haustið 1887³⁵⁰ og á næsta ári komu þau sér fyrir í húsmennsku hér á Eyri. Þau Guðmundur og Ragnheiður voru á Eyri í fimm ár en færðu sig niður á Flateyri árið 1893.³⁵¹ Þar dó Ragnheiður 25. febrúar 1916 en Guðmundur lifði mun lengur og dó á Flateyri sumarið 1938.³⁵²

Salómon Jónsson og Guðmundína Jónsdóttir voru þriðju hjónin sem stofnuðu heimili í þurrabúð á Eyri árið 1888³⁵³ en þau voru þússuð saman í hjónaband þá um haustið.³⁵⁴ Salómon var þá 27 ára gamall eða því sem næst en Guðmundína var sjö árum eldri.³⁵⁵ Foreldrar Salómons voru Jón Guðmundsson, sem árið 1860 var búandi ekkjumaður í Unaðsdal á Snæfjallaströnd, og bústýra hans Ingiríður Gísladóttir.³⁵⁶ Annar sonur þeirra var Jón Jónsson, sem um skeið var bóndi á Hrafnfjarðareyri í Jökulfjörðum, faðir Vilhjálm Jónssonar er var skósmiður og bæjarpóstur á Ísafirði.³⁵⁷ Salómon fæddist norður á Snæfjallaströnd en árið 1864 var hann fluttur þaðan sem sveitarómagi í Önundarfjörð.³⁵⁸ Þá var hann talinn þriggja ára gamall.³⁵⁹ Sex árum síðar var hann niðursetningur á Mosvöllum.³⁶⁰ Fullvíst má telja að Ingiríður, móðir Salómons, hafi verið sveitfóstr í Mosvallahreppi og þess vegna hefur barnið verið flutt á hennar hrepp. Hún var þó fædd á Fossi í Suðurfjörðum Arnarfjarðar en var árið 1845 komin í Hjarðardal í Önundarfirði, þá 18 ára, og fluttist ellefu árum síðar frá Flateyri til Ísafjarðar.³⁶¹

Þegar Salómon komst á unglingsár gerðist hann vinnumaður, m.a. á Tannanesi en þaðan fluttist hann árið 1880 að Stað í Súgandafirði og aftur frá Stað að Eyri árið 1887.³⁶² Ingiríður, móðir hans, og Guðmundína Jónsdóttir, sem var konuefnið, fluttust þá með honum hingað frá Stað³⁶³ en eigin heimili virðast þau ekki hafa komið sér upp fyrir en ári síðar eins og hér var áður nefnt.

Guðmundína Jónsdóttir, eiginkona Salómons, var fædd á Mosvöllum 14. júlí 1854, dóttir hjónanna Jóns Jónssonar og Ólafar Björnsdóttur er síðar bjuggu lengi í Neðri-Breiðadal³⁶⁴ (sbr. hér Neðri-Breiðadalur). Faðir Guðmundínu mun oft hafa verið nefndur Jón *stóri* til aðgreiningar frá öðrum Jónum Jónssonum en Ólöf, móðir hennar, var eitt barnabarna séra Eiríks Vigfússonar á Stað í Súgandafirði sem nær öll ólu aldur sinn í

³⁵⁰ Ól. Þ. Kr. / Önfirðingar.

³⁵¹ Sóknarm.töl Holts í Önundarf.

³⁵² Ól. Þ. Kr. / Önfirðingar.

³⁵³ Sóknarm.töl Holts í Önundarf.

³⁵⁴ Ól. Þ. Kr. / Önfirðingar.

³⁵⁵ Sama heimild.

³⁵⁶ Sama heimild.

³⁵⁷ Lbs. 2231^{4to}, Dagbók Magnúsar Hjaltasonar 25.6.1913. Sbr. Lýður Björnsson 1992, 130 og 242 (Grunnvíkingabók II).

³⁵⁸ Ól. Þ. Kr. / Önfirðingar.

³⁵⁹ Sama heimild.

³⁶⁰ Sama heimild.

³⁶¹ Manntal 1845, vesturamt, bls. 290. Ól. Þ. Kr. / Önfirðingar.

³⁶² Ól. Þ. Kr. / Önfirðingar.

³⁶³ Sama heimild.

³⁶⁴ Ól. Þ. Kr. / Önfirðingar.

Önundarfirði.³⁶⁵ Guðmundína fluttist 1883 frá Hjarðardal í Súgandafjörð³⁶⁶ og kom þaðan aftur með Salómon fjórum árum síðar eins og fyrir var nefnt.

Hjónin Salómon og Guðmundína höfðust við á Eyri allan tímann sem þau stóðu fyrir heimili en það voru liðlega þrjú ár.³⁶⁷ Á skemmsta degi ársins 1891 andaðist Salómon uppi á Klofningsdal sem þjóðleiðin frá Eyri að Stað í Súgandafirði lá um. Hann var að koma frá því að fylgja ferðamönnum upp á Klofningsheiði og kom upp sá grunur að einn samferðamannanna hefði orðið valdur að dauða hans. Af þessum grunsemdum spunnust langvinn málaferli og af málaferlunum hin hatrömmustu stjórn málaátök sem um getur í sögu Vestfjarða á síðari tímum. Frá feigðarför Salómons á Eyri og málaferlunum sem hófust skömmu síðar er sagt hér lítið eitt nánar á öðrums stað (sjá hér bls. 55-67). Um Guðmundínu, ekkju hans, skal þess getið að hún barst norður í Álftafjörð og var árið 1902 vinnukona í Eyrardal en 1910 í Þorleifsbæ (Þorleifsstöðum) í Súðavík.³⁶⁸ Árið 1923 var hún enn á lífi í Súðavík.³⁶⁹

Fyrsta fjölskyldan sem settist að á Eyri eftir 1890 voru Jóhann Jónsson og Jónína Kristjánsdóttir sem fluttust hingað með tvo syni utan af Ingjaldssandi árið 1892³⁷⁰ og þá um haustið bættist þriðji sonurinn við.³⁷¹ Þau Jóhann og Jónína bjuggu í óvígðri sambúð en hann hafði áður verið giftur annarri konu sem hann var fyrir löngu skilinn við.³⁷² Jóhann var fæddur í Fróðárhreppi á Snæfellsnesi árið 1841³⁷³ og var því orðinn fimmtugur þegar hann gerðist húsmáður á Eyri. Jónína var níttján árum yngri, fædd árið 1860, en hún var norðan úr Sléttuhreppi, dóttir Kristjáns Halldórssonar, bónda á Atlastöðum í Fljóti, og eignaðist hann hana fram hjá konu sinni með vinnukonu sem hét Ástríður Þorsteinsdóttir.³⁷⁴

Þau Jóhann Jónsson og Jónína Kristjánsdóttir voru bæði á Brekku á Ingjaldssandi árið 1890 en elsti sonur þeirra, sem var 15 ára árið 1901, er í manntalinu frá því ári sagður vera fæddur í Grunnavíkurbreppi.³⁷⁵ Þau Jóhann og Jónína áttu heima á Eyri í ellefu ár, frá 1892 til 1903,³⁷⁶ og í manntalinu frá 1901 er hann sagður vera sjómaður og daglaunamaður.³⁷⁷ Jóhann og hans fólk ásamt annarri fjölskyldu, sem hér verður síðar sagt frá, (sjá hér bls. 37-38) voru síðustu íbúarnir á Eyri en þau fluttust öll niður á Flateyri árið 1903.³⁷⁸

³⁶⁵ Ól. Þ. Kr. 1945, 146-161 (Frá ystu nesjum III).

³⁶⁶ Ól. Þ. Kr. / Önfirðingar.

³⁶⁷ Sóknarm.töl Holts í Önundarf.

³⁶⁸ Ól. Þ. Kr. / Önfirðingar.

³⁶⁹ Sama heimild.

³⁷⁰ Sóknarm.töl Holts í Önundarf. Ól. Þ. Kr. / Önfirðingar.

³⁷¹ Manntal 1901. Sbr. Vestf. ættir II, 433.

³⁷² Ól. Þ. Kr. / Önfirðingar.

³⁷³ Sama heimild.

³⁷⁴ Sama heimild. Kristinn Kristmundsson og Þórleifur Bjarnason 1971, 131.

³⁷⁵ Ól. Þ. Kr. / Önfirðingar. Manntal 1901.

³⁷⁶ Sóknarm.töl Holts í Önundarf.

³⁷⁷ Manntal 1901.

³⁷⁸ Sóknarm.töl Holts í Önundarf.

Gunnar M. Magnúss rithöfundur, sem fæddur var árið 1898, kynntist Jóhanni á bernskuárum sínum á Flateyri en faðir Gunnars og þessi síðasti húsráðandi á Eyri voru spilafélagar. Jóhanni lýsir Gunnar á þessa leið:

Jóhann á Eyri var roskinn maður, svartskeggjaður og hárprúður. Andlitið var slétt og hreint þar sem sást í enni, kinnbein og vanga. Hann var ekki neinn málrófsmaður en þægilega hýr spilamaður.³⁷⁹

Þau Jóhann og Jónína bjuggu í nokkur ár á Flateyri en fluttust síðan til Súgandafjarðar og áttu þar heima í þorpinu Suðureyri.³⁸⁰ Þar mun Jóhann m.a. hafa fengist við smíðar.³⁸¹ Í einni heimild er hann sagður hafa verið notinvirkur og hagsýnn smiður og Jónína *dugnaðarkona við verk*.³⁸² Þau dóu bæði á Suðureyri og þar áttu tveir synir þeirra heima í marga áratugi.³⁸³

Jóhann Jónsson og fjölskylda hans var ekki eina fólkið sem settist að á Eyri árið 1892 því þetta sama ár kom hingað ekkjan Rósamunda Jóhanna Guðmundsdóttir með eitt barna sinna.³⁸⁴ Hér hefur áður verið sagt nokkuð frá Rósamundu en hún var fædd á Sveinseyri í Dýrafirði í desembermánuði árið 1851 (sjá hér Tannanes). Foreldrar hennar voru Guðmundur Guðmundsson norðlenski og Ingibjörg Jónsdóttir sem var bústýra hans um skeið. Að Eyri kom Rósamunda frá Kirkjubóli í Korpudal en hafði áður búið með manni sínum, Bjarna Jónssyni, á Tannanesi (sjá hér Tannanes). Á Eyri var Rósamunda í húsmennsku í þrjú ár, frá 1892 til 1895, og hafði þá oftast hjá sér tvö af börnum sínum.³⁸⁵ Árið 1898 fluttist hún frá Flateyri til Ísafjarðar (sjá hér Tannanes).

Árið 1893 komu enn tvær nýjar fjölskyldur að Eyri og þar með fór tala íbúanna úr 19 upp í 31.³⁸⁶ Hjónin Einar Jónsson og Margrét Jónsdóttir, sem settust hér að árið 1893, höfðu með sér sjö börn á aldrinum eins til sautján ára³⁸⁷ og gat munað um minna. Þessi hjón höfðu búið á Görðum í nærri tvo áratugi og komu þaðan hingað að Eyri.³⁸⁸ Hér hefur áður verið gerð grein fyrir þeim báðum og nægir að vísa til þess (sjá hér Garðar). Einar Jónsson varð ekki langlífur hér á Eyri því hann andaðist, 48 ára gamall, þann 27. apríl 1894.³⁸⁹ Ekkja hans, Margrét Jónsdóttir, fór þó ekki

³⁷⁹ Gunnar M. Magnúss 1978, 81.

³⁸⁰ Sami 1977, 369.

³⁸¹ Sama heimild.

³⁸² Sama heimild.

³⁸³ Sama heimild.

³⁸⁴ Sóknarm.töl Holts í Önundarf.

³⁸⁵ Sama heimild.

³⁸⁶ Sama heimild.

³⁸⁷ Sama heimild.

³⁸⁸ Sama heimild.

³⁸⁹ Eyjólfur Jónsson 1967, 96 (Niðjatal Sveins á Hesti).

héðan fyrr en fimm árum síðar en hún dó á Suðureyri í Súgandafirði árið 1912 og sum barna hennar ílentust þar.³⁹⁰

Kristján Guðmundsson og Guðrún Daðadóttir voru hin hjónin sem settust að á Eyri árið 1893 og þeim fylgdu tvö börn.³⁹¹ Þau Kristján og Guðrún voru bæði á fimmtugsaldri, hann fæddur í Tungusveit í Steingrímsfirði en hún í Hvammssveit í Dölum.³⁹² Þessi hjón áttu hér heima í átta ár en fluttust að Bæ í Súgandafirði árið 1901³⁹³ og bjuggu þar í 13 ár.³⁹⁴ Þau dóu bæði á Suðureyri, hún 1917 en hann 1924.³⁹⁵

Fyrsta veturinn sem Kristján var á Eyri var hann kærður fyrir sauðabjófnað en amtmaður, sem fékk málið til meðferðar, taldi kæruna ekki hafa við fullgild rök að styðjast og mælti fyrir um að málið yrði látið niður falla.³⁹⁶ Sá sem bar fram kæruna var Kjartan Rósinkranson, skipstjóri á Flateyri, og í réttarskjölunum er Kristján nefndur *einkasmali*.³⁹⁷ Þar má sjá að hann hafði þann starfa að líta til með annarra manna fé sem gekk úti á Sauðanesi langt fram eftir vetri³⁹⁸ og sú mun vera skýringin á hinu sérkennilega starfsheiti hans í réttarskjölunum. Við réttarhald 13. janúar 1894 viðurkenndi Kristján að hafa flutt skrokkin af dauðri kind, sem Kjartan átti, heim að Eyri en fullyrti að kindin hefði orðið sjálf dauð og hann ætlað að skila eigandanum kjötinu.³⁹⁹ Kjartan vildi hins vegar meina að *einkasmalinn* hefði skorið kindina og ætlað að stela kjötinu.⁴⁰⁰

Síðasta fólkíð sem fluttist að Eyri voru tvenn hjón sem settust hér að árið 1896.⁴⁰¹ Þetta voru Sigurður Ólafsson og Dagbjört Jónsdóttir kona hans og Guðmundur Ólafur Jónsson ásamt sinni eiginkonu sem hét Sigríður Júlíana Sighvatsdóttir.⁴⁰² Þau Sigurður og Dagbjört voru bæði liðlega þrítug og komu að Eyri frá Sæbóli á Ingjaldssandi.⁴⁰³ Þau voru búsett á Eyri í fjögur ár en fluttust aftur með börn sín að Sæbóli árið 1900 og áttu þar heima næstu árin.

Hjónin Guðmundur Ólafur Jónsson og Sigríður Júlíana Sighvatsdóttir fluttust árið 1895 frá Bakka í Mýrahreppi til Flateyrar⁴⁰⁴ og komu sér fyrir hér á Eyri einu ári síðar.⁴⁰⁵ Guðmundur Ólafur fæddist á Læk í Dýrafirði 5. október 1861 og var því um það bil hálfertugur þegar hann tók sér bólfestu hér á Eyri. Ári fyrr var hann ráðinn stýrimaður hjá Ebenezer

³⁹⁰ Eyjólfur Jónsson 1967, 96 (Niðjatal Sveins á Hesti).

³⁹¹ Sóknarm.töl Holts í Önundarf.

³⁹² Gunnar M. Magnúss 1977, 100. Manntal 1901 → Bær í Súgandafirði.

³⁹³ Sóknarm.töl Holts í Önundarf. Manntal 1901.

³⁹⁴ Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

³⁹⁵ Prestsþj.b. Staðar í Súgandaf.

³⁹⁶ VA-J. D. nr. 430.

³⁹⁷ Sama heimild.

³⁹⁸ Sama heimild.

³⁹⁹ Sama heimild.

⁴⁰⁰ Sama heimild.

⁴⁰¹ Sóknarm.töl Holts í Önundarf.

⁴⁰² Sama heimild.

⁴⁰³ Prestsþj.b. og sóknarm.töl Holts í Önundarf. og Dýrafj.þinga.

⁴⁰⁴ Lbs. 2375⁴⁰, Dagbók Sighvats Grímssonar Borgfirðings 13.3.1895.

⁴⁰⁵ Sóknarm.töl Holts í Önundarf.

Sturlusyni, skipstjóra á Flateyri,⁴⁰⁶ sem þá stýrði til veiða þilskipinu Flateyri er þeir Torfi Halldórsson áttu og gerðu út (sjá hér Flateyri).

Sigríður Sighvatsdóttir, eiginkona Guðmundar Ólafs, var fædd á Hjöllum í Gufudalssveit 25. júlí 1867 en hún var elsta barn Sighvats Grímssonar Borgfirðings og konu hans Ragnhildar Brynjólfsdóttur.⁴⁰⁷ Þegar Sigríður fæddist var faðir hennar vinnumaður á Hjöllum og hafði Ragnhildi konu sína þar hjá sér (sjá hér Höfði).⁴⁰⁸ Tveimur árum síðar fluttist Sigríður með foreldrum sínum að Klúku í Bjarnarfirði og þaðan að Höfða í Dýrafirði árið 1873 (sjá hér Höfði). Þá var hún að verða sex ára. Í dagbókum sínum minnst Sighvatur fræðimaður á Höfða stundum á þessa dóttur sína og greinir m.a. frá því er hún réðist í vist hjá Lauritz Berg, norska hvalveiðiforstjóranum á Höfða, þann 22. júlí 1890.⁴⁰⁹ Þá voru aðeins liðnir örfáir dagar frá því eiginkona forstjórans og börn þeirra fimm komu til Dýrafjarðar í fyrsta sinn og settust að á Höfða.⁴¹⁰ Í vistinni hjá Berg var Sigríður í tæplega níu mánuði og kom aftur til foreldranna 18. apríl 1891.⁴¹¹ Þremur og hálfu ári síðar giftist hún Guðmundi Ólafi Jónssyni⁴¹² og vorið 1896 fluttust þau búferlum hingað að Eyri eins og fyrr var nefnt.

Í manntalinu frá 1901 er Guðmundur Ólafur Jónsson á Eyri sagður vera sjómaður⁴¹³ en þau hjónin, hann og Sigríður Sighvatsdóttir, höfðu þá verið hér í fjögur ár og höfðu hjá sér tvær dætur ungar.⁴¹⁴ Ásamt Jóhanni Jónssyni, sem fyrr var nefndur, og hans fólki urðu þau síðustu íbúarnir á gömlu Eyri en báðar fjölskyldurnar fluttust héðan niður á Flateyri árið 1903.⁴¹⁵

Guðmundur Ólafur dó á Flateyri vorið 1909⁴¹⁶ en Sigríður kona hans lifði lengur.⁴¹⁷ Hjón þessi eignuðust tvær dætur sem báðar komust á legg.⁴¹⁸

Hér hefur nú verið gerð örlítill grein fyrir þeim 15 fjölskyldum sem bjuggu um lengri eða skemmri tíma í þurrabúð hér á Eyri á tímabilinu frá 1870 til 1903. Þó að nú (1995) séu aðeins liðin 92 ár frá því búsetu manna lauk á þessum stað eru fá ummerki sjáanleg um lífið sem áður setti sinn svip á hin fornu tún þar sem sagt er að landnámsmaðurinn Önundur Víkingsson hafi tekið sér bólfestu fyrir 1100 árum. Þurrabúðarfólkið sem

⁴⁰⁶ Lbs. 2375^{4to}, Dagb. S. Gr. Borgf. 13.3.1895.

⁴⁰⁷ Ól. Þ. Kr. / Önfirðingar.

⁴⁰⁸ Sbr. Björn Jónsson 1961, 148 (Ársrit Sögufél. Ísf.).

⁴⁰⁹ Lbs. 2374^{4to}, Dagb. S. Gr. Borgf. 22.7.1890.

⁴¹⁰ Sama dagbók 16.7.1890.

⁴¹¹ Sama dagbók 18.4.1891.

⁴¹² Lbs. 2375,^{4to} Dagbók S.Gr.B. 16.10.1894.

⁴¹³ Manntal 1901.

⁴¹⁴ Sama heimild.

⁴¹⁵ Sóknarm.töl Holts í Önundarf.

⁴¹⁶ Ól. Þ. Kr. / Önfirðingar.

⁴¹⁷ Sóknarm.töl Holts í Önundarf.

⁴¹⁸ Sama heimild.

hér átti síðast heima bjó allt í torfkofum sem nú eru horfnir af yfirborði jarðar en dálítill partur af gamla Eyrartúninu grænkar enn á hverju vori.

Dvöl okkar á Eyri er nú þegar orðin nokkuð löng en áður en lagt verður upp í gönguna fyrir Sauðanes skulum við líta til baka stutta stund og virða nánar fyrir okkur þann heimamann á þessum stað sem þjóðkunnur varð á síðasta áratug 19. aldar og margir kunna enn að nefna, Sigurð skurð. Frægð sína hlaut Sigurður af því að vera grunaður um manndráp sem þó tókst aldrei að færa sönnur á, enda neitaði hann staðfastlega þó að hart væri að honum gengið. Sýslumaðurinn sem yfirheyrði Sigurð var Skúli Thoroddsen, ungur stjórnmalaleiðtogi sem átti miklum vinsældum að fagna hjá meginþorra almúgans í Ísafjarðarsýslu. Svo virðist sem Skúli hafi, eins og margir fleiri, verið sannfærður um sekt Sigurðar og gekk hann því stundum harðar fram en skyldi þá 44 daga sem hann var með þennan tómthúsmann í gæsluvarðhaldsvist í fangahúsinu á Ísafirði. Á þessum árum, rétt eftir 1890, var Skúli af mörgum talinn vera skæðasti andstæðingur landsstjórnarinnar, helsti talsmaður róttækra stjórnmalaskoðana og sá sem lengst gekk í kröfugerð um bættan hag og aukin réttindi alls almennings. Magnús Stephensen landshöfðingi og hans nánustu samstarfsmenn voru því fljótir að reiða til höggs þegar tækifæri gafst til athugasemda við embættisfærslu Skúla og víkja honum úr embætti. Tilefni þess að Skúla var vikið frá var framganga hans í glímuni við Sigurð skurð, hinn meinta manndrápara sem stóð af sér öll veður.

Með hinni opinberu rannsókn á embættisfærslu Skúla og brottvikningu hans úr embætti sýslumanns sumarið 1892 hófust ein þau allra hörðustu stjórnmaláátök sem um getur á landi hér og á Ísafirði lá við borgarastyrjöld. Í þessum illvígu sviptingum þar sem fólk um land allt hlaut að taka afstöðu komst nafn Sigurðar skurðs á hvers manna varir og margir sem lítið þekktu til mála þóttust hafa efni á að stimpla hann sem hinn versta illræðismann og manndrápara. Um Skúlamálin sem svo voru nefnd hefur margt og mikið verið skrifað og því óþarft að segja margt um þau hér. Aðeins skal þess getið að í þeim miklu sviptingum vann Skúli að lokum fullan sigur er hann var sýknaður í hæstarétti í Kaupmannahöfn þann 15. febrúar 1895. Fyrir alla þá sem fræðast vilja um hin margþættu pólitísku átök sem Skúli Thoroddsen var miðpunktur í er best að taka sér í hönd rit Jóns Guðnasonar sem kom út í tveimur bindum 1968 og 1974 og heitir *Skúli Thoroddsen*. Þar er líka fjallað nokkuð um Sigurð skurð og hann er aðalpersónan í bók Ásgeirs Jakobssonar *Fanginn og dómarinn* sem út kom árið 1987. Í því litla sem hér verður sagt um Sigurð og lífsstríð hans er stuðst við bæði þessi rit.

Sigurður Jóhannsson, sem menn nefndu skurð, er talinn hafa fæðst í Hafnardal á Langadalsströnd við norðanvert Ísafjarðardjúp þann 7. janúar 1862 en þar voru foreldrar hans vinnuhjú.⁴¹⁹ Faðir Sigurðar, Jóhann Guðmundsson, var launsonur Guðmundar Einarssonar frá

⁴¹⁹ Jón Guðnason 1968, 226.

Kollafjarðarnesi⁴²⁰ sem bjó skamma hríð á Kleifum á Selströnd í Steingrímsfirði en dó ungur.⁴²¹ Bræður Guðmundar og afabræður Sigurðar skurðs voru alþingismennirnir Ásgeir Einarsson á Kollafjarðarnesi en síðar á Þingeyrum og Torfi Einarsson á Kleifum, Magnús Einarsson, bóndi og varaþingmaður á Hvilft, sem hér er sagt frá á öðrum stað (sjá hér Hvilft), og Jón Einarsson skipstjóri sem um skeið átti heima á Flateyri (sjá hér Flateyri og Sveinseyri).

Móðir Sigurðar skurðs var Sigurlaug Sigurðardóttir sem hét fullu nafni Andrea (eða Andría) Sigurlaug og var úr Bjarneyjum á Breiðafirði.⁴²² Föðurbróðir hennar var Andrés Björnsson er um alllangt skeið var ráðsmaður á búi séra Ólafs Sívertsen í Flatey⁴²³ og formaður á útvegi hans undir Jökli.⁴²⁴ Kona Andrésar Björnssonar var Guðrún Einarsdóttir, föðursystir Theódóru Thoroddsen, eiginkonu Skúla sýslumanns, en sonardætur Andrésar og Guðrúnar voru skáldkonurnar Herdís og Ólína Andrésdætur.⁴²⁵ Þau Theódóra Thoroddsen og Sigurður skurður voru reyndar ekki aðeins tengd með þeim hætti sem hér var lýst heldur líka dálítið skyld því Einar Jónsson, bóndi á Kollafjarðarnesi, sem var langafi Sigurðar skurðs, var systursonur Eggerts Ólafssonar í Hergilsey (sjá hér Hvilft) en Eggert var sem kunnugt er afi Ástríðar Guðmundsdóttur, húsfreyju í Skáleyjum, ömmu Theódóru Thoroddsen og séra Matthíasar skálds Jochumssonar.⁴²⁶

Af þessu má sjá að enda þótt Sigurður væri múgamaður þá var hann í ættartengslum við fjölmarga forystumenn á ýmsum sviðum þjóðlífsins, víðkunn skáld og stjórnmálasköruna.

Ekki er fyllilega ljóst með hvaða hætti Sigurður fékk viðurnefnið *skurður*, sem snemma festist við hann, en ýmsar sögur voru hafðar uppi því til skýringar.⁴²⁷ Mjög líklegt má telja að Magnús Hjaltason, sem var góðkunningi Sigurðar, fari með rétt mál er hann ritar um þetta 7. desember 1912.⁴²⁸ Magnús segir að Sigurður hafi tekið nafnið í arf eftir Jóhann föður sinn sem sagt var að hefði hallast til hliðanna þegar hann gekk.⁴²⁹ Slíkt göngulag var kallað að skera tóbak – maðurinn hallaðist til hliðanna sitt á hvað eins og tóbaksjárnið þegar menn skáru sér í nefið.⁴³⁰ Þessa skýringu heyrði Halldór Kristjánsson frá Kirkjubóla líka á ungum aldri þegar hann var að alast upp í Önundarfirði á öðrum og þriðja áratug 20. aldar.⁴³¹

⁴²⁰ Jón Guðnason 1968, 226.

⁴²¹ Séra Jón Guðnason 1955, 367.

⁴²² Jón Guðnason 1968, 226. Ásgeir Jakobsson 1987, 19. Sbr. Manntal 1845, vesturamt, bls. 209.

⁴²³ Sömu heimildir.

⁴²⁴ Lúðvík Kristjánsson 1953, 32.

⁴²⁵ Sama heimild.

⁴²⁶ Ísl. æviskrár V, 304-305.

⁴²⁷ Jón Guðnason 1968, 227.

⁴²⁸ Lbs. 2230^{4to}, Dagb. M. Hj. 7.12.1912.

⁴²⁹ Sama heimild.

⁴³⁰ Jón Guðnason 1968, 227.

⁴³¹ Sama heimild.

Hér var þess áður getið að Sigurður væri talinn fæddur í Hafnardal á Langadalsströnd við Djúp 7. janúar 1862. Í prestsþjónustubókum mun fæðing hans hvergi vera skráð og engar barnsfæðingar þar í Kirkjubólspingum á árunum 1860-1865⁴³² svo taka verður fram að ef til vill er það sem hér var sagt um fæðingarstað, fæðingardag og ár ekki alveg öruggt. Þann 25. nóvember 1895 sagði Sigurður sjálfur fyrir rétti að hann væri fæddur í Hafnardal⁴³³ og má telja mjög líklegt að það sé rétt því árið 1868 greindu foreldrar hans frá því að drengurinn væri fæddur á Langadalsströnd.⁴³⁴

Nokkru meiri vafi leikur á um fæðingarárið. Á síðari hluta nítjándu aldar var enn nokkuð algengt að menn vissu ekki upp á hár hvað þeir væru gamlir og alveg sérstaklega átti þetta við um þá sem ólust upp á hrakningum og utan síns fæðingarhrepps. Við nýnefnt réttarhald, 25. nóvember 1895, kvaðst Sigurður vera fæddur í Hafnardal fyrir 35 eða 36 árum og hafa verið fermdur á Stað í Steingrímsfirði árið sem hann varð 14 ára. Ef mark væri tekið á fyrri fullyrðingunni ætti fæðingarárið að vera 1859, 1860 eða 1861 en sé mark hins vegar tekið á þeirri staðhæfingu að 14 ára gamall hafi hann verið tekinn í kristinna manna tölu þá er fæðingarárið 1862 því drengurinn var sannanlega fermdur vorið 1876.⁴³⁵ Við ferminguna á Stað í Steingrímsfirði er Sigurður sagður vera á 15. ári⁴³⁶ sem kemur heim við hans eigin orð nítján árum síðar og verður því að telja líklegast að fæðingarárið sé 1862. Magnús Hjaltason, sem var allvel kunnugur Sigurði, segir hann fæddan 7. janúar 1862⁴³⁷ og má ætla að hann hafi þær upplýsingar frá Sigurði sjálfum. Fæðingarstað Sigurðar segir Magnús vera Hamar í Nauteyrarhreppi⁴³⁸ en við réttarhaldið, sem fyrr var frá sagt, kvaðst Sigurður vera fæddur í Hafnardal í sama hreppi. Orð Magnúsar nægja ekki til að hrekja þá yfirlýsingu.

Þegar Sigurður Jóhannsson var tekinn í kristinna manna tölu átti hann heima á bænum Sandnesi á Selströnd við norðanverðan Steingrímsfjörð.⁴³⁹ Út frá þeirri vitneskju er með könnun á prestsþjónustubókum og sóknarmannatölum hægt að sjá í aðalatriðum hvar piltur þessi ólst upp, allt frá þriggja ára aldri og fram yfir fermingu. Þrjú fyrstu æviárin eru hins vegar í móðu.

Hér var áður getið um foreldra Sigurðar, þau Jóhann Guðmundsson, sem var Strandamaður að ætt og uppruna, fæddur í Prestsbakkasókn í Hrútafirði,⁴⁴⁰ og Sigurlaugu Sigurðardóttur sem var úr Breiðafjarðareyjum, fædd í Ystubuð í Bjarneyjum.⁴⁴¹ Enginn veit nú hvar leiðir þeirra Jóhanns

⁴³² Prestsþj.b. Kirkjubólspinga í N-Ísafj.sýslu.

⁴³³ VA-D. I, nr. 84. Réttarhald á Ísafirði 25.11.1895. Útskrift úr dómsmálabók Ísafj.sýslu.

⁴³⁴ Sóknarm.tal frá Hofi á Skagaströnd 31.3.1868, viðbót aftan við sóknarmannatalið.

⁴³⁵ Prestsþj.b. Staðar í Steingrímsfirði.

⁴³⁶ Sama heimild.

⁴³⁷ Lbs. 2736^{4to}, bls. 56-57.

⁴³⁸ Sama heimild.

⁴³⁹ Prestsþj.b. Staðar í Steingrímsfirði.

⁴⁴⁰ Manntal 1870, Heydalur í Bæjarhreppi í Str.sýslu. Manntal 1880, Unaðsdalur í Snæfj.hr. í N-Ís.

⁴⁴¹ Sóknarm.tal frá Hofi á Skagaströnd 31.3.1868, viðbót aftan við sóknarmannatalið.

og Sigurlaugar lágu fyrst saman og ekki heldur hversu langa dvöl þau áttu á Langadalsströnd á árunum kringum 1860. Þegar Sigurður sonur þeirra fæddist var Jóhann um þrítugt en Sigurlaug líklega 27 ára.⁴⁴²

Um dvalarstaði þeirra á árunum 1863 og 1864 er allt á huldu en vorið 1865 voru þau komin að Þingeyrum í Húnaþingi og þar fæddist þá á vinnuhjúaskildaga annað barn þeirra sem um er kunnugt, dóttirin Ingunn Guðlaug Valmaría.⁴⁴³ Við fæðingu dótturinnar eru foreldrarnir sagðir vera í vist á Þingeyrum.⁴⁴⁴ Þá er Sigurlaug reyndar sögð vera Guðmundsdóttir⁴⁴⁵ sem er augljós misritun prestsins en á sóknarmannatölum frá 31.12.1865 og 31.12.1866 er föðurnafn hennar hins vegar rétt.⁴⁴⁶ Hún var þá enn vinnukona á Þingeyrum.⁴⁴⁷ Athygli vekur að nafn Jóhanns er ekki að finna á Þingeyrum í sóknarmannatölunum frá 1865 og 1866 en við fæðingu dótturinnar vorið 1865 er hann talinn heimilisfastur þar og saman flytjast þau Jóhann og Sigurlaug, eiginkona hans, burt frá Þingeyrum árið 1867.⁴⁴⁸ Hjón þessi voru jarðnæðislaust fólk og með hliðsjón af því sem hér hefur verið sagt má telja líklegt að Jóhann hafi komið konunni fyrir á Þingeyrum en sjálfur hafi hann aðeins verið þar með annan fótinn. Vel mætti hugsa sér að hann hafi róið í Bolungavík eða annars staðar á veturna og verið farinn í verið þegar prestur kom að húsvitja.

Foreldrar Sigurðar skurðs voru fátækt fólk en á höfuðbólínu Þingeyrum gat faðir hans leitað liðsinnis vegna náins skyldleika við Jón Ásgeirsson, hinn unga og umsvifamikla bónda sem settist þar að búi vorið 1863 (sjá hér Hvilft). Þeir Jóhann Guðmundsson, faðir Sigurðar, og Jón Ásgeirsson á Þingeyrum voru bræðrasynir, Jóhann sonur Guðmundar Einarssonar frá Kollafjarðarnesi en Jón sonur Ásgeirs Einarssonar, bónda og alþingismanns, sem bjó á Kollafjarðarnesi til 1861 en síðan á Þingeyrum frá 1861-1863 og frá 1867-1885 (sjá hér bls. 40 og Hvilft). Fullvíst er að foreldrar Sigurðar skurðs komu að Þingeyrum á fyrsta eða öðru búskaparári Jóns Ásgeirssonar.⁴⁴⁹ Sóknarmannatal vantar frá árinu 1864 en um miðjan maí vorið 1865 voru þau sannanlega komin á hið forna höfuðból eins og hér var áður nefnt. Þau höfðu áður verið gefin saman í hjónaband⁴⁵⁰ en óvíst er hvar þau voru þússuð saman.

Leiðin frá Hafnardal á Langadalsströnd og norður að Þingeyrum er nokkuð löng sé farið fótgangandi en þó ekki nema um það bil 200 kílómetrar ef fenginn er bátur til flutnings yfir Hrútafjörð. Með ólétta konu og þriggja ára barn getur hraustur maður komist slíka vegalengd á einni viku. Við vitum ekki hversu langan tíma foreldrar Sigurðar skurðs voru á leiðinni vestan frá Ísafjarðardjúpi að Þingeyrum. Ef til vill hefur sú ferð

⁴⁴² Séra Jón Guðnason 1955, 587. Manntal 1870, Heydalur í Bæjarhr. í Str.sýslu.

⁴⁴³ Prestsþj.b. Þingeyraklaustursprestakalls.

⁴⁴⁴ Sama heimild.

⁴⁴⁵ Sama heimild.

⁴⁴⁶ Sóknarm.töl Þingeyraklausturspr.kalls.

⁴⁴⁷ Sama heimild.

⁴⁴⁸ Prestsþj.b. og sóknarm.töl Þingeyraklausturspr.kalls.

⁴⁴⁹ Sömu heimildir.

⁴⁵⁰ Sömu heimildir.

verið farin með ýmsum útúrkrókum og tekið þrjú ár en hitt er líka hugsanlegt að þau hafi brotist norður á einni viku vorið 1865. Hvernig svo sem þessu hefur verið háttað er hitt tvímælaust að drengurinn Sigurður fylgdi foreldrum sínum úr Djúpinu norður í Húnaþing eða kom í slóð þeirra því sama ár og Ingunn systir hans fæddist á Þingeyrum er hann orðinn *tökubarn* á bæ einum í Vatnsdalnum, það er að segja Miðhúsum,⁴⁵¹ en þangað er um það bil tveggja stunda gangur frá Þingeyrum. Vera má að ungu frúnni á Þingeyrum, sem sjálf var aðeins rétt um tvítugt vorið 1865, hafi þótt nóg að taka við langt að rekinni óléttri göngukonu, kominni að falli, þó að annar barnungi fylgdi þar ekki með. Hinn spræki hestamaður og vísnasmiður, Jón á Þingeyrum, hefur þá sem vænta mátti verið fljótur að finna önnur úrræði hinum unga frænda sínum til handa og komið honum fyrir hjá fólkinu í Miðhúsum. Við skulum vona að þar hafi vistin verið bærileg.

Í Miðhúsum í Vatnsdal var Sigurður Jóhannsson tökudrengur við lok árána 1865 og 1866 og er bæði árin sagður vera 5 ára gamall í húsvitjanabók prestsins.⁴⁵² Sé fæðingardagurinn 7. janúar 1862 lætur nærri að aldurinn sé réttur 31.12.1866. Í embættisbókum séra Jóns Kristjánssonar í Steinnesi verður ekki séð að Sigurður Jóhannsson hafi nokkru sinni átt heima á Þingeyrum en móðir hans og systir voru þar á þessum árum og faðirinn líka, a.m.k. með annan fótinn eins og hér hefur áður verið nefnt. Ætla má að hinn ungi tökudrengur hafi þó dvalist einhverjar stundir hjá foreldrum sínum á höfuðbólínu og þá hafa þeir sést frændurnir, Magnús Einarsson, áður bóndi á Hvilft í Önundarfirði, og Sigurður Jóhannsson en Magnús fluttist úr Önundarfirði norður að Þingeyrum, kominn á sextugsaldur, vorið 1863 og átti þar síðan heima uns hann andaðist vorið 1870 (sjá hér Hvilft). Magnús var afabróðir Sigurðar eins og hér hefur áður verið nefnt og taldist á árunum 1865-1867 vera vinnumaður hjá Jóni Ásgeirssyni, frænda þeirra, sem þá stýrði búi á Þingeyrum. Óvíst er reyndar hvort Sigurður, sem aðeins var fimm ára gamall þegar hann fór úr Þingeyraklaustursprestakalli, hefur munað eftir Magnúsi síðar meir en foreldrar drengsins hafa án efa munað Magnús og sagt syninum eitt og annað frá þessum merkilega frænda hans. Vera má að minningin um Þingeyrar og um Magnús, sem kenndur var við Hvilft, hafi, ásamt með ættartengslunum, átt nokkurn þátt í því að Sigurður gerðist nær 20 árum síðar vinnumaður hjá syni Magnúsar, Finni Magnýssyni á Hvilft, og settist að í Önundarfirði (sjá hér bls. 53).

Vorið 1867 fluttist Jóhann Guðmundsson frá Þingeyrum að Kaldrana í Vindhælishreppi.⁴⁵³ Norður þangað fylgdu honum Sigurlaug kona hans, dóttirin Ingunn og líka sonurinn Sigurður sem nú fluttist frá Miðhúsum í Vatnsdal að Kaldrana.⁴⁵⁴ Hvað valdið hefur þessari ráðabreytni þeirra Jóhanns og Sigurlaugar er ekki ljóst en líklegt er að brottförin frá

⁴⁵¹ Sóknarm.tal Þingeyraklausturspr.kalls 31.12.1865.

⁴⁵² Sóknarm.tal Þingeyraklausturspr.kalls.

⁴⁵³ Prestaþj.b. Þingeyraklausturspr.kalls.

⁴⁵⁴ Sama heimild.

Pingeyrum hafi með einum eða öðrum hætti tengst húsbóndaskiptunum sem þar urðu þetta vor. Jón Ásgeirsson lét þá af stjórn búsins en Ásgeir faðir hans, sem búíð hafði í Ásbjarnarnesi í fjögur ár, settist aftur á Þingeyrar og tók þar við öllum búsförráðum (sjá hér Hvilft). Vera má að Jóhanni hafi samið betur við hinn unga og lausbeislaða frænda sinn, Jón Ásgeirsson, en við Ásgeir föðurbróður sinn, þann gamla alþingismann sem hafa vildi röð og reglu á öllu í kringum sig.

Býlið Kaldrani stóð við Kaldranavík norðantil á Skaga, á sjávarbakkanum að heita mátti. Þetta var tíu hundruða jörð að fornu mati.⁴⁵⁵ Næsti bær fyrir vestan eru Hafnir en sé farið í austurátt er styst að Víkum, um það bil 6 kílómetrar. Kaldrani fór í eyði árið 1936 eða því sem næst.⁴⁵⁶ Í þjóðsögum er frá því greint að eitt sinn hafi allt fólkið sem þá átti heima á Kaldrana dáíð skyndilega og hafði skömmu fyrir andlátið etið öfugugga úr litlu vatni þar í grenndinni.⁴⁵⁷ Áður en fólk á næstu bæjum hafði orðið vart við umskiptin á Kaldrana dreymdi mann nokkurn þar í grenndinni að hann heyrði farið með þessa vísu:

*Liggur allur lífs andvana
lýðurinn á Kaldrana.
Át af óvana, át sér til bana.
Liggur allur lífs andvana
lýðurinn á Kaldrana.⁴⁵⁸*

Fyrir foreldra Sigurðar skurðs hljóta að hafa verið mikil umskipti að flytjast úr velsældinni á Pingeyrum norður á Kaldrana en í kotinu þar hugðust þau standa á eigin fótum. Líklega hefur Jóhann hugsað sér að róa til fiskjar og tryggja fjölskyldu sinni lífsbjörg með þeim hætti því engin jarðarafnot fékk hann á Kaldrana.⁴⁵⁹ Hann komst því ekki í bændatölu og ekki gerðist hann vinnumaður en hafðist við með fólk sitt í húsmennsku.⁴⁶⁰

Á Kaldrana komst Sigurður Jóhannsson aftur í foreldrahús eftir langan aðskilnað. Þá var hann fimm ára eða máské sex. Veturinn 1867-1868 voru þau öll í koti sínu norður þar tómt húsmáðurinn Jóhann Guðmundsson, Sigurlaug kona hans og börn þeirra tvö, Sigurður og Ingunn.⁴⁶¹ Í sóknarmannatali frá 31. mars 1868 er tekið fram að bæði Jóhann og Sigurlaug séu læs en um Sigurð, sem þarna var talinn sjö ára, lætur prestur þess getið að hann þekki ekki stafina.⁴⁶²

Ekki brosti gæfan við hinu snauða tómt húsfólki á Kaldrana. Í lok vetrar var móðir barnanna tveggja farin að þykkna undir belt en erfitt að bjarga sér með tvær hendur tómar og engan bústofn. Norður á Skaga voru

⁴⁵⁵ Jarðab. Á. og P. VIII, 478-479.

⁴⁵⁶ Martin Schuler 1995, 119.

⁴⁵⁷ Jón Eypórsson 1964, 70 (Árbók Ferðafél. Ísl.).

⁴⁵⁸ Sama heimild.

⁴⁵⁹ Sóknarm.tal frá Hofi á Skagaströnd 31.3.1868, viðbót aftan við sóknarmannatalið.

⁴⁶⁰ Sama heimild.

⁴⁶¹ Sama heimild.

⁴⁶² Sama heimild.

þau aðkomufólk og hafa því varla átt þar í mörg hús að venda. Um vorið gáfust þau upp á húsmennskunni, kvöddu Kaldrana og lögðu enn af stað í langa ferð, fótgangandi að því er ætla má. Sú ferð var farin út í óvissuna án þess að eiga nokkurs staðar tryggt hæli. Leið hinna fátæku foreldra með börn sín tvö lá um endilanga Húnavatnssýslu því nú var ekki til setunnar boðið á Þingeyrum. Þó má vera að stolt fjölskylduföðurins sem hér var á ferð hafi knúið hann til að leggja leið sína fram hjá garði föðurbróður síns sem nú sat í hárrí makt á þessu höfuðbóli. Við sýslumörk fyrir botni Hrútafjarðar var komið í fæðingarhrepp Jóhanns, Bæjarhrepp í Strandasýslu. Þá hafa vanfær konan og börnin tvö verið orðin þreytt og máske lítið um næringu. Hér var um tvennt að velja, að segja sig til sveitar eða leita vistráðninga. En hvaða bóndi tekur hjón með tvö börn og það þriðja augljóslega á leiðinni inn á heimili sitt? Varla margir á þeirri tíð.

Öll fjögur þokast þau út með Hrútafirði vestanverðum frá einum bænum til annars og í hlaðið á Prestsbakka, kirkjustaðnum þar sem presturinn, séra Jón Bjarnason, situr með sinni frú. Þau Jóhann og Sigurlaug eru með öllu ókunnug þessum prestshjónum sem hingað eru komin af Suðurlandi og hafa aðeins þjónað prestakallinu við Hrútafjörð í eitt ár.⁴⁶³ Líklega hafa þau samt heyrt um prestinn talað á leið sinni út með Hrútafirði og ákveðið að leita fyrir sér hjá honum. Að Prestsbakka komu þau ekki til að beiðast beininga en buðu fram krafta sína til starfa á búinu. Um konu séra Jóns Bjarnasonar, Helgu Árnadóttur frá Hofi í Örafum, segir í heimildum að hún hafi verið *gáfukona og valkvendi*.⁴⁶⁴ Bæði sáu prestshjónin hvernig ástatt var fyrir þessu langt að komna fólki, barnshafandi konunni og börnunum sem vissu ekki hvar þau fengju næst höfði sínu hallað. Orðin sem féllu á hlaðinu þekkjum við ekki en hver sem þau hafa verið varð niðurstaðan sú að þetta Kaldranafólk þyrfti ekki að fara lengra. Bæði Jóhann og hin óléttu kona hans voru án mikils fyrirvara ráðin til starfa sem vinnuhjú á Prestsbakka og komust þannig hjá því að segja sig til sveitar.

Um ferðalagið sem hér var frá sagt liggja að sjálfsgöðu engar heimildir fyrir en víst er að á einmánuðu þetta ár, 1868, voru þau Jóhann og Sigurlaug enn með börn sín norður á Kaldrana en að áliðnu sumri voru þau orðin vinnuhjú á Prestsbakka.⁴⁶⁵

Í lok heyanna varð hin nýja vinnukona þar, Sigurlaug Sigurðardóttir, léttari og þá kom í ljós að hún hafði ekki aðeins borið eitt barn undir belti heldur tvö. Tvíburarnir fæddust 24. ágúst 1868 og á þá völdu foreldrarnir nöfn helstu kappanna í gömlu Njáli, Gunnars á Hlíðarenda og Skarphéðins Njálssonar.⁴⁶⁶ Þegar séra Jón Bjarnason skráir nöfn þeirra og fæðingardag í embættisbók sína tekur hann fram að foreldrarnir séu vinnuhjú á

⁴⁶³ Séra Jón Guðnason 1955, 92.

⁴⁶⁴ S. Gr. Borgf. / Prestaæfir IX, 478-485.

⁴⁶⁵ Sóknarm.tal frá Hofi á Skagastr. 31.3.1868, viðbót aftan við sóknarmannatalið. E. 49, 8. Prestsþj.b. Prestsbakka og Staðar í Hrútafirði 1762-1966, *fæddir sveinar*, afrit séra Jóns Guðnasonar.

⁴⁶⁶ E. 49, 8. Prestsþj.b. Prestsbakka og Staðar í Hrútafirði 1762-1966.

Prestsbakka.⁴⁶⁷ Annar tvíburanna, Gunnar, dó átta dögum eftir fæðinguna en Skarphéðinn náði að vaxa úr grasi, átti lengi heima í Strandasýslu en síðustu árin í Tröð í Fróðárhreppi á Snæfellsnesi og dó þar eða í Ólafsvík 3. nóvember 1930.⁴⁶⁸ Frá honum eru komnir margir niðjar.⁴⁶⁹

Á Prestsbakka hafa þau Jóhann og Sigurlaug að öllum líkindum unað hag sínum vel og þar munu þau hafa dvalist í um það bil tvö ár.⁴⁷⁰ Óvíst er þó hvort þau fengu að halda öllum þremur börnunum hjá sér veturinn 1868-1869 því sóknarmannatal frá þeim vetri vantar. Prestshjónin séra Jón Bjarnason og Helga Árnadóttir áttu fjögur börn á lífi þegar hér var komið sögu og voru þau á aldrinum frá eins til tólf ára.⁴⁷¹ Eitt þessara barna var Magnús Blöndal, er síðar varð prestur í Vallanesi, og annað Bjarni sem líka varð þjóðkunnur, þingmaður Dalamanna frá 1908-1926 og háskólakennari með fleiru, en hann nefndi sig Bjarna Jónsson frá Vogu.⁴⁷² Líklegt er að Bjarni og Sigurður Jóhannsson hafi átt leiki saman á Prestsbakka því þeir voru á svipuðum aldri en prestssonurinn þó hálfu öðru ári yngri.

Séra Jón Bjarnason, sem hér kemur við sögu, þótti vera nokkuð upp á kvenhöndina⁴⁷³ og fékk snemma viðurnefnið *kerlingadraugur*.⁴⁷⁴ Í hjónabandi þeirra Helgu Árnadóttur var þó allt með sæmilegum friði, að því er best er vitað, þar til skömmu eftir komu Jóhanns Guðmundssonar og hans fólks að Prestsbakka en veturinn 1868-1869 sauð upp úr þegar stúlka nokkur sem eignaðist dóttur þann 1. mars kenndi prestinum barnið.⁴⁷⁵ Svo fór að séra Jón gekkst við faðerninu og fyrir þessa barneign fram hjá konu sinni missti hann hempuna í tvö ár og hrökklaðist burt frá Prestsbakka.⁴⁷⁶ Þau Jón prestur og Helga kona hans slitu þá samvistir og fór hvort í sína áttina með börnin.⁴⁷⁷

Ekki verður nú um það sagt hversu löng dvöl Jóhanns Guðmundssonar og hans fólks kynni að hafa orðið á Prestsbakka ef ekki hefði slitnað upp úr hjúskap séra Jóns Bjarnasonar og Helgu konu hans og þau orðið langlíf í Hrútafirði. Um slíkt þýðir ekki að spá eða spyrja en við brottför prestsfjölskyldunnar breyttust allar aðstæður enn á ný hjá þeim Jóhanni og Sigurlaugu. Við lok ársins 1869 voru þau enn vinnuhjú á Prestsbakka og nú hjá Kristjáni Ögmundssyni, bónda sem bjó þar í eitt ár á

⁴⁶⁷ E. 49, 8. Prestsþj.b. Prestsbakka og Staðar í Hrútafirði 1762-1966.

⁴⁶⁸ Sama heimild. Séra Jón Guðnason 1955, 124. Sóknarm.töl Nesþinga á Snæfellsnesi 1923-1929. Manntal 1920, Tröð í Fróðárhreppi.

⁴⁶⁹ Tröllatunguætt 1991, III, 1178-1213.

⁴⁷⁰ Sóknarm.tal Prestsbakka í Hrútafirði 31.12.1869.

⁴⁷¹ Björn Magnússon 1971, 303 (Vestur-Sk.fell. II).

⁴⁷² Sama heimild.

⁴⁷³ Hannes Þorsteinsson / Æfir lærðra manna.

⁴⁷⁴ Sögn Rannveigar Magnúsdóttur sem fædd var á Fossi á Síðu 1885.

⁴⁷⁵ Hannes Þorsteinsson / Æfir lærðra manna. Lbs. 2366.^{4to} S. Gr. Borgf. / Prestaæfir IX, 478-485.

⁴⁷⁶ Björn Magnússon 1971, 303. Séra Jón Guðnason 1955, 93.

⁴⁷⁷ Ísl. æviskrár III, 70-71.

milli presta.⁴⁷⁸ Ingunni dóttur sína höfðu þau þá enn hjá sér en báða drengina, Sigurð og Skarphéðin, höfðu þau orðið að láta frá sér fara.⁴⁷⁹

Frá vegferð Sigurðar verður brátt nánar greint á þessum blöðum en það er frá foreldrum hans að segja að vorið 1870 fóru þau burt frá Prestsbakka og komu sér á ný fyrir í húsmennsku, að þessu sinni í Heydal í sama hreppi.⁴⁸⁰ Bær þessi stóð framarlega í samnefndum dal sem einnig er nefndur Víkurdalur og opnast nyrst á vesturströnd Hrutafjarðar. Í húsvitjanabók frá árinu 1870 er Jóhann sagður vera lausamaður í Heydal og þar voru þá líka kona hans og dóttir.⁴⁸¹ Býli þetta, sem fór í eyði árið 1938,⁴⁸² var í landi Guðlaugsvíkur.⁴⁸³

Árið 1871 fluttust þau Jóhann Guðmundsson og Sigurlaug Sigurðardóttir frá Heydal að Rauðamýri í Nauteyrahreppi við Ísafjarðardjúp.⁴⁸⁴ Dóttir þeirra fylgdi þá foreldrunum vestur að Djúpi. Fyrstu árin við Djúp, eftir brottförina frá Heydal, voru þau Jóhann og Sigurlaug oftast vinnuhjú hjá einhverjum bændanna í Nauteyrahreppi.⁴⁸⁵ en gerðust síðar húsfólk út á Snæfjallaströnd og voru þar m.a. í Unaðsdal og á Bæjum.⁴⁸⁶ Síðast var Jóhann á Sandeyri í Snæfjallahreppi en hann andaðist 52ja ára gamall 16. nóvember 1883.⁴⁸⁷ Sigurlaug kona hans lifði mun lengur en hún dó 14. júlí 1900⁴⁸⁸ á Ísafirði.⁴⁸⁹

Hinn ungi Sigurður Jóhannsson, sem var elsta barn foreldra sinna, varð á ný viðskila við þau árið 1869, þegar séra Jón Bjarnason og hans fólk fór frá Prestsbakka. Honum var þá komið fyrir á býli einu í Bæjarhreppi sem í sóknarmannatölum er ýmist nefnt Kvíslar eða Kvíslasel og var í landi Kjörseyrar.⁴⁹⁰ Ekkert sóknarmannatal úr Prestsbakkasókn er til frá árinu 1868 og því hugsanlegt að Sigurði hafi verið ráðstafað að Kvíslum strax á því ári en með vissu er vitað að hann var *tökudrengur* á þessu heiðarbýli við lok ársins 1869.⁴⁹¹ Þá var hann rétt að verða átta ára og hefur skilist við foreldrana að þessu sinni sex eða sjö ára gamall.

Í Kvíslum dvaldist Sigurður eigi skemur en í fimm ár⁴⁹² eða mun lengur en á nokkrum öðrum stað á sínum uppvaxtarárum.

Býlið Kvíslar var sem áður sagði í landi Kjörseyrar og stóð alllangt frá sjó, í heiðinni nær beint vestur af Borðeyri. Frá heiðarbýli þessu voru

⁴⁷⁸ Sóknarm.töl Prestsbakka í Hrutafirði.

⁴⁷⁹ Sama heimild.

⁴⁸⁰ Manntal 1.10.1870. Sóknarm.tal Prestsbakka í Hrutafirði 31.12.1870.

⁴⁸¹ Sama heimild.

⁴⁸² Séra Jón Guðnason 1955, 126.

⁴⁸³ Jarðab. Á. og P. VII, 436-437.

⁴⁸⁴ Sóknarm.töl Prestsbakka í Hrutaf. og Kirkjubólspinga í N-Ísafj.sýslu 1870 og 1871.

⁴⁸⁵ Sóknarm.töl Kirkjubólspinga 1871, 1873 og 1875, sjá þar Rauðamýri, Kirkjuból og Lágadal.

⁴⁸⁶ Sóknarm.töl Staðar á Snæfjöllum, sjá þar Unaðsdal 1879 og 1880 og Bæi 1881.

⁴⁸⁷ Séra Jón Guðnason 1955, 587.

⁴⁸⁸ Sama heimild.

⁴⁸⁹ Prestsþj.b. Eyrrar í Skutulsfirði.

⁴⁹⁰ Sóknarm.töl Prestsbakka í Hrutafirði 1869-1873. Séra Jón Guðnason 1955, 57-60. Jóhann Hjaltason 1952, 36 (Árbók Ferðafél. Ísl.).

⁴⁹¹ Sóknarm.töl Prestsbakka í Hrutafirði.

⁴⁹² Sama heimild.

sex til sjö kílómetrar að Borðeyri en aðeins tæplega tveir kílómetrar vestur að sýslumörkum Strandasýslu og Dalasýslu. Kvíslar stóðu rétt austan við gömlu þjóðleiðina, sem lá um Sölvamannagötur frá Fjarðarhorni í Hrútafirði á Laxárdalsheiði, og frá túnfæti heiðarbýlisins var álíka langur spölur niður að Borðeyri við Hrútafjörð og vestur að Sólheimum, fremsta bæ í Laxárdal í Dalasýslu. Frá akveginum, sem nú liggur yfir Laxárdalsheiði, er aðeins hálf tíma gangur að Kvíslum ef farið er úr bílnum við sýslumörk og gengið sem leið liggur í aust-suðaustur.

Bær þessi í heiðinni mun hafa dregið nafn sitt af árkvíslum sem þarna mætast og halda síðan áfram í einum streng norður í Laxá sem fellur í Hrútafjörð.⁴⁹³ Fyrir miðja 19. öld var aldrei búið í Kvíslum svo kunnugt sé⁴⁹⁴ en nafnið Kvíslasel bendir til þess að þarna hafi verið sel frá Kjörseyri um eitthvert skeið. Árið 1855 fór jarðnæðislaus húsmannsfjölskylda að bolloka þarna í Kvíslum og næstu 82 árin eða allt til ársins 1937 var þar nær alltaf mannabyggð.⁴⁹⁵ Eiginlegur búskapur mun reyndar ekki hafa hafist á þessum stað fyrr en árið 1861 þegar hjónin Helgi Jónsson og kona hans, Jóhanna Jóhannesdóttir, stofnuðu þar til búskapar. Þau bjuggu í Kvíslum í 13 ár og hjá þeim ólst Sigurður Jóhannsson upp frá því hann var sex eða sjö ára og allt þar til hann var kominn á þrettánda ár.⁴⁹⁶ Í manntalinu frá 1870 er nafn hans skráð meðal heimafólks í Kvíslum og þar er sagt að hann sé fæddur þar í sókninni⁴⁹⁷ sem er misskilningur því prestsþjónustubókin sýnir að ekkert barn með þessu nafni fæddist í Prestsbakkasókn á þeim árum sem til greina koma.⁴⁹⁸

Óljóst er nú með hvaða hætti Sigurði var upphaflega ráðstafað að Kvíslum. Vera má að foreldrar hans hafi átt þar hlut að máli en hitt getur líka verið að hreppstjórnarnir í Bæjarhreppi hafi sett hann þar niður. Í sóknarmannatalinu frá 1869 er hann sagður vera *tökudrengur* en næstu fjögur árin lætur prestur þess jafnan getið að piltur þessi í Kvíslum sé *sveitarbarn* eða *á sveit*.⁴⁹⁹ Ekki verður því efast um að á þeim árum hafi Sigurður verið niðursetningur hjá Helga bónda og Jóhönnu konu hans á heiðarbýlinu við Sölvamannagötur. Um ævi hans þar mætti láta sér detta margt í hug en erfitt að festa hönd á staðreyndum.

Fáir þekkjja nú Kvíslasel og flestir þeirra sem kannast við nafnið láta sér líklega detta í hug að þetta muni hafa verið eitt hið argasta kot í Hrútafjarðarbyggðum og þó víðar væri leitað en svo mun ekki hafa verið. Tíundarskýrsla frá haustinu 1872 sýnir að Helgi Jónsson í Kvíslum var gildur miðlungsbóndi sem bjó með eina kú, þrjátíu mylkar ær og fimmtán geldar, tuttugu gemlinga og fimm hross.⁵⁰⁰ Honum var þá gert að greiða

⁴⁹³ Jóhann Hjaltason 1952, 36 (Árbók Ferðafél. Ísl.).

⁴⁹⁴ Séra Jón Guðnason 1955, 57.

⁴⁹⁵ Sama heimild, 57-60.

⁴⁹⁶ Sóknarm.töl Prestsbakka í Hrútafirði.

⁴⁹⁷ Manntal 1870.

⁴⁹⁸ E. 49. 8. Prestsþj.b. Prestsbakka og Staðar í Hrútafirði, afrit séra Jóns Guðnasonar.

⁴⁹⁹ Sóknarm.töl Prestsbakka í Hrútafirði.

⁵⁰⁰ Skj.s. sýslum. og sv.stj. Strandasýsla XXVI. Sveitarskýrslur 1871-1878, tíundarskýrsla úr Bæjarhreppi frá haustinu 1872.

140 fiska í útsvar og í hreppnum öllum voru þá aðeins sex gjaldendur sem borguðu meira til almanna þarfa.⁵⁰¹ Þetta sýnir að fólkið sem Sigurður Jóhannsson átti að húsbændum í fimm ár á bernskuskeiði var bjargálma manneskjur sem ætla má að hafi alltaf eða nær alltaf haft eitthvað að bíta og brenna. Hjónin Helgi Jónsson og Jóhanna Jóhannesdóttir í Kvíslaseli áttu aðeins eitt barn sem komst á legg, dótturina Ólöfu, sem var þremur eða fjórum árum eldri en Sigurður,⁵⁰² en fjöldi heimilisfólks í Kvíslaseli á árunum 1869-1874 var yfirleitt um það bil tíu, þar með talið húsfólk og önnur börn.⁵⁰³

Vorið 1874 tók fólkið í Kvíslaseli sig upp og fluttist að Tannstöðum í Staðarhreppi við austanverðan Hrútafjörð.⁵⁰⁴ Svo virðist sem pilturinn Sigurður hafi farið með húsbændum sínum að Tannstöðum en átt þar skamma dvöl. Í prestsþjónustubókinni er hann sagður flytjast frá Kvíslum að Tannstöðum árið 1874⁵⁰⁵ en í lok þess árs var hann farinn þaðan og orðinn smali á Einfættingsgili í Krossárdal í Bitru.⁵⁰⁶ Þar var pilturinn kominn í Óspakseyrarhrepp, næsta hrepp fyrir norðan Bæjarhrepp í Strandasýslu. Að hinn 13 ára gamli smali, Sigurður Jóhannsson, sem dvaldist á Einfættingsgili veturinn 1874-1875 sé sá hinn sami og síðar fékk viðurnefnið *skurður* má teljast fullvíst því að aldurinn sem upp er gefinn passar og enginn annar kemur til greina. Því til styrktar má reyndar líka benda á að við réttarhöld, röskum tuttugu árum síðar, greindi Sigurður frá því að hann hefði dvalist í Bitrunni um þetta leyti.⁵⁰⁷ Hjá Sigurði Briem sýslumanni hefur nafnið reyndar brenglast og orðið Bitrunes⁵⁰⁸ en enginn bær eða sveit er til á öllu landinu með því nafni. Við nýnefnt réttarhald í nóvembermánuði árið 1895 kvaðst Sigurður ekki geta gert nákvæma grein fyrir dvalarstöðum sínum fram að tólf ára aldri⁵⁰⁹ og við því var reyndar varla að búast. Í Bitruna kom hann 12 ára gamall þjóðhátíðarárið 1874 og þar náði hann fyrst að vinna fyrir sér og losna úr hreppsómagaviðjunum.

Sumarið 1874 smalaði Sigurður Jóhannsson kvíaánum á Einfættingsgili í Bitru og þar var hann enn þegar nýtt ár gekk í garð. Síðla vetrar eða snemma vors árið 1875 hefur hann að líkindum farið að Tannstöðum í Hrútafirði til hjónanna Helga og Jóhönnu, sem hann hafði alist upp hjá í Kvíslaseli, en staldrað þar aðeins við í fáar vikur eða mánuði. Til marks um það má nefna tvennt. Í skýrslu um ómaga í Bæjarhreppi frá árinu 1875 er Sigurður sagður dveljast á Tannstöðum⁵¹⁰ og

⁵⁰¹ Skj.s. sýslum. og sv.stj. Strandasýsla XXVI. Sveitarskýrslur 1871-1878, tíundarskýrsla úr Bæjarhreppi frá haustinu 1872.

⁵⁰² Séra Jón Guðnason 1955, 58. Sóknarm.töl Prestsbakka í Hrútafirði.

⁵⁰³ Sóknarm.töl Prestsbakka í Hrútafirði.

⁵⁰⁴ Sóknarm.töl Prestsbakka og Staðar í Hrútafirði 1873-1875.

⁵⁰⁵ E.49.8. Prestsþj.b. Prestsbakka og Staðar í Hrútafirði 1762-1966, afrit séra Jóns Guðnasonar.

⁵⁰⁶ Sóknarm.tal Prestsbakka í Hrútafirði og Óspakseyrarsóknar 31.12.1874. Sóknarm.tal Staðar í Hrútafirði 1.1.1875.

⁵⁰⁷ VA-D 1, nr. 84. Réttarhald á Ísafirði 25.11.1895, útskrift úr dómsmálabók Ísafj.sýslu.

⁵⁰⁸ Sama heimild.

⁵⁰⁹ Sama heimild.

⁵¹⁰ Skj.s. sýslum. og sv.stj. Strandasýsla XXVI, sveitarskýrslur 1871-1878. Skýrsla um ómaga Bæjarhrepps árið 1875.

í prestsþjónustubók Staðar í Hrutáfirði er hann sagður flytjast burt frá Tannstöðum á því ári.⁵¹¹ Í nýnefndri ómagaskýrslu Bæjarhrepps sjáum við að fardagaárið 1874-1875 voru Helga Jónssyni, sem nú var orðinn bóndi á Tannstöðum, enn greiddir 80 fiskar með Sigurði.⁵¹² Þá hefur drengurinn, sem varð 13 ára 7. janúar 1875, verið farinn að vinna fyrir sér að mestu leyti því með flestum ómöggunum voru borgaðir 200 fiskar eða meira og allt upp í 280 fiska.⁵¹³ Lægst var greiðslan hins vegar með Sigurði og einum öðrum ómaga Bæjarhrepps, aðeins 80 fiskar eins og hér var nefnt.

Þegar Sigurður Jóhannsson fluttist endanlega frá Tannstöðum árið 1875 segir séra Brandur Tómasson að hann hafi farið að Hamri.⁵¹⁴ Ekki er alveg víst hvaða Hamar þar muni vera átt við en Gautshamar á Selströnd í Kaldrananeshreppi kemur einna helst til greina því tvímælalaust er að árið 1875 barst hinn fyrrverandi sveitarómagi í Kvíslaseli norður á þær slóðir.

Sjálfur sagði Sigurður síðar að hann hefði verið á Bjarnarnesi þegar hann var 13 ára og svo á Sandnesi.⁵¹⁵ Þar átti hann vafalaust við bæina tvo í Kaldrananeshreppi sem bera þessi nöfn því staðfest er í annarri heimild að við lok ársins 1875 var hann á Sandnesi,⁵¹⁶ þá rétt að verða 14 ára. Líklegt er að ferð hans frá Tannstöðum snemma sumars þetta sama ár hafi verið heitið að Gautshamri en mál skipast svo að hann hafi ráðist sem smali að Bjarnarnesi, nyrsta bæ á Selströnd norðan Steingrímsfjarðar en milli Gautshamars og Bjarnarness er aðeins tveggja klukkustunda gangur. Á Bjarnarnesi hefur Sigurður varla dvalist nema fram á haustið því fyrir lok ársins 1875 var hann kominn að bænum Sandnesi á Selströnd⁵¹⁷ sem er nær beint á móti Hólmavík en þó aðeins nær fjarðarbotninum. Þar var hann *léttadrengur* þegar hann náði 14 ára aldri á fyrstu dögum ársins 1876.⁵¹⁸ Séra Bjarni Sigvaldason, sem varð prestur á Stað í Steingrímsfirði sama ár og Sigurður Jóhannsson kom í þann fjörð,⁵¹⁹ segir piltinn hafa komið úr Bæjarhreppi⁵²⁰ sem er ekki alveg rétt því þaðan fór hann einu ári fyrr eins og hér hefur nú verið gerð grein fyrir.

Vorið 1876 var Sigurður Jóhannsson fermdur af séra Bjarna í kirkjunni á Stað í Steingrímsfirði⁵²¹ og þá brá svo við að þessi hrakningspiltur reyndist vera býsna vel að sér. *Les og kann dável, hegðar sér vel*, skrifar presturinn við nafn hans í bók sína⁵²² en einkunnin *dável* hafði þá sömu merkingu hjá prestunum og orðin *mjög vel* hafa nú. Um góða greind þessa fyrrverandi ómaga á heiðarbýlinu við Sölvamannagötur

⁵¹¹ E. 49. 8. Prestsþj.b. Prestsbakka og Staðar í Hrutáfirði 1762-1966, afrit séra Jóns Guðnasonar.

⁵¹² Skj.s. sýslum. og sv.stj. Strandasýsla XXVI, sveitarskýrslur 1871-1878. Skýrsla um ómaga Bæjarhrepps árið 1875.

⁵¹³ Sama heimild.

⁵¹⁴ E. 49. 8. Prestsþj.b. Prestsbakka og Staðar í Hrutáfirði 1762-1966, afrit séra Jóns Guðnasonar.

⁵¹⁵ VA-D I, nr. 84. Réttarhald á Ísafirði 25.11.1895, útskrift úr dómsmálabók Ísafj.sýslu.

⁵¹⁶ Sóknarm.töl Staðar í Steingrímsfirði.

⁵¹⁷ Sama heimild.

⁵¹⁸ Sama heimild.

⁵¹⁹ Ísl. æviskrár I, 191.

⁵²⁰ Prestsþj.b. Staðar í Steingrímsfirði.

⁵²¹ Sama heimild.

⁵²² Sama heimild.

þarf því vart að efast og séra Bjarni á Stað, sem áður hafði verið prestur í Dýrafjarðarþingum og setið á Gerðhömrum, segir líka að hann hegði sér vel. Talsverðum kröftum mun strákur þessi, sem foreldrarnir skildu eftir í Hrutafirði sex eða sjö ára gamlan, hafa náð að safna hjá Strandamönnum og virtist fær í flestan sjó þegar hann kvaddi á Sandnesi og hélt vestur yfir Steingrímsfjarðarheiði sumarið 1876 eða máské þá um haustið.

Að Sigurður Jóhannesson hafi dvalist á Sandnesi síðasta vetur sinn í Strandasýslu og fermst þaðan vorið 1876 vottar séra Bjarni Sigvaldason á Stað í sínum embættisbókum og segir að frá Sandnesi hafi drengurinn flust að Rauðamýri við Djúp sama ár og hann var tekinn í kristinna manna tölu.⁵²³

Hvernig Sigurði Jóhannssyni hefur liðið á Sandnesi vitum við ekki en líklegt má telja að hann hafi átt þar góðu að mæta. Frá Sandnesi eru aðeins tæplega fjórir kílómetrar út að Kleifum á Selströnd en þar sat þá enn að búi sínu Torfi Einarsson, alþingismaður Strandamanna frá 1867-1877,⁵²⁴ sem var afabróðir Sigurðar. Að Sigurður hafi séð Torfa frænda sinn á Kleifum þarf vart að efa og líklegt er að þeir hafi að minnsta kosti boðið hvor öðrum góðan dag. Tvo aðra bræður afa síns, þá Ásgeir alþingismann á Þingeyrum og Magnús, varaþingmanninn sem áður bjó á Hvilft í Önundarfirði, hafði pilturinn að því er ætla má báða litið augum tíu árum fyrr þegar hann beið þess sem verða vildi í vist hjá Húnvetningum og átti foreldra sína á Þingeyrum (sjá hér bls. 43). Hvort mynd þeirra bræðra hefur vakað í huga hans síðar skal þó ósagt látið.

Um tengsl Sigurðar við foreldra sína á árunum 1869-1876, það er að segja frá því hann var sjö ára og þar til hann var kominn á fimmtánda ár, er nú ekkert vitað. Ef til vill hafa þau engin verið en hann hlýtur þó að hafa munað vel eftir þeim, orðinn sex eða sjö ára þegar honum var nauðugum ráðstafað til vandalausra. Yfir Steingrímsfjarðarheiði kynnu bréf eða orðsendingar að hafa gengið á milli. Þar voru vermenn oft á ferð, Strandamenn sem reru í Bolungavík.

Væri farin alfaraleið úr Staðardal í Steingrímsfirði yfir heiðina var Lágidalur fyrsti bær sem komið var að handan heiðar. Veturinn 1875-1876 var Sigurlaug Sigurðardóttir vinnukona þar og hafði hjá sér dótturina Ingunni Guðlaugu Valmaríu sem orðin var 10 ára.⁵²⁵ Þá var Sigurður, sonur Sigurlaugar, á Sandnesi og má ætla að þangað hafi honum borist fréttir um veru móður sinnar og systur á bænum handan heiðar. Nú var hann orðinn fleygur og fær, kominn á fimmtánda ár, og gat unnið fyrir sér. Engum var hann bundinn norðan heiðar. Leiðin frá Sandnesi að Lágadal, yfir Steingrímsfjarðarheiði, er um það bil 45 kílómetrar, hæfileg dagleið fyrir ungan mann sem fundið hefur kraftana styrkjast dag frá degi þetta sumar.

Dag einn, þegar sumri er tekið að halla, leggur hann af stað snemma morguns og stefnir með léttan mal vestur yfir heiði til fundar við móður

⁵²³ Prestsþj.b. og sóknarm.töl Staðar í Steingrímsfirði.

⁵²⁴ Séra Jón Guðnason 1955, 367.

⁵²⁵ Sóknarm.töl Kirkjubólspinga í N-Ísafj.sýslu.

sína og systur sem hann hefur ekki séð í mörg ár. Eins og fuglar himinsins svífur hann yfir heiðina eða rennur sem dýr merkurinnar og stendur að lokum á hlaðinu við lágrestan bæ í kvöldhúmi við sólarlag. Engin boð hafði hann gert á undan sér en nú er hann kominn. Um móttökurnar sem hinn ferðlúni piltur fékk í Lágadal veit nú enginn. Um gleði móðurinnar á stund endurfundanna þarf víst ekki að efast og svo mikið er víst að Sigurður sneri aldrei til baka yfir Steingrímsfjarðarheiði en ílentist við Djúp fram yfir tvítugt og var þá stundum undir sama þaki og foreldrarir.⁵²⁶

Við réttarhald, sem fram fór á Ísafirði 25. nóvember 1895, gerði Sigurður grein fyrir dvalarstöðum sínum við Ísafjarðardjúp á árunum 1876-1883 og nefndi þá Hamar, Lágadal, Fremri-Bakka, Gjörfudal og Múla í Nauteyrahreppi og einnig Unaðsdal, Bæi og Snæfjöll í Snæfjallahreppi.⁵²⁷

Sóknarmannatöl frá þessu skeiði úr kirkjusóknunum við norðanvert Ísafjarðardjúp eru mjög slitrótt og líklega ekki mjög vönduð. Þar má þó sjá að haustið 1879 var Sigurður Jóhannsson heimilismaður hjá Otúel Vagnssyni, bónda á Snæfjöllum, og er sagður vera smali.⁵²⁸ Snæfjöll eða Staður á Snæfjöllum eins og bærinn var líka nefndur var gamla prestssetrið á Snæfjallaströnd og hafði líka verið kirkjustaður en síðasti presturinn sem þar sat fékk lausn frá embætti árið 1860 en þjónaði til fardaga vorið 1861.⁵²⁹ Frá Otúel, skyttunni góðu á Snæfjöllum, mun Sigurður hafa farið til foreldra sinna, sem þá voru húsfólk í Unaðsdal, því hjá þeim átti hann heima 1. október 1880 og um næstu áramót þar á eftir.⁵³⁰ Í manntalinu frá 1880 er tekið fram að faðir Sigurðar, Jóhann Guðmundsson, sem þá var tæplega fimmtugur húsmáður á Snæfjöllum, lifi á fiskveiðum.⁵³¹ Í Unaðsdal voru þeir feðgar síðast undir sama þaki svo kunnugt sé. Jóhann andaðist á bænum Sandeyri á Snæfjallaströnd haustið 1883 (sjá hér bls. 47) en þá hefur Sigurður líklega verið kominn að Lágadal í Nauteyrahreppi því þaðan fluttist hann árið 1884 til Ísafjarðar.⁵³² Næstu tvö árin mun hann hafa verið að mestu á Ísafirði⁵³³ en eitthvað þó í Bolungavík því þaðan fluttist hann að Hvilft í Önundarfirði árið 1886 ef marka má það sem skráð er í prestsþjónustubók séra Janusar Jónssonar, sóknarprests í Holti.⁵³⁴ Líklegt er reyndar að á árunum 1877-1886 hafi Sigurður stundum róið í Bolungavík á vertíð en hversu oft vita menn ekki.

Þegar Sigurður *skurður* sló sér niður á Ísafirði árið 1884 var hann 22ja ára gamall og hafði þá, síðustu 20 árin, átt heima á að minnsta kosti 15 bæjum í Húnavatnssýslu, Strandasýslu og Norður-Ísafjarðarsýslu eins og hér hefur þegar verið rakið. Opinberar heimildir liggja fyrir sem

⁵²⁶ Sóknarm.töl Kirkjubólspinga og Staðar á Snæfjöllum.

⁵²⁷ VA-D I, nr. 84. Réttarhald á Ísafirði 25.11.1895, útskrift úr dómsmálabók Ísafj.sýslu.

⁵²⁸ Sóknarm.töl Staðar á Snæfjöllum.

⁵²⁹ Sveinn Níelsson 1950, 201-202.

⁵³⁰ Manntal 1880. Sóknarm.töl Staðar á Snæfjöllum.

⁵³¹ Manntal 1880.

⁵³² Prestsþj.b. Kirkjubólspinga í N-Ísafj.sýslu.

⁵³³ VA-D I, nr. 84. Réttarhald á Ísafirði 25.11.1895, útskrift úr dómsmálabók Ísafj.sýslu.

⁵³⁴ Prestsþj.b. Holts í Önundarf.

staðfesta veru hans á tíu af þessum fimmtán bændabýlum en hin fimm nefndi Sigurður sjálfur í æviferilsskýrslunni sem hann gaf við réttarhald á Ísafirði haustið 1895.⁵³⁵ Vera má að öll þessi vistaskipti á uppvaxtarárum hafi sett nokkurt mark á piltinn og vakið óróa í blóðinu. Á misjöfnu þrífast börnin best, segir máltækið og bærilega gekk Sigurði *skurð* að hrista af sér ómagaorðið þó alinn væri upp á sveit. Skelin sem hann kom sér upp kann reyndar að hafa verið nokkuð hörð því einn og óstuddur varð hann að mæta hverri raun sem að höndum bar í barndómi og á æskuskeiði. Móður sína náði hann að vísu að hitta á ný á unglingsárum en samvistir þeirra urðu ekki langar. Hún var þó enn á lífi árið 1892 þegar nafn þessa kæra sonar komst á allra varir og mun ekki hafa dáíð fyrr en 14. júlí árið 1900.⁵³⁶

Hér var þess áður getið að Magnús Einarsson frá Kollafjarðarnesi, sem lengi bjó á Hvilft í Önundarfirði, hefði verið afabróðir Sigurðar Jóhannssonar *skurðs*. Vorið 1886 voru liðin sextán ár frá því Magnús andaðist norður á Þingeyrum en tvö af börnum hans, þau Finnur og Þuríður, stóðu þá fyrir búi á Hvilft ásamt mökum sínum (sjá hér Hvilft) svo þar átti Sigurður nánnum ættingjum að mæta. Ekki er ólíklegt að þau ættartengsl hafi ráðið nokkru um að hann gerðist vinnumaður á Hvilft.

Þegar Sigurður kom að Hvilft vorið 1886 var hann 24 ára gamall ef rétt er að hann hafi fyrst séð dagsins ljós í janúarmánuði árið 1862 eins og líklegast hefur verið talið. Svo undarlega vill til að báðir bændurnir á Hvilft, þeir Finnur Magnússon og Friðrik Jónsson, mágur Finns, luku ævi sinni í desembermánuði árið 1886 (sjá hér Hvilft) en þá voru aðeins liðnir nokkrir mánuðir frá því Sigurður *skurður* fluttist þangað. Við andlát bændanna tveggja breyttust hagir á Hvilft og má vera að dvöl Sigurðar þar hafi fyrir bragðið orðið skemmri en ráð var fyrir gert. Hann ílentist engu að síður í Önundarfirði og var fyrir lok ársins 1887 kominn laus og liðugur hingað að Eyri (sjá hér bls. 32-33). Skömmu síðar hóf hann sambúð með ekkjunni Guðbjörgu Sveinfríði Sigurðardóttur á Eyri sem misst hafði mann sinn í sjóinn vorið 1887 eins og hér hefur áður verið gerð grein fyrir. Guðbjörg Sveinfríður var á líkum aldri og Sigurður og bæði munu þau hafa verið 27 ára gömul þegar hin eldri tveggja dætra þeirra fæddist haustið 1889.

Sambúð Sigurðar Jóhannssonar og Guðbjargar Sveinfríðar Sigurðardóttur mun hafa hafist árið 1889 og bjuggu þau saman á Eyri í fimm ár⁵³⁷ en í sóknarmannatölum er hann reyndar sagður vera vinnumaður hjá henni.⁵³⁸ Sigurður og sambýliskona hans höfðu ekkert jarðnæði og höfðust því við í þurrabúð hér á Eyri. Á þessum árum voru jafnan fjórar til sex fjölskyldur þurrabúðarfólks í húskofunum á Eyri en jörðin var þá nytjuð frá Flateyri (sjá hér bls. 32-38). Nær fullvíst má telja að á þeim árum sem Sigurður átti heima á Eyri, 1887-1897, hafi hann einkum haft sitt lifibrauð af sjósókn en sagt er að hann hafi líka verið við

⁵³⁵ VA-D I, nr. 84. Réttarhald á Ísafirði 25.11.1895, útskrift úr dómsmálabók Ísafj.sýslu.

⁵³⁶ Séra Jón Guðnason 1955, 587.

⁵³⁷ Sóknarm.töl Holts í Önundarf.

⁵³⁸ Sama heimild.

fjárgæslu fyrir Torfa Halldórsson á Flateyri.⁵³⁹ Á þessu skeiði ævinnar var hann stundum við róðra norður í Bolungavík á vetrarvertíðinni. Reinald Kristjánsson, sem lengi bjó á Kaldá, segir Sigurð hafa verið með sér í skiprúmi hjá Níelsi Níelssyni, formanni í Bolungavík, veturinn 1889⁵⁴⁰ og í febrúarmánuði árið 1896 var þennan tómthúsmann hér á Eyri að finna í einni verbúðinni í Bolungavík.⁵⁴¹

Haustið 1891 var Sigurður kominn fast að þrítugu og hafði þá búið með Guðbjörgu Sveinfríði nokkuð á þriðja ár. Þau áttu þá eina dóttur barna, Kristjönu Ólöfu Andreu, sem var tveggja ára, fædd 13. september 1889.⁵⁴² Allt virtist þetta vera með eðlilegum hætti. Hann hafði aldrei komist í kast við lögin⁵⁴³ en vorið 1889 komst þó á loft einhver orðasveimur um að hann hefði orðið manni að bana í verstöðinni Seljadal á Óshlíð, milli Hnífsdals og Bolungavíkur.⁵⁴⁴ Sigurður hafði þá verið á ferð frá Ísafirði út í Seljadal ásamt þremur mönnum öðrum og var einn þeirra Guðmundur Jónsson⁵⁴⁵ sem skömmu áður hafði eignast barn með Gróu Finnsdóttur frá Hvilft, frænku Sigurðar.⁵⁴⁶ Í þessari ferð hafði Sigurður með sér rommspritt og drukku þeir allir úr flöskunni á leiðinni út eftir.⁵⁴⁷ Þegar þeir komu í Seljadal veiktist Guðmundur og dó nokkrum klukkutímum síðar.⁵⁴⁸

Frá slarki Guðmundar Jónssonar, daginn áður en hann dó, er sagt lítið eitt í blaðinu Þjóðviljanum 13. maí 1889 en þá voru aðeins liðnir fjórir dagar frá því maður þessi andaðist.⁵⁴⁹ Fyrsta línan í þessari frétt Þjóðviljans hljóðar svo: *Maður drakk sig í hel 9. þessa mánaðar ...*⁵⁵⁰ Í blaðinu er síðan frá því greint að Guðmundur hafi lagt *sætkenndur* af stað frá Ísafirði út í Seljadal en á leiðinni út eftir hafi hann svolgrað í sig *á að giska pott* af rommspritti því sem ýmsir hafi áður nefnt *manndrápsromm* í spaugi.⁵⁵¹ Að sögn blaðsins fékk maðurinn rommið hjá tveimur góðglöðum kunningjum sínum er hann hitti á leið sinni út í Seljadal.⁵⁵² Nöfn þessara kunningja nefnir blaðið ekki en ætla má að annar þeirra hafi verið Sigurður. Ekkert í frétt Þjóðviljans bendir til grunsemda um illvirki. Einhver orðasveimur um að Sigurður hefði ráðið Guðmundi bana fór þó á kreik⁵⁵³ en engan fót er unnt að festa á því kvisi, enda kom málið aldrei til kasta réttvísinnar. Sagan sýnir hins vegar að til voru þeir sem töldu Sigurði

⁵³⁹ Ásgeir Jakobsson 1987, 193.

⁵⁴⁰ Reinald Kristjánsson / Ingivaldur Nikulásson 1936, 5-6. Sbr. Sömu 1932, 37-62.

⁵⁴¹ VA-D I, nr. 84. Bréf tveggja stefnuvotta í Hólshreppi 10.2.1896 til sýslumannsins í Ísafj. sýslu.

⁵⁴² Jón Guðnason 1968, 227.

⁵⁴³ Ásgeir Jakobsson 1987, 199.

⁵⁴⁴ Jón Guðnason 1968, 148.

⁵⁴⁵ Sama heimild.

⁵⁴⁶ Ól. Þ. Kr. / Önfirðingar.

⁵⁴⁷ Jón Guðnason 1968, 148.

⁵⁴⁸ Sama heimild. Þjóðviljinn 13.5.1889.

⁵⁴⁹ Þjóðviljinn 13.5.1889.

⁵⁵⁰ Sama heimild.

⁵⁵¹ Sama heimild.

⁵⁵² Sama heimild.

⁵⁵³ Jón Guðnason 1968, 148.

trúandi til eins og annars, enda var hann að sögn hávaðasamur og nokkuð illorður ef hann komst í sterka drykki þó friðsamur væri hversdagslega.

Á skemmsta degi ársins 1891 bar þrjá menn að garði á Eyri í rökkurbyrjun.⁵⁵⁴ Tveir þeirra voru Súgfirðingar á heimleið frá Flateyri og hétu Eiríkur Egilsson og Pétur Guðmundsson en sá þriðji var Álfur Magnússon, barnakennari á **Vöðlum**, sem ætlaði með þeim til Súgandafjarðar⁵⁵⁵ (sbr. hér Vaðlar). Ferðamennirnir komu að máli við Salómon Jónsson, kvæntan húsmann á Eyri, og báðu hann að fylgja sér áleiðis upp á Klofningsheiði til skemmtunar og til að létta þeim burðinn.⁵⁵⁶ Þeir Eiríkur og Pétur voru heimamenn á Stað í Súgandafirði og þar hafði Salómon líka verið vinnumaður um alllangt skeið fyrir fáum árum svo honum voru þeir vel kunnugir.⁵⁵⁷ Úr varð að Salómon slóst í förina og líka Sigurður *skurður* sem eins og fyrr var getið var þá búsettur á Eyri.

Eiríkur Egilsson, sem hér var á ferð, var 35 ára gamall húsmáður á Stað en Pétur Guðmundsson, sem fylgdi honum í kaupstaðarferðina til Flateyrar, var 18 ára vinnupiltur á sama bæ.⁵⁵⁸ Álfur Magnússon, barnakennari á Vöðlum, sem hugðist röltu með þeim yfir heiðina, var tvítugur fyrrverandi skólapiltur af Suðurnesjum er hafði borist til Öndarfjarðar árið 1890. Hefur hér áður verið frá honum sagt (sjá hér Vaðlar) og líka gerð grein fyrir nýnefndum Salómon Jónssyni, húsmanni á Eyri, sem var þrítugur að aldri árið 1891 (sjá hér bls. 34-35).

Að nær jöfnu báðu, nóns og miðaftans, stóðu þeir allir fimm ferðbúnir á Eyrarhlaði. Svo lögðu þeir af stað og fylgdu þjóðgötunni út hlíðina.⁵⁵⁹ Bar Salómon poka Eiríks en Sigurður þann sem Pétur átti.⁵⁶⁰ Veðrið var mjög gott, hægviðri og ekkert frost en lítilsháttar regnúði öðru hverju.⁵⁶¹ Jörð var alauð á láglendi en snjór í fjöllum.

Þegar lagt var af stað voru Salómon og Sigurður algáðir, Súgfirðingarnir rétt hýrir en Álfur þéttölvaður.⁵⁶² Utan við **Eyrarhjallana** námu þeir fyrst staðar og þar dró Eiríkur þriggja pela flösku af brennivíni upp úr poka sínum.⁵⁶³ Var flaskan látin ganga og aftur supu þeir á þegar komið var miðja vega milli Hjallaendans og **Klofningshryggs**⁵⁶⁴ en tóku síðan, að sögn Sigurðar, stefnu á *kverkina* í hryggnum⁵⁶⁵ (sbr. hér bls. 81). Vegalengdin frá Eyri og út að Klofningshrygg er eitthvað á annan kílómetra. Þegar komið var upp á hrygginn supu þeir enn á flöskunni og sungu lag.⁵⁶⁶ Þá voru fylgdarmennirnir tveir frá Eyri orðnir hýrir því þeir

⁵⁵⁴ Jón Guðnason 1968, 143-144.

⁵⁵⁵ Sama heimild.

⁵⁵⁶ Sama heimild.

⁵⁵⁷ Sama heimild.

⁵⁵⁸ Sama heimild.

⁵⁵⁹ Sama heimild, 144.

⁵⁶⁰ Sama heimild.

⁵⁶¹ Sama heimild.

⁵⁶² Sama heimild.

⁵⁶³ Sama heimild.

⁵⁶⁴ Sama heimild.

⁵⁶⁵ Ásgeir Jakobsson 1987, 155.

⁵⁶⁶ Jón Guðnason 1968, 144.

tóku jafnan væna sopa þegar flaskan var opnuð enda þurrbrjósta þegar lagt var af stað.

Ofan við Klofningshrygg lá þjóðgatan í átt til heiðarinnar um Klofningsdal fyrir innan ána og yfir urðina framarlega í dalnum en hlykkjaðist síðan á snið upp ytri hlíðina, skammt frá dalbotninum (sjá hér bls. 81). Þeir sem nú voru á ferð sleptu hins vegar þjóðgötunni um miðjan dal og tóku beina stefnu vestan hennar upp á heiðina.⁵⁶⁷ Sigurður *skurður* sagði síðar við yfirheyrslu að af Klofningshryggnum hefðu þeir farið upp **Holtin** og þaðan að grjótrúst nokkurri í **Klofningsá** en síðan á skaflí upp í miðja heiðarbrekkuna.⁵⁶⁸ Síðasta spölinn upp á heiðarbrúnina höfðu þeir ymist aur eða snjó undir fæti.⁵⁶⁹

Á leiðinni fram dalinn og upp heiðarbrekkuna var flaskan látin ganga öðru hverju og þegar komið var upp á brúnina var Salómon orðinn talsvert ölvaður en lítið sá á Sigurði.⁵⁷⁰

Klofningsheiðin, sem liggur innan við fjallið Sauðanesi í um það bil 620 metra hæð, er slétt og auðveld yfirferðar. Um hana lá alfaravegur frá Eyri í Önundarfirði að Stað í Súgandafirði og gátu röskir göngumenn farið þessa leið á þremur tímum ef færið var gott. Norðan heiðarinnar er komið niður í botninn á Sunddal og þaðan eru aðeins liðlega fjórir kílómetrar heim að Stað. Leiðin yfir sjálfa heiðina er stutt, um það bil 1200 metrar. Á fyrri tíð var heiðarvegur þessi vel varðaður því villugjarnt gat verið á hásléttunni í myrkri, þoku eða dimmviðri. Talið er að um 1890 hafi verið 18 vörður á heiðinni, hlaðnar úr fjallagrjóti.⁵⁷¹ Bilið á milli tveggja varða ætti þá að hafa verið um 70 metrar að jafnaði. Þess má geta að sumarið 1995 voru enn 17 eða 18 vörður á þessari sömu leið, flestar hálfhrundar, en þær munu síðast hafa verið hlaðnar upp árið 1927. (Og aftur um 2000. E.A.).

Þegar hópurinn sem hér var á ferð þann 21. desember 1891 kom upp á heiðina fór Salómon fljótlega að abbast upp á Sigurð *skurð*, fyrst í orðum og með því að rjåtla við pokann sem hann bar.⁵⁷² Litlu síðar, þegar þeir voru komnir um það bil þrjár vörðulengdir yfir miðja heiðina, þreif hann í handlegg Sigurðar, hristi hann og kvað réttast að þeir reyndu afl með sér.⁵⁷³ Ætluðu þeir í hár saman en Pétur, sem með þeim var, gekk á milli.⁵⁷⁴ Nú héldu þeir áfram enn um stund en þegar þrjár vörðulengdir eða því sem næst voru eftir að norðurbrún heiðarinnar snaraði Salómon af sér pokanum og ætlaði umsvifalaust að ráðast á Sigurð en hann kvað þá rétt að þeir reyndu með sér.⁵⁷⁵ Álfur gekk þá á milli en Salómon flaug á hann og

⁵⁶⁷ Jón Guðnason 1968, 144.

⁵⁶⁸ Ásgeir Jakobsson 1987, 155.

⁵⁶⁹ Sama heimild.

⁵⁷⁰ Jón Guðnason 1968, 144-145.

⁵⁷¹ Halldór Guðmundsson / Vestfirskar sagnir III, 211. Jón Guðnason 1968, 145.

⁵⁷² Jón Guðnason 1968, 145.

⁵⁷³ Sama heimild.

⁵⁷⁴ Sama heimild.

⁵⁷⁵ Sama heimild, 146.

svipti treyju hans sundur á öxlinni.⁵⁷⁶ Tókust þeir nú á, Álfur og Salómon, og féll sá síðarnefndi tvisvar, að minnsta kosti á hnén.⁵⁷⁷ Uppi á heiðinni var snjór á jörð og varð þess ekki vart að Salómon yrði fyrir meiðslum í átökunum við Álf.⁵⁷⁸ Einn samferðamannanna sagði síðar fyrir rétti að þegar hér var komið sögu hefði Sigurður *skurður* haft á orði að réttast væri *að stinga Salómon af* og hefði hann skilið það svo að Sigurður teldi maklegt að skella Salómon flötum þar sem hann húkti á hnjánum.⁵⁷⁹ Ekki vildi Sigurður kannast við þetta.⁵⁸⁰

Nú var búið úr flöskunni og þegar Salómon stóð á fætur kvaddi hann Súgfirðingana og lagði af stað til baka, vestur yfir heiðina.⁵⁸¹ Hann sýndist þá vera vel ferðafær þó að kenndur væri.⁵⁸² Tveir tímar voru nú liðnir frá því lagt var af stað frá Eyri og komið fram yfir miðaftan.⁵⁸³ Er Salómon sneri við yrti hann ekkert á Sigurð *skurð* en þegar Sigurður kvaddi samferðamenn sína nokkrum mínútum síðar lét hann í veðri vaka að færi Salómon að áreita sig á heimleiðinni myndi hann taka hraustlega á móti.⁵⁸⁴

Við yfirheyrslur, sem síðar fóru fram, bar mönnum saman um að Sigurður hefði lagt af stað til baka 5-10 mínútum seinna en Salómon og þá hafi sá síðarnefndi verið horfinn sjónum.⁵⁸⁵ Vel var ratljóst því einhver birta var af tungli og snjór á jörð á fjöllum uppi.⁵⁸⁶ Menn sáu því alllangt frá sér og mátti greina mann þó að fjarlægðin á milli væri 50-100 faðmar.⁵⁸⁷

Sigurður *skurður* gekk sem leið lá vestur heiðina en hafði skammt farið þegar él datt á.⁵⁸⁸ Niður af heiðarbrúninni fór hann að eigin sögn nær 100 metrum vestan við þjóðleiðina og kom niður í Klofningsdal álíka langt frá þjóðveginum.⁵⁸⁹ Við yfirheyrslur sýslumanns síðar kvaðst hann svo hafa fylgt Klofningsánni ofan undir Klofningshrygg og síðan farið bakkana heim að Eyri.⁵⁹⁰

Um klukkan átta þetta sama kvöld barði Sigurður Jóhannsson að dyrum hjá Guðmundi Kristjánssyni, húsmanni á Eyri.⁵⁹¹ Bað hann Guðmund að finna sig en þegar bið varð á því að Guðmundur kæmi ofan bætti Sigurður við þessum orðum: *Þú þarft ekki að vera hræddur um að ég*

⁵⁷⁶ Jón Guðnason 1968, 146.

⁵⁷⁷ Sama heimild.

⁵⁷⁸ Sama heimild.

⁵⁷⁹ Sama heimild.

⁵⁸⁰ Sama heimild.

⁵⁸¹ Sama heimild.

⁵⁸² Sama heimild, 147.

⁵⁸³ Sama heimild., 146.

⁵⁸⁴ Sama heimild, 147.

⁵⁸⁵ Sama heimild. Ásgeir Jakobsson 1987, 129, 132 og 135.

⁵⁸⁶ Jón Guðnason 1968, 147.

⁵⁸⁷ Ásgeir Jakobsson 1987, 131 og 134.

⁵⁸⁸ Jón Guðnason 1968, 147.

⁵⁸⁹ Sama heimild, 147-148.

⁵⁹⁰ Sama heimild.

⁵⁹¹ Sama heimild.

*drepi þig eins og þeir segja að ég hafi drepið hann Guðmund Jónsson.*⁵⁹² Að svo mæltu gekk Sigurður upp á baðstofuloftið hjá Guðmundi og tók sér þar sæti.⁵⁹³ Hann var þá greinilega undir áhrifum áfengis og virtist húsfreyju gesturinn *nokkuð svaðalegur.*⁵⁹⁴

Guðmundur Kristjánsson spurði Sigurð nú hvort sá sem með honum fór væri líka kominn heim en hann sagði svo ekki vera og kvað líklegt að Salómon myndi *ríða Klofningnum í nótt.*⁵⁹⁵ Dálitla stund sat Sigurður hjá þeim Guðmundi Kristjánssyni og Ragnheiði konu hans. Ekkert gerði hann þar illt af sér en sýndi hnefann og sagði að hver sem reyndi að ýfa sig í kvöld skyldi fá að kenna á honum þessum.⁵⁹⁶ Svo fór hann aftur ofan og heim til sín þar sem Guðbjörg Sveinfríður og hin unga dóttir þeirra biðu hans.⁵⁹⁷

Við yfirheyrslur síðar staðhæfði Sigurður að hann hefði aldrei séð Salómon á heimleiðinni og stóð jafnan fast við þann framburð.⁵⁹⁸ Orðin sem hann lét falla við Guðmund Kristjánsson um að Salómon væri ekki kominn heim og myndi *ríða Klofningnum í nótt* skýrði Sigurður svo að hann hefði verið þess fullviss að Salómon yrði lengur á leiðinni en hann hafði sjálfur verið.⁵⁹⁹

Nóttin leið án þess að Salómon skilaði sér til baka heim að Eyri.⁶⁰⁰ Þegar nýr dagur reis var eiginkona hans orðin mjög uggandi um hag bónda síns og vakti þá Sigurð til að inna fréttu af Salómon.⁶⁰¹ Um áttaleytið að morgni 22. desember lögðu þeir Sigurður *skurður* og Guðmundur Kristjánsson svo af stað frá Eyri að leita hins týnda en veður var þá enn hreint og milt.⁶⁰² Frostlaust hafði verið í byggð um nóttina en fól á jörð.⁶⁰³ *Nú er ég viss um að mér verður kennt um að hafa drepið Salómon ef við finnum hann dauðan,* sagði Sigurður við meðleitarmann sinn skömmu eftir að þeir lögðu af stað og virtist daufur í dálkinn.⁶⁰⁴ Leitarmennirnir tveir fóru sem leið lá upp á Klofningsheiði en komu hvergi auga á Salómon eða nein ótvíræð ummerki um ferðir hans.⁶⁰⁵ Hins vegar sá Guðmundur spor sem lágu frá heiðarbrúninni og niður á auða jörð, austar en fimmmenningarnir höfðu farið daginn áður.⁶⁰⁶ Þessi spor voru, að hans sögn, eftir lítinn fót og sýndu að þar hafði maður hlaupið.⁶⁰⁷ Á leiðinni

⁵⁹² Jón Guðnason 1968, 147-148.

⁵⁹³ Sama heimild.

⁵⁹⁴ Sama heimild.

⁵⁹⁵ Sama heimild, 148-149.

⁵⁹⁶ Sama heimild.

⁵⁹⁷ Sama heimild.

⁵⁹⁸ Sama heimild, 158. Ásgeir Jakobsson 1987, 160-163.

⁵⁹⁹ Sömu heimildir.

⁶⁰⁰ Jón Guðnason 1968, 149.

⁶⁰¹ Sama heimild.

⁶⁰² Sama heimild, 149-150.

⁶⁰³ Sama heimild.

⁶⁰⁴ Sama heimild, 150.

⁶⁰⁵ Sama heimild.

⁶⁰⁶ Sama heimild.

⁶⁰⁷ Sama heimild.

niður dalinn gengu þeir hvor sínum megin við ána, Guðmundur með innri hlíðinni.⁶⁰⁸ Um miðjan dal sá hann enn spor og lágu þau frá austri til vesturs rétt við þjóðveginn.⁶⁰⁹ Þessi spor rakti hann um 300 faðma í vesturátt og taldi sig sjá að þau væru eftir smáfættan mann og hefði sá verið á hlaupum.⁶¹⁰ Virtist Guðmundi að þetta gætu verið spor eftir Sigurð en ekki Salómon sem var útskeifur og fremur stórfættur.⁶¹¹

Um hádegisbil þennan sama dag lagði annar leitarflokkur af stað frá Eyri. Í honum voru þeir Kjartan Rósinkransson, skipstjóri á Flateyri, Níels Níelsson, húsmaður frá Bolungavík, og Jón Friðriksson, vinnumaður á Hvilft.⁶¹² Þeir skiptu sér til leitar og þegar Kjartan var kominn þangað sem vegurinn liggur upp á heiðina sá hann suð-suðvestur þaðan spor sem lágu frá suðvestri eða vestri í norðaustur eða austur.⁶¹³ Þau voru eftir fremur lítinn fót og greinilegt að hratt hafði verið gengið.⁶¹⁴

Skömmu síðar kom Níels auga á lík Salómons, sem lá neðarlega á allstórum skafli uppi í hlíðarhallanum fremst í Klofningsdal, þar sem gatan lá upp á heiðina en þó nær 100 föðmum austan eða suðaustan við hana.⁶¹⁵ Salómon lá á grúfu, þvert á hallann, og sneri höfuðið í vestur.⁶¹⁶ Var það sokkið í snjó svo að rétt sást í bláhvirfilinn.⁶¹⁷ Við brottför sína frá Eyri daginn áður var Salómon klæddur í snjáða úlpu eða treyju, í tvennum sokkum, með stormhúfu á höfði og steinbítsroðskó á fótum.⁶¹⁸ Í þessum fótum var hann líka þegar hann skildi við samferðamenn sína uppi á heiðinni.⁶¹⁹ Við líkið var hífuna hins vegar hvergi að sjá, annan skóinn vantaði líka en slitrur af hinum héngu á þvengnum.⁶²⁰ Nauman helming vantaði líka ofan af vinstri boðangi úlpunnar og sást það stykki hvergi⁶²¹ en úlpan var heil þegar Salómon fór að heiman⁶²² og það var hún líka, að sögn samfylgdarmannanna, þegar Salómon lagði af stað heimleiðis eftir átökin við Álf Magnússon uppi á Klofningsheiði.⁶²³

Á hálsi líksins sáu leitarmennirnir tvo rauða bletti sem voru hringlaga.⁶²⁴ Blettirnir virtust geta verið eftir fingur og fannst þeim þetta tortryggilegt.⁶²⁵ Hrein ráðgáta sýndist þeim vera hvernig höfuð líksins var

⁶⁰⁸ Jón Guðnason 1968, 150.

⁶⁰⁹ Sama heimild.

⁶¹⁰ Sama heimild.

⁶¹¹ Sama heimild.

⁶¹² Sama heimild.

⁶¹³ Sama heimild, 151.

⁶¹⁴ Sama heimild.

⁶¹⁵ Sama heimild.

⁶¹⁶ Sama heimild.

⁶¹⁷ Sama heimild.

⁶¹⁸ Sama heimild, 147.

⁶¹⁹ Sama heimild.

⁶²⁰ Sama heimild.

⁶²¹ Sama heimild, 152.

⁶²² Ásgeir Jakobsson 1987, 139.

⁶²³ Sama heimild, 70-73.

⁶²⁴ Jón Guðnason 1968, 152.

⁶²⁵ Sama heimild. Ásgeir Jakobsson 1987, 152-153.

sokkið niður í harðan snjóinn, líkt og gróf hefði verið tekin fyrir það.⁶²⁶ Er þeir sneru líkinu við var andlitið ákaflega þrútið af blóði og allt svarrautt.⁶²⁷

Skaflinn, sem líkið lá á, var svo harður að ekki markaði fyrir fæti þó gengið væri um hann og aðeins fyrir hælbeininu ef stappað var.⁶²⁸ Engin merki sáust um að Salómon hefði orðið fótaskortur á skaflinum en nokkurt traðk töldu þeir sig sjá við líkið.⁶²⁹ Einhver spur sáust, að sögn þremmenninganna, rétt hjá líkinu en hvergi annars staðar á skaflinum og ekki var unnt að sjá hvort fleiri en einn hefðu gengið þarna um.⁶³⁰

Jón Friðriksson, sem var yngstur leitarmananna þriggja, var nú sendur til að sækja fleiri menn og búnað til að flytja líkið heim að Eyri.⁶³¹ Þegar hjálparmennirnir komu var lagt af stað með líkið og farið með það inn á Flateyri. Þar var því komið fyrir í útihúsi.⁶³²

Á því sem hér hefur verið ritað má glögglega sjá að leitarmennirnir sem fundu lík Salómons hafa talið miklar líkur á því að Sigurður *skurður* væri valdur að dauða hans. Blettirnir á hálsinum, sporin sem þeir sáu og það hvernig höfuðið virtist hafa verið keyrt niður í skaflinn gat allt bent til þess að Salómon hefði verið kyrktur eða kæfður. Allt voru þetta hins vegar heldur óljósar vísbendingar en orðrómurinn flaug þegar í stað bæ frá bæ og þegar jólin gengu í garð tveimur dögum eftir líkfundinn var því almennt trúað í Öndurfirði að Sigurður *skurður* hefði orðið Salómon að bana.

Strax á Þorláksmessu skrifaðu Guðmundur Á. Eiríksson, hreppstjóri á **Þorfinnsstöðum**, Skúla Thoroddsen sýslumanni tilkynningu um líkfundinn og bar fram ósk um að málið yrði rannsakað.⁶³³ Í bréfi sínu til sýslumanns kvaðst hreppstjórinn hafa frétt að Sigurður Jóhannsson segi *sitt hverjum um atburð þenna*.⁶³⁴ Sendimaðurinn, sem tókst á hendur að koma bréfi hreppstjórans á Þorfinnsstöðum til Skúla sýslumanns á Ísafirði, sat um kyrrt yfir jólahelgina, máskje vegna veðurs, og fór ekki norður fyrr en 27. desember.⁶³⁵ Þegar Skúli fékk orðsendinguna í hendur sneri hann sér þegar í stað til Þorvaldar Jónssonar, héraðslæknis á Ísafirði, og fór þess á leit að hann færi sem allra fyrst vestur á Flateyri til að skoða líkið.⁶³⁶ Þorvaldur, sem var harðsnúinn andstæðingur Skúla í stjórnámálum, færðist undan og bar við lasleika en benti á aðstoðarlækni sinn, Halldór Torfason.⁶³⁷ Halldór var þá 29 ára gamall og hafði útskrifast úr læknaskólanum þremur árum áður.⁶³⁸ Hann var sonur Torfa Halldórssonar

⁶²⁶ Jón Guðnason 1968, 152.

⁶²⁷ Sama heimild.

⁶²⁸ Sama heimild, 151.

⁶²⁹ Sama heimild.

⁶³⁰ Sama heimild.

⁶³¹ Sama heimild.

⁶³² Sama heimild, 154.

⁶³³ Sama heimild, 153.

⁶³⁴ Sama heimild.

⁶³⁵ Sama heimild.

⁶³⁶ Sama heimild.

⁶³⁷ Sama heimild.

⁶³⁸ Ísl. æviskrár II, 273.

og Maríu Össurardóttur á Flateyri og þekkti því vel til manna og málefna í Önundarfirði. Sama dag og sendiboðinn frá Guðmundi á Þorfinnsstöðum kom á Ísafjörð ritaði Skúli sýslumaður Halldóri lækni bréf og fól honum að skoða lík Salómons, rannsaka úr hverju hann hefði dáið og athuga sérstaklega hvort líkindi væru til að hann hefði látist af mannavöldum.⁶³⁹

Annað bréf sendi Skúli hreppstjóranum í Mosvallahreppi, bað hann að vera viðstaddan líkskoðunina í sinn stað og fól honum að taka sem allra fyrst greinilegar skýrslur þeirra manna er við þetta mál væru riðnir.⁶⁴⁰ Með sama bréfi fól Skúli hreppstjóranum að láta Sigurð Jóhannsson vera viðstaddan líkskoðunina og taka þá nákvæmlega eftir háttum hans og háttalagi.⁶⁴¹

Dagana 28. og 29. desember 1891 var grenjandi norðanbylur á Ísafirði og talsvert frost.⁶⁴² Halldór Torfason lét veðrið þó ekki aftra sér frá því að brjótast vestur yfir Breiðadalsheiði og hálfri klukkustund eftir hádegi þann 30. desember hófst skoðun á líki Salómons og fór hún fram í útihúsinu⁶⁴³ þar sem líkið hafði staðið uppi í liðlega eina viku. Auk læknis og hreppstjóra voru fjórir menn viðstaddir líkskoðunina, Ebenezer Þ. Sturluson skipstjóri, sem Halldór læknir hafði sér til aðstoðar, Jónas Th. Hall verslunarstjóri og Kjartan Rósinkransson skipstjóri, sem báðir voru vottar, og svo hinn grunaði, Sigurður Jóhannsson *skurður*, er mætti hér að boði Guðmundar hreppstjóra.⁶⁴⁴

Á höfði líksins lá hér og hvar músaskítur og ýmis sár, sem lækninum virtust vera eftir mýs, voru sjáanleg á höfði og höndum.⁶⁴⁵ Allt líkið var skoðað vel og vandlega, höfuðskelin opnuð og líka bæði brjóstkassi og kviður.⁶⁴⁶ Skoðunin tók fimm klukkustundir.⁶⁴⁷ Í hnakkagrófinni var bólgulopi sem náði langt niður á hálsinn, rauðu blettirnir á honum, sem áður voru nefndir, sáust enn og milli raddbandanna voru nokkrir harðir kögglar sem virtust geta verið leifar af fiski.⁶⁴⁸

Skýrsla Halldórs um líkskoðunina er ýtarleg og er hún birt í heild í bók Ásgeirs Jakobssonar sem hér var áður nefnd. Niðurstöður læknisins voru þessar:

1. *Maðurinn hefur dáið hinum svokallaða apoplectiska dauða [þ.e. heilablóðfall – innsk. K.Ó.], í þessu tilfalli líklega orsökunum af kulda.*
2. *Að vísu sjást á líkinu áverkamerki er vel geta verið af mannavöldum en þó er ólíklegt að þeir einir út af fyrir sig*

⁶³⁹ Jón Guðnason 1968, 153.

⁶⁴⁰ Sama heimild, 154.

⁶⁴¹ Sama heimild.

⁶⁴² Sama heimild.

⁶⁴³ Sama heimild.

⁶⁴⁴ Sama heimild.

⁶⁴⁵ Sama heimild, 154-155.

⁶⁴⁶ Ásgeir Jakobsson 1987, 52-57.

⁶⁴⁷ Sama heimild.

⁶⁴⁸ Sama heimild.

hafi orsakað dauðann. Aftur á móti getur hugsast að þeir hafi getað orðið meðverkandi orsök til dauðans, einkum hafi hann verið drukkinn sem ýmislegt sýnist að benda til.

3. *Maðurinn hefur að líkindum dáið um kvöldið áður eða nóttina áður en hann fannst dauður.*⁶⁴⁹

Þessi greinargerð læknisins var ekki vel til þess fallin að auðvelda dómáranum hans verk þegar að því kæmi að skera úr um hvort hinn grunaði kynni að eiga einhverja sök á dauða Salómons.

Í hópi þeirra sem töldu fullvíst að Sigurður *skurður* væri banamaður Salómons heyrðust snemma þær raddir að með greinargerð sinni hefði Halldór læknir ætlað sér að bjarga Sigurði frá því að hljóta dóm fyrir manndráp.⁶⁵⁰ Var látið að því liggja að í raun hefði læknirinn séð skýrari ummerki um dauða af mannavöldum á líki Salómons en fram kæmi í skýrslunni. Kjartan Rósinkransson, sem var viðstaddur líkskoðunina, bar fyrir rétti að þegar skrifað var undir líkskoðunarvottorðið eða skýrsluna um líkfundinn hefði læknirinn mælt: *Flest fer eins fyrir aumingja Sigga.*⁶⁵¹ Þessi ummæli Kjartans hafa efalítið gefið nýnefndum orðasveim byr undir vængi og líka það að Guðmundur hreppstjóri á Þorfinnsstöðum hélt því fram að við líkskoðunina hefði læknirinn sagt ýmis merki á líkinu vera *ískyggileg.*⁶⁵²

Halldór Torfason læknir fluttist til Ameríku sumarið 1892⁶⁵³ og mun aldrei hafa komið aftur til Íslands. Þegar Halldór fór úr landi var hinn pólitíski stormur sem spratt af rannsókn Skúla sýslumanns á dauða Salómons skollinn á og létu ýmsir liðsmanna Skúla þá að því liggja að Halldór hefði flúið land vegna hins *falsaða* líkskoðunarvottorðs⁶⁵⁴ og lifði sá orðrómur lengi. Hér er skylt að taka fram að engin rök virðast finnanleg fyrir því að svo hafi verið.

Þann 2. janúar 1892 fékk Skúli sýslumaður í hendur skýrslu læknisins um skoðunina á líki Salómons⁶⁵⁵ og var þá sýnt að honum væri ekki til setunnar boðið. Næsta dag lagði hann af stað til Flateyrar snemma morguns og hafði með sér fylgdarmann.⁶⁵⁶ Mikill snjór var á Breiðadalshéiði og voru þeir nær 12 klukkutíma að komast frá Ísafirði til Flateyrar.⁶⁵⁷ Næsta dag setti Skúli rétt á Flateyri og tók að yfirheyra Sigurð *skurð* og alla hina sem hugsanlegt var að veitt gætu einhverjar upplýsingar er að gagni mættu koma við rannsókn málsins.⁶⁵⁸ Hann hafði þá m.a. stefnt

⁶⁴⁹ Ásgeir Jakobsson 1987, 57-58.

⁶⁵⁰ Jón Guðnason 1968, 157.

⁶⁵¹ Sama heimild, 156.

⁶⁵² Sama heimild.

⁶⁵³ Sama heimild, 223.

⁶⁵⁴ Sama heimild.

⁶⁵⁵ Sama heimild, 157.

⁶⁵⁶ Sama heimild.

⁶⁵⁷ Sama heimild.

⁶⁵⁸ Sama heimild, 158-159.

til Flateyrar þeim Eiríki Egilssyni og Pétri Guðmundssyni á Stað í Súgandafirði, sem Salómon og Sigurður *skurður* höfðu fylgt upp á Klofningsheiði þann 21. desember, og líka Álfi Magnússyni er þar var með í för.⁶⁵⁹ Réttarhöldin stóðu í tvo daga, 4. og 5. janúar, en fátt nýtt kom fram umfram það sem hér hefur nú þegar verið rakið.

Guðmundur Á. Eiríksson hreppstjóri, sem var viðstaddur líkskoðunina 30. desember, taldi sig hafa séð að hinn grunaði skipti litum þegar gengið var að líkinu en kalt var í kofanum þar sem líkið stóð uppi og Sigurður léttklæddur og yfirhafnarlaus.⁶⁶⁰ Allir hinir líkskoðunarmennirnir höfðu verið í yfirhöfnum og sumir líka í olúfötum.⁶⁶¹

Í þessum fyrstu yfirheyrslum Skúla staðhæfði Sigurður að hann hefði aldrei séð Salómon á heimleiðinni, þann 21. desember, og þegar Skúla lét opna kistu Salómóns í viðurvist Sigurðar þvertók hann fyrir alla sök og kallaði guð almáttugan til vitnis.⁶⁶² Svo virðist sem Skúli sýslumaður hafi hins vegar talið líkurnar á sekt Sigurðar vera mjög miklar og lauk réttarhöldunum á Flateyri með bókun sem var á þessa leið:

*Með því að skýrsla Sigurðar Jóhannssonar er í sumum atriðum ósamhljóða ýmsum eiðfestum vitnisburðum er fram hafa komið í máli þessu, þá ber að taka Sigurð Jóhannsson fastan og hafa hann í gæsluvarðhaldi fyrst um sinn.*⁶⁶³

Þann 7. janúar héldu þeir sýslumaður og fylgdarmaður hans norður yfir Breiðadalsheiði og höfðu með sér fangann.⁶⁶⁴ Sagan segir að fyrstu nóttina á Ísafirði hafi Sigurður gist á heimili sýslumanns en síðan var hann fluttur í fangahúsið þar í kaupstaðnum, gamalt timburhús sem sjaldan var notað.⁶⁶⁵ Í dagbók fangahússins er Sigurði lýst með þessum orðum: *Meðalmaður á hæð, dökkur á hár, með lítið gisið jarpt skegg. Grunaður um að hafa veitt öðrum áverka er leiddi til dauða.*⁶⁶⁶

Varðhaldsvist Sigurðar í fangahúsinu varð býsna löng því þar sat hann í 44 daga.⁶⁶⁷ Á þessum liðlega sex vetrarvikum var hann oft kallaður í yfirheyrslu hjá sýslumanni en hvikaði aldrei frá sínum upphaflega framburði.⁶⁶⁸ Oft mun Skúla sýslumanni hafa þótt fanginn nokkuð þverúðugur og tvisvar var Sigurður settur á vatn og brauð samkvæmt úrskurði sýslumanns.⁶⁶⁹ Stóð sú fasta í fimm til sex sólarhringa í hvort

⁶⁵⁹ Jón Guðnason 1968, 157.

⁶⁶⁰ Sama heimild, 154.

⁶⁶¹ Sama heimild.

⁶⁶² Sama heimild. 159.

⁶⁶³ Sama heimild.

⁶⁶⁴ Sama heimild, 160.

⁶⁶⁵ Sama heimild.

⁶⁶⁶ Sama heimild.

⁶⁶⁷ Sama heimild, 160-165.

⁶⁶⁸ Sama heimild.

⁶⁶⁹ Sama heimild.

sinn.⁶⁷⁰ Allt bendir til þess að eins og svo margir aðrir hafi Skúli verið sannfærður um sekt Sigurðar og þess vegna hafi hann reynt til þrautar að knýja fram játningu en hún fékkst aldrei.

Sigurður *skurður* var mikill rímnamaður og reyndar ágætlega hagameltur (sjá hér Gilsbrekka). Í fangahúsinu kvað hann oft við raust og stytta sér þannig stundirnar. En þar kom að nágrannarnir tóku að kvarta mjög yfir þessum hávaða frá fangahúsinu og leiddu þær umkvartanir til þess að sýslumaður svipti fangann bæði ljósi og tóbaki.⁶⁷¹ Tóbakið hefur karlinum þótt slæmt að missa því hann var mikill tóbaksmaður en eitthvað hefur Sigi nú getað kveðið þó ljóslaus væri.

Klukkan sjö síðdegis þann 20. febrúar 1892 taldi Skúli sýslumaður loks mál til komið að sleppa Sigurði lausum úr þrisundinni og lét hann fara frjálstan ferða sinna. Fáum mánuðum síðar var meðferð Skúla á hinum rímnaglaða fanga frá Eyri notuð sem átylla til að víkja honum úr embætti og hófust þá hin illvígu Skúlamál sem hér hefur áður verið minnst á (sjá hér bls. 39). Sá þráður verður ekki rakinn hér en frá Sigurði *skurði*, tómtúsmanni á Eyri, og hans ævidögum er skylt að greina svolítið nánar.

Þegar Sigurður gekk út úr fangahúsinu á Ísafirði fór hann beinustu leið heim til Þorvaldar lækis sem var helsti andstæðingur Skúla sýslumanns í stjórn málaátökunum á Ísafirði.⁶⁷² Ekki mun það samt hafa verið til að taka þátt í ráðabriggi gegn Skúla heldur var ætlun Sigurðar að hafa tal af aðstoðarlækninum, Halldóri Torfasyni, sem hér var áður nefndur, en þeir voru að sjálfsögðu kunnugir og Sigurður að sögn í vinfengi við foreldra Halldórs á Flateyri.⁶⁷³ Eitthvað munu þeir læknarnir hafa skoðað upp í komumann sem þeim virtist vera nokkuð gugginn en samt ekki lakari en það að næsta dag komst hann yfir Breiðadalsheiði og heim að Eyri.⁶⁷⁴

Móttökurnar, sem Sigurður fékk hjá Önfirðingum þegar hann kom aftur heim til sín, voru ekki vinsamlegar þó að viðhorf manna til hans hljóti reyndar að hafa verið eitthvað mismunandi. Svo mikið þótti ýmsum við liggja að daginn eftir heimkomu Sigurðar var boðað til almenns hreppsfundar og þar samþykkt að skora á hreppsnefndina að fá sýslumann til að tryggja að hinn fyrrverandi gæsluvarðhaldsfangi yrði fluttur burt úr Mosvallahreppi.⁶⁷⁵ Undir áskorun þessa efnis, sem send var sýslumanni, ritaði sóknarpresturinn í Holti, séra Janus Jónsson, Guðmundur Á. Eiríksson, hreppstjóri á Þorfinnsstöðum, og bændurnir Bóas Guðlaugsson og Guðmundur Pálsson.⁶⁷⁶

Í bréfi þeirra til sýslumanns segir að tilmælin séu borin fram

⁶⁷⁰ Jón Guðnason 1968, 160-165.

⁶⁷¹ Sama heimild, 163.

⁶⁷² Sama heimild, 165.

⁶⁷³ Sama heimild, 165. Sbr. þar bls. 224-225.

⁶⁷⁴ Sama heimild, 165.

⁶⁷⁵ Sama heimild.

⁶⁷⁶ Sama heimild.

... þar eð maður þessi [Sigurður] er reyndur að ýmsu miður góðu og meðal annars réðist á saklausan mann í haust á næturþeli og er að almenningsáliti sekur í því að vera að einhverju leyti valdur að dauða Salómons heitins Jónssonar frá Eyri og hefur vakið hjá mörgum nokkurn ótta, enda að sögn haft í frammi heitingar við þá er báru vitni gegn honum við prófin á Flateyri í vetur.⁶⁷⁷

Bréfið sýnir vel hversu sannfærður meginþorri fólks í Önundarfirði var um að Sigurður hefði valdið dauða hins úttnefnda Salómons en segir í raun ekkert um sekt eða sakleysi hins grunaða.

Í kofa Sigurðar *skurðs* á Eyri hljóta útmánuðirnir árið 1892 að hafa verið erfiðir. Vera kann að vísa hans sem ýmsir kannast við sé ort á þeim dimmu dögum.

*Illt er að róa einn á bát
óhægt mjög að stýra.
Enginn heyrir á mér grát
yfir hlutnum rýra.⁶⁷⁸*

Magnús Hjaltason, sem hér er víða nefndur, skráði vísu þessa í eitt af sínum mörgu handritum en þar er greinilega rangt með hana farið því bæði önnur og fjórða lína enda á sama rímorðinu, – *stýra*.⁶⁷⁹ Magnús segir Sigurð hafa ort vísuna þegar bát hvolfdi undir honum á Súgandafirði árið 1906 og hafi höfundurinn sett vísuna saman er hann hékk á kjölnum.⁶⁸⁰ Slíkri sögusögn verður þó að taka með fullum fyrirvara og efni vísunnar bendir ekki til þess að hún hafi verið ort við slíkar aðstæður.

Hvenær drepur maður mann og hvenær drepur maður ekki mann? Þau orð voru lögð Jóni Hreggviðssyni í munn. Úr slíku getur verið erfitt að skera. Héðan af mun varla takast að sanna eða afsanna með öllu hvort Salómon Jónsson varð sjálfdauður á Klofningsdal þremur dögum fyrir jól árið 1891 eða hvort Sigurður *skurður*, nábúi hans hér á Eyri, átti þar einhvern hlut að máli. Menn geta hins vegar reynt að vega og meta líkurnar. Ekki er því að neita að ýmislegt bendir nú sem fyrr til þess að til átaka hafi komið milli Sigurðar og Salómons á heimleiðinni. Þar má nefna sporin sem Guðmundur Kristjánsson og Kjartan Rósinkranson sáu og eignuð voru Sigurði, blettina á hálsi líksins, sem líktust fingraförum, og það hversu andlit hins dauða virtist keyrt ofan í harðan snjóskaflinn. Leitarmennirnir sem fundu líkið töldu líka útilokað að Salómon hefði hrapað, að minnsta kost ekki á skaflinum þar sem líkið lá, og fyrst svo var kom þá ekki helst til greina að átök við samferðamanninn hefðu dregið hann til dauða? Trúin á þá kenningu varð ríkjandi og lét margur

⁶⁷⁷ Jón Guðnason 1968, 165.

⁶⁷⁸ Ásgeir Jakobsson 1987, 193.

⁶⁷⁹ Lbs. 2236^{4to}, bls. 9.

⁶⁸⁰ Sama heimild.

sannfærast. Sem dæmi má nefna að þegar *Skúlamálin* komu fyrir landsyfírrétt í Reykjavík lét sá sem sótti málið gegn Skúla, Hannes Thorsteinson málafærslumaður, þau orð falla að varla fyndist hérlendis nokkur maður sem ekki væri sannfærður um að Sigurður hefði orðið valdur að dauða Salómons.⁶⁸¹ Rétt er að undirstrika að það var ekki verjandi Skúla sem mælti þessi orð heldur sá sem sótti málið gegn honum.

En sem betur fer er ekki ætíð allt sem sýnist. Frá þeim fjarlægja sjónarhóli sem við nú stöndum á virðast flestar vísbendingarnar um sekt Sigurðar *skurðs*, sem menn töldu sig hafa í höndum, harla lítils virði. Engin spor voru sjáanleg frá líkinu þar sem það lá á skaflinum. *Fingraförin* á hálsinum gat Salómon vel hafa fengið í átökunum við Álf Magnússon uppi á heiðinni og hér var áður frá sagt. Á skaflinum sáust engin merki þess að Salómon hefði hrapað þar en hugsanlegt verður að telja að hann hafi engu að síður hrapað fram af fjallsbrúninni, komist síðan hálf- eða alvankaður á fætur, ef til vill með heilahristing, og oltið síðan út af á skaflinum þar sem líkið fannst og króknað þar. Þó að frostlaust væri í byggð má ætla að frost hafi verið til fjalla.

Sitthvað bendir til þess að Salómon hafi hrapað, m.a. rifin treyja, týndur skór og töpuð húfa. Líka það að hann lá um 100 föðmum, nær 200 metrum, austan við þjóðgötuna en hafi hann komið fram á fjallsbrúnina svo austarlega sem því svaraði var að sögn kunnugra veruleg hættu á hrap!⁶⁸² enda er vegalengdin frá hinni gömlu alfaraleið og austur að klettabelti rétt neðan við fjallsbrúnina alls ekki lengri en 200-300 metrar.

Þegar Salómon skildi við samferðamennina uppi á Klofningsheiði var hann þéttölvaður og reikaði í spori.⁶⁸³ Stuttu áður en hann kom að heiðarbrúninni fékk hann á sig él, sem hér var áður minnst á, og gæti þá hæglega hafa villst úr leið og lent fram af brúninni 200 metrum austar en leiðin lá.

Haustið 1892 var settur sýslumaður enn að rannsaka með hvaða hætti dauða Salómons hefði borið að. Ekkja hins látna, Guðmundína Jónsdóttir, var þá kölluð fyrir og greindi hún meðal annars frá því að Salómon hefði yfirleitt orðið veikur ef hann drakk áfenga drykki.⁶⁸⁴ Að sögn Guðmundínu varð hann jafnan fremur fljótt drukkinn, missti þá mátt og hætti til að sofna.⁶⁸⁵ Allt gæti þetta sem best stutt þá kenningu að eftir hugsanlegt hrap hafi ferðalangur þessi verið orðinn kraftflítill og oltið um á skaflinum eða lagst þar til hvíldar. Kögglarnir sem fundust í kverkum hans við líkskoðunina og virtust vera fiskleifar benda líka til þess að hann hafi kastað upp og gæti hafa kafnað ringlaður í spýju sinni útafliggjandi á skaflinum.

Ekkert af þessu sannar að Sigurður *skurður* hafi verið saklaus af því sem á hann var borið en þegar við bætist eindregin og staðföst neitun hans

⁶⁸¹ Jón Guðnason 1968, 223-224.

⁶⁸² Ásgeir Jakobsson 1987, 167-168.

⁶⁸³ Jón Guðnason 1968, 145-146.

⁶⁸⁴ Ásgeir Jakobsson 1987, 139-140.

⁶⁸⁵ Sama heimild.

sjálfs þrátt fyrir 44 daga einangrun í gæsluvarðhaldi, við harðan kost á köflum, geta líkurnar á sekt hans ekki talist miklar. Sú varð líka niðurstaða amtmanns, sem fékk í hendur afrit af öllu sem bókað var við yfirheyrslurnar, en hann felldi 2. desember 1892 þann úrskurð að réttarrannsókninni vegna dauða Salómons Jónssonar skyldi hætt og málið látið niður falla.⁶⁸⁶

Sigurður Jóhannsson *skurður* var á yngri árum hávaðasamur undir áhrifum áfengis og átti þá til að sýna hnefann eins og hér hefur komið fram. Ekkert dæmi er hins vegar finnanlegt um að hann hafi beitt þennan eða hinn alvarlegu ofbeldi og þær fáu kvartanir sem bárust yfirvöldum vegna drykkjuláta hans á almannaferi benda ekki til ofbeldishneigðar. Í bréfi fjögurra Önfirðinga til Skúla sýslumanns 22. febrúar 1892, sem hér var áður vitnað til, segir að vísu að Sigurður hafi *ráðist á saklausan mann á næturþeli* (sjá hér bls. 65) en sé haft í huga hver megintilgangurinn með ritun bréfsins var má geta nærri hvort þarna hefði ekki verið greint nánar frá *árásinni* ef um hefði verið að ræða eitthvert það ofbeldi sem áverkar hlutust af.

Sú *árás* sem hér var nefnd átti sér stað haustið 1891 og mun aldrei hafa verið kærð. Haustið 1895 var Sigurður hins vegar kærður til sýslumanns fyrir óspektir og skemmdir á hurð í húsi á Flateyri.⁶⁸⁷ Seint í septembermánuði á því ári hafði hann verið ölvaður og farið inn í hús Ebenezers Sturlusonar, skipstjóra á Flateyri. Var honum skipað að hafa sig á brott en komumaður þrjóskaðist við svo láta varð hann út með valdi.⁶⁸⁸ Sigurður undi því illa að vera fleygt á dyr, tók upp stein og kastaði í hurðina svo hjarirnar brotnuðu.⁶⁸⁹ Snaraðist húsbóndinn þá út og barði hann en Sigurður fór við svo búið á brott.⁶⁹⁰ Athygli vekur að það var Ebenezer sem lamdi Sigurð en ekki öfugt.

Laugardaginn 12. október þetta sama haust keypti Sigurður sér tvær rommflöskur og drakk sig ærlega fullan.⁶⁹¹ Hann leitaði þá inngöngu í Gunnlaugshúsi á Flateyri með hávaða og nokkrum rosta en fékk óblíðar viðtökur og var kastað út.⁶⁹² Ætist þá leikurinn og mun sá útrekni hafa látið ófriðlega um sinn og viljað hefna harma sinna.

Ekki er ólíklegt að vísa sem fleyg varð hafi verið ort um þetta leyti. Sumir sögðu að Sigurður væri sjálfur höfundurinn en vísan er svona:

*Þó heltist meri í harðri urð,
hægt er við að gera,
en að síða Sigga skurð
Satan lætur vera.*⁶⁹³

⁶⁸⁶ Jón Guðnason 1968, 222-223.

⁶⁸⁷ VA-D I, nr. 84. Útskrift úr dómsmálabók Ísafj.sýslu, réttarhald á Flateyri 14.10.1895.

⁶⁸⁸ Sama heimild.

⁶⁸⁹ Sama heimild.

⁶⁹⁰ Sama heimild.

⁶⁹¹ Sama heimild.

⁶⁹² Sama heimild.

⁶⁹³ Ásgeir Jakobsson 1987, 225.

Árið 1895 var Sigurður Briem sýslumaður í Ísafjarðarsýslu og nær hálfri öld síðar festi hann endurminningar sínar á blað. Minnst hann þar m.a. á viðskipti sín við Sigurð haustið 1895 og segir frá á þessa leið:

Þegar ég var á leiðinni frá Dýrafirði um Önundarfjörð kom maður frá Flateyri í veg fyrir mig og hafði meðferðis áskorun um að koma þangað því Sigurður, kallaður skurður, sem Skúlamálið reis út af, væri fullur og bandóður. Hann æddi með stóreflis sveðju milli húsanna með hótunum um að skera fólk á háls eða rista það á kviðinn. Hann barði hús og hurðir með grjóti því að allir lokuðu sig inni til þess að verða ekki á vegi hans.

Ég fór út á Flateyri að finna kauða. Var þá runninn af honum mesti berserksgangurinn. ... Hann sagði að allir væru sér vondir og ég komst að raun um að hann var mjög einmana, bjó einn í kofa, reri einskipa á sjó og svo framvegis.⁶⁹⁴

Líklegt má telja að frásagnargleðin og ljómi fjarlægðarinnar hafi litað svolítið þessa frásögn sýslumanns því á sveðjuna og hótanirnar um hállskurð og kviðristu er hvergi minnst í réttarskjölunum.⁶⁹⁵

Einu kvartanirnar sem Sigurði sýslumanni bárust vegna nafna hans, lausamannsins á Eyri, voru þær að hann færi óboðinn með hávaða inn í hús annarra manna. Hjá Ebenezer hafði hann skemmt útidyrhurðina með steinkasti og í Gunnlaugshúsi hafði hann farið í hálfopið koffort uppi á háalofti án þess þó að taka þar eitt eða neitt.⁶⁹⁶ Við yfirheyrslur á Flateyri þann 14. október 1895 sagði Ebenezer Sturluson að þegar Sigurður Jóhannsson væri drukkin ætti hann til að vaða inn í hús með hávaða og ólátum og hræða bæði börn og kvenfólk.⁶⁹⁷ Einn íbúanna í Gunnlaugshúsi, Ingigeir Bjarnason, lét þess getið við yfirheyrslurnar 14. október að þegar Sigurður kom þar inn með söng og hávaða tveimur dögum fyrir muni hann hafa ætlað sér að finna stúlku sem hann hefur átt með barn og tók fram að hinn óróafulli komumaður hefði barið á dyrnar hjá stúlkunni en hún verið búin að læsa dyrunum.⁶⁹⁸ Stúlkan, sem þarna er minnst á, hlýtur að hafa verið Ólöf Ólafsdóttir frá Eyri en sonur þeirra Sigurðar var á þessum tíma um það bil 16 vikna gamall (sjá hér bls. 32-33). Sjálfur kvaðst Sigurður ekkert muna eftir þessari komu sinni í Gunnlaugshús, síðast myndi hann eftir sér þetta laugardagskvöld hér á plássinu hjá Guðmundi Jónssyni á Görðum eftir að dimmt var orðið en svo hefði hann næst rankað við sér í

⁶⁹⁴ Sigurður Briem 1944, 132-133.

⁶⁹⁵ VA-D I, nr. 84. Útskrift úr dómsmálabók Ísafj.sýslu, réttarhald á Flateyri 14.10.1895 og á Ísafirði 13.1. og 31.1.1896.

⁶⁹⁶ Sama heimild.

⁶⁹⁷ Sama heimild.

⁶⁹⁸ Sama heimild.

fjósínu hans Torfa Halldórssonar.⁶⁹⁹ Eftir viðskiptum sínum við Ebenezer, allmörgum dögum fyrr, kvaðst hann hins vegar muna og sagðist hafa kastað steininum í hurðina vegna bræði.

Í lok réttarhaldsins á Flateyri, þann 14. október, bauð sýslumaður Sigurði að *kjósa sér talsmann* í máli þessu en hann óskaði þá eftir því að sýslumaður skipaði *einvern góðan mann* til að halda uppi vörnum fyrir sig í þessum málarekstri.

Fjórum dögum eftir yfirheyrslurnar á Flateyri var Sigurði birt opinber stefna og honum boðið að mæta fyrir rétt á Ísafirði og svara þar til saka fyrir óspektir þær sem hér var frá sagt.⁷⁰⁰ Á Ísafirði var þingað í málinu 25. nóvember og 6. desember 1895 og 13. janúar 1896 en dómur kveðinn upp 31. janúar 1896.⁷⁰¹ Við þessi réttarhöld voru lögð fram hegningarvottorð sem sýndu að hinn ákærði hafði aldrei fyrr sætt opinberri ákæru eða verið dæmdur fyrir lagabrot en aðeins verið undir rannsókn út af dauða Salómons Jónssonar.⁷⁰²

Sá sem sýslumaður skipaði verjanda í máli Sigurðar haustið 1895 var Grímur Jónsson, guðfræðikandidat frá Gilsbakka í Borgarfirði, sem þá var við kennslustörf á Ísafirði.⁷⁰³ Vörn hans í málinu var lögð fram í réttinum þann 13. janúar 1896 og krafist sýknu, enda sagði Grímur að skjólstæðingur sinn hefði aðeins *ráfað í meinleysi inn í hús ... og raulað [þar] lag fyrir munni sér*.⁷⁰⁴ Varnarræða Gríms er skemmtilegt plagg og birt í heild í bók Ásgeirs Jakobssonar sem hér var áður nefnd.⁷⁰⁵

Dóm sinn í þessu óspektamáli kvað sýslumaður upp 31. janúar 1896 og var Sigurður dæmdur til að greiða 5,- krónur í sekt til landssjóðs og líka allan málskostnað.⁷⁰⁶ Málskostnaðurinn var 18,75 krónur⁷⁰⁷ auk 5,- króna til skipaðs verjanda.⁷⁰⁸ Að sektinni til landssjóðs, sem fyrr var nefnd, meðtalinni var Sigurði því gert að greiða kr. 28,75 samkvæmt þessum undirréttardómi sýslumannsins á Ísafirði en sú upphæð svaraði þá til launa fyrir um það bil ellefu *dagsverk um heyannir*.⁷⁰⁹

Tíu dögum eftir uppkvaðningu dómsins voru stefnuvottarnir í Hólshreppi sendir á fund hins sakfellda til að birta honum dómsniðurstöðuna en Sigurður hafði þá aðsetur í einni af verbúðunum í

⁶⁹⁹ VA-D I, nr. 84. Útskrift úr dómsmálabók Ísafj.sýslu, réttarhald á Flateyri 14.10.1895 og á Ísafirði 13.1. og 31.1.1896.

⁷⁰⁰ VA-D I, nr. 84. Útskrift úr dómsmálabók Ísafj.sýslu, réttarhald á Ísafirði 6.12.1896.

⁷⁰¹ Sama askja. Útskrift úr dómsmálabók Ísafj.sýslu frá réttarhöldum á Ísafirði 25.11. og 6.12.1895 og 13.1. og 31.1.1896.

⁷⁰² Sama heimild.

⁷⁰³ Sama heimild.

⁷⁰⁴ Sama heimild.

⁷⁰⁵ Ásgeir Jakobsson 1987, 199-202.

⁷⁰⁶ VA-D I, nr. 84. Útskrift úr dómsmálabók Ísafj.sýslu, dómur 31.1.1896.

⁷⁰⁷ Sama askja, bréf landshöfðingja 10.4. og 6.5.1897 til amtmannsins í vesturamti.

⁷⁰⁸ Sama askja. Útskrift úr dómsmálabók Ísafj.sýslu, dómur 31.1.1896.

⁷⁰⁹ Stjórnartíðindi 1897 B, bls. 41-42.

Bolungavík og hlýddi þar á dómsúrskurð sýslumanns.⁷¹⁰ Kvaðst hann þá myndu una við dóminn og láta vera að áfrýja til æðri réttar.⁷¹¹

Svo fór að Júlíus Havsteen, amtmaður í suður- og vesturamti, ákvað hins vegar að skjóta málinu til landsyferréttar og var Sigurði Jóhannssyni stefnt fyrir þann dómstól með bréfi amtmanns sem dagsett var 4. apríl 1896.⁷¹² Illa gekk að birta Sigurði þessa nýju stefnu með lögmætum hætti. Þann 5. júní 1896 náðu stefnuvottarnir í Mosvallahreppi reyndar að hitta á Sigurð, þar sem hann var staddur í sölubúðinni á Flateyri, og létu hann þá vita af orðsendingu amtmanns.⁷¹³ Að réttu lagi mun hins vegar hafa átt að birta stefnuna á heimili þess stefnda og fór því amtmaður fram á að stefnan yrði birt Sigurði á nýjan leik og þá með lögmætum hætti. Sumarið 1896 var Hannes Hafstein orðinn sýslumaður í Ísafjarðarsýslu og í bréfi er hann ritaði amtmanni 17. september þá um haustið gerir hann grein fyrir af hverju stefnuvottarnir áttu svo erfitt með að hitta Sigurð heima og tekur fram að þeir hafi

*ekki getað orðað vottorð sitt svo að þeir hefðu birt stefnuna á heimili stefnda því þeir þóttust ekki vita hvort Sigurður, sem er lausamaður og hefur verið á amerískum flyðruveiðaskipum og öðrum fiskiskútum í allt sumar, ætti nokkurt lögheimili eða ekki um þessar mundir.*⁷¹⁴

Af þessum orðum Hannesar má gera sér nokkra grein fyrir aðstæðum Sigurðar á þessum tíma og þarna sést að hann hefur m.a. verið í skiprúmi hjá amerískum lúðuveiðurum sumarið 1896.

Þann 2. nóvember 1896 var óspektamál þessa lausamanns á Eyri tekið fyrir í landsyferrétti.⁷¹⁵ Verjandi Sigurðar fyrir landsyferrétti var Gísli Ísleifsson, sem þá var settur málflutningsmaður við réttinn, en sækjandi var Hannes Thorsteinson cand. jur.⁷¹⁶ Sá síðarnefndi gerði þá kröfu að undirréttardómurinn yrði þyngdur eða a.m.k. staðfestur og benti m.a. á að enda þótt Sigurður hefði aldrei fyrr sætt opinberri ákæru eða hlotið dóm þá hefði hann engu að síður sýnt sig *sem miður efnilegan borgara*.⁷¹⁷

Verjandi Sigurðar lagði hins vegar áherslu á að ekkert tilefni hefði verið til málsóknar á hendur skjólstæðingi sínum af hálfu hins opinbera og því aðeins kæmi til álita að dæma hann til refsingar ef einhver, sem teldi sig hafa orðið fyrir skaða eða ónæði af hans völdum, höfðaði einkamál.⁷¹⁸

⁷¹⁰ VA-D I, nr. 84. Yfirlýsing tveggja stefnuvotta í Hólshreppi, dagsett 10.2.1896.

⁷¹¹ Sama heimild.

⁷¹² Sama askja. Stefna amtmanns, Júlíusar Havsteen, dagsett 4.4.1896.

⁷¹³ Sama askja. Yfirlýsing tveggja stefnuvotta í Mosvallahreppi dagsett 5.6.1896. Skj.s. landsyferréttar, askja nr. 148. Dómsskjöl í málinu nr. 37/1896 og bréf Hannesar Hafstein, sýslumanns á Ísafirði, 17.9.1896 til Júlíusar Havsteen amtmanns.

⁷¹⁴ Sama bréf Hannesar Hafstein 17.9.1896.

⁷¹⁵ Skj.s. landsyferréttar, askja nr. 148. Dómsskjöl í málinu nr. 37/1896.

⁷¹⁶ Sama heimild.

⁷¹⁷ Sama heimild.

⁷¹⁸ Skj.s. landsyferréttar, askja nr. 148. Dómsskjöl í málinu nr. 37/1896.

Á þessi rök féllust dómarnir í landsyfirrétti. Þeir sýknuðu Sigurð Jóhannsson en gerðu landssjóði að greiða allan málskostnað.⁷¹⁹ Dómurinn var kveðinn upp 14. desember 1896.⁷²⁰ Sigurður gat því borið höfuðið hátt og hafði nú í annað sinn komist heill og sýkn saka frá viðskiptum sínum við réttvísina. Einkamál vegna óspekta hans á Flateyri höfðaði enginn og var því málið úr sögunni.

Sé litið yfir gögnin frá þessum nýnefnda málarekstri sýnist allt benda til hins sama um Sigurð *skurð* og hér var áður á minnst. Kæmist einstæðingur þessi í brennivín eða aðra sterka drykki hafði hann hátt, hóttaði mönnum illu og lét ófriðlega en þess verður ekki vart að hann hafi veitt nokkrum manni áverka og því síður misþyrmt fólki.

Málareksturinn frá 1895 veikir því heldur líkurnar á því að Sigurður *skurður* hafi orðið Salómon Jónssyni að bana en styrkir þær alls ekki. Enn eru þó sjálfsagt til margir menn sem telja nær fullvíst að Sigurður Jóhannsson hafi verið mannslagari og með sínum fantatökum hafi hann fyrirkomid Salómon. Í orðræðum um þau efni vitna þeir helst í ummæli höfð eftir Sigurði sjálfum og hann á að hafa látið falla síðar á lífsleiðinni. Þar er um tvær frásagnir að ræða sem báðar hafa það skýra auðkenni að vera í fullu samræmi við almannaróm en hafa upp á nákvæmlega ekkert að bjóða sem bendi til þess að byggt sé á trúnaðarsamtali við Sigurð.

Hina eldri þessara tveggja frásagna af *játningum* Sigurðar skráði Ingivaldur Nikulásson, fræðimaður á Bíldudal, um 1935 eftir Reinaldi Kristjánssyni, bónda og pósti, sem lengi átti heima á Kaldá í Önundarfirði. Reinald fór margar ferðir yfir Breiðadalsheiði og að minnsta kosti einu sinni varð Sigurður *skurður* honum samferða.⁷²¹ Frásögn Reinalds, sem Ingivaldur Nikulásson skráði, er á þessa leið:

Lögðum við svo af stað frá Ísafirði í vökulokin og á Breiðadalsheiði um nóttina fyrir Þorláksmessu. Var þá Siggi mátulega „hress“ til að ganga og varð okkur ekkert til farartálma. Þannig héldum við áfram yfir heiðina og ræddum margt. Sagði ég þá eitt sinn meðal annars: „Það þykist ég vita að það hafi verið óviljaverk hjá þér að drepa Salómon, þótt það tækist svona til.“ – „Já, það er satt,“ sagði hann „ég hafði haldið honum of lengi á grúfu niðri í snjónum svo hann var kafnaður þegar ég slepti honum en við vorum báðir drukknir.“⁷²²

Reinald heldur frásögn sinni áfram og kveðst hafa nefnt við Sigurð að seigur hafi hann verið að *sleppa úr þessu öllu*⁷²³ og þá hafi Sigurður gefið þetta svar:

⁷¹⁹ Landsyfirréttar- og hæstaréttardómar í íslenskum málum. V. bindi, bls. 358-359.

⁷²⁰ Sama heimild.

⁷²¹ Reinald Kristjánsson / Ingivaldur Nikulásson 1936, 19-20.

⁷²² Sama heimild.

⁷²³ Reinald Kristjánsson / Ingivaldur Nikulásson 1936, 19-20.

Það var nú mínu góða Torfafólki að þakka og Þorvaldi lækni því eins og þú manst voru þeir alltaf upp á kant, Skúli og Þorvaldur, og kom Þorvaldur til mín og bauð mér að skrifa kæru á Skúla.⁷²⁴

Vafamál hlýtur að vera hvaða mark má taka á þessari sögu sem sögð var þegar um það bil þrír áratugir eða meira voru liðnir frá því ferð þessi yfir Breiðadalsheiði var farin. Að svo langt var um liðið sést á því að í lok nefndrar ferðar fóru þeir Reinald og Sigurður báðir, að sögn hins fyrrnefnda, til Torfa Halldórssonar og Maríu konu hans á Flateyri⁷²⁵ en Torfi dó árið 1906.

Reinald getur þess að þeir Sigurður hafi ekkert vín drukkið í þessari ferð⁷²⁶ og um komu þeirra í Torfahús á Flateyri við lok hennar fer hann þessum orðum:

Síðan héldum við niður á Flateyri til Torfa og frú Maríu Össurardóttur og skorti þar ekki ágætar viðtökur. Mjög var Siggi auðmjúkur þar. Heyrði ég þá á samtali þeirra frú Maríu að það var satt sem hann hafði sagt mér.⁷²⁷

Þessi síðasta setning gerir frásögn Reinalds af því sem hann heyrði sagt á Breiðadalsheiði fyrir margt löngu reyndar mjög tortryggilega. Að Sigurður hafi farið að ræða meint dráp sitt á Salómon í tveggja manna tali uppi á heiði og lýsa síðustu viðskiptum þeirra gat út af fyrir sig hugsast. Hafi hann verið valdur að dauða Salómons er hitt aftur á móti nær óhugsandi að hann hafi tekið það sama tal upp aftur við Maríu Össurardóttur þegar komið var í hús á Flateyri eftir stranga ferð. Enn fráleitara er þó hitt að María hafi vakið þá umræðu í áheyrn þriðja manns. Af þessum ástæðum verður öll frásögn Reinalds af orðum Sigurðar að teljast varasöm og hætt við að hann hafi þarna látið ímyndunaraflíð hlaupa með sig í gönur eins og stundum hendir góða sögumenn þegar þeir á gamalsaldri greina frá einhverju því sem talað var á löngu liðinni tíð. Fari Reinald hins vegar rétt með mætti ætla að Sigurður *skurður* hefði í tíma og ótíma og að ýmsum viðstöddum verið að spjalla við Pétur og Pál um endalok Salómons og hvernig hann kæfði hann í skaflinum. Hætt er við að slík lausmælgí hefði fljótlega komið honum í koll og vakið réttvísina af dvala. Annað mál er það að karlinn kynni að hafa haft gaman af að láta skína í eitt og annað þegar hann var við skál til að halda hrollinum sem í kringum hann var við lýði. Vera má að í slíku tali hafi hann fundið nokkra svölun.

⁷²⁴ Reinald Kristjánsson / Ingivaldur Nikulásson 1936, 19-20.

⁷²⁵ Sama heimild.

⁷²⁶ Sama heimild.

⁷²⁷ Sama heimild.

Um hina frásögnina af *játningu* Sigurðar, sem birt er í 3. bindi ritsins Frá ystu nesjum er kom út árið 1945,⁷²⁸ þarf ekki að ræða því að í 4. bindi sama rits er að finna leiðréttingu viðkomandi höfundar sem sýnir að um algeran misskilning var að ræða.⁷²⁹

Óskar Jónsson frá Fjallaskaga er einn þeirra höfunda sem hafa ritað um Sigurð *skurð* en þeir voru samskipa á mótorbátnum Hjalta sem gerður var út frá Suðureyri í Súgandafirði haustið 1913.⁷³⁰ Óskar segir að Sigurður hafi aldrei minnst á *mál sitt* nema hann væri drukinn og þá hafi frásagnir hans verið alveg sitt á hvað.⁷³¹

Sigurður Jóhannsson *skurður* bjó löngum við þröngan kost og margt var honum andsnúið síðustu fimm árin sem hann átti heima hér á Eyri, 1892-1897. Vera má að hann hafi þá stundum litið á sjálfan sig sem hjábarn veraldar eða útlaga rekinn burt úr mannlegu félagi. Þó var honum sú gæfa léð að sjá til sólar margan dag. Líklegt er að þar hafi rímurnar og annar kveðskapur dugað honum best en hjálp var líka í þeim fáu manneskjum sem sýndu honum vináttuvott þegar harðast svarf að. Ýmislegt bendir til þess að hann hafi jafnan átt innhlaup hjá Torfa Halldórssyni og Maríu Össurardóttur á Flateyri og þar var ekki í kot vísað. Fyrir þeirra náð fékk hann að minnsta kosti að hírast öll þessi ár í kofunum á Eyri en þau Torfi og María voru aðaleigendur Eyrarjarðarinnar eins og hér hefur áður verið rakið. Um atvinnu Sigurðar á þessum árum og með hvaða hætti hann aflaði sér brauðs er margt á huldu en líklega hefur hann verið eitthvað á skútum og farið stundum til Bolungavíkur í ver.⁷³² Hann þótti jafnan ágætur verkmaður og þó einkum á sjó⁷³³ (sbr. hér Gilsbrekka). Að öllum jafnaði var hann líka ræðinn og skemmtinn, væri vinum að mæta, eins og hér verður nánar vikið að síðar (sjá hér Gilsbrekka), fróður um margt og oft með söng og kvæðalög á vörum.

Frá sambýliskonu Sigurðar, sem hér var áður nefnd (sjá hér bls. 27-29 og 32-33), Guðbjörgu Sveinfríði Sigurðardóttur, segir fátt. Ljóst er þó að hún hélt tryggð við hann þegar mest á reið og líklega hefur hann virt það við hana síðar því hjá henni kaus hann að liggja dauður (sjá hér Gilsbrekka). Um ástand mála í kotinu hjá Guðbjörgu þegar sambýlismaðurinn sat í varðhaldi á Ísafirði, grunaður um manndráp, veit nú enginn. Með einhverjum hætti náði hún að tóra og líka dóttir þeirra, tveggja ára, sem þar var hjá móður sinni. Síðar á sama ári kom annað barn undir hjá þeim Sigurði og Guðbjörgu og fæddist 2. september 1893.⁷³⁴ Eldri dóttirin hét Kristjana Ólöf Andrea en þessi hlaut nöfnin Guðbjörg Sveinfríður Konkordía.⁷³⁵ Því hefur faðirinn ráðið og augljóslega viljað nefna barnið í höfuðið á móður þess og að því er ætla má Konkordíu

⁷²⁸ Kristján Jónsson frá Garðsstöðum 1945, 88 (Frá ystu nesjum III).

⁷²⁹ Sami 1948, 163 (Frá ystu nesjum IV).

⁷³⁰ Óskar Jónsson 1956, 33-35 (Á sævarslóðum og landaleiðum). Sbr. Gunnar M. Magnúss 1977, 292-294.

⁷³¹ Sama heimild.

⁷³² Sbr. Ásgeir Jakobsson 1987, 193.

⁷³³ Jón Guðnason 1968, 228. Ásgeir Jakobsson 1987, 217-219.

⁷³⁴ Jón Guðnason 1968, 227.

⁷³⁵ Jón Guðnason 1968, 228. Ásgeir Jakobsson 1987, 217-219.

Sigurðardóttur, hinni ungu tómtúskonu sem andaðist, 24 ára gömul, hér á Eyri haustið 1891 (sjá hér bls. 33). Vottar við skírn Guðbjargar Sveinfríðar Konkordíu haustið 1893 voru foreldrarnir og Helga Þórarinsdóttir á Flateyri⁷³⁶ en hún var föðursystir sambýliskonu Sigurðar og gift hálfbróður hennar.⁷³⁷

Konu sinnar og dætra fékk hinn stolti *brotamaður* að almenningsálitu ekki að njóta til lengdar. Þegar tæplega tvö og hálf ár var liðið frá því hann kom heim úr varðhaldinu andaðist Guðbjörg Sveinfríður, barnsmóðir hans og sambýliskona hér á Eyri. Hún dó 32ja ára gömul 10. júlí 1894⁷³⁸ (sbr. hér bls. 32-33). Átta dögum síðar fékk Sigurður annað högg þegar dauðinn hremmdi líka yngri dótturina, Guðbjörgu Sveinfríði Konkordíu, sem aðeins var tíu mánaða gömul.⁷³⁹ Honum tókst þó að herða sig upp og dótturinni sem eftir lifði kom hann árið 1895 í fóstur hjá Einari Einarssyni, húsmanni á Selakirkjubóli, og Guðmundu Atladóttur, konu hans.⁷⁴⁰ Þessum hjónum fylgdi hún fjórum árum síðar að Tannanesi og andaðist þar 18 ára gömul vorið 1908.

Þegar hálfur annar mánuður var liðinn frá andláti Guðbjargar Sveinfríðar, tómtúskonu á Eyri, kom hreppstjórinn að skrifa upp þær eignir sem hún lét eftir sig og til stóð að bjóða upp.⁷⁴¹ Í uppskriftargerðinni er tekið fram að Sigurður Jóhannsson hafi vísað á munina.⁷⁴² Þau Sigurður og Guðbjörg Sveinfríður höfðu búið saman í fimm eða sex ár hér á Eyri en aldrei verið gift. Áður hafði hún hins vegar verið gift Kristjáni Friðrikssyni Mosdal, skútuskipstjóra sem fórst í hafi vorið 1887 en hann hafði áður verið verslunarmaður á Flateyri (sjá hér bls. 27-29 og Flateyri).

Eignir Guðbjargar Sveinfríðar, sem hreppstjórinn skrifaði upp, voru þessar:

1.	Fimm gamlar skruddur sem ekki voru virtar.	
2.	Undirsæng, yfirsæng, koddur og tvö lök	virt á 26,00 kr.
3.	Klæðispils, treyja og þrjú forklæði	- 22,00 kr.
4.	Vaðmálpils, tvær léreftstreyjur og lífstykki	- 5,50 kr.
5.	Tvær kistur og eitt lausarúm	- 22,00 kr.
6.	Saumavél og suðuvél með könnu og potti	- 25,00 kr.
7.	Íveruhús og heyhlaða	- 75,00 kr.
8.	Ein ær og eitthvað af matvöru	- 18,00 kr. ⁷⁴³

Samtals var virðingarverð þessara fátæklegu muna kr. 193,50 en sú upphæð svaraði þá til launa fyrir 74 *dagsverk um heynnir*.⁷⁴⁴

⁷³⁶ Prestspj.b. Holts í Önundarf.

⁷³⁷ Ól. Þ. Kr. / Önfirðingar.

⁷³⁸ Jón Guðnason 1968, 227.

⁷³⁹ Prestspj.b. Holts í Önundarf.

⁷⁴⁰ Sóknarm.töl Holts í Önundarf.

⁷⁴¹ Skj.s. sýslum. og sv.stj. Ís. Mosv.hr. 7. Úttektabók 1875-1905, bls. 142.

⁷⁴² Sama heimild.

⁷⁴³ Sama heimild.

⁷⁴⁴ Stjórnartíðindi 1895 B, bls. 29-30.

Uppboðið á eignum Guðbjargar Sveinfríðar fór fram 22. janúar 1895. Þar fékkst reyndar mun minna fyrir eignirnar en þær höfðu verið virtar á því á uppboðinu seldust þær á kr. 122,10.⁷⁴⁵

Íveruhúsið ásamt tveimur kofum keypti Ebenezer Sturluson á 30,- krónur, yfirsængina keypti Jens A. Guðmundsson á 14,- krónur, ána keypti Kjartan Rósinkranson á 9,30 krónur en saumavélina hreppti Guðmundur Andrésón fyrir 9,10 krónur.⁷⁴⁶ Sá síðast nefndi var reyndar hálfbróðir Guðbjargar Sveinfríðar og áttu þau sömu móður.⁷⁴⁷

Í uppskriftinni, sem birt er hér að framan, er ekkert á það minnst að þessari einu á sem Guðbjörg Sveinfríður átti hafi fylgt lamb. Svo reyndist þó vera og var það líka boðið upp. Lambið keypti Sigurður Jóhannsson og sýnist hafa greitt fyrir það kr. 3,90.⁷⁴⁸ Var það hið eina sem hann hlaut af eignum bústýru sinnar og barnsmóður.

Að Guðbjörgu Sveinfríði látinni þurfti Sigurður *skurður* að hugsa sitt ráð upp á nýtt. Hann fór þá að leita sér að öðru kvenfólki og gekk hreint ekki sem verst. Eitthvað var hann í þingum við Ólöfu Ólafsdóttur, húskonu á Eyri, sem hér hefur áður verið nefnd (sjá hér bls. 32) því með henni eignaðist hann dreng sem fæddist 21. júní 1895.⁷⁴⁹ Sá var skírður Ragnar Guðbjartur og náði að verða tíu mánaða gamall, dó 18. maí 1896.⁷⁵⁰

Vorið 1895 mun Sigurður hafa orðið að hrekjast úr *íveruhúsinu* sem hin látna sambýliskona hans hafði átt á Eyri, enda var þá búið að bjóða það upp eins og hér var frá greint. Að forminu til hafði hann verið vinnumaður hjá sambýliskonunni⁷⁵¹ en skömmu eftir lát hennar ákvað hann að gerast lausamaður og sótti um leyfisbréf til þess.⁷⁵² Þegar til kom gat hann hins vegar ekki greitt lögboðið gjald fyrir bréfið og var þá sektaður.⁷⁵³

Haustið 1895, þegar Sigurður sýslumaður Briem var sóttur til að taka Sigurð *skurð* í karphúsið fyrir hávaða og óspektir, hafðist sá síðarnefndi enn við í kofa á Eyri. Um þær mundir mun hann hafa átt hvað daufasta vist og átti þó að heita frjáls maður. Áður var frá því greint að á þessum haustdögum höfðaði nefndur sýslumaður opinbert mál á hendur einbúanum á Eyri fyrir hurðarbrot og óspektir. Í janúarmánuði árið 1896 dæmdi hann Sigurð í 5,- króna sekt (sjá hér bls. 68-71). Svo virðist sem Sigurður Briem sýslumaður hafi fyrirfram viljað tryggja að sektin, sem í vændum var, fengist greidd því með bréfi, dagsettu 14. október 1895, gaf hann Guðmundi Á. Eiríkssyni, hreppstjóra á Þorfinnsstöðum, fyrirmæli um að kyrrsetja allar eignir Sigurðar Jóhannssonar, tómthúsmanns á Eyri, og

⁷⁴⁵ Skj.s. sýslum. og sv.stj. Ís. Mosv.hr. 7. Úttektabók 1875-1905, bls. 144.

⁷⁴⁶ Sama heimild.

⁷⁴⁷ Eyjólfur Jónsson 1967, 49-50. Ól. Þ. Kr. / Önfirðingar.

⁷⁴⁸ Skj.s. sýslum. og sv.stj. Ís. Mosv.hr. 7. Úttektabók 1875-1905, bls. 144.

⁷⁴⁹ Jón Guðnason 1968, 227.

⁷⁵⁰ Sama heimild.

⁷⁵¹ Ásgeir Jakobsson 1987, 198.

⁷⁵² Sama heimild.

⁷⁵³ Sama heimild.

virða þær til peningaverðs.⁷⁵⁴ Í þessum erindagerðum kom Guðmundur hreppstjóri að Eyri nákvæmlega einni viku síðar.

Í uppskriftargerðinni frá 21. október 1895, sem enn er varðveitt, sjáum við hverjar hinar lítilfjörlegu eignir Sigurðar voru og þar standa líka þessi orð: *Sigurður vildi ekki vísa á munina og opnaði því hreppstjórinn með vottum kofann og virti það sem hann fann þar.*⁷⁵⁵

Munirnir sem fundust í kofa Sigurðar voru þessir:

- | | | |
|------------------------------------|--------|-------------------------|
| 1. Kamína með katli og þvöru | virt á | 2,00 kr. |
| 2. Pottur | - | 3,00 kr. |
| 3. Koffort | - | 1,00 kr. |
| 4. Skrúfstykki og hamar | - | 1,00 kr. ⁷⁵⁶ |

Samtals voru þessir munir virtir á 7,- krónur eins og sjá má og í kofanum var ekkert annað finnanlegt sem Sigurður taldist eiga. Líklega hefur þó einnig verið þar *yfirdýna, koddi og teppi og lak*, því hreppstjórinn hefur ritað þessi orð í bók sína en strikað þau síðan aftur út.⁷⁵⁷ Líklegasta skýringin á því er sú að þessi rúmfatnaður hafi blasað við augum hreppstjórans í hreysi tómt húsmannsins en kofabúinn hafi verið með þann viðlegubúnað í láni frá öðrum.

Sjálfur kofinn var hins vegar eign Sigurðar og var hann virtur á kr. 1,50⁷⁵⁸ og hefur því jafnast á við hálf tann koffort. Getur svo hver og einn reynt að gera sér í hugarlund hvernig þau húsakynni hafa litið út en minnt skal á að *íveruhúsið*, sem Sigurður hafði áður búið í með Guðbjörgu Sveinfríði, var, liðlega einu ári fyrr, virt ásamt heyllöðu á 75,- krónur (sjá hér bls. 74). Við missi sambýliskonunnar virðist kvæðamaður þessi því hafa hrapað niður margar tröppur í þjóðfélagsstiganum. Enn er þó eftir að geta þess að uppskrift sinni lýkur hreppstjórinn með því að taka fram að reyndar eigi Sigurður 45,- krónur útistandandi hjá Einari Einarssyni á Selakirkjubóli⁷⁵⁹ en hvernig á því hefur staðið er óleyst gáta. Vera má að þessir peningar hafi verið móðurarfur dóttur hans sem var í fóstri hjá nýnefndum Einari og Sigurður hafi haft umráð yfir peningunum sem lögráðamaður dóttur sinnar. Slík hugdetta hefur þó takmarkað gildi.

Haustið 1895 var Sigurður *skurður* 33ja ára gamall og sat þá á köldum klaka. Hina yfirvofandi sekt, sem olli því að hjá honum var gerð nýnefnd eignakönnun, þurfti hann þó aldrei að greiða og var þess áður getið (sjá hér bls. 69-71). Kofaræksni sínu með koffortinu og kamínunni mun þessi sárt leikni tómt húsmáður á Eyri hafa fengið að halda og áður en langir tímar liðu fór að glaðna til á ný í tilveru einbúans því þrek hans var enn óbugað.

⁷⁵⁴ Skj.s. sýslum. og sv.stj. Ís. Mosv.hr. 7. Úttektabók 1875-1905, bls. 125.

⁷⁵⁵ Sama heimild.

⁷⁵⁶ Sama heimild.

⁷⁵⁷ Sama heimild.

⁷⁵⁸ Sama heimild.

⁷⁵⁹ Sama heimild.

Hér var áður minnst á hjónin Einar Einarsson og Guðmundu Atladóttur á Selakirkjubóli sem tóku dóttur Sigurðar *skurðs*, Kristjönu Ólöfu Andreu, í fóstur árið 1895, skömmu eftir að móðir hennar andaðist (sjá hér bls. 74) og nú hefur verið sýnt fram á að þær fáu krónur sem Sigurður átti eða hafði umráð yfir lét hann fylgja barninu að Selakirkjubóli. Greinilegt er að þar hefur hann átt vinum að mæta og alveg skýrt að Kristjana dóttir hans var *fósturbarn* hjá þeim Einari og Guðmundu en ekki niðursetningur. Systir Einars hét Guðbjörg Einarsdóttir og var nákvæmlega einu ári eldri en hann, fædd 7. apríl 1863.⁷⁶⁰ Þessa konu náði Sigurður að laða til sambúðar við sig þegar flestir reyndu að loka hann úti frá mannlegu félagi. Varla hefur hún þó gengið til liðs við hann í gustukaskyni en hitt líklegra að í æðum hennar hafi runnið vænn skammtur af ævintýrablóði er komist gat á hreyfingu við þá fögru kveðandi sem einbúinn á Eyri hafði upp á að bjóða bæði í sæld og þraut. En hvernig sem því hefur verið háttað er alveg víst að fyrir lok ársins 1896 var hún komin undir hans þak hér á Eyri,⁷⁶¹ líklega í kofann sem nýlega hafði verið virtur til sama peningaverðs og hálf tannað koffort. Í stað hinnar fyrri Guðbjargar hafði Sigurður *skurður* nú fengið nýja Guðbjörgu og saman ákváðu þau að bjóða heiminum byrginn.

Árið 1897 virðast þau hafa farið frá Eyri og burt úr Mosvallahreppi⁷⁶² og sumarið 1899 voru þau komin að Stakkanesi við Skutulsfjörð⁷⁶³ en ekki er alveg ljóst hvar þau höfðust við næstu eitt til tvö árin þar á undan. Veturinn 1899-1900 voru þau á Stakkanesi með Hlöðve son sinn sem þá var á fyrsta ári.⁷⁶⁴ Sigurður var þá lausamaður og Guðbjörg ráðskona hans.⁷⁶⁵ Stakkanes, sem stundum mun hafa verið nefnt Stekkjanes eða Stekkjarnes,⁷⁶⁶ var gömul hjáleiga frá prestssetrinu Eyri í Skutulsfirði⁷⁶⁷ og stóð nær beint á móti verslunarhúsunum í Neðstakaupstað á Ísafirði, undir hlíðinni hinum megin við Pollinn og aðeins nær fjarðarbotninum, skammt ofan við fjöruna og um það bil einum kílómetra fyrir utan Grænagarð. Lendur þessarar gömlu hjáleigu eru nú fyrir löngu orðnar partur af kaupstaðarlandinu. Á Stakkanesi undu þau Sigurður *skurður* og fylgikona hans lífinu um skeið og þar fæddist hið elsta af fjórum börnum sem þau eignuðust. Aldamótaárið 1900 fengu þau síðan ábúð á kotbýli í Súgandafirði⁷⁶⁸ og þar munum við hitta Sigurð *skurð* enn á ný þegar staldrað verður við á Gilsbrekku (sjá hér Gilsbrekka).

Við höfum nú um sinn verið á sveimi í túninu á Eyri í Önundarfirði, hjá kartöflugarðinum þar sem Eyrarbærinn stóð á fyrri tíð (sjá hér bls. 1), en þar rétt hjá voru fáeinir torfkofar, sem þurrabúðarfólk hafðist við í á

⁷⁶⁰ Ól. Þ. Kr. / Önfirðingar.

⁷⁶¹ Sóknarm.töl Holts í Önundarf.

⁷⁶² Sama heimild.

⁷⁶³ Prestsþj.b. Eyrar í Skutulsfirði, fæddir sveinar 1899.

⁷⁶⁴ Sóknarm.töl Eyrar í Skutulsfirði.

⁷⁶⁵ Sama heimild.

⁷⁶⁶ Jarðab. Á. og P. VII, 160.

⁷⁶⁷ Jón Þ. Þór 1988, 225-227.

⁷⁶⁸ Jón Guðnason 1968, 228. Manntal 1901.

síðasta þriðjungi 19. aldar, eins og hér hefur áður verið gerð grein fyrir (sjá hér bls. 1-2, sbr. hér bls. 29-39).

Héðan frá Eyri munum við nú, eftir örskamma stund, leggja upp í gönguna fyrir Sauðanes, að Stað í Súgandafirði, en lítum þó fyrst enn einu sinni yfir sviðið, hið næsta gamla Eyrartúninu. Um Eyrarfjall, sem rís hömrum krýnt ofan við Eyri og þorpið á Flateyri hefur áður verið rætt (sjá hér bls. 2 og Flateyri) en fjallið nær utan frá Klofningsdal og inn undir landamerkin milli Eyrar og Hvilftar sem eru skammt fyrir innan Sólbakka.

Dálítið innan við Eyri en utanvert við Sólbakka er svolítill hvilft rétt neðan við klettana, sem ná að efstu brún, og heitir **Skollahvilft**.⁷⁶⁹ Sinn hvorum megin við hana eru neðan við klettana dálitlir hjallar og heita þeir **Skollahvilftarbelti ytra** og **innra**.⁷⁷⁰ Uppi í hamrabeltunum neðan við fjallsbrúnina er manngeng hilla sem heitir **Breiðhilla** og er hún víða grasi vaxin.⁷⁷¹ Snjóflóðið mikla sem féll á Flateyri aðfaranótt 26. október 1995 kom úr Skollahvilft. Tuttugu manneskjur týndu lífi í þeim hamförum.

Frá gamla bæjarstæðinu á Eyri og inn að landamerkjunum á móti Hvilft er aðeins tæplega einn og hálfur kílómetri. Þessum landamerkjum hefur áður verið lýst (sjá hér Hvilft) en þau liggja í fjallshlíðinni rétt fyrir innan **Litlahrygg** og **Litlahryggsgil** en þar fyrir utan er **Miðhryggur** og **Miðhryggsgil**.⁷⁷² Innst í landi Eyrar og rétt ofan við þjóðveginn stóð lengi íbúðarhúsið **Sólvellir**, sem nú er horfið, en það var reist á fyrri hluta 20. aldar. Þarna inn við landamerkin voru á fyrri tíð **Eyrarengjar**⁷⁷³ og náðu út að **Eyrargili** sem er niður undir bökkunum rétt fyrir innan Sólbakka.⁷⁷⁴ Í nánd við íbúðarhúsið, sem nú ber það nafn, er talið að verið hafi á fyrri öldum hjáleigan Bakkhús eða Bakkahús, sem hér hefur áður verið getið um (sjá hér bls. 3), en árið 1710 var hún fallin í eyði fyrir langa löngu.⁷⁷⁵ Land er hér vel gróið en grýtt hið efra vegna hruns úr fjallinu

Skammt utan við Sólbakka er **Eyrarhryggur**, sem einnig er nefndur **Eyrarleiti**, en í hlíðinni utan við leitið er **Merarhvammur**.⁷⁷⁶ Efst í hvamminum er svolítill grasbali sem heitir **Drúldubali**.⁷⁷⁷ Utan við Merarhvamm er **Innri-Bæjarhryggur**, aðeins spölkorn innan við Eyrarhjallana en rétt neðan við þá var gamla Eyrartúnið.⁷⁷⁸ Gamla skipalægið innan við Flateyri heitir **Bót** eða **Innri-Bót** en utantil við Flateyri er annar bugur við ströndina sem ýmist er nefndur Eyrarbót eða **Ytri-Bót**.⁷⁷⁹ **Hvalsteinn**, sem hér hefur áður verið getið um (sjá hér

⁷⁶⁹ Óskar Einarsson 1951, 50. Gunnlaugur Finnsson. – Viðtal K.Ó. við hann 3.7.1995.

⁷⁷⁰ Óskar Ein. 1951, 78-79.

⁷⁷¹ Sama heimild.

⁷⁷² Gunnlaugur Finnsson. – Viðtal K.Ó. við hann 3.7.1995.

⁷⁷³ Óskar Ein. 1951, 79.

⁷⁷⁴ Sama heimild. Gunnlaugur Finnsson. – Viðtal K.Ó. við hann 5.7.1995.

⁷⁷⁵ Jarðab. Á. og P. VII, 126.

⁷⁷⁶ Óskar Ein. 1961, 78-79.

⁷⁷⁷ Sama heimild.

⁷⁷⁸ Sama heimild.

⁷⁷⁹ Óskar Ein. 1951, 78-79.

Sólbakki), er innst í Bótinni,⁷⁸⁰ skammt fyrir utan Sólbakka. Bakkarnir ofan við Flateyri heita **Fjósbakkar** og ná á milli Bóta.⁷⁸¹ Um þá lágu **Melagötur** er svo voru nefndar.⁷⁸²

Við röltum nú niður Eyrartúnið, ofan í fjöruna rétt fyrir utan Flateyri. Í hinu forna Eyrartúni var áður flöt ein sem nefnd var **Kornbakur**⁷⁸³ en hér er nú margt umbreytt og óvíst hvar í túninu hún var. Eyrarbót eða Ytri-Bót er nafn á bugnum við sjávarströndina, rétt utan við Flateyri.⁷⁸⁴ Innan við hana er **Brimnes**, örskammt frá nýja ípróttahúsinu á Flateyri, en bótin nær frá Brimnesi út að **Skipakletti**⁷⁸⁵ sem blasir við í fjörunni lítið eitt utar. Á síðari hluta 19. aldar voru Eyrarmenn með uppsátur fyrir báta sína hér í Ytri-Bótinni þó að lending sé betri innan við Flateyri og auðveldara að koma þar bátum undan sjó.⁷⁸⁶ Óskar Einarsson læknir segir reyndar að lending Eyrarmanna hafi verið utan við Skipaklett⁷⁸⁷ og skoðun á staðnum gefur ekki tilefni til að rengja þá fullyrðingu því alveg rétt utan við klettinn virðist vera þokkaleg lending. Úr Innri-Bótinni var sjávargatan heim að Eyri talsvert lengri en héðan frá Skipakletti og héðan var líka styttra á miðin. Af þessum ástæðum hafa Eyrarmenn kosið að vera með báta sína í Ytri-Bótinni sem er því sem næst beint niður af hinu forna bæjarstæði á Eyri. Líklegt má telja að aðallending Eyrarmanna hafi alla tíð verið hér. Á fyrstu áratugum tuttugustu aldar var eitthvað af gömlum tóttum á sjávarbökkunum hér ofan við Eyrarbót en þær eru nú horfnar, enda var hér allmikið landbrot áður en hafist var handa því til varnar.⁷⁸⁸

Héðan úr Eyrarbót er um það bil þrjár og hálfur kílómetri út að Kálfeyri, hinni fornu verstöð Önfirðinga, sem er í landi Eyrar. Í Jarðabók Árna og Páls frá árinu 1710 segir að Eyrarmenn láti skip sín stundum ganga frá Kálfeyri á vorin til að stytta róðurinn en annars sé róið úr heimavör árið um kring.⁷⁸⁹ Lending var þá talin *sæmileg* í heimavörinni sem ætla má að þá hafi verið hér í Eyrarbót. Sumir tómtúsmennirnir sem höfðust við á Eyri á árunum 1870-1903 munu einnig hafa róið héðan til fiskjar í viðlögum. Síðasti bóndinn sem sat á Eyri drukknaði árið 1887 eins og hér hefur áður verið nefnt (sjá hér bls. 2 og 27-29) og þaðan í frá var aðeins tómtúsfólk á Eyri. Um bátaeign tómtúsmannanna er ekki vitað með vissu en Jón Guðmundsson búfræðingur, sem átti heima á Flateyri árið 1889, segir í dagbók sinni að 6. mars á því ári hafi Guðmundur Andrésón á Eyri farið á sjó og fengið 160 væna þorska.⁷⁹⁰ Á þessu má sjá að Guðmundur hefur haft ráð á bát en hann var þá ungur vinnumaður hjá

⁷⁸⁰ Óskar Ein. 1951, 78-79.

⁷⁸¹ Sama heimild.

⁷⁸² Sama heimild.

⁷⁸³ Sama heimild.

⁷⁸⁴ Sama heimild.

⁷⁸⁵ Sama heimild.

⁷⁸⁶ Kristján G. Þorvaldsson 1951, 66 (Árbók F.Í.).

⁷⁸⁷ Óskar Ein. 1951, 78.

⁷⁸⁸ Sama heimild, 65.

⁷⁸⁹ Jarðab. Á. og P. VII, 126.

⁷⁹⁰ Lbs. án safnnr. Gögn úr fornum Jóns Guðmundssonar, búfræðings á Veðrará. Dagbók hans 6.3.1889.

hálf systur sinni, Guðbjörgu Sveinfríði Sigurðardóttur, sem hér er frá sagt á öðrum stað (sjá hér bls. 27-29 og 32-33), ekkju síðasta bóndans á Eyri.⁷⁹¹ Ætla má að í þennan róður hafi Guðmundur farið héðan úr Eyrarbót en þá var þess skammt að bíða að róðrar frá hinni gömlu heimavör Eyrarmanna legðust algerlega niður. Búsetu fólks á Eyri lauk árið 1903 og um svipað leyti komu vélar í bátana á Flateyri.

Eyrarbótin nær út að Skipakletti sem er stakur klettur er skagar í sjó fram.⁷⁹² Talið er að þar við klettinn hafi skip og bátar lagt að landi, allt frá fornu fari.⁷⁹³ Frá sjávarbökkunum ofan við Skipaklett lítum við sem snöggvast upp til hlíðarinnar. Urðin mikla sem tók við fyrir utan túnið á Eyri er enn á sínum stað. Hryggurinn sem liggur þar upp fjallshlíðina heitir **Ytri-Bæjarhryggur** og upp af honum er **Bæjargil**.⁷⁹⁴ Utan við nýnefndan hrygg er **Votihvammur** og nokkru utar **Töðuhvammur** sem er skammt fyrir innan Klofningshrygg.⁷⁹⁵

Frá Skipakletti tökum við síðan strikið út fjöruna og göngum á einum stundarfjórðungi út að **Klofningnum** sem brátt verður sagt nánar frá. Nú er bráðum komin háfjara og **Brimnesskerin** komin upp, skammt undan landi.⁷⁹⁶ Spölkorn utan við Skipaklett er stakur klettur í sjávarbökkunum og heitir sá **Skjólklettur** en vík sem er skammt fyrir innan Klofning ber nafnið **Hættuvík**.⁷⁹⁷ Við nálgumst nú Klofning sem er allstór klettahamar er skagar í sjó fram svo ganga verður fyrir ofan hann.⁷⁹⁸ Hamar þessi er sundurklofinn að framan eins og nafnið bendir til og munu bátar geta stungið stafni í hann án þess að kenna grunns.⁷⁹⁹

Á fyrri tíð töldi ýmsir að í Klofningnum væri álfakaupstaður.⁸⁰⁰ *Sást þar bregða ljósum fyrir* og þaðan heyrðist bæði *strokkhljóð og barnsgrátur*, segir á einum stað.⁸⁰¹ Piltur frá Eyri sem var í fjárleit við Klofninginn varð þess líka eitt sinn var að þar voru menn að kasta upp afla úr fjöggra manna fari, bæði þorski og steinbít.⁸⁰² Með þessu fylgdist pilturinn svolitla stund en er hann hrasaði hvarf sýnin.⁸⁰³ Ein smálúða lá þó eftir í fjörunni. Hana tók hann heim og hafði til sannindamerkis um það sem fyrir hann hafði borið.⁸⁰⁴ Hér við Klofninginn heyrðu þeir sem einir voru á ferð líka stundum mannamál, þó hvergi sæist nokkur maður, og

⁷⁹¹ Sóknarm.töl Holts í Öndarf. Ól. Þ. Kr. / Önfirðingar.

⁷⁹² Óskar Ein. 1951, 78-79. Halldór Guðmundsson / Vestf. sagnir III, 211. Vestf. þjóðsögur III. 1, 58.

⁷⁹³ Vestf. þjóðsögur III. 1, 58.

⁷⁹⁴ Óskar Ein. 1951, 78-79.

⁷⁹⁵ Sama heimild.

⁷⁹⁶ Sbr. Óskar Ein. 1951, 51.

⁷⁹⁷ Óskar Ein. 1951, 78.

⁷⁹⁸ Halldór Guðmundsson / Vestf. sagnir III, 211.

⁷⁹⁹ Óskar Ein. 1951, 50. Kristján G. Þorvaldsson 1951, 64.

⁸⁰⁰ Vestf. þjóðsögur III. 1., 35-36.

⁸⁰¹ Sama heimild.

⁸⁰² Sama heimild.

⁸⁰³ Sama heimild.

⁸⁰⁴ Sama heimild.

áraglamm bar fyrir eyru á lygnum síðkvöldum þó að enginn sæist báturinn.⁸⁰⁵

Við Klofninginn er gott að eiga dvöl en eftir dágóða stund þokum við okkur upp úr fjörunni og virðum fyrir okkur það sem hér er að sjá.

Ofan við Klofning gengur Klofningshryggur nær þráðbeint í átt til fjalls og stefnir á fjallsöxlina rétt innan við Klofningsdal.⁸⁰⁶ Að innanverðu er Klofningshryggurinn nokkrar mannhæðir á hæð en fyrir utan hann liggur landið hærra svo þar rís hann ekki jafn hátt.⁸⁰⁷ Innan við hrygginn er á stóru svæði gróið land á sjávarbökkunum og teygist gróðurinn alllangt upp í bratta hlíðina. Utan við Klofningshrygg opnast Klofningsdalur, sem er hálend dalskora, aðeins liðlega hálfur kílómetri á breidd við dalsmynnið. Fyrir botni dalsins er Klofningsheiði en um hana lá á fyrri tíð alfaravegur frá Eyri í Önundarfirði að Stað í Súgandafirði.

Var þá farið fyrst út Eyrarhlíð eða sem leið lá út sjávarbakkana fyrir utan Eyri og stefnt á Klofningshrygg. Á þessum slóðum er nú (1995) ruddur vegur mun hærra í hlíðinni og mun vera jeppafær yfir hásumarið.⁸⁰⁸ Sá vegur var lagður árið 1957 eða því sem næst í tengslum við vatnsveituf framkvæmdir.⁸⁰⁹ Á því sem hér er ritað á öðrum stað má sjá að fimm menningarnir, sem lögðu upp frá Eyri 21. desember 1891 í ferð yfir Klofningsheiði, gengu fyrst út með hlíðinni og stefndu á *kverkina* (sjá hér bls. 55-56). Kverkin, sem þarna er nefnd, er í Klofningshrygg og blasir við þegar komið er innan að, allöngu áður en komið er að hryggnum. Hann slitnar þar nær alveg í sundur á svolitlu bili og á hann kemur lítilsháttar bugða eða hlykkur. Ætla má að menn sem lögðu upp frá Eyri og ætluðu yfir Klofningsheiði hafi mjög oft stefnt á þessa sömu *kverk* við upphaf ferðar. Frá henni lá reiðgatan í hlykkjum upp utanverðan Klofningshrygg og sér þar enn móta fyrir henni víðast hvar. Frá hæstu brún hryggsins lá gamla þjóðleiðin síðan fram innanverðan Klofningsdal og yfir urðina sem þar er framarlega í dalnum. Þegar komið var yfir hana var lagt á brattann og lá heiðarvegurinn upp ytri hlíð dalsins skammt frá dalbotninum. Þar er klettalaust en klettagirðing fyrir botni dalsins. Víða á Klofningsdal er enn hægt að fylgja hinni fornu reiðgötu en í brattri fjallshlíðinni, neðan við heiðarbrúnina, er hún líklega að mestu horfin vegna árennslis. Vegurinn yfir sjálfa Klofningsheiði liggur í liðlega 600 metra hæð yfir sjávarmáli og honum hefur áður verið lýst á þessum blöðum (sjá hér bls. 56) svo og þeirri ferð yfir heiðina sem frægust hefur orðið á síðari tímum (sjá hér bls. 55-59, sbr. bls. 60-66).

Yfir Klofningsheiði var farið bæði fótgangandi og á hestum en ríðandi menn urðu þó að fara af baki og teyma hestana upp mesta brattann áður en komið var á heiðarbrún. Stöku sinnum var farið yfir heiðina með

⁸⁰⁵ Vestf. Þjóðsögur III. 1., bls. 35-36.

⁸⁰⁶ Óskar Ein. 1951, 50. Kristján G. Þorvaldsson 1951, 64.

⁸⁰⁷ Óskar Ein. 1951, 50.

⁸⁰⁸ Gunnlaugur Finnsson. – Viðtal K.Ó. við hann 4.7.1995.

⁸⁰⁹ Sama heimild.

aðra stórgripi eins og saga sem Magnús Hjaltason færði í letur sýnir.⁸¹⁰ Hann segir þar að eitt sinn hafi Hallgrímur Lárentíusson, sem bjó á Gelti í Súgandafirði um 1840, ráðist í að kaupa kú af Nikulási Nikulássyni er þá bjó í Tungu í Valþjófsdal.⁸¹¹ Reyndar segir Magnús að Nikulás hafi búið í **Dalshúsum** sem er rangt⁸¹² en breytir engu um efni sögunnar þar sem m.a. er frá því greint að kýrin hafi verið flutt úr Valþjófsdal yfir á Flateyri og síðan hafi þeir Hallgrímur og Nikulás lagt af stað með hana yfir Klofningsheiði.⁸¹³ Frá þeirri ferð segir Magnús Hjaltason svo:

*Nikulás fylgdi Hallgrími með kúna allt norður á heiði en áður þeir skildu heimti Nikulás fylgdarkaup en Hallgrímur vildi eigi láta. Nikulás ætlaði þá að skera halann af kúnni en Hallgrímur galt þá fylgdarkaupið og skildu þeir svo.*⁸¹⁴

Að þessu sinni förum við ekki yfir heiðina en munum þess í stað ganga sem leið liggur með ströndinni fyrir Sauðanes. Áður en lengra verður haldið er þó rétt að staldra við hér í mynni Klofningsdals og svipast um. Innan við dalinn rís sem áður sagði Eyrarfjall en utan við hann tekur við fjallið Sauðanes sem skilur að Staðardal í Súgandafirði og ystu strendur við norðanverðan Önundarfjörð. Fjallið er sjö til átta kílómetrar á lengd og víðast hvar liggja klettabrúnir þess í 500-600 metra hæð. Uppi á Sauðanesi er mikið sléttlendi eins og svo víða á fjöllum uppi hér um slóðir. Hásléttan uppi á Sauðanesi er hvarvetna einn til tveir kílómetrar á breidd nema yst þar sem **Kleifarskál** skerst inn í fjallið norðanvert svo það mjókkar verulega. Innst á Sauðanesi er ytri brún Klofningsdals. Hjallinn á fjallsöxlinni, utanvert við dalinn, heitir **Urðarhjalli** en gilið framan við hjallann **Andrésargil**.⁸¹⁵ Brekkurnar, sem ná þvert yfir dalinn við mynni hans, heita **Dalabrekkur**.⁸¹⁶

Niður Klofningsdal rennur árspræna sem heitir Klofningsá og til sjávar skammt utan við Klofning. Neðst í dalkvosinni er svolítið gróðurlendi og brekkurnar upp frá ströndinni ágætlega grónar, beggja vegna árinna. Í Jarðabókinni frá 1710 er getið um fornbylið Klofninga og tekið fram að selið frá Hvilft sé nú þar sem býli þetta stóð áður.⁸¹⁷ Nánar ritar Árni Magnússon svo um þetta í nýnefndri bók:

Klofningar heitir fornt eyðiból hér í landinu þar sem nú stendur Hvilftarsel út með sjónum, langt fyrir utan Eyrarbæ. Þar sjást ljós byggingamerki af tótta- og girðingaleifum. Ekki

⁸¹⁰ Lbs. 2736^{4to}, bls. 137-139 (Magnús Hjaltason).

⁸¹¹ Sama heimild.

⁸¹² Manntöl 1840 og 1845. Ól. Þ. Kr. / Önfirðingar.

⁸¹³ Lbs. 2736^{4to}, bls. 137-139.

⁸¹⁴ Sama heimild.

⁸¹⁵ Óskar Ein. 1951, 78.

⁸¹⁶ Sama heimild.

⁸¹⁷ Jarðab. Á. og P. VII, 126.

*má hér byggja fyrir vatnsbrest og heyskaparleysi þó að túnstæði sé nokkurt.*⁸¹⁸

Árni Magnússon lætur þess einnig getið að Kálfhólar, sem eru ofan við Kálfeyri, séu *út lengra með sjónum* en þar var líka talið að búið hefði verið *í fyrndinni*.⁸¹⁹ Bæði þessi býli hafa þá verið hjáleigur frá Eyri og líka Hvannakrar sem eru talsvert utar og síðar verður frá sagt.

Frásögn Árna bendir eindregið til þess að í Hvilftarseli, þar sem áður stóð fornþýlið Klofningar, hafi búsmali enn verið nytkaður árið 1710. Um miðja 19. öld var selið hins vegar ekki lengur í notkun en Magnús Einarsson, sem þá bjó á Hvilft, vissi vel hvar það hafði verið, *kippkorn fyrir utan Klofningshrygg* eins og hann kemst að orði, og tóttirnar voru þá enn nefndar Hvilftarsel (sjá hér Hvilft). Sú hugmynd Magnúsar að selið frá Hvilft hafi enn fyrr verið út á Kálfeyri (sjá hér Hvilft) virðist hins vegar ekki studd neinum gildum rökum. Vera má að hann hafi átt við Kálfhólana, sem eru rétt fyrir ofan Kálfeyri, en þar voru tóttarústir að sögn Árna Magnússonar.⁸²⁰ Um hin margvíslegu ítök Hvilftar í landi Eyrar fyrir utan Klofningshrygg hefur áður verið fjallað og skal til þess vísað (sjá hér Hvilft).

Með orð þeirra Árna Magnússonar og Magnúsar Einarssonar í huga virðist mega slá því föstu að selið frá Hvilft hafi verið skammt frá Klofningsánni og ekki langt frá sjó því Árni segir það hafa verið *út með sjónum* eins og hér var áður nefnt. Ólafur Olavíus, sem ferðaðist um Vestfirði árið 1775, segir reyndar að fornþýlið Klofningur hafi verið í Klofningsdal⁸²¹ og hið sama nefnir séra Tómas Sigurðsson í sóknalýsingu sinni frá 1840⁸²² en hann hefur líklega tekið það upp eftir Olavíusi. Óhugsandi má þó kalla að býli hafi verið uppi í sjálfum dalnum því þar mun ætíð hafa verið lítið um gróður en um brekkurnar og sjávarbakkana neðan við dalinn gegnir öðru máli.

Af orðum Magnúsar Einarssonar á Hvilft verður ekki ráðið hvorum megin við ána sel Hvilftarmanna og fornþýlið Klofningar muni hafa verið því hann segir aðeins *kippkorn fyrir utan Klofningshrygg*. **Selhólar** eru skammt frá sjó, rétt utan við ána, og þar skulum við svipast um. Inn í hið ágæta rit Óskars Einarssonar læknis, *Aldarfar og örnefni í Önundarfirði*, hefur slæðst sú villa að Selhólar séu *innan við Klofningsá*⁸²³ en þeir eru alveg tvímælalaust utan við ána eins og Snorri Sigfússon tekur fram og Gunnlaugur Finnsson, bóndi á Hvilft, staðfestir en hann er nú (1995) allra manna kunnugastur á þessum slóðum.⁸²⁴

⁸¹⁸ Jarðab. Á. og P. VII, 126.

⁸¹⁹ Sama heimild.

⁸²⁰ Sama heimild.

⁸²¹ Ólafur Olavíus 1964 I, 178.

⁸²² Sóknalýsingar Vestfjarða II, 105.

⁸²³ Óskar Ein. 1951, 78.

⁸²⁴ Snorri Sigfússon 1969 II, 56. Gunnlaugur Finnsson. – Viðtal K.Ó. við hann 5.7.1995. Sbr. Halldór Guðmundsson / Vestf. Þjóðsögur III. 1, 59.

Sé gengið um Selhólana koma strax í ljós tvennar seltóttir og eru báðar mjög skammt fyrir neðan akveginn en svolítið ofan við brúnina á allhárri brekku sem liggur niður í fjöruna. Mjög skammt er á milli þessara tveggja selja. Í öðru þeirra er nú (1995) um það bil 7 metra löng tótt og virðist húsið sem þar stóð hafa verið þrískipt. Þessi tótt er innst og sýnist vera eldri en þær sem eru nokkrum metrum utar. Þar er stærsta tóttin um 5 metrar á lengd en í grennd við hana eru svo nokkrar smærri tóttir. Athygli vekur að við þessar síðast nefndu tóttir má sjá greinilegar leifar af fornum túngarði en í Jarðabókinni frá 1710 lætur Árni Magnússon þess getið að í Hvilftarseli, þar sem áður stóð fornbylíð Klofningar, séu ljós merki *af tótta- og girðingaleifum* (sjá hér bls. 82). Mjög líklegt verður því að telja að túngarðsbrotið sem enn stendur hér séu *girðingaleifarnar* sem Árni talar um og staðurinn sem við stöndum á sé hið gamla Hvilftarsel.

Á þessum slóðum mun Eyrarsel líka hafa verið á fyrri tíð og hugsanlegt er að það hafi um eitthvert skeið staðið hér aðeins innar þar sem nú er þrískipta tóttin sem fyrr var nefnd. Um slíkt er þó ekki unnt að fullyrða eitt né neitt því enn einar fornar seltóttir eru hér á næstu grösum, það er að segja um það bil 100 metrum utar en þær sem nú hefur verið sagt frá. Hér út frá er stærsta tóttin um það bil 3 x 4 metrar að flatarmáli og rétt hjá henni er grjóthlaðin kví sem mælist vera 2 x 5 metrar eða því sem næst. Vel má vera að á fyrri tíð hafi Eyrarselið verið hér um lengri eða skemmri tíma.

Þegar Torfi Halldórsson á Flateyri og kona hans, María Össurardóttir, hófu seljabúskap seint á 19. öld var langt um liðið frá því hætt var að mjalta ær Eyrarbænda í hinu forna Eyrarseli. Þau Torfi og María komu hins vegar upp nýju seli eins og frá er greint á öðrum stað í þessu riti og völdu því stað mjög nærri hinum fornu tóttum (sjá hér Flateyri). Með vissu er vitað að María Össurardóttir hafði hér ær í seli á árunum 1895-1897. Vel má vera að þau Torfi hafi byrjað seljabúskapinn talsvert fyrr en hins vegar ólíklegt að þau hafi stundað hann eftir 1897, nema þá í mjög skamman tíma. Selhús Torfa og Maríu mun hafa verið timburskúr því í bréfi frá sumrinu 1896 talar María um að hún hafi þurft að líma *pappír á rifurnar* í selinu (sjá hér Flateyri).

Ekki er alveg ljóst á hvaða bletti þetta yngsta selhús muni hafa staðið en einna líklegast má telja að það hafi verið reist á svolítilli flöt rétt utan við Klofningsána og skammt fyrir innan og neðan gömlu tóttirnar. Þar er grasið nú grænna en á þúfunum í kring. Þau Torfi og María á Flateyri voru síðasta fólkið í Vestur-Ísafjarðarsýslu sem hafði ær í seli og sumarið 1896 voru kvíaærnar hér í Selhólunum 60 að tölu (sjá hér Flateyri). Í einni heimild er frá því greint að hér út frá hafi málnytan verið *stórum meiri* en heima á Eyri⁸²⁵ og má ætla að sú hafi verið helsta ástæðan fyrir því að þau Torfi og María tóku upp seljabúskap þegar slíkir búnaðarhættir voru fyrir löngu aflagðir víðast hvar annars staðar.

Á þeim árum sem búsmali var síðast nytkaður hér í Eyrarseli var mikið athafnalíf í hvalstöðinni sem Norðmenn komu upp á Sólbakka,

⁸²⁵ Halldór Guðmundsson / Vestf. Þjóðsögur III. 1, 59.

skammt innan við Eyri árið 1889. Mikill fjöldi Norðmanna og Svía störfuðu þar á hverju sumri og stundum fylgdi þessum erlendu farandverkamönnum þó nokkur órói. Frá Sólbakka var ekki nema liðlega hálf tíma gangur út að selinu og til er rituð frásögn af óförum tveggja Svía sem hugðust notfæra sér varnarleysi selstúlkanna kvöld eitt sumarið 1897. Guðmundur Einarsson refaskytta, er síðar bjó mjög lengi á Brekku á Ingjaldssandi, var þá í vinnu á Sólbakka en lá þó stundum fyrir töfu úti á Sauðanesi. Frá viðskiptum sínum við Svíana tvo hér í Eyrarseli sagði hann síðar á þessa leið:

Torfi Halldórsson á Flateyri átti sel úti á Sauðanesi. Þá voru fráfærurnar tíðkaðar. Öll mjólk var unnin í selinu. Þar voru tvær stúlkur oftast og sváfu þar. Torfi sagði mér að koma við í selinu þegar ég væri á greni á Nesinu og þakkaði ég honum fyrir boðið.

Nú bar svo við eitt laugardagskvöld að ég kom af greni utan af Nesi. Ég hugsa mér að nú skuli ég hitta stúlkurnar og fá mér nóg skyr og mjólk því ég var búinn að hafa langa útivist.

Þegar ég nálgadist selið heyri ég óvanaleg öskur og óhljóð. Mér fannst það strax vera í stúlkunum og flaug samtímis í hug að nú væru þær í vanda staddar. Ég hraða því för minni eftir mætti. Þegar ég nálgast sé ég fljótt ástæðuna. Það eru tveir Svíar að brjótast inn í húsið því stúlkurnar höfðu lokað sig inni. Þeir voru búnir að brjóta glugga og á góðum vegi með að brjótast inn til þeirra.

Á löngu færi öskra ég til þeirra og dró víst ekki af. Ég skipaði þeim að hætta þessum leik samstundis. Þeim brá illa við er þeir sáu mig og létu blótsyrðin rigna á móti því þeir voru búnir að hafa kynni af mér áður þótt þetta væru ekki þeir verstu. Þrífur annar þeirra þá umsvifalaust talsverðan staur sem lá þar og veður á móti mér. Ég snara skoti í byssuna og segi Svíanum að stoppa, annars vaði skotið í hann á stundinni. Ég hef sjálfsagt hvorki verið blíðmáll né árennilegur því hann henti staurnum og hljóp burtu eins og fætur toguðu. Ég sá líka að hinum féllust hendur. Með skipandi rómi sagði ég þeim að nú ættu þeir aðeins um tvo kosti að velja. Annar væri sá að snauta strax heim eða ég myndi skjóta undan þeim lappirnar á svipstundi. Sýnilega þótti þeim hvorugur kosturinn góður en tóku þó umsvifalaust þann fyrri.

Ekki þáði ég mjólkina hjá stúlkunum að þessu sinni. Var þeim þó víst ljúft að svala þorsta mínum. Ég sagðist ætla að fylgja Svíunum heim. Ég þyrði ekki að eiga það á hættu að

*yfirgefa þá. Þeir gætu lagst í leyni og ég farið fram hjá þeim.
Þá mættu þær alveg eins búast við heimsókn þeirra aftur.*⁸²⁶

Guðmundur refaskytta greinir síðan frá því hvernig hann rak Svíana á undan sér alla leið inn að Sólbakka og þurfti þá öðru hvoru að hnippa í þá með byssunni svo að þeir snerust ekki á hæl og færu á ný til fundar við selstúlkurnar.⁸²⁷

Allhátt í fjallinu fyrir utan og ofan Selhóla eru ufsir sem heita **Seljanef**⁸²⁸ og bendir allt til þess að þær dragi nafn af Eyrarseli og Hvilftarseli sem hér hefur áður verið rætt um. Seljanefin eru utan við mynni Klofningsdals og taka við þar sem Urðarhjalla þrýtur⁸²⁹ en á hann var áður minnst (sjá hér bls. 82). Frá Eyrarseli er aðeins skammur spölur út að Kálfeyri en þaðan var flestum sjófærum bátum Önfirðinga haldið til veiða á hverri vorvertíð í margar aldir. Þennan spöl skulum við ganga löturhægt. Hið gróna land ofan við sjávarbakkana heitir **Faxavellir** og ná þeir frá Selhólunum út að **Kálfá**,⁸³⁰ lítilli ársprænu sem fellur til sjávar rétt innan við Kálfeyri. Fjallshlíðin ofan við Faxavelli heitir **Kolviðarhlíð**⁸³¹ og hefur ugglaust verið skógivaxin á fyrri öldum eins og nafnið bendir til.

Á sumardegi er hægt að aka í bíl frá Flateyri og nær alla leið að Kálfeyri en við höfum kosið að ganga. Við röltum fjöruna frá ósi Klofningsár að Kálfá. Kletturinn, sem stendur upp úr sjó fram undan Selhólunum eða rétt utan við þá, heitir **Stapi**.⁸³² Hér er mikið um sker fyrir landi, alveg innan frá Klofningi og út að Stapa.⁸³³ Eitt þeirra heitir **Tólfkarlabani** og er út og fram af Klofningsá.⁸³⁴ Sker þetta liggur litlu dýpra en táin á Klofningnum.⁸³⁵ Sú skýring er gefin á nafninu að eitt sinn hafi tólf vermenn á Kálfeyri tekið sig saman um að fara inn að Holti og vekja þar upp draug úr kirkjugarðinum en við upphaf ferðar hafi þeir strandað á þessu skeri og farist, allir sem einn.⁸³⁶ Nýnefnt sker kemur aðeins upp úr sjó um fjöru.⁸³⁷

Kálfá, sem fyrr var nefnd, er svolítill lækur og kemur upp í mynni **Kálfeyrardals** sem er lítill fjalldalur ofan við Kálfeyri.⁸³⁸ Dalskora þessi nær niður á ufsirnar, sem blasa við augum, en hlíðin neðan við þær heitir **Kálfeyrarhlíð**.⁸³⁹ Hólarnir uppi á sjávarbökkunum ofan við Kálfeyri munu nú oftast vera nefndir **Kálfeyrarhólar** en hið gamla nafn þeirra er

⁸²⁶ Theodór Gunnlaugsson / Guðmundur Einarsson 1960, 82-83.

⁸²⁷ Sama heimild.

⁸²⁸ Óskar Ein. 1951, 78.

⁸²⁹ Sama heimild.

⁸³⁰ Sama heimild.

⁸³¹ Sama heimild.

⁸³² Sama heimild.

⁸³³ Sama heimild.

⁸³⁴ Sama heimild.

⁸³⁵ Gunnlaugur Finnsson. – Viðtal K.Ó. við hann 5.7.1995.

⁸³⁶ Óskar Ein. 1951, 78.

⁸³⁷ Sama heimild.

⁸³⁸ Sama heimild.

⁸³⁹ Sama heimild.

Kálfhólar.⁸⁴⁰ Í Jarðabókinni frá 1710 er getið um *tóttarústir* í Kálfhólum og þau munnmæli að þar hafi verið býli í *fyrndinni*.⁸⁴¹

Tóttir þessar í Kálfhólum eru enn mjög greinilegar og virðast lítið hafa breyst á síðustu 300 árum. Þær liggja í svolítilli lægð, skammt fyrir ofan bakkabrúnina og beint upp af Kálfeyri. Innan við lægðina sem tóttirnar eru í er hár hryggur en annar lægri fyrir utan hana. Tvær stærstu tóttirnar eru samliggjandi og snúa út og inn. Sú efri er um það bil 10 x 3 metrar að flatarmáli en sú neðri 9 x 2,5 metrar eða því sem næst. Utan við neðri tóttina og áföst henni er lítil tótt og virðist grunnflötur hennar vera um það bil 2 x 2,5 metrar. Svolítið utar er fjórða tóttin, 2 x 4 metrar að flatarmáli og snýr frá fjöru til fjalls. Fleiri smátóttir kynnu að hafa verið hér en eru nú orðnar ógreinilegar. Árið 1710 töldu Önfirðingar að hér í Kálfhólum hefði verið *fornbýli* eins og áður var frá greint og má segja að stærð tóttanna bendi til þess að svo hafi verið. Án marktækra rannsókna er þó ekki hægt að fullyrða neitt um þetta. Minnt skal á að Magnús Einarsson, sem bjó á Hvilft fyrir og um miðja 19. öld, taldi að löngu áður hefði selið frá Hvilft verið á Kálfeyri (sjá hér Hvilft) og hefur þá líklega haft í huga þessar tóttir í Kálfhólum. Sú tilgáta að hér hafi aðeins verið sel getur þó ekki talist mjög sannfærandi því húsakynnin hafa greinilega verið mun stærri en venja var um selhús bænda í Önundarfirði og á nálægum slóðum. Vegna stærðar húsanna verður líka að teljast heldur ólíklegt að þetta séu fornar verbúðir, enda eðlilegra að reisa slík hús á grundinni, fyrir neðan bakkana, þar sem enn standa rústir búðanna sem vermenn á Kálfeyri höfðust við í og hér verður síðar sagt nánar frá (sjá hér bls. 109-110).

Svo mátti heita að Kálfeyri væri eina verstöðin í Mosvallahreppi um mjög langt skeið og héðan reru a.m.k. nítján bátar á vorvertíð þegar flest var⁸⁴² en á nítjándu öld voru bátarnir oft tíu til fimmtán.⁸⁴³ Frá Kálfeyri var sjór sóttur á bátum úr öllum Mosvallahreppi en þeir sem bjuggu í Valþjófsdal reru þó stundum frá Dalssjó á vertíðinni (sjá hér Kirkjuból í Valþjófsdal) og heimamenn á Eyri munu ýmist hafa róið frá Kálfeyri eða úr sinni heimavör.⁸⁴⁴ Allir sem áttu heima fyrir innan Valþjófsdal og fyrir innan Eyri reru hins vegar jafnan frá Kálfeyri á hinni árlegu vertíð, a.m.k. frá því um 1650 en fyrir miðja 17. öld mun tveimur eða þremur bátum hafa verið haldið til veiða frá Hvannökrom sem eru utar á Sauðanesi.⁸⁴⁵

Skýringu á nafninu Kálfeyri þekkja menn ekki en þess má geta að svolítið sker sem liggur hér fyrir landi heitir **Kálfur**.⁸⁴⁶ Vera má að það hafi fengið nafn á undan eyrinni. Um Kálfeyri er reyndar varla hægt að tala sem *eyri* í hinni venjulegustu merkingu þess orðs því hér er enginn lágur

⁸⁴⁰ Óskar Ein. 1951, 78.

⁸⁴¹ Jarðab. Á. og P. VII, 126.

⁸⁴² Sama heimild.

⁸⁴³ Ársrit Sögufél. Ísf. 1986, 97-98. H. Kr. 1987, 64 (Ársrit S.Í.). Skj.s. sýslum. og sv.stj. Ís. XX. B. 2. Verslunarskýrslur 1850-1878, *skipaskýrsla* úr Mosv.hr. frá árinu 1857. Lbs. 2560⁴⁰, Formannaríma Magnúsar Hjaltasonar, ort á Kálfeyri 21.6.1897.

⁸⁴⁴ Jarðab. Á. og P. VII, 126.

⁸⁴⁵ Sama heimild.

⁸⁴⁶ Sóknalýs. Vestfj. II, 104.

tangi sem skagar fram í fjörðinn, aðeins svolítill undirlendisræma eða sjávargrund ofan við fjöruna. Á þessari sjávargrund standa búðarústirnir en bakkarnir fyrir ofan ganga hér aðeins lengra fram en innan við Kálfána og af því mun eyrarnafnið vera dregið.

Í varðveittum heimildum er Kálfeyrar fyrst getið í máldaga kirkjunnar á Kirkjubóli í Valþjófsdal sem henni var settur af Sveini biskupi spaka Péturssyni þann 11. september árið 1470.⁸⁴⁷ Þar eru talin upp eignir og ítök sem Halldór Hákonarson hafði nýlega gefið kirkjunni og m.a. getið um *hundraðs eign í skóginum á Eyri ...* og

*eldiviðarstöðu á Kálfeyri til þess er hann má vel fluttur verða heim til títtnefnds Kirkjubóls og þar til þeirra hrossa beit á hverju ári sem greindur eldiviður er á fluttur til áðurnefndrar Kálfeyrar svo lengi sem þar stendur þörf til.*⁸⁴⁸

Skógurinn í landi Eyrar, sem þarna er minnst á, var í Barðsurðum⁸⁴⁹ en þær eru í hliðinni ofan við Stóra-Barð sem gengur í sjó fram yst í Bjargavík,⁸⁵⁰ tæplega einum kílómetra fyrir utan Kálfeyri. Í Gíslamáldaga frá árunum upp úr 1570 er getið um þetta skógarítak⁸⁵¹ en árið 1710 var skógurinn í Barðsurðum sagður gjöreyddur og það fyrir löngu því elstu menn minntust þess ekki að einhver not hefðu verið að honum.⁸⁵² Í máldaganum frá 1470 sést ekkert um verstöðina á Kálfeyri því þar er staðarins aðeins getið vegna nýnefndra réttinda Kirkjubólskirkju til að safna þar saman hrísinu úr Barðsurðum til geymslu meðan það biði flutnings yfir í lendinguna við Dalssjó, handan fjarðarins. Svo má heita að Kálfeyri sé beint á móti eyðibýlinu Mosdal, sem áður var ysti bær í Mosvallahreppi, en þaðan eru um það bil þrír og hálfur kílómetri inn að lendingunni við Dalssjó, heimavör þeirra sem bjuggu á Kirkjubóli í Valþjófsdal. Fljótlegt hefur verið að róa með hrísið yfir fjörðinn í góðu veðri því vegalengdin frá Kálfeyri að lendingunni við Dalssjó er aðeins tæplega fimm kílómetrar sé farið beint.

Þó ekki sé getið um verstöðina á Kálfeyri í máldaganum frá 1470 má telja mjög líklegt að útróðramenn hafi komið sér hér fyrir allöngu fyrr. Í þeim efnunum skortir þó öll sönnunargögn. Árið 1775 voru helstu kostir þessarar verstöðvar, auk nálægðar við miðin, taldir vera trygg lending og góð mül en mölin var þó í grófara lagi.⁸⁵³ Hér á Kálfeyri var lendingin rétt utan við skerið sem nefnt er Kálfur og áður var getið um.⁸⁵⁴

Fyrstu ótvíræðu heimildirnar um verstöð á Kálfeyri eru frá því á 17. öld og er þar helst að nefna orð Bjarna Bjarnasonar frá **Hesti** í

⁸⁴⁷ D.I. V, 579-580.

⁸⁴⁸ Sama heimild.

⁸⁴⁹ Jarðab. Á. og P. VII, 96.

⁸⁵⁰ Óskar Ein. 1951, 77-78.

⁸⁵¹ D.I. XII, 296.

⁸⁵² Jarðab. Á. og P. VII, 96.

⁸⁵³ Ól. Olavius 1964 I, 185.

⁸⁵⁴ Gunnlaugur Finnsson. – Viðtal K.Ó. við hann 5.7.1995.

Önundarfirði sem rekinn var úr Skálholtsskóla árið 1664 vegna galdrablaða sem hann hafði með sér í skólann og léði þar öðrum pilti (sjá hér Hestur). Við yfirheyrslur í Skálholti greindi Bjarni frá því að þessi galdrablöð hefði hann skrifað upp í *Kálfeyrarveiðistöðu* fyrir þremur árum eftir kveri eins vermannsins þar en á blöðunum var m.a. að finna stafi sem ætlaðir voru til að *gera konur lauslátar* og til að komast að því hvort þessi eða hin *kvensnipt* muni vera hrein mey (sjá hér Hestur). Ekki er ólíklegt að margur vermaðurinn í þessari veiðistöð hafa haft hug á að afla sér þekkingar í slíkum fræðum og því verið freistandi að grípa til galdrastafanna.

Það var vorið 1661 sem strákurinn Bjarni frá Hesti var að tileinka sér galdrakúntina hér á Kálfeyri og færa í letur forna stafi. Rösklega tveimur áratugum fyrr mun vermönnum sem héðan reru hins vegar hafa orðið tíðrætt um þá undarlegu fiska sem rak á land í Önundarfirði haustið 1637 ef marka má frásögn Gísla Þorkelssonar á Setbergi við Hafnarfjörð sem í annál sínum segir frá á þessa leið:

Um allraheilagramessuleyti [árið 1637] rak upp þess háttar fiska eður sjóorma í Önundarfirði vestur á Vestfjörðum. Þessir fiskar voru alin að lengd og þaðan af styttri en á digurð að jafna við lítinn þorsk. Búkurinn allur sléttur án ugga en á halanum hvass spaði, því líkast sem atkershlýri. Taug ein mjó sem strá eður digur þráður var á milli bols og höfuðs svo sem fyrir hálsinn en út úr höfðinu allt um kring voru angar eður angalíur, mótlíkt og kóngulóarklær, með liðum mörgum, og þær voru langar. Meina menn að ormar þessir með þeim syndi. Rak þessa sjóorma nokkrum hundruðum saman í Önundarfirði og víkunum og voru allir dauðir. Svo var sem húðin ætti ekki skylt við kroppinn, heldur hvapti utan á eins og hvelja á grásleppu.⁸⁵⁵

Elsta heimild um verstöðina á Kálfeyri sem einhver verulegur veigur er í er Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns en í henni er byggt á upplýsingum frá árinu 1710. Þar segir svo:

Kálfeyri heitir við sjóinn niður frá Kálfhólum. Þar er verstaða góð á vor frá sumarmálum og til Maríumessu. Halda þá sveitarmenn almennilega skipum sínum úr allri sveitinni fyrir innan Valhjófsdal og hafa hér gengið flest 19 skip, oft færri, í vor gengu þar 16.

Vertollur hefur hér áður almennilega verið 2 fjórðungar fiska af hverjum manni en nú nokkur ár hefur hér miðlun á verið, að þá lítið hefur aflast hefur vertollurinn verið nokkuð minni, svo sem fjórðungur eða hálfur annar

⁸⁵⁵ Annálar IV, 87-88.

fjórðungur af hverjum sem á skipunum reru. Vertollana hefur landsdrottinn sjálfur uppborið en leiguliði ekki.

Búðirnar hafa skipeigendurnir uppbyggt að viðunum en torfristu og stungu hafa þeir haft í Eyrarlandi.⁸⁵⁶

Um vertollinn skal þess getið til skýringar að 5 kíló voru í hverjum fjórðungi og því hefur tollurinn verið 10 kíló af hverjum vermanni undir lok 17. aldar. Ætla má að þarna sé miðað við hertan fisk eða skreið. Í Jarðabókinni frá 1710 sjáum við að á árunum kringum 1700 var þessi tollur lækkaður niður í 5 eða 7,5 kíló þegar illa fiskaðist. Sé miðað við tvo fjórðunga, það er 10 kíló af fiski, af hverjum vermanni og gert ráð fyrir 90 vermönnum (15 x 6) þá hefur heildargreiðslan til landeigenda verið 900 kíló á ári eða 900 fiskar því gert var ráð fyrir að hver gildur fiskur við kaup og sölu á skreið væri eitt kíló.⁸⁵⁷ Í kaupsetningu sinni frá árinu 1618 lagði Ari Magnússon, sýslumaður í Ögri, 30 harða fiska í hverja vætt⁸⁵⁸ en 6 vættir voru í hverju kýrverði samkvæmt landaurareikningi. Sé miðað við kaupsetningu Ara hafa því verið 180 kíló af skreið í hverju kýrverði og ættu þá tekjur landeigenda af vertollunum frá Kálfeyri að hafa numið sem svaraði 5 kýrverðum á ári á sautjándu öldinni. Í byrjun 18.aldar munu dönsku einokunarkaupmennirnir, sem hér versluðu, hafa gefið 3 ríkisdali og 32 skildinga fyrir hvert skipfund af hörðum fiski,⁸⁵⁹ það er einn skilding fyrir pundið, sem sýnir að fyrir 900 kíló af hörðum fiski mátti fá 18 ríkisdali og 72 skildinga væri hann seldur kaupmönnum. Í innanlandsviðskiptum var hver ríkisdalur yfirleitt metinn á 30 álnir frá því á 15. öld og fram á 19. öld⁸⁶⁰ og kýrin sem jafnan var virt á 120 álnir kostaði því 4 ríkisdali. Með þá viðmiðun í huga verður niðurstaðan sú að í byrjun 18. aldar hafi landeigendur fengið sem svaraði 4 og 2/3 úr kýrverði á ári í vertolla frá Kálfeyri. Útkoman má því heita sú sama og þegar miðað var við kaupsetningu Ara í Ögri frá árinu 1618.

Eins og áður var getið voru vertollarnir lækkaðir skömmu fyrir 1710 og urðu þá einn til einn og hálfur fiskafjórðungur af hverjum manni í stað tveggja fjórðunga. Sé gert ráð fyrir minnstu greiðslu, það er einum fiskafjórðungi af hverjum vermanni, ættu árlegar tekjur landeigenda af vertollunum þó ekki að hafa farið niður fyrir 9 ríkisdali sé reiknað með óbreyttum fjölda vermannanna, það er 15 bátum með 6 mönnum í hverri áhöfn. Með hliðsjón af því kemur nokkuð á óvart að í jarðabók frá árinu 1805 eru vertollarnir frá Kálfeyri aðeins sagðir nema 5 ríkisdöllum og 64 skildingum á ári.⁸⁶¹ Líklegasta skýringin á þessu er sú að tollurinn af hverjum manni hafi lækkað enn frekar áður en 18. öldinni lauk eða um aldamótin 1800, því vitað er að vorið 1811 gengu t.d. 13 bátar frá Kálfeyri

⁸⁵⁶ Jarðab. Á. og P. VII, 126.

⁸⁵⁷ Gísli Gunnarsson 1987, 28.

⁸⁵⁸ Jón J. Aðils 1971, 368.

⁸⁵⁹ Sama heimild, 393.

⁸⁶⁰ Gísli Gunnarsson 1987, 258. Jón J. Aðils 1971, 418-420.

⁸⁶¹ Rtk. Jarðabækur V. 16. Ísafj.sýsla 1805.

(sjá hér bls. 92) og munu flestir þeirra hafa verið sexæringar eða áttæringar (sjá hér bls. 94). Óhætt mun því að gera ráð fyrir að á fyrstu árum 19. aldar hafi tala vermanna oft verið í kringum 90 eða álíka fjöldi og verið hafði hundrað árum fyrr.

Á árunum kringum 1880 þurftu þeir sem reru á Kálfeyri enn að greiða nokkra fjárhæð í vertoll eins og sjá má í verslunarbókum frá verslun Hjálmars Jónssonar á Flateyri. Sem dæmi má nefna að árið 1881 greiddi Guðmundur Pálsson, sem þá bjó á Vöðlum en síðar á Kirkjubóli í **Bjarnardal**, 3,33 krónur í *vergjald*⁸⁶² og má ætla að það hafi verið Kálfeyrartollur. Til samanburðar við fjárhæðina sem Guðmundur greiddi í vertoll skal þess getið að árið 1881 var *eitt dagsverk um heyannir* virt á 2,45 krónur.⁸⁶³

Hér hefur áður verið frá því greint að tekjur af vertollunum frá Kálfeyri skiptust um mjög langt skeið milli eigenda Eyra og Hvilftar og þá þannig að þeir sem áttu Eyri fengu þrjá fimmtu hluta (sjá hér Hvilft). Sú regla var í fullu gildi árið 1805⁸⁶⁴ og var staðfest með dómi árið 1852 (sjá hér Hvilft). Skýringin á þessu og fleiri réttindum Hvilftarmanna í landi Eyra, fyrir utan Klofningshrygg, var sú að á 15. og 16. öld hafði bænhús, sem þá stóð á Hvilft, átt fimm hundruð í Eyri eða liðlega fimmtung allrar jarðarinnar en um hin ýmsu réttindi Hvilftarmanna á Kálfeyri og Sauðanesi mun hafa verið samið er þau jarðarhundruð voru látin af hendi (sjá hér Hvilft).

Í Jarðabókinni frá 1710 segir að vertíð hafi staðið á Kálfeyri frá sumarmálum og til Maríumessu, það er frá því um og upp úr 20. apríl til 2. júlí því þarna hlýtur að vera átt við Þingmaríumessu. Um miðbik 19. aldar mun vertíðin hafa staðið heldur lengur, a.m.k. sum árin, því séra Tómas Sigurðsson í Holti segir í sóknalýsingu sinni frá árinu 1840 að hún hefjist um sumarmál og endi í 12. viku sumars,⁸⁶⁵ það er í sumarvikunni sem hefst á bilinu frá 4. til 10. júlí. Guðmundur Á. Eiríksson, hreppstjóri á Þorfinnsstöðum, sem fæddur var árið 1853 og ritaði um atvinnuhætti Önfirðinga eins og þeir voru á árunum kringum 1860, segir hins vegar að yfirleitt hafi vertíðinni á Kálfeyri lokið *10 vikur af sumri*⁸⁶⁶ sem kemur alveg heim við orð Árna Magnússonar í Jarðabókinni frá 1710.

Í varðveittum heimildum frá síðustu áratugum 19. aldar sést að á því skeiði byrjuðu menn stundum róðra frá Kálfeyri allmörgum dögum fyrir sumarmál. Þann 10. apríl 1889 var til dæmis farið á sjó frá Kálfeyri.⁸⁶⁷ *Í dag fóru flestallir í verið*, skrifar Jón Guðmundsson frá Grafargili líka í dagbók sína 10. apríl 1894⁸⁶⁸ en hann átti alla ævi heima í hinum forna Mosvallahreppi. Þann 13. apríl 1890 voru menn komnir í ver á Kálfeyri því

⁸⁶² Hsk á Ísafirði, kassi 240 (aðfanganúmer 1052). Skiptabók 1881-1886 frá verslun Hjálmars Jónssonar á Flateyri.

⁸⁶³ Stjórnartíðindi 1882 B, bls. 32-33.

⁸⁶⁴ Rtk. Jarðabækur V. 16. Ísafj. sýsla 1805.

⁸⁶⁵ Sóknalýs. Vestfj. II, 105.

⁸⁶⁶ Guðm. Á. Eiríksson 1957, 66.

⁸⁶⁷ Lbs. 4582⁴⁰, Dagbók Jóns Guðmundssonar frá Grafargili 10.4.1889.

⁸⁶⁸ Sama dagbók 10.4.1894.

þann dag skrifar sami maður: *Brennir komnir í ver ... nú erum við á leið líka.*⁸⁶⁹ Jón frá Grafargili greinir líka stundum frá vertíðarlokum og heimferð manna úr verinu á Kálfeysi. Þann 28. júní 1890 segir hann menn vera að flytja sig úr verinu og 9. júlí 1888 getur hann þess að menn séu komnir úr veri.⁸⁷⁰ *Eru Kálfeysingar að flytja sig heim úr verinu*, skrifar sami maður 4. júlí 1895.⁸⁷¹

Af öllu þessu má sjá að enda þótt hinn fasti tími sem Önfirðingar voru í veri væri 10 vikur, frá sumarmálum til Þingmaríumessu, þá gat komið fyrir að menn lengdu vertíðina í annan endann eða báða og gat hún því staðið allt upp í 12 vikur en varla lengur, þó ef til vill kynnu að finnast einstök dæmi um það. Á árunum upp úr aldamótunum 1900 munu einstaka menn líka hafa stundað sumarróðra frá Kálfeysi utan hins hefðbundna tíma sem ætlaður var fyrir vertíðina.⁸⁷² Oft var köld aðkoma á Kálfeysi þegar byrjað var að róa snemma á vorin. – *Þegar við fórum í verið urðum við að moka skörð í móðinn til að koma skipunum upp*, skrifar Jón frá Grafargili vorið 1887.⁸⁷³

Fjöldi bátanna sem reru frá Kálfeysi var nokkuð breytilegur. Á síðari hluta 17. aldar eða árunum kringum aldamótin 1700 urðu þeir 19, þegar fjöldi þeirra var mestur, en voru 16 árið 1710 eins og hér var áður nefnt. Árið 1811 gengu 13 bátar frá Kálfeysi og 5 aðrir bátar voru þá gerðir út af bændum í Mosvallahreppi á vertíðinni.⁸⁷⁴ Ætla má að þessir fimm hafi róið úr heimavör bændanna í Valþjófsdal og e.t.v. frá Mosdal og Eyri. Hér hefur áður verið sagt frá mannskaðanum mikla sem Önfirðingar urðu fyrir vorið 1812 þegar sjö bátar úr Mosvallahreppi og af Ingjaldssandi fórust með allri áhöfn á einum og sama deginum (sjá hér Mosvallahreppur, inngangskafli). Á bátunum sjö voru 49 menn og drukknðu þeir allir eins og hér hefur áður verið rakið en áhöfninni af áttunda bátum sem týndist í hafi tókst að bjarga (sjá hér Mosvallahreppur, inngangskafli). Af bátunum sjö sem fórust með allri áhöfn 6. maí 1812 voru þrír af Ingjaldssandi en fjórir úr Mosvallahreppi og má ætla að a.m.k. þrír þeirra hafi róið frá Kálfeysi en verið getur að Ólafur Jónsson, hreppstjóri í Mosdal, sem var formaður á einum þessara báta, hafi róið úr heimavör.

Við hið mikla áfall sem Önfirðingar urðu fyrir vorið 1812 dró mjög úr sjósókn þeirra og næstu árin voru bátarnir sem reru frá Kálfeysi mun færri en áður hafði verið. Í bréfi sem prestarnir séra Þorvaldur Böðvarsson og séra Ásgeir Jónsson skrifuðu biskupi 12. júlí 1822 greina þeir frá því að þá um vorið hafi aðeins þrír bátar gengið til veiða frá Kálfeysi í stað þrettán ellefu árum fyrr og úr öllum hreppnum hafi sjö bátar verið gerðir út á síðustu vorvertíð í stað átján fyrir ellefu árum.⁸⁷⁵

⁸⁶⁹ Lbs. 4582⁴⁰, Dagbók Jóns Guðmundssonar frá Grafargili 13.4.1890.

⁸⁷⁰ Sama dagbók 28. júní 1890 og 9.7.1888.

⁸⁷¹ Sama dagbók 4.7.1895.

⁸⁷² Gunnar M. Magnúss 1978, 101-104.

⁸⁷³ Lbs. 4582⁴⁰, Dagbók Jóns Guðmundssonar frá Grafargili vorið 1887.

⁸⁷⁴ Halldór Kristjánsson 1987, 64-65 (Ársrit S.Í.).

⁸⁷⁵ Halldór Kristjánsson 1987, 64-65 (Ársrit S.Í.).

Ekki er kunnugt um að nokkur bátur hafi farist frá Kálfeyri á þeim árum sem liðin eru frá mannskaðanum mikla árið 1812 en frá þessari fornu verstöð var róið allt fram undir 1930. Í dánardálkum prestsþjónustubókanna frá Holti er aldrei minnst á bátstapa frá Kálfeyri eftir 1812⁸⁷⁶ og þeir Önfirðingar sem drukknuðu í sjó á árunum 1813-1930 voru ekki hér við róðra er þeir lögðu upp í sína hinstu för. Nefna má að Jón Jónsson, hreppstjóri á Kirkjubóli í Bjarnardal, sem drukknaði í fiskiróðri ásamt tveimur öðrum Önfirðingum 25. maí 1871⁸⁷⁷ reri þá frá Súgandafirði. Vitneskjan um að svo hafi verið kemur reyndar ekki frá prestinum í Holti en í annál Hjálmars Jónssonar, kaupmanns á Flateyri, þar sem hann gerir grein fyrir helstu atburðum ársins 1871, stendur skýrum stöfum að báturinn sem Jón var formaður á hafi farist í fiskiróðri úr Súgandafirði, seint í maímánuði.⁸⁷⁸ Að vísu nefnir Hjálmar formanninn Jón Jónsson á Mosvöllum en getur ekki um búsetu hans á Kirkjubóli. Greinilegt er þó að hann á þarna tvímælalaust við sama slys og prestur segir hafa orðið 25. maí 1871, enda hafði nýnefndur Jón Jónsson búið lengi á Mosvöllum áður en hann fluttist að Kirkjubóli undir lok ævinnar.⁸⁷⁹

Flestir Önfirðingar sem drukknuðu í sjó á síðari hluta 19. aldar týndu lífi er þilskip fórust í hafi. Með þeim hætti misstu Önfirðingar 18 menn úr Mosvallahreppi á árunum 1880-1887.⁸⁸⁰ Sex þeirra fórust með skonnortunni Agli Skallagrímssyni haustið 1880 (sjá hér Flateyri), fjórir með skútunni Jóhannesi frá Ísafirði vorið 1882,⁸⁸¹ sex voru á Jeanette og tveir á Skarphéðni⁸⁸² en þau skip fórust bæði með allri áhöfn vorið 1887 (sjá hér Flateyri).

Hér var áður frá því greint að vorið 1822 hefðu bátarnir sem gengu til veiða frá Kálfeyri aðeins verið þrír. Þrjátíu árum síðar hafði þeim fjölgað verulega á nýjan leik því vorið 1852 reru héðan 15 bátar⁸⁸³ eða álíka margir og verið hafði á fyrstu árum nítjándu aldar. Af bátunum sem reru frá Kálfeyri vorið 1852 voru tveir frá Eyri og Flateyri og þrír frá bæjunum í Valþjófsdal.⁸⁸⁴ Svo virðist sem allir bátar úr Mosvallahreppi sem sóttu sjó á þessari vertíð hafi þá róið héðan frá Kálfeyri því aðeins 14 skip voru til í hreppnum haustið 1852,⁸⁸⁵ einu færri en róið höfðu frá Kálfeyri þá um vorið. Í hreppsþók Mosvallahrepps eru 14 skip sögð hafa verið til í hreppnum haustið 1852 eins og hér var nefnt en með orðinu *skip*

⁸⁷⁶ Prestsþj.b. Holts í Önundarf.

⁸⁷⁷ Sama heimild. Ól. Þ. Kr. / Önfirðingar.

⁸⁷⁸ Lbs. án safn. Gögn úr förum Hjálmars Jónssonar, kaupmanns. Annálar Hjálmars 1869-1885, ár 1871.

⁸⁷⁹ Sbr. Ól. Þ. Kr. / Önfirðingar.

⁸⁸⁰ Prestsþj.b. Holts í Önundarf. Ól. Þ. Kr. / Önfirðingar. Eyjólfur Jónsson 1967, 111 (Niðjatal Sveins á Hesti).

⁸⁸¹ Prestsþj.b. Holts í Önundarf. Eyjólfur Jónsson 1967, 111.

⁸⁸² Prestsþj.b. Holts í Önundarf.

⁸⁸³ Ársrit Sögufél. Ísf. 1986, 97-98.

⁸⁸⁴ Sama heimild.

⁸⁸⁵ Skj.s. sýslum. og sv.stj. Ís. Mosv.hr. 4. Hreppsþók 1849-1883.

mun átt við sexæringa eða þaðan af stærri báta.⁸⁸⁶ Um minni báta er hins vegar ekki getið þetta ár í nýnefndri heimild.

Fimm árum síðar, 1857, voru *skipin* álíka mörg, 13 samkvæmt hreppsþóki⁸⁸⁷ en 15 samkvæmt *skipaskýrslu* sem dagsett er 1. október þá um haustið.⁸⁸⁸

Á bátunum sjö úr Önundarfirði, sem fórust með allri áhöfn vorið 1812, voru 49 menn eins og fyrr var getið og af því má ráða að sumir þeirra hafi verið áttæringar en flestir hinna sexæringar. Orðalag hreppstjóranna í fyrrnefndum skýrslum frá árunum 1852 og 1857 bendir til þess að sexæringar hafi þá enn verið uppistaðan í bátaflotanum sem reri frá Kálfeyri en seinna urðu bátarnir smærri. Í opinberri skýrslu frá árinu 1885 er frá því greint að þá hafi 30 bátar fyrirfundist í Mosvallahreppi og skiptust þannig eftir stærð: Einn áttæringur, þrjú sexæringar, fjórtán fjöggra manna för og tíu tveggja manna för.⁸⁸⁹ Segl voru til á um það bil helmingi þessa flota, á áttæringinn, á einn sexæring og á tólf fjöggra manna för.⁸⁹⁰ Óljóst er nú hversu margir þessara báta frá árinu 1885 hafa verið gerðir út frá Kálfeyri en tólf árum síðar, seint í apríl árið 1897, voru hér 12 formenn við róðra.⁸⁹¹ Síðar á því sama vori fjölgaði þeim svo um einn.⁸⁹²

Í varðveittum heimildum má sjá að á síðari hluta 19. aldar kusu ýmsir formenn úr Valþjófsdal að róa frá Kálfeyri á vorvertið⁸⁹³ þó að einnig væri róíð frá Dalssjónum (sjá hér Kirkjuból í Valþjófsdal). Með hliðsjón af því sem hér hefur verið sagt má ætla að flestir eða allir formenn á hinum stærri bátum hafi róíð frá Kálfeyri árið 1857 en þeir voru:

Ólafur Magnússon á Eyri,
Jón Örnólfsson á Flateyri,
Guðlaugur Þorsteinsson á Hóli á Hvilftarströnd,
Kristján Vigfússon í Neðri-Breiðadal,
Jón Sveinsson í Fremri-Breiðadal,
Kristján Sæmundsson í Tungu í Firði,
Andrés Hákonarson á Hóli í Firði,
Jón Arnfinnsson á Kirkjubóli í Bjarnardal,
Rósinkranz Kjartansson í Tröð,
Friðrik Pétursson Busch í Holti,
Jón Sigurðsson á Vöðlum,
Kristján Jónsson á Kirkjubóli í Valþjófsdal,
Halldór Eiríksson á Grafargili,
Guðmundur Jónsson á Grafargili,
Sturli Jónsson í Dalshúsum.⁸⁹⁴

⁸⁸⁶ Halldór Kristjánsson 1987, 65 (Ársrit S.Í.).

⁸⁸⁷ Skj.s. sýslum. og sv.stj. Ís. Mosv.hr. 4. Hreppsþóki 1849-1883.

⁸⁸⁸ Sama skj.safn Ís. XX. B. 2. Verslunarskýrslur 1850-1878. *Skipaskýrsla* Kristjáns Vigfússonar, hreppstjóra í Breiðadal, dags. 1.10.1857.

⁸⁸⁹ Sama skj.safn Ís. Mosv.hr. 5. Hreppsþóki 1883-1912, bls. 54.

⁸⁹⁰ Sama heimild.

⁸⁹¹ Lbs. 2217^{4to}, Dagbók Magnúsar Hjaltasonar 25.4.1897.

⁸⁹² Lbs. 2560^{4to}, Formannaríma Magnúsar Hjaltasonar, kveðin á Kálfeyri í júní 1897.

⁸⁹³ Ársrit Sögufél. Ísf. 1986, 97-98. Lbs. 2217^{4to}, Dagbók Magnúsar Hjaltasonar 25.4.1897.

⁸⁹⁴ Skj.s. sýslum. og sv.stj. Ís. XX. B. 2. Verslunarskýrslur 1850-1878, skipaskýrsla úr Mosvallahreppi, undirrituð 1.10.1857 af Kristjáni Vigfússyni, hreppstjóra í Neðri-Breiðadal.

Á árunum kringum aldamótin 1900 fór bátum að fjölga á Flateyri en þar hófst myndun þorps upp úr 1880 eins og hér hefur áður verið lýst. Bjarni Sæmundsson fiskifræðingur ferðaðist um Vestfirði sumarið 1901 og greinir frá því að þá um vorið hafi 12 bátar stundað róðra frá Flateyri en alls hafi Önfirðingar gert út 25 báta á vorvertíðinni.⁸⁹⁵ Bjarni nefnir ekki Kálfeyri en nær fullvíst má telja að flestir af bátunum þrettán úr Önundarfirði, sem ekki gengu frá Flateyri, hafi róið frá hinni fornu verstöð hér á Kálfeyri vorið 1901. Á þessu fyrsta ári nýrrar aldar voru bátar Önfirðinga, að sögn Bjarna fiskifræðings, ýmist sexæringar ellegar þriggja eða fjöggra manna för.⁸⁹⁶

Frá Kálfeyri var að öllum jafnaði eingöngu róið á vorvertíðinni en á sumrin og haustin var róið úr heimavör frá ýmsum bæjum við utanverðan Önundarfjörð. Frá sjósókn Önfirðinga um síðustu aldamót greinir Bjarni Sæmundsson á þessa leið:

Menn stunda sjó frá því snemma á vorin og fram að jólafestu en aðalvertíðin er haustið. Menn róa út í fjörðinn, þegar fiskur er þar, en annars út á haf og afla þar steinbít. Veidarfærið er nálega eingöngu lóðir. Menn leggja 15-20 lóðir í einu en beita oft út aftur (leggja aftur). Til beitu hafa menn fiskbeitu, krækling, sem er mikill og stór í Holtsós, kúfisk, sem er víða í firðinum, og smökk, sem þykir besta beitan. ... Síld er og beitt þegar hún fæst. ... Þorskur fer fyrst að ganga í fjörðinn um sumarmál en vanalega ekki fyrr en í maí. ... Ýsa kemur fyrst í júlí. Fiskur fer vanalega úr firðinum í nóvemberlok.⁸⁹⁷

Þessa lýsingu á sjósókn Önfirðinga skrifaði Bjarni fiskifræðingur árið 1901 en á allra næstu árum hófst vélvæðing bátaflotans sem á skömmum tíma olli byltingu í allri útgerð og fiskveiðum. Á hinum hraðskreiðu mótorbátum skipti ekki neinu verulegu máli hvort menn voru fáeinum mínútum lengur eða skemur að komast á miðin og aldrei gat komið til greina að gera þessa vélknúnu báta út frá Kálfeyri því þar var engin höfn. Aftur á móti var Flateyri mjög hentugur staður fyrir slíka útgerð, ekki síst vegna hafnarinnar. Með vélvæðingu bátaflotans á fyrsta áratug 20. aldar og á árunum upp úr 1910 færðist miðstöð bátaútgerðarinnar í Önundarfirði því frá Kálfeyri og inn á Flateyri. Ýmsir bændur gerðu þó árabáta sína út frá Kálfeyri á vorin enn um sinn en eftir 1920 munu aldrei hafa verið hér fleiri en sex bátar.⁸⁹⁸ Síðast var róið frá Kálfeyri árið 1928⁸⁹⁹ og á árunum 1925-1927 var hér aðeins einn bátur við

⁸⁹⁵ Bjarni Sæmundsson / Andvari 1903, 101-102.

⁸⁹⁶ Sama heimild.

⁸⁹⁷ Sama heimild.

⁸⁹⁸ Guðmundur Ingi Kristjánsson / Jólalablað Ísfirðings 1981.

⁸⁹⁹ Guðmundur Ingi Kristjánsson / Jólalablað Ísfirðings 1981.

róðra að öllum jafnaði en þó kom fyrir að þeir væru tveir.⁹⁰⁰ Formaður á áraskektunni sem jafnan reri frá Kálfeyri á árunum 1925-1927 var Kristján Bjarnason í Hjarðardal en auk hans voru þrír menn í áhöfninni.⁹⁰¹ Kristján reri þá héðan í nokkrar vikur á hverju vori.⁹⁰²

Af því sem hér hefur verið rakið má ráða að á liðnum öldum og allt fram undir aldamótin 1900 voru mjög oft um það bil fimmtán bátar við róðra hér á Kálfeyri og allt upp undir tuttugu þegar flest var. Í byrjun 19. aldar voru flestir bátarnir sem héðan reru sexæringar eða áttæringar eins og fyrr var nefnt og má telja líklegt að svo hafi verið um langt skeið.⁹⁰³ Óhætt virðist því að fullyrða að hér hafi margt árið um 100 vermenn hafst við í þær 10 vikur sem vertíðin stóð og sjaldan færri en 50 allt fram að aldamótunum 1900. Enn eru a.m.k. 14 búðarústir sjáanlegar í þessari fornu verstöð en búðirnar kynnu að hafa verið fleiri því nokkurt landbrot hefur orðið á þessum slóðum.⁹⁰⁴ Líklegt er að stundum hafi verið tvær skipshafnir í sumum þessara verbúða. Lúðvík Kristjánsson segir í *Íslenskum sjávarháttum* að verbúðirnar á Kálfeyri hafi verið mjög líkar Hraunsbúð við Sæbólssjó á Ingjaldssandi og búðunum í Kollsvík og Breiðavíkurveri í Rauðasandahreppi.⁹⁰⁵ Hraunsbúð við Sæbólssjóinn á Ingjaldssandi hefur áður verið lýst á þessum blöðum (sjá hér Sæból á Ingjaldssandi) en öðrum búðum sem líktust mjög þeim á Kálfeyri lýsir Lúðvík svo:

Veggir voru úr grjóti en torf haft til þéttingar.⁹⁰⁶ Innra vegglagið var eingöngu úr grjóti og átti að dragast saman að ofan og neðan en bunga út um miðjuna.⁹⁰⁷ Í þaki voru sperrur og langbönd en þar ofan á voru lagðar skaraðar hellur.⁹⁰⁸ Tyrft var yfir hellurnar.⁹⁰⁹ Dyr voru oft á þeirri hlið sem vissi til sjávar.⁹¹⁰ Dyrnar voru lágar og karmar og hurð úr óplægðum viði.⁹¹¹ Stundum var hvalbein haft yfir dyrunum.⁹¹² Undir lok 19. aldar voru oft tveir tveggja rúðna gluggar á þessum verbúðum, sinn á hvorum gaflí.⁹¹³ Moldargólf var í búðunum.⁹¹⁴ Búð sem hýsti 4-5 manna áhöfn var yfirleitt 2-2,5 mterar á breidd en lengdin *sem því svaraði að vinstra megin dyra kæmist fyrir eitt rúm en hins vegar rúmlengd og rúmbreidd fyrir gaflí.*⁹¹⁵

⁹⁰⁰ Halldór Kristjánsson 1990, 42-48 (*Í dvalarheimi ...*).

⁹⁰¹ Sama heimild.

⁹⁰² Sama heimild.

⁹⁰³ Sbr. Lúðvík Kristjánsson 1982, 104-105.

⁹⁰⁴ Sbr. Guðm. I. Kristjánsson /Jólablað Ísfirðings 1981.

⁹⁰⁵ Lúðvík Kristjánsson 1982, 422-423.

⁹⁰⁶ Sama heimild.

⁹⁰⁷ Sama heimild.

⁹⁰⁸ Sama heimild.

⁹⁰⁹ Sama heimild.

⁹¹⁰ Sama heimild.

⁹¹¹ Sama heimild.

⁹¹² Sama heimild.

⁹¹³ Sama heimild.

⁹¹⁴ Sama heimild.

⁹¹⁵ Lúðvík Kristjánsson 1982, 422-423.

Guðmundur Ingi Kristjánsson, bóndi og skáld á Kirkjubóli í Bjarnardal, sem fæddur er árið 1907, var við róðra á Kálfeyri 1922 og 1923.⁹¹⁶ Hann segir búðirnar þá hafa verið úr torfi og grjóti og átti þakið að vera vatnshelt.⁹¹⁷ Guðmundur Á. Eiríksson, bóndi og hreppstjóri á Þorfinnsstöðum, sem fæddur var árið 1853, skrifaði um 1930 dálitla ritgerð um *aldarhátt* í Önundarfirði á 19. öld og getur þar vorróðrana frá Kálfeyri.⁹¹⁸ Í ritgerðinni fjallar hann fyrst og fremst um ástand mála á árunum kringum 1860 og segir meðal annars:

Bændur og vinnumenn reru frá Kálfeyri að vorinu, mest á sexræðingum, eingöngu með handfæri og fiskuðu mest steinbít og þorsk. Allt var þá hert. Það stærsta af þorskinum var látið til svokallaðra „spekúlanta”, hitt var notað til fæðis á heimilunum. ... Kálfeyringar komu heim á hverri helgi með soðmat fyrir heimilin. Hirtu þeir alla maga úr þorskinum. Voru þeir kallaðir kútmagar en úr steinbítunum buddur. Þeir hirtu og lifrina úr þorskinum. Létu þetta í poka og geymdu í rennandi vatni sem nóg var af á Kálfeyri, enda var það sjaldan skemmt. Þetta var verkað á heimilunum og það sem ekki var borðað strax var geymt í sýru og borðað síðar og þótti ljúffengur matur.

Vermennirnir suðu og fyrir sig fisk á hverjum degi, oftast ferskan. Frá heimilunum höfðu þeir til hveurrar viku mjólkurdúnk eða flösku hver, smjör og eitthvað af brauði og harðfiski. Hverjum vermanni var líka ætlað krof (afturpartur af kind) eða skammrif (frampartur af kind) upp á vorið. ... Formennirnir, sem oftast voru bændur, skömmtuðu hásetum sínum, þó ekki væru heimilismenn, á sumardaginn fyrsta hálfan magál og heila köku, drepið þykkt lag af smjöri ofan á, og hangikjöt líkt og heimilismönnum og væru þeir heimilismenn fengu þeir tvöfaldan kjötskammt.⁹¹⁹

Við þessa lýsingu á mataræði vermannna á Kálfeyri á árunum kringum 1860 má bæta því að hlóðir munu hafa verið í verbúðunum frá fornu fari.⁹²⁰ Um 1920 notuðu menn hins vegar kamínu eða prímus við alla eldamennsku í stað hlóðanna.⁹²¹ Þá suðu menn jafnan fisk og kartöflur í verinu og hituðu sér kaffi.⁹²² Sumir elduðu líka graut, einkum í landlegum.⁹²³

⁹¹⁶ Guðm. I. Kristjánsson / Jólalblað Ísfirðings 1981.

⁹¹⁷ Sama heimild.

⁹¹⁸ Guðm. Á. Eiríksson 1957, 64-71 (Ársrit S.Í.).

⁹¹⁹ Sama heimild.

⁹²⁰ Guðm. I. Kristjánsson / Jólalblað Ísfirðings 1981.

⁹²¹ Sama heimild.

⁹²² Guðm. I. Kristjánsson / Jólalblað Ísfirðings 1981.

⁹²³ Sama heimild.

Í ritgerð sinni lýsir Guðmundur á Þorfinnsstöðum gerð sjóklæða fyrir þá sem reru frá Kálfeyri á árunum kringum 1860 en skinnklæðin sem þeim voru ætluð voru ætíð búin til á heimilunum að vetrinum. Um þá iðju kemst hann svo að orði:

Karlmenn bjuggu til sjóklæði og voru þau gjörð þannig að skinnin voru elt svo að ekki skimaði í gegnum þau. Í brókina þurfti fjögur skinn, tvö hrúts- eða sauðskinn í skálmarnar, eitt ærskinn í ofanásetur og kálfskinn í setann sem náddist mest á þóftunum. Í stakkinn þurfti tvö ærskinn og tvö lambskinn í ermarnar. Ætíð var haft seymi í skinnklæðin. Í brækurnar fjórföld skinnræma. Saumað var með margföldum þræði er kallaður var renningur. Við fyrirsauminn voru hafðar fjaðranálar en seinni sauminn sívalar nálar. Öll voru skinnklæðin tvísaumuð. Leggir voru og notaðir við sauminn. Það voru tveir framfótarleggir úr roskinni kind, festir saman á neðri körtunum og hafðir bæði til að ýta inn nálunum og draga þær út. Í þá voru boraðar smáholur fyrir nálaraugað að sitja í þegar ýtt var inn nálinni. Svo var margborin á skinnklæðin lifur úr þorski eða skötu og gátu þau verið bæði mjúk og vatnsheld.⁹²⁴

Að sögn Guðmundar voru sjóskór jafnan gerðir úr sútuðu leðri og oft fengin gömul leðurstígvél hjá Fransmönnum til að búa til úr þeim sjóskó.⁹²⁵

Merkileg er sú staðhæfing hreppstjórans á Þorfinnsstöðum að um 1860 hafi allur fiskur, sem kom á land á Kálfeyri, verið hertur og ekkert saltað. Á árunum kringum 1830 hafði Friðrik J. Svendsen kaupmaður þó lagt mikið kapp á að kenna Önfirðingum góða verkun á saltfiski (sjá hér Flateyri). Þá kennslu tók Hjálmar Jónsson upp að nýju þegar hann byrjaði að versla á Flateyri árið 1865⁹²⁶ eða á næstu árum þar á eftir (sjá hér Flateyri). Um hina miklu breytingu sem þá varð á Kálfeyri kemst Guðmundur á Þorfinnsstöðum svo að orði:

Þá fóru Kálfeyringar að salta þorskinn. Kenndi Hjálmar þeim að verka fiskinn, víst að undirlagi Jóns Sigurðssonar og er efasamt að á árunum frá 1870 fram yfir 1880 hafi nokkurs staðar á landinu verið betur verkaður saltfiskur en hjá Kálfeyringum. Fór þá líka að lifna yfir efnahag manna.⁹²⁷

⁹²⁴ Guðm. Á. Eiríksson 1957, 67.

⁹²⁵ Sama heimild.

⁹²⁶ Sama heimild, 69-70.

⁹²⁷ Guðm. Á. Eiríksson 1957, 67.

Reyndar er Guðmundur hreppstjóri á Þorfinnsstöðum ekki einn um þá skoðun að á árunum milli 1870 og 1880 hafi saltfiskurinn frá Kálfeyri verið betur verkaður en almennt var á þeim tíma því Tryggvi Gunnarsson, alþingismaður og framkvæmdastjóri Gránufélagsins, sagði árið 1876 að á Bíldudal og í Öfundarfirði væri saltfiskurinn betur verkaður en annars staðar á landinu.⁹²⁸

Eins og nærri má geta var það þorskurinn sem var saltaður og seldur til útflutnings en steinbíturinn var hertur alla tíð og fluttur heim á bæina sem búslag. Í heimferðum sínum um helgar hljóta vermennirnir líka að hafa tekið með sér nýjan steinbít því oft var þörfin fyrir nýmeti orðin mikil þegar loks fór að vora eftir langan vetur. Óskar Einarsson, sem var læknir á Flateyri á þriðja og fjórða áratug 20. aldar, hefur ritað á þess leið um þátt steinbítsins í lífsstríði Önfirðinga:

Í aprílmánuði ár hvert gengur steinbíturinn í þéttum torfum upp á grunnmið Önfirðinga og þrátt fyrir allsleysið munu þeir jafnan hafa náð þó nokkrum afla til þess að sedja hungur sitt. Steinbíturinn var vitaðsgjafi þeirra, stytti útmánaðahungrið og lengdi lífið.⁹²⁹

Þau orð hins merka læknis munu seint verða hrakin.

Á árunum kringum 1920 var svipað lag haft á við fiskverkunina á Kálfeyri og verið hafði í tíð Hjalmaris Flateyrarkaupmanns á árunum kringum 1880, þorskurinn saltaður og seldur óþurkaður til fiskverkunarmanna eða útflytjenda á Flateyri en steinbíturinn hertur og hafður til heimilis.⁹³⁰ Guðmundur Ingi Kristjánsson, sem reri á Kálfeyri 1922 og 1923, segir að þegar steinbíturinn fór að þorna hafi honum verið hrýgjað, sem kallað var, það er *hengdur á ás eða þunnan grjótvegg í margföldum röðum*.⁹³¹ Á þessum árum var steinbíturinn svo hertur í hjöllum sem stóðu á malarkambi fyrir framan búðirnar⁹³² en nú hefur gengið á landið svo lítið er eftir af þessum malarkambi.⁹³³

Um miðbik 19. aldar var allur afli sem kom á land á Kálfeyri veiddur á handfæri.⁹³⁴ Í dagbók Jóns Guðmundssonar frá Grafargili má hins vegar sjá að vorið 1888 reru að minnsta kosti sumir formennirnir á Kálfeyri með lóðir.⁹³⁵ Vera má að slíkir línuróðrar frá Kálfeyri hafi hafist nokkru fyrr. Í skýrslu sinni frá árinu 1901 segir Bjarni Sæmundsson fiskifræðingur að Önfirðingar rói nær eingöngu með lóðir⁹³⁶ og var það mikil breyting frá því sem verið hafði 40 árum fyrr þegar handfærin voru eina veiðarfærið á

⁹²⁸ Skútuöldin II, 249-251.

⁹²⁹ Óskar Ein. 1951, 24.

⁹³⁰ Guðm. I. Kristjánsson / Jólblað Ísfirðings 1981.

⁹³¹ Sama heimild.

⁹³² Sama heimild.

⁹³³ Sama heimild.

⁹³⁴ Sóknalýs. Vestfj. II, 104-105. Sbr. hér bls. 97.

⁹³⁵ Lbs. 4582⁴⁰, Dagbók Jóns Guðmundssonar frá Grafargili 21.4. og 19.5.1888.

⁹³⁶ Bjarni Sæmundsson / Andvari 1903, 101.

Kálfeyri. Bjarni telur upp fimm tegundir af beitu sem Önfirðingar notuðu við fiskveiðar á árunum kringum aldamótin 1900 (sjá hér bls. 95). Í línuróðrum, sem farnir voru frá Kálfeyri vorið 1888, var grásleppa notuð í beitu⁹³⁷ og á fundi sem haldinn var á **Pórustöðum** í febrúarmánuði árið 1896 komu menn sér saman um að *brúka ekki kúfisk fyrr en 3 vikur af sumri*.⁹³⁸

Ólafur Olavíus, sem var við rannsóknir á Vestfjörðum sumarið 1775, spurðist m.a. fyrir um helstu fiskimið og nefnir í Ferðabók sinni nokkur helstu mið Önfirðinga og Súgfirðinga er hann segir vera þessi: **Atlastaðastekk, Eldingar, Hamar, Kvíarhæl, Kvíarauga, Hundahæl, Stiga, Víking, og Rit**.⁹³⁹ Öll þessi mið segir hann liggja tvær til fjórar mílur á haf út.⁹⁴⁰ Séra Tómas Sigurðsson í Holti samdi sóknalýsingu sína 65 árum síðar og getur þar um sjö af þessum níu miðum, öll nema Rit og Atlastaðastekk.⁹⁴¹ Miðið sem Olavíus nefnir Hamar kallar prestur reyndar Hamra og Kvíaraugað nefnir hann bara Auga.⁹⁴² Séra Tómas nefnir svo nokkur fiskimið Önfirðinga sem Olavíus getur ekki um, það er að segja **Völlur, Mel grynri, Mel dýpri og Hnúu**.⁹⁴³ Prestur getur líka þrettán hákarlamiða Önfirðinga sem hann segir vera þessi: **Kögur, Sund grynra, Sund dýpra, Axlir, Sóknaskarð, Grynrihlíð, Dýprihlíð, Björg, Tálkna, Fyrstu Hvilft, Aðra Hvilft, Þriðju Hvilft og Fannaskarð**.⁹⁴⁴

Um aflabrögð bátanna, sem reru frá Kálfeyri á fyrri öldum, eru engar upplýsingar í boði en ærið misjöfn munu þau hafa verið því sú var reglan um land allt. Í heimildum frá fyrri hluta 19. aldar má finna einstaka vísbendingar um aflabrögðin sem þó eru engan veginn nægilega traustar til þess að af þeim megi draga skýrar ályktanir. Dæmi um vísbendingu af því tagi er að finna í skránni sem hér er birt í kaflanum um Flateyri (þar bls. 44-45) og sýnir hvað út var flutt frá Flateyri með skipi sem lét í haf seint í ágúst árið 1836. Með þessu skipi fóru 4637 kíló af saltfiski og 4129 kíló af skreið eins og sjá má á nýnefndri skrá. Líklegt er en þó ekki alveg víst að allur saltfiskur og öll skreið sem út var flutt frá Flateyri það árið hafi farið með þessu eina skipi. Nokkrum áratugum síðar var talið að 140 þorskar færu að jafnaði í hvert skipbund af verkuðum saltfiski⁹⁴⁵ en í hverju skipbundi eru 160 kíló. Þessi viðmiðun gefur til kynna að í þau 29 skipbund af saltfiski sem út voru flutt árið 1836 hafi þurft liðlega 4000 þorska. Sé hins vegar ráð fyrir því gert að stór hluti aflans hafi verið smáfiskur hækkar tala fiskanna verulega því talið var að í hvert skipbund af verkuðum saltfiski þyrfti 270 stykki af smáþorski sem oft var nefndur

⁹³⁷ Lbs. 4582^{4to}, Dagbók Jóns Guðmundssonar frá Grafargili 9.5. og 19.5.1888.

⁹³⁸ Sama dagbók 22.2.1896.

⁹³⁹ Ól. Olavíus 1964, 189.

⁹⁴⁰ Sama heimild.

⁹⁴¹ Sóknalýs. Vestfj. II, 104-105.

⁹⁴² Sama heimild.

⁹⁴³ Sama heimild.

⁹⁴⁴ Sama heimild.

⁹⁴⁵ Landshagsskýrslur fyrir Ísland 1901, 382.

þyrsklingur.⁹⁴⁶ Hafi helmingur þorskaflans verið smáfiskur gæti því látið nærri að þurft hafi um 6000 fiska í þau 29 skippund sem út voru flutt af saltfiski.

Í hvert skippund af skreið þurfti 160 *gildingsfiska*, það er þorska sem fullhertir vigtuðu eitt kílo, en til að ná þeirri þyngd þurfti fisk sem vigtaði 10 kíló upp úr sjó.⁹⁴⁷ Vel má hugsa sér að meðalþyngd hvers einstaks fisks, sem færður var að landi á Kálfeyri árið 1836, hafi hins vegar ekki verið nema sjö kíló eða þar um bil. Sé ráð fyrir því gert að svo hafi verið hefði augljóslega þurft um það bil 6000 fiska í þau tæplega 26 skippund af skreið sem send voru frá Flateyri á erlendan markað seint í ágúst það sama ár.

Með skírskotun til þess sem hér hefur verið sagt mætti þá láta sér detta í hug að giska á að um 12.000 fiskar hafi verið fluttir út frá Flateyri árið 1836 ýmist sem skreið eða saltfiskur. Líklegt er að mjög verulegur hluti þessara afurða hafi komið frá Kálfeyri og mætti nefna 10.000 fiska. Sé nú gert ráð fyrir 15 bátum við róðra (sbr. hér bls. 93), sex mönnum í hverri áhöfn og tveimur dauðum hlutum hjá hverjum bát, gerir þetta 83 fiska í hlut en þá er eftir að telja allan þann afla sem menn fluttu heim til eigin nota, þar á meðal allan steinbítinn. Niðurstaðan er þá sú að skráin yfir útfluttar afurðir frá Flateyri árið 1836 gefi vísbendingu um að meðalhásætlutur á Kálfeyri þá um vorið hafi verið um það bil 100 fiskar og er steinbíturinn þá ekki talinn með. Hér verður þó að ítreka og leggja áherslu á að um mjög óljósa vísbendingu er að ræða því forsendur útreikninganna byggjast að verulegu leyti á ágiskunum. Mörgum kann að virðast þetta rýr hlutur en þess má geta að samkvæmt mun traustari heimild var hæsti hásetahluturinn á Kálfeyri vorið 1884 aðeins 120 fiskar og 30 kíló af riklingi.⁹⁴⁸

Allskýr vitneskja liggur fyrir um aflabrögð á Kálfeyri undir lok níttjándu aldar og á árunum í kringum aldamótin 1900. Helstu heimildir um fjölda báta í Önundarfirði á árunum 1880-1900 er að finna í hreppsþóku Mosvallahrepps og í opinberum skýrslum um þilskip, opin skip og báta frá árunum 1875-1899⁹⁴⁹ en þær skýrslur eru reyndar líka komnar frá viðkomandi hreppstjóra.

Oftast ber upplýsingunum sem í boði eru í þessum tvenns konar gögnum allvel saman en því miður ekki alltaf. Á árunum 1880-1885 var einn áttæringur til í hreppnum en enginn á árunum 1887-1889.⁹⁵⁰ Sexæringar og fjöggra manna för voru oftast á bilinu frá 13-21.⁹⁵¹ Minnstu bátarnir, þeir sem aðeins voru tveggja eða þriggja manna för, eru yfirleitt ekki taldir með á árunum 1880-1889 í þeim gögnum sem hér er byggt á en stöku sinnum er þeirra getið og má sem dæmi nefna að árið 1885 eru þeir

⁹⁴⁶ Landshagsskýrslur fyrir Ísland 1901, 382.

⁹⁴⁷ Lúðvík Kristjánsson 1982, 111-112.

⁹⁴⁸ Lbs. 4582^{4to}, Dagbók Jóns Guðmundssonar frá Grafargili 5.7.1884.

⁹⁴⁹ Skj.s. sýslum. og sv.stj. Ís. Mosv.hr. 4. Hreppsþóku 1849-1883 og 5. Hreppsþóku 1883-1912.

Skj.s. landshöfð. Séröskjur nr. 24, skýrslur um þilskip, opin skip og báta 1875-1899.

⁹⁵⁰ Sömu heimildir.

⁹⁵¹ Sömu heimildir.

sagðir vera 10.⁹⁵² Nær fullvíst má telja að 20-30 bátar hafi því oftast verið til í hreppnum á þessu skeiði en hversu margir þeirra hafa róið á Kálfeyri er erfiðara að segja.

Algengasta bátstærðin á þessum árum var fjöggra manna far. Í Mosvallahreppi voru 10 slíkir bátar árið 1880, 12 árið 1883, 16 árið 1885, 9 árið 1887, 16 árið 1888 og 13 árið 1889.⁹⁵³ Í hreppnum voru hins vegar bara 2 sexæringar árið 1880, 3 árið 1883, 3 árið 1885, 6 árið 1887, 4 árið 1888 og 8 árið 1889.⁹⁵⁴

Árið 1897 hafði fjöldi og stærð bátanna lítið breyst frá því sem verið hafði að jafnaði á árunum 1887-1889. Enginn áttæringur var þá til í hreppnum en 5 sexæringar, 13 fjöggra manna för og 2 tveggja manna för.⁹⁵⁵ Við athugun fiskaflaskýrslunnar frá 1897 má sjá að af þessum 20 bátum voru 13 við róðra á vorvertíðinni. Sú ályktun er dregin af því að þessir þrettán bátar fá allir 300-800 fiska hver af öðrum tegundum en þorski og ýsu⁹⁵⁶ og er það steinbíturinn sem þar segir til sín. Hinir bátarnir sjö voru hins vegar, hver um sig, með aðeins 50 fiska eða minna af öðru en þorski og ýsu⁹⁵⁷ og hafa því ekki stundað róðra á vorvertíðinni. Í hinni opinberu fiskaflaskýrslu frá árinu 1897 er að finna nöfn formanna á öllum bátunum í Mosvallahreppi og þar sést hvað hver og einn fiskaði á því ári. Hjá þeim þrettán formönnum, sem hér er talið að hafi verið við róðra um vorið, var meðalaflinn 2643 fiskar ef allt er talið en hjá hinum sjö var meðalaflinn aðeins 1260 fiskar yfir árið.⁹⁵⁸

Í annarri og óskyldri heimild, dagbók Magnúsar Hjaltasonar, eru reyndar taldir upp þeir tólf formenn sem komnir voru til róðra á Kálfeyri þann 25. apríl 1897⁹⁵⁹ og þar er að finna nöfn allra nema eins af þeim þrettán formönnum sem nefndir eru í hinni opinberu fiskaflaskýrslu og hér hefur verið sýnt fram á að voru við róðra á vorvertíðinni.⁹⁶⁰ Sá eini sem vantar í hópinn er Steinþór Jónsson, bóndi í Dalshúsum, enda má gera ráð fyrir að hann hafi róið frá Dalssjónum. Með báðar þessar heimildir, fiskaflaskýrslu hreppstjórans og dagbók Magnúsar, virðist óhætt að slá því föstu að vorið 1897 hafi 12 bátar róið frá Kálfeyri. Staðfestingu á því að svo hafi verið er líka að finna í formannarímu sem Magnús Hjaltason orti á Kálfeyri í júnímánuði þetta sama ár.⁹⁶¹ Á töflunni sem hér verður nú birt eru nefnd nöfn formannanna, stærð bátanna og afli hvers og eins en tekið skal fram að þarna er um að ræða heildarafla yfir árið svo hugsanlegt er að

⁹⁵² Skj.s. sýslum. og sv.stj. Ís. Mosv.hr. 4. Hreppsþók 1849-1883 og 5. Hreppsþók 1883-1912.

Skj.s. landshöfð. Séröskjur nr. 24, skýrslur um þilskip, opin skip og báta 1875-1899.

⁹⁵³ Skj.s. sýslum. og sv.stj. Ís. Mosv.hr. 4. Hreppsþók 1849-1883 og 5. Hreppsþók 1883-1912.

Skj.s. landshöfð. Séröskjur nr. 24, skýrslur um þilskip, opin skip og báta 1875-1899.

⁹⁵⁴ Sömu heimildir.

⁹⁵⁵ Skj.s. landshöfð. Séröskjur I. Fiskaflaskýrslur 1897.

⁹⁵⁶ Sama heimild.

⁹⁵⁷ Sama heimild.

⁹⁵⁸ Sama heimild.

⁹⁵⁹ Lbs. 2217^{4to}, Dagbók Magnúsar Hjaltasonar 25.4.1897.

⁹⁶⁰ Sama heimild.

⁹⁶¹ Lbs. 2560^{4to}, Formannaríma ort á Kálfeyri 21.6.1897.

sumir formennirnir hafi náð einhverju af sínum afla eftir vertíðarlok og þá í róðrum úr heimavör. Allar upplýsingar sem fram koma í töflunni eru byggðar á hinni opinberu fiskaflaskýrslu. Nöfn bátanna vantar en þess má geta að bátur sem Rósinkranz Rósinkranzson í Tröð stýrði til veiða frá Kálfeyri árið 1889 hét Blíðviður ef marka má vísu eftir Símon Dalaskáld.⁹⁶²

Tafla 1⁹⁶³**Formenn, bátar og afli á Kálfeyri vorið 1897**

Nöfn formanna	Stærð báts	Heildarafli				Tala fiska
		þorskur	smáþorskur	ýsur	aðrar fiskteg.	
Eyjólfur Jónsson Kirkjub. í Valbj.d.	Sexæringur	350	1500	1400	900	4150
Vigfús Eiríksson Tungu í Valbj.d.	4ra m. far	300	1250	1200	900	3650
Jóhann Guðm.son Fremri-Breiðadal	4ra m. far	350	950	1125	750	3175
Kristján Bjarnason Þórustöðum	4ra m. far	350	950	1150	450	2900
Salómon Jónsson Kirkjub. í Bj.dal	4ra m. far	320	800	850	800	2770
Guðm. Halldórss. Hóli á Hvilftarstr.	4ra m. far	400	800	1000	550	2750
Kristján Guðm.son Flateyri	Sexæringur	270	650	1000	580	2500
Jón Jónasson Holti	4ra m. far	325	800	625	650	2400
Jónatan Jensson Efstabóli	Sexæringur	300	850	860	350	2360
Rósinkr. Rósinkr.s. Tröð	4ra m. far	300	775	825	450	2350
Kristján Halldórss. Vöðlum	4ra m. far	275	725	525	500	2025
Guðm. Bjarnason Hjarðardal	4ra m. far	225	550	600	300	1675

⁹⁶² Lbs. 2236^{4to}, bls. 118-119.⁹⁶³ Skj.s. landshöfð. Séröskjur I. Fiskaflaskýrslur 1897.

Eitt af því sem lesa má út úr töflunni hér að framan er að af bátunum tólf, sem reru frá Kálfeyri vorið 1897, voru níu fjöggra manna för en þrír voru sexæringar. Vermenn hafa því að líkindum verið 54 og því talsvert færri en þegar flest var. Magnús Hjaltason, sem sjálfur var í skiprúmi á Kálfeyri þetta vor, segir reyndar að þeir hafi verið 60⁹⁶⁴ en ekki er víst að sú tala sé alveg nákvæm. Taflan sem hér var birt sýnir að ársafli bátanna sem reru frá Kálfeyri vorið 1897 var 3765 vænir þorskar, 10.600 smærri þorskar, 11.160 ýsur og 7180 stykki af öðrum tegundum. Sé miðað við fjölda fiskanna voru 11,5 % heildaraflans vænir þorskar, 32,4 % smærri þorskar, 34,1 % ýsur og 22,0 % aðrar fisktegundir. Ekki liggur fyrir hvar þyngdarmörkin lágu milli þorskanna og þyrsklinganna. Hugsanlegt er að viðmiðunin hafi verið 10 kíló því svo þungur þurfti hver þorskur að vera upp úr sjó til að geta talist gildur fiskur þegar búið var að verka hann í fullherta skreið (sjá hér bls. 101). Málfiskur, sem svo var nefndur, þurfti hins vegar að vera 18 þumlungar (47 sentimetrar) á lengd, hið minnsta, og má vel vera að sú hafi viðmiðunin verið þegar skilið var á milli þorska og þyrsklinga.

Af þorski og ýsu veiddu bátarnir tólf sem reru á Kálfeyri vorið 1897 25.525 fiska samtals. Hér var áður nefnt að líklega hafi 54 menn róið á Kálfeyri þetta vor og sé gert ráð fyrir tveimur dauðum hlutum á hvern bát hefur heildaraflanum verið skipt í 78 staði. Meðalhásætahlutur hefur þá verið 327 fiskar fyrir utan steinbít og annan trosfisk. Af öðrum fisktegundum en þorski og ýsu veiddust alls 7180 fiskar og sé miðað við sama fjölda vermannanna og sams konar skipti hefur meðalhlutur hjá hásetunum verið 92 fiskar af þessum *öðrum tegundum*. Til frekari glöggvunar má hafa í huga að vorið 1893 var hæsti hásetahluturinn á Kálfeyri 155,- krónur, það er nær hálf tannað kýrverð, og um það bil 200 steinbítar að auk.⁹⁶⁵

Í hreppsþók Mosvallahrepps má sjá að sjö af formönnunum tólf sem reru frá Kálfeyri vorið 1897 áttu sjálfir hálfan eða heilan bát.⁹⁶⁶ Þeir Eyjólfur á Kirkjubóli, Jóhann í Fremri-Breiðadal, Jón Jónasson í Holti, Jónatan á **Efstabóli** og Rósinkranz í Tröð áttu allir einn bát, sexæring eða fjöggra manna far.⁹⁶⁷ Kristján á Þórustöðum átti einn og hálfan bát og Vigfús í Tungu átti hálfan bát,⁹⁶⁸ líklega á móti Guðmundi bróður sínum á Þorfinnsstöðum sem átti líka einn bátshelming.⁹⁶⁹ Kristján Halldórsson á Vöðlum, sem líka var formaður á Kálfeyri, hefur líklega verið með bát sem faðir hans átti því hreppsþókin sýnir að Halldór Bernharðsson á Vöðlum, faðir Kristjáns, átti bát árið 1897.⁹⁷⁰ Aðeins þriðjungur formannanna hefur því verið með báta sem ekki voru í eigu þeirra sjálfra eða þeirra nánustu ættingja.

⁹⁶⁴ Lbs. 2217^{4to}, Dagbók Magnúsar Hjaltasonar 30.4.1897.

⁹⁶⁵ Lbs. 4582^{4to}, Dagbók Jóns Guðm.sonar frá Grafargili 29.8.1893. Sbr. Stjórnartíðindi 1894 B, bls. 37-38.

⁹⁶⁶ Skj.s. sýslum. og sv.stj. Ís. Mosv.hr. 5. Hreppsþók 1883-1912.

⁹⁶⁷ Sama heimild.

⁹⁶⁸ Sama heimild.

⁹⁶⁹ Sama heimild.

⁹⁷⁰ Sama heimild.

Einn vermannna á Kálfeyri vorið 1897 var alþýðuskáldið Magnús Hjaltason eins og hér hefur þegar verið nefnt og var hann í skiprúmi á bátnum sem minnst fiskaði⁹⁷¹ (sbr. hér bls. 103). Í dagbók sinni frá þessum vormánuðum segir Magnús sitt af hverju frá lífi vermannanna en sjálfur var hann sem kunnugt er lítið gefinn fyrir sjóróðra og lætur illa af vistinni.⁹⁷² Veturinn 1896-1897 hafði dagbókarritarinn verið heimiliskennari á Brekku á Ingjaldssandi (sjá hér Brekka) og á Mýrum í Dýrafirði og var búsettur á Brekku er hann reri frá Kálfeyri.

Kennslunni á Ingjaldssandi lauk Magnús nokkru fyrir sumarmál og þann 18. apríl var hann við messu í Holti.⁹⁷³ Þar hitti hann Guðmund Bjarnason í **Ytri-Hjarðardal** og réð sig í skiprúm hjá honum.⁹⁷⁴ Guðmundur var þá ókvæntur vinnumaður í Hjarðardal en trúlofaður Guðnýju, sem síðar varð kona hans, dóttur Arngríms Vídalín Jónssonar, óðalsbónda í Ytri-Hjarðardal.⁹⁷⁵ Ákveðið hafði verið að Guðmundur yrði þetta vor formaður á fjögra manna fari sem hinn tilvonandi tengdafaðir hans átti og hét báturinn Ágúst.⁹⁷⁶ Þeir Guðmundur Bjarnason og Magnús Hjaltason voru á líkum aldri. Vorið 1897 var Magnús 23ja ára en Guðmundur þremur árum eldri, fæddur 29. september 1870.⁹⁷⁷

Þann 21. apríl 1897 voru þeir Guðmundur og Magnús, háseti hans, báðir í Hjarðardal og unnu að netabætingum.⁹⁷⁸ Gera má ráð fyrir að þeir hafi þá verið að bæta grásleppunet því þannig net voru þeir með á Kálfeyri og veiddu eitthvað af grásleppu⁹⁷⁹ en hún var oft notuð í beitu. Sunnudaginn 25. apríl fluttu þeir sig í verið á Kálfeyri en í skiprúmi hjá Guðmundi voru auk Magnúsar tveir vinnumenn úr Hjarðardal, þeir Ólafur Bjarnason, 72ja ára, og Einar Jensson sem var 19 ára eða því sem næst.⁹⁸⁰ Ekki þótti Magnúsi mikið til þessara skipsfélaga sinna koma. Formanninn segir hann hafa verið *svívirðilegan hrotta*, Ólaf gamla *afarheimskan* og Einar óstaðfestan heiðingja sem ekki kunni að signa sig.⁹⁸¹ Í sóknarmannatali frá árinu 1897 er þó tekið fram að Einar þessi kunni boðorðin en þar er hann sagður vera *illa stautandi*.⁹⁸² Allt bendir til þess að hásetar Guðmundar Bjarnasonar á bátnum Ágústi hafi verið aumasta skipshöfnin á Kálfeyri þetta vor, Ólafur karlinn á átræðisaldri, heiðinginn ungi, sem ekki gat lært að signa sig, og svo alþýðuskáldið sem jafnan þótti lítt fallið til erfiðis og lifði í draumaheimi. Aflatölurnar, sem hér hafa áður

⁹⁷¹ Lbs. 2217^{4to}, Dagbók Magnúsar Hjaltasonar apríl – júlí 1897.

⁹⁷² Lbs. 2217^{4to}, Dagbók Magnúsar Hjaltasonar apríl – júlí 1897.

⁹⁷³ Sama dagbók 18.4.1897.

⁹⁷⁴ Sama heimild.

⁹⁷⁵ Sama heimild.

⁹⁷⁶ Sama heimild.

⁹⁷⁷ Ól. Þ. Kr. / Önfirðingar.

⁹⁷⁸ Lbs. 2217^{4to}, Dagbók Magnúsar Hjaltasonar 21.4.1897.

⁹⁷⁹ Sama dagbók 13.5.1897. Sbr. þar 26.4. og 29.4.1897.

⁹⁸⁰ Sama dagbók 25.4.1897. Ól. Þ. Kr. / Önfirðingar.

⁹⁸¹ Sama dagbók.

⁹⁸² Sóknarm.töl Holts í Önundarf.

verið birtar (sjá hér bls. 103), sýna líka vel hvernig ástatt var um þessa vesælu skipshöfn.

Fyrsta daginn á Kálfeyri lögðu þeir á Ágústi netin, ruddu vör og byrjuðu að byggja sér búð.⁹⁸³ Dagbókarskrif Magnúsar sýna að þessi skipshöfn á bátnum frá Hjarðardal hafði enga verbúð fyrir sig á Kálfeyri og urðu þeir að skipta sér niður á búðir hinna.⁹⁸⁴ Þeir Guðmundur formaður og Magnús fengu að sofa í búð Rósinkranz Rósinkranzsonar, bónda í Tröð, a.m.k. fyrstu næturnar, og undir vertíðarlok voru þeir enn ekki búnir að koma upp búðinni sem þeir byrjuðu þó að byggja fyrsta daginn.⁹⁸⁵ Síðustu dagana í apríl var farið daglega á sjó en þeir á Ágústi fiskuðu lítið, 20-40 fiska í róðri, og voru þó bæði með handfæri og lóðir, auk grásleppunetanna.⁹⁸⁶ Sjálfur var dagbókarritarinn hlífalaus í þessum sjóferðum, átti hvorki brók né skinnstakk og varð að yrkja sér til hita.⁹⁸⁷

Vertíðin stóð að þessu sinni frá 25. apríl til 2. júlí en dagana 2.-5. júlí voru Magnús og félagar hans að flytja aflafeng sinn inn á Flateyri og yfir í Hjarðardal það sem þangað átti að fara.⁹⁸⁸ Ekki er fyllilega ljóst í hversu marga róðra Magnús Hjaltason fór frá Kálfeyri á vertíðinni vorið 1897 en athygli vekur að á þessu tíu vikna tímabili fór hann yfirleitt á hálfsmánaðarfresti út á Ingjaldssand.⁹⁸⁹ Hann var þá oftast samferða Jóni Guðmundssyni fingralausa, sem einnig var vermaður á Kálfeyri, og fóru þeir jafnan gangandi fyrir Hrafnaskálarnúp eða yfir fjall frá Mosdal⁹⁹⁰ sem er nær beint á mót Kálfeyri, handan fjarðarins.⁹⁹¹ Þetta voru erfiðar ferðir og fyrir kom að þeir töfðust lengur á Sandinum en ráðgert hafði verið.⁹⁹²

Þann 1. maí var að sögn Magnúsar *sviðrandi sortabylur*.⁹⁹³ Þann dag varð bátur úr Súgandafirði að hleypa inn á Önundarfjörð og var skipshöfnin á honum fimm klukkustundir að berja inn með Sauðanesinu uns þeir náðu landi á Kálfeyri.⁹⁹⁴

Í lok maí segir Magnús Kálfeyringa vera hætta að fara til hafs en þess í stað leggi þeir nú lóðir í fjörðinn og beiti kúfiski.⁹⁹⁵ Seint í júní reru þeir á Hjarðardalsbátnum samt *ofan á Kvíarhæl* og lögðu þar 12 lóðir.⁹⁹⁶ Kúfiskinn sem beitt var sóttu vermennirnir á Kálfeyri inn undir Hjarðardal og var plægt frá landi við beituöflunina.⁹⁹⁷ Að sögn Magnúsar gátu sex

⁹⁸³ Lbs. 2217^{4to}, Dagbók Magnúsar Hjaltasonar 26.4.1897.

⁹⁸⁴ Lbs. 2217^{4to}, Dagbók Magnúsar Hjaltasonar 26.4., 27.4. og 30.6.1897.

⁹⁸⁵ Sama dagbók 27.4. og 30.6.1897.

⁹⁸⁶ Sama dagbók 27.4. – 30.4.1897.

⁹⁸⁷ Sama heimild.

⁹⁸⁸ Sama dagbók apríl – júlí 1897.

⁹⁸⁹ Sama dagbók 12.6.1897.

⁹⁹⁰ Sama heimild.

⁹⁹¹ Sama dagbók apríl – júní 1897.

⁹⁹² Sama heimild.

⁹⁹³ Sama dagbók 1.5.1897.

⁹⁹⁴ Sama heimild.

⁹⁹⁵ Sama dagbók 30.5.1897.

⁹⁹⁶ Sama dagbók 28.6.1897.

⁹⁹⁷ Sama dagbók 30.5.1897.

menn náð 6-8 þúsund kúskeljum á einni fjöru.⁹⁹⁸ Þegar kom fram í júní fóru sumir að beita síld, sem sækja varð norður á Ísafjörð, og þeir sem henni beittu fiskuðu mun betur en aðrir.⁹⁹⁹

Einna best virðist fiskiríð hafa verið í síðari hluta júní hjá þeim sem reru frá Kálfeyri vorið 1897.¹⁰⁰⁰ – *Klukkan eitt um nóttina komum við af sjó og höfðum fiskað 30-40 lóur, 60 ýsur, 11 steinbíta og eina skötu*, skrifar Magnús í dagbók sína við laugardaginn 26. júní.¹⁰⁰¹ Á heimleiðinni úr þessum róðri var hann lagður á land undir fjallinu **Sporhamri**, innan við Mosdal, og þaðan gekk hann út á Ingjaldssand með fimm fjórðunga (25 kíló) byrði.¹⁰⁰²

Magnús Hjaltason þoldi illa allt það vos sem fylgdi sjóróðrum og verbúðalífi, enda lætur hann illa af vistinni hér á Kálfeyri. Þann 19. júní var hvergi vært inni í búðunum fyrir leka¹⁰⁰³ og skáldið kvartar yfir því að hjá flestum vermannanna sé kurteisinn ekki á háu stigi.¹⁰⁰⁴ Verst fannst honum þó að allflestir í þessum hóp *gerðu ... gys að öllum bókmenntum*.¹⁰⁰⁵ Þægilegasta og raunbesta segir Magnús hafa verið þá Kristján Bjarnason á Þórustöðum og Jón Jónasson, ráðsmann í Holti,¹⁰⁰⁶ sem báðir voru formenn á Kálfeyri þetta vor. Svo skemmtilega vill til að einmitt þessir tveir voru hér manna síðastir við róðra á árunum 1925-1928 en Jón var þá háseti hjá Kristjáni¹⁰⁰⁷ (sbr. hér bls. 95-96).

Verbúðalífið átti illa við Magnús Hjaltason eins og vænta mátti um svo veikbyggðan mann og viðkvæman. – *Óskemmtilegra vor hafði ég ekki lifað frá því ég var á Hesti*, skrifar hann í dagbók sína 5. júlí 1897 en þann dag fluttu þeir Hjarðardalsmenn allt sitt frá Kálfeyri því komin voru vertíðarlök.¹⁰⁰⁸ Flestir aðrir undu sér betur á þessum stað í glöðum félagsskap hraustra drengja sem nutu þess að stæla kraftana og draga björg í bú.

Árið 1898 fækkaði bátunum í Mosvallahreppi út tuttugu í tíu ef marka má hinar opinberu skýrslur.¹⁰⁰⁹ Af þessum tíu bátum var einn áttæringur en eigandi hans var Rósinkranz Rósinkranzson í Tröð.¹⁰¹⁰ Árið 1899 fjölgaði bátunum aftur um einn svo þeir urðu ellefu.¹⁰¹¹ Í þeim flota var einn áttæringur eins og árið áður en eigandi hans var nú Sveinn Rósinkranzson á Hvilft.¹⁰¹² Fjögra manna för voru sex en fjórir af þessum

⁹⁹⁸ Lbs. 2217^{4to}, Dagbók Magnúsar Hjaltasonar 30.5. 1897.

⁹⁹⁹ Sama dagbók 6.6.1897.

¹⁰⁰⁰ Lbs. 2217^{4to}, Dagbók Magnúsar Hjaltasonar apríl – júlí 1897.

¹⁰⁰¹ Sama dagbók 26.6.1897.

¹⁰⁰² Sama heimild.

¹⁰⁰³ Sama dagbók 19.6.1897.

¹⁰⁰⁴ Sama dagbók 30.4.1897.

¹⁰⁰⁵ Sama heimild.

¹⁰⁰⁶ Sama heimild.

¹⁰⁰⁷ Halldór Kristjánsson 1990, 42-43 (*Í dvalarheimi ...*).

¹⁰⁰⁸ Lbs. 2217^{4to}, Dagbók Magnúsar Hjaltasonar 5.7.1897.

¹⁰⁰⁹ Skj.s. landshöfð. Séröskjur nr. I, II og III. Fiskaflaskýrslur 1897-1899.

¹⁰¹⁰ Sama heimild.

¹⁰¹¹ Sama heimild. Skj.s. sýslum. og sv.stj. Ís. Mosv.hr. 5. Hreppsþók 1883-1912.

¹⁰¹² Sömu heimildir.

ellefu bátum voru tveggja manna för.¹⁰¹³ Vera má að ekki sé greint alveg rétt frá fjölda bátanna í hinum opinberu heimildum en þar getur varla skeikað mjög miklu. Ætla má að bátarnir sem reru frá Kálfeyri 1898 og 1899 hafi því verið mun færri en verið hafði 1897. Sé nú gert ráð fyrir að öll fjöggra manna för, sem til voru í Mosvallahreppi árið 1899 og um er getið í hinum opinberu skýrslum, hafi róið frá Kálfeyri þá um vorið og líka áttæringur Sveins á Hvilft verður heildartala bátanna þar sjö. Líklegra er þó að Kálfeyrarbátarnir hafi bara verið sex þetta vor því ætla má að Steinþór Jónsson í Dalshúsum, sem átti einn þessara sjö báta,¹⁰¹⁴ hafi róið frá Dalssjónum eins og hann gerði vorið 1897.

Formenn á bátunum sex, sem telja má víst að hafi róið frá Kálfeyri vorið 1899, voru þessir: Sveinn Rósinkransson á Hvilft, Guðmundur Jónsson á Görðum, Kristján Bjarnason á Þórustöðum, Jón Jónasson í Holti, Eyjólfur Jónsson á Kirkjubóli í Valþjófsdal og Jónatan Jensson á Efstabóli.¹⁰¹⁵ Aflinn var sem hér segir:

Hjá Sveini	2000	þorskar og	600	af öðrum tegundum.	
Hjá Eyjólfvi	1500	-	750	-	
Hjá Guðmundi	1500	-	700	-	
Hjá Jónatan	1200	-	750	-	
Hjá Kristjáni	1000	-	900	-	
Hjá Jóni	1000	-	900	-	<u>1016</u>

Allir þessir sex formenn, sem ætla má að hafi róið frá Kálfeyri vorið 1899, áttu sjálfir bát, ýmist einir sér eða hálfan á móti öðrum.¹⁰¹⁷

Í opinberum fiskaflaskýrslum eru íbúar Mosvallahrepps sagðir hafa átt 16 báta árið 1900 og 14 árið 1901.¹⁰¹⁸ Bjarni Sæmundsson fiskifræðingur, sem kom í Önundarfjörð sumarið 1901, segir hins vegar að þá um vorið hafi Önfirðingar gert út 25 báta¹⁰¹⁹ og ber þarna ærið mikið á milli. Vera má að Bjarni telji með báta frá Ingjaldssandi því Sandmenn eru Önfirðingar þó að byggðarlag þeirra sé í Mýrahreppi með norðurströnd Dýrafjarðar. Sú tilgáta dugar þó engan veginn til að skýra muninn á tölunum 14 og 25 svo þarna hljóta að vera einhverjir maðkar í mysunni. Hætt er við að aflatölurnar, sem sýndar eru í opinberum fiskaflaskýrslum frá árunum 1897-1901, séu líka svolítið varhugaverðar en samkvæmt þeim var árlegur heildarafli bátanna í Mosvallahreppi sem hér segir:

1897 43.170 fiskar

¹⁰¹³ Skj.s. landshöfð. Séröskjur nr. I, II og III. Fiskaflaskýrslur 1897-1899. Skj.s. sýslum. og sv.stj. Ís. Mosv.hr. 5. Hreppsþók 1883-1912.

¹⁰¹⁴ Skj.s. landshöfð. Séröskjur nr. I, II og III. Fiskaflaskýrslur 1897-1899. Skj.s. sýslum. og sv.stj. Ís. Mosv.hr. 5. Hreppsþók 1883-1912.

¹⁰¹⁵ Sömu heimildir.

¹⁰¹⁶ Skj.s. landshöfð. Séröskjur III. Fiskaflaskýrslur 1899.

¹⁰¹⁷ Skj.s. sýslum. og sv.stj. Ís. Mosv.hr. 5. Hreppsþók 1883-1912.

¹⁰¹⁸ Landshagsskýrslur fyrir Ísland 1901, bls. 390-391 og 1902, bls. 196-197.

¹⁰¹⁹ Bjarni Sæmundsson / Andvari 1903, 101-102.

1898	25.850	-	
1899	50.040	-	
1900	41.414	-	
1901	52.711	-	¹⁰²⁰

Hér eru allar tegundir sem upp eru gefnar í fiskaflaskýrslunum taldar með. Fróðlegt væri að vita hversu stór hluti þessa afla hefur fengist á Kálfeyri en svör við slíkri spurningu liggja ekki á lausu. Þess má þó geta að árið 1897 var afli bátanna sem reru frá Kálfeyri 32.705 fiskar að öllu meðtöldu (sjá hér bls. 102 og 103) ef marka má taka á hinn opinberu fiskaflaskýrslu. Ársafla allra bátanna í Mosvallahreppi var hins vegar 43.170 fiskar þetta sama ár eins og hér var nýlega nefnt svo Kálfeyrarbátarnir hafa verið með liðlega þrjá fjórðu af heildaraflanum það árið. Tveimur árum síðar virðist hlutdeild þeirra í heildaraflanum hafa verið um 80 %.¹⁰²¹

Um hlutaskipti í verstöðinni á Kálfeyri á liðnum öldum skortir ótvíræðar upplýsingar en líklegast er að á sexæringum hafi aflanum verið skipt í átta staði en sums staðar annars staðar á Vestfjörðum og við Breiðafjörð var skipt í sjö staði eða níu.¹⁰²² Í mörgum verstöðvum tíðkaðist lengi sú venja, þegar veitt var á lóðir, að hásetar fengju alveg óskiptan allan þann afla sem kom á *stúfinn*, það er að segja á þá fáu öngla sem samkomulag hafði orðið um að þetta frávík frá almennri reglu næði til. Á Kálfeyri var eingöngu róið með handfæri uns mjög langt var liðið á nítjándu öldina (sjá hér bls. 97 og 99). Um sérafla af *stúf* gat því ekki verið að ræða í þessari veiðistöð en þess í stað var tekin upp sú regla að enginn skipshlutur var tekinn af lifrinni.¹⁰²³ Sú skipan mála var tvímælaust á höfð á árunum í kringum aldamótin 1900¹⁰²⁴ og líklegt má kalla að hún hafi verið tekin upp þó nokkru fyrr. Vegna samlíkingar við lóða-*stúfinn* var einnig talað um *stúf*-lifur í Önundarfirði.¹⁰²⁵

Hér hefur nú verið fjallað um ýmsa þætti er tengjast sjósókn frá Kálfeyri á fyrri tíð og kominn tími til að líta nánar á tóttirnar sem hér eru enn sjáanlegar og aðrar mannvistarleifar. Búðatóttirnar á Kálfeyri eru annað hvort 14 eða 15 en álitamál er hvort ein rústin muni vera verbúðartótt eða gamalt fiskstæði. Hugsanlegt er að verbúðirnar hafi um eitthvert skeið verið lítið eitt fleiri því hér hefur orðið dálítið landbrot af sjávargangi og hefur sjórinn brotið framan af veggjum tveggja þeirra búða sem enn standa (18.8.1995). Ólíklegt verður þó að telja að búðirnar hafi nokkru sinni verið fleiri en 15-20 því ekki er kunnugt um að fleiri en 19 bátar hafi róið frá Kálfeyri á einni vertíð (sjá hér bls. 87 og 92-96) og verið getur að stundum hafi tvær skipshafnir verið í einni og sömu búðinni.

¹⁰²⁰ Stjórnartíðindi 1898 C, 290-291. Landshagssk. f. Ísland 1899, 304-305, 1900, 264-265, 1901, 390-391, 1902, 196-197.

¹⁰²¹ Skj.s. landshöfð. Séröskjur III. Fiskaflaskýrslur 1899, sbr. hér bls. 108.

¹⁰²² Eggert Ólafsson 1975, 200 og 268. Lúðvík Kristjánsson 1985, 188-189.

¹⁰²³ Lúðvík Kristjánsson 1983, 314.

¹⁰²⁴ Sama heimild.

¹⁰²⁵ Sama heimild.

Þrjár innstu búðarústirnar eru mjög skammt fyrir utan Kálfá en lækurinn sem svo heitir á upptök sín í mynni Kálfeyrardals eins og hér hefur áður verið nefnt (sjá hér bls. 86). Veggir allra þessara þriggja búða eru orðnir ellilegir og greinilegt að þær hafa ekki verið notaðar síðustu áratuginu sem róið var frá Kálfeyri.¹⁰²⁶ Um 150 metrum utar kemur svo fjórða búðarrústin og er hún aðeins hálf því sjór hefur brotið framan af veggjunum. Utan við hana gengur dálítill berggangur fram í fjöruna en utan við hann koma tíu eða ellefu búðatóttir í röð og jafnan mjög stutt á milli. Allar standa þessar búðir á sjávargrundinni innan við **Búðanes** sem gengur fram rétt utan við ystu búðina og skilur að Kálfeyri og Bjargavík.

Þrjár innstu búðatóttirnar fyrir utan nýnefndan berggang í fjörunni eru allar mjög stæðilegar og sú ysta af þeim virðist unlegust. Líklegt er að hún sé búð Kristjáns Bjarnasonar í Hjarðardal sem var hér síðastur manna við róðra ár eftir ár skömmu fyrir 1930 (sjá hér bls. 95-96 og 107). Þessi búð er líka einna stærst allra búðanna á Kálfeyri en grunnflötur hennar mun vera um það bil 4,5 x 6 metrar. Gólfhlötur margra annarra búða á Kálfeyri er 3 x 4 metrar eða því sem næst en sumar þeirra eru nokkru stærri og allt upp í 4 x 6 metra. Skammt utan við búðina sem hér var talin nýlegust er lítill lækur og aðeins ein búð á milli hennar og lækjarins. Í þennan læk hafa vermenn getað sótt allt vatn sem þeir þurftu á að halda. Í innri vegg búðarinnar, sem stendur rétt innan við lækinn, er svolítið útskot og hefur líklega verið notað sem eldstæði. Leifar af fáeinum fiskstæðum eða fiskbyrgjum eru líka sjáanlegar á Kálfeyri en um önnur mannvirki er vart að ræða í þessari fornu veiðistöð.

Hér hefur áður verið minnst á skerið sem liggur hér fyrir landi og heitir Kálfur. Rétt utan við Kálfinn var lendingin (sjá hér bls. 87-88) og þar var yfirleitt gott að lenda. Um hálfvallinn sjó og á fjörunni blasir Kálfurinn við en fer í kaf um flæðar.

Dvöl okkar á Kálfeyri lýkur nú senn en áður en haldið verður af stað skulum við minnst þeirra sem fóru héðan í sína hinstu för og hlutu vota gröf. Frá mannskaðanum mikla í Önundarfirði 6. maí 1812 hefur áður verið sagt í þessu riti (sjá hér Mosvallahreppur, inngangskafli) en af bátunum sjö sem þá fórust með allri áhöfn má telja víst að þrír eða fjórir hafi róið frá Kálfeyri. Um fjölda þeirra sem týnt hafa lífi við sjóróðra frá þessari veiðistöð er ekkert hægt að fullyrða en eftir 1812 virðist lítið hafa verið um slysfarir hjá þeim sem héðan reru á vorvertíð Önfirðinga.¹⁰²⁷

Þrír Önfirðingar drukknuðu í fiskiróðri 25. maí 1871 en þeir reru úr Súgandafirði (sjá hér bls. 93) og lögðu því ekki upp héðan frá Kálfeyri í sína hinstu för. Engir Súgfirðingar drukknuðu í sjó þennan sama dag¹⁰²⁸ svo ætla má að þessir þrír Önfirðingar hafi verið með sinn eigin bát við róðra í Súgandafirði. Einn þeirra var Jón Jónsson, hreppstjóri á Kirkjubóli í Bjarnardal (sjá hér Kirkjuból í Bjarnardal), og líklegt að hann hafi verið formaður.

¹⁰²⁶ Sbr. Guðm. I. Kristjánsson / Jólalblað Ísfirðings 1981.

¹⁰²⁷ Prestsþj.b. Holts í Önundarf.

¹⁰²⁸ Prestsþj.b. Staðar í Súgandaf.

Í varðveittum heimildum er stöku sinnum getið um slysfarir við sjósókn úr Önundarfirði fyrir 1812. *Forgekk áttæringsskip úr Önundarfirði á djúpsjó þann 17. júní 1698, segir til dæmis að taka í annálsgreinum frá Holti og tekið fram að enginn sem á því var hafi komist af.*¹⁰²⁹ Áttæringur þessi hefur líklega verið í hákarlalegu því tekið er fram í sömu frásögn að í veðrinu sem honum grandaði hafi mörg skip hrakist *með sína hákalla.*¹⁰³⁰ Aðfaranótt 2. júní árið 1784 týndu þrír menn lífi hér á Kálfeyri þegar aurskriða féll á eina verbúðina. Frá þeim atburði er sagt með þessum orðum í Vatnsfjarðarannál yngsta:

*Í sömu sýslu [Ísafjarðarsýslu] gjörði svo mikið hríðarúrfelli nóttina millum þess 1. og 2. júní að víða hlupu skriður úr fjöllum til stórra skemmda. Á Kálfeyri, verstöðu í Önundarfirði, hljóp þá ein skriða úr bökkum ofan yfir eina verbúð. Þar fórust inni 2 menn giftir og 1 ógiftur. Sá fjórði komst lífs út um þakið.*¹⁰³¹

Nú er líka júnínótt og við röltum um fjöruna neðan við búðatóttirnar. Oft var farið snemma í róður. *Fórum á sjóinn klukkan 2 um nóttina en komum kl. 8 um kvöldið,* skrifar Jón Guðmundsson frá Grafargili í dagbók sína 20. apríl 1888, en hann var þá hér við róðra.¹⁰³² Átján tíma tók sú veiðiferð og þótti víst ekkert lengri en góðu hófi gegndi. Flestum þótti vissara að biðja fyrir sér áður en lagt var í róður. Kunnugur maður, sem fæddur var fyrir aldamótin 1900, sagði Lúðvík Kristjánssyni að í Önundarfirði og Dýrafirði hefðu menn oft farið með sjóferðabæn séra Bjarna Arngrímssonar á Melum í Melasveit við upphaf sjóferðar¹⁰³³ en þess má geta að séra Bjarni á Melum var faðir séra Arngríms Bjarnasonar sem um miðbik 19. aldar var um skeið prestur á Stað í Súgandafirði (sjá hér Staður).

Sjóferðabæn séra Bjarna var fyrst prentuð árið 1798.¹⁰³⁴ Hún er löng en byrjar svo:

*Almáttugi guð. Þú ert sá vísi og góði höfuðskepnanna herra og undir eins minn faðir. Í trausti þinnar náðarríku handleiðslu byrja ég nú, veik og hjálparþurfandi mannskepna þessa hættusömu sjóferð. ...*¹⁰³⁵

Síðar í bæninni segir:

¹⁰²⁹ Annálar III, 175.

¹⁰³⁰ Annálar III, 175.

¹⁰³¹ Annálar V, 412. Sbr. Annálar VI, 264.

¹⁰³² Lbs. 4582^{4to}, Dagbók Jóns Guðmundssonar frá Grafargili 20.4.1888.

¹⁰³³ Lúðvík Kristjánsson 1983, 215-216.

¹⁰³⁴ Sama heimild.

¹⁰³⁵ Sama heimild.

... *Banna þú þínum skepnum, vindi og sjó, að granda mínu og vor allra lífi, þá hlýða þær. Gef oss forsjálega að geta séð við öllum fyrirsjáanlegum hættum af blindskerjum, boðum, grynningum og öðru en afvend sjálfur þeim óþekktu. ... Bjóð sjávarins afgrunni að opna sitt ríka skaut til að uppfylla vorar nauðþurftir. ... En sé það þinn náðugur vilji að þessi reisa skuli verða vor dauðagangur, ó, svo gef mér og oss öllum vel viðbúnum að mæta voru síðasta. ...*¹⁰³⁶

Vera kann að þessi bæn hafi verið flutt þann 6. maí 1812 framan við landsteinana hér á Kálfeyri, við upphaf þeirrar sjóferðar sem lengst verður í minnum höfð og farin var frá þessari veiðistöð. Þann dag fórust í mannskaðanum mikla nær 50 menn sem allir eða nær allir reru frá Kálfeyri og Sæbólssjó á Ingjaldssandi.

Víða á Vestfjörðum mun bænalestri við upphaf sjóferðar hafa verið hætt á fyrsta áratug 20. aldar en einhver dæmi voru um að þessum gamla sið væri haldið allt fram undir 1960.¹⁰³⁷ Ýmsar fornar siðvenjur sem kenna má við bannhelgi þótti gömlum mönnum sem síðastir reru héðan frá Kálfeyri líka sjálfsagt að virða. Til dæmis að nefna var með öllu bannað að kasta fiski yfir þvert skip¹⁰³⁸ og ef þorskhausar voru breiddir til þerris á malarkambinn varð að gæta þess að láta alla trantana snúa á land upp en tálknin til sjávar.¹⁰³⁹ Öll tálkn til sjóar, voru fyrirmælin sem gamall vermaður á Kálfeyri gaf unglungi sem í fyrsta sinn raðaði hér þorskhausum á kamb vorið 1925.¹⁰⁴⁰ Með þau orð í eyrum þokum við okkur af stað út fjöruna og stefnum fyrir Sauðanes.

Rétt fyrir utan Kálfeyri er Búðanes sem skagar lítið eitt fram í fjörðinn.¹⁰⁴¹ Ætla má að nafn þess eigi rætur að rekja til verbúðanna á Kálfeyri því engar búðir eru á Búðanesi.¹⁰⁴² Utan við nesið tekur við Bjargavík og nær út að Stóra-Barði en það er hár klettur sem skagar fram í fjöruna.¹⁰⁴³ Ofan við fjörुकambinn í Bjargavík eru þverhnipt hamrabjörg sem í daglegu tali eru nefnd Björgin en heita fullu nafni **Kálfeyrarbjörg**.¹⁰⁴⁴ Þau eru dökk að lit og setja sterkan svip á landslagið þegar horft er til þeirra úr fjarska. Undir Björgunum, innst í Bjargavík, fórust þrjú menn frá Flateyri í snjóflóði þann 27. október haustið 1934.¹⁰⁴⁵ Þeir hétu Bjarni Sveinn Guðnason, 43ja ára, Gunnar Benediktsson, 41 árs,

¹⁰³⁶ Lúðvík Kristjánsson 1983, 215-216.

¹⁰³⁷ Sama heimild, 220.

¹⁰³⁸ Halldór Kristjánsson 1990, 44 (*Í dvalarheimi ...*).

¹⁰³⁹ Lúðvík Kristjánsson 1985, 388.

¹⁰⁴⁰ Halldór Kristjánsson 1990, 44.

¹⁰⁴¹ Óskar Ein. 1951, 78. Halldór Guðmundsson / Vestf. sagnir III, 211.

¹⁰⁴² Gunnlaugur Finnsson. – Viðtal K.Ó. við hann 5.7.1995.

¹⁰⁴³ Óskar Ein. 1951, 77-78.

¹⁰⁴⁴ Sama heimild. Halldór Guðmundsson / Vestf. sagnir III, 212.

¹⁰⁴⁵ Snorri Sigfússon 1969 II, 29. Prestsþj.b. Holts í Önundarf.

og Ásgeir Kristjánsson, 20 ára.¹⁰⁴⁶ Frá þessu hörmulega slysi segir séra Jón Ólafsson svo í prestsþjónustubókinni frá Holti:

Þessir þrír menn fóru í aftaka stórhrið að leita fjár út á Sauðanes og fórust í snjóflóði sem féll úr svonefndu Búðagili. Lík Bjarna og Ásgeirs fundust nóttina eftir í flæðarmáli út á Búðanesi. Gunnar var kvæntur systur Bjarna en Ásgeir var bróðursonur Bjarna. Lík Gunnars fannst rekið úr sjó 10.nóvember sama ár, skammt frá því sem hin líkin fundust.¹⁰⁴⁷

Annað slys varð á þessum slóðum 111 árum fyrr, nánar til tekið þann 5. október árið 1823.¹⁰⁴⁸ Fjórir menn, sem allir voru á sama bátnum, týndu þá lífi undir Kálfeyrarbjörgum og var talið líklegast að þeir hefðu farist á landboða.¹⁰⁴⁹ Mennirnir fjórir voru þessir: Jón Andrésson, 24 ára vinnumaður á Hvilft, Sigurður Þórðarson, 26 ára lausamaður á Flateyri, Jón Jónsson 26 ára vinnumaður á Flateyri, og Andrés Guðmundsson, 27 ára vinnumaður á Hvilft.¹⁰⁵⁰ Sá síðast nefndi var sonur Guðmundar Jónssonar á Selakirkjubóli sem týndi lífi í mannskaðanum mikla vorið 1812.¹⁰⁵¹

Þegar 100 ár voru liðin frá drukknun Jóns Andréssonar og féлага hans undir Kálfeyrarbjörgum kunnir Jón Jónsson á Þórustöðum, sem fæddur var 14. janúar 1851, frá því að segja að þessir ungu menn hafi verið að koma úr sköturóðri og róíð í myrkri upp á *Flöguna, innarlega undir Björgum*.¹⁰⁵²

Búðagil er beint upp af Búðanesi og því rétt utan við Kálfeyri.¹⁰⁵³ Nokkru utar er **Deildargil** sem nær alveg upp á fjallsbrún og þar fyrir utan **Svaðsgil** sem nær ekki nema upp undir klettaufsirnar í fjallinu.¹⁰⁵⁴ **Innri-Ófæra**, sem svo heitir, í fjörunni undir Björgunum er niður af Deildargili eða því sem næst.¹⁰⁵⁵ Fyrir hana er nær alltaf auðvelt að komast en verður þó ófært á stórstraumsflæði.¹⁰⁵⁶ **Ytri-Ófæra** er niður undan Svaðsgili og fyrir hana er yfirleitt hægt að komast um hálfallið og eitthvað lengur.¹⁰⁵⁷ Þeir sem koma að Ytri-Ófæru þegar háflæði er í nánd þurfa varla að bíða lengur en tvo klukkutíma eða svo eftir því að fært verði fyrir klettinn og enn styttri tíma ef ekki er stórstreymt.¹⁰⁵⁸ Kæmu menn innan að gátu þeir séð á Kálfinum, skerinu fram undan Kálfeyri, hvort fært væri fyrir Ytri-Ófæruna.¹⁰⁵⁹ Væri

¹⁰⁴⁶ Prestsþj.b. Holts í Önundarf.

¹⁰⁴⁷ Prestsþj.b. Holts í Önundarf.

¹⁰⁴⁸ Sama heimild.

¹⁰⁴⁹ Sama heimild.

¹⁰⁵⁰ Sama heimild. Ól. Þ. Kr. / Önfirðingar.

¹⁰⁵¹ Ól. Þ. Kr. / Önfirðingar.

¹⁰⁵² Sama heimild. Halldór Kristjánsson 1994, 132. Sbr. Sami 1990, 42-43 (*Í dvalarheimi ...*).

¹⁰⁵³ Gunnlaugur Finnsson. – Viðtal K.Ó. við hann 5.7.1995.

¹⁰⁵⁴ Sama heimild.

¹⁰⁵⁵ Sama heimild.

¹⁰⁵⁶ Sama heimild.

¹⁰⁵⁷ Sama heimild.

¹⁰⁵⁸ Sama heimild.

¹⁰⁵⁹ Sama heimild.

útfall og Kálfurinn farinn að sjást mátti treysta því að unnt yrði að komast fyrir hana og fjöruleiðin undir Björgum væri fær.¹⁰⁶⁰ Þeir sem komu að utan áttu hins vegar vísa greiða leið undir Björgunum ef þannig stóð á sjó að fært væri fyrir **Stóra-Barð**, sem áður var nefnt, og er við ytri endann á Bjargavík.¹⁰⁶¹ Þeir sem gengu fyrir Sauðanes þræddu líka oft kindagötu ofan við Björgin. Var það talin sæmilega örugg sumarleið en stundum gat þó verið nokkuð erfitt að komast yfir Svaðsgilið því þar má heita að gatan hverfi.¹⁰⁶² Að vetrarlagi ættu ókunnugir að velja fjöruna því oft eru svellalög á efri leiðinni og geta menn þá hrapað fyrir björg ef óvarlega er farið. Snjóflóðahætta er líka mikil á allri leiðinni frá Kálfeyri að **Sauðanestá**.¹⁰⁶³

Þess var áður getið að Bjargavík endi við Stóra-Barð, klett sem gengur alllangt fram í fjöruna. Nokkru innar en utarlega í vikinni er annar klettur sem heitir **Litla-Barð**.¹⁰⁶⁴ Að honum er þó enginn farartálmi því hann nær aðeins mjög skammt fram í fjöruna. Fyrir Stóra-Barð verður aftur á móti ófært á hverri flæði¹⁰⁶⁵ en vegfarendur þurfa þó aldrei að bíða lengi eftir því að fært verði fyrir klettinn.

Brúskulág heitir hvolf í fjallinu upp af miðjum Björgum og er þar klettalaust alveg upp á efstu brún.¹⁰⁶⁶ Ofan við Stóra-Barð eru hins vegar Barðsurðir og innst í þeim eða rétt innan við þær er graslendi sem nefnt er **Gilsteigur**.¹⁰⁶⁷ Í Barðsurðum var landið áður víði vaxið og þar var skógarteigurinn sem kirkjunni á Kirkjubóli í Valþjófsdal var gefinn árið 1470 (sjá hér bls. 88 og bls. 6-7). Í byrjun 18. aldar var þessi kjarrskógur hér í urðunum gjöreyddur fyrir löngu að sögn þeirra Önfirðinga sem Árni Magnússon hitti að máli sumarið 1710.¹⁰⁶⁸

Við Stóra-Barð, sem er yst í Bjargavík, er gott að nema staðar og hvíla lúin bein. Klettur þessi, sem fyrr var nefndur, er láréttur að ofan og *báðar hliðar hans sléttar sem veggur*.¹⁰⁶⁹ Um klettabríkina Stóra-Barð var sagt að það væri annar endinn á brú sem tvær tröllkonur höfðu ætlað sér að byggja yfir Önuðarfjörð.¹⁰⁷⁰ Sú þeirra sem bjó í Sauðanesinu byrjaði svo myndarlega hér að norðanverðu¹⁰⁷¹ en hin, sem átti heima handan fjarðarins, hafði rétt lokið við að hlaða upp bergganginn **Hlein**, í fjörunni undir Sporhamri innan við Mosdal, þegar hana dagaði uppi (sjá hér Mosdalur).

Skammt fyrir utan Bjargavík og Barðsurðir taka við grasi grónir geirar sem ná milli fjalls og fjöru. Allt þetta svæði, frá Barðsurðum og út á **Hvannakraleiti**, heitir Hvannakrar en rétt utan við nýnefnt leiti er

¹⁰⁶⁰ Gunnlaugur Finnsson. – Viðtal K.Ó. við hann 5.7.1995.

¹⁰⁶¹ Sama heimild.

¹⁰⁶² Sama heimild.

¹⁰⁶³ Kristján G. Þorvaldsson 1951, 63 (Árbók F.Í.).

¹⁰⁶⁴ Gunnlaugur Finnsson. – Viðtal K.Ó. við hann 5.7.1995.

¹⁰⁶⁵ Sama heimild.

¹⁰⁶⁶ Sama heimild.

¹⁰⁶⁷ Óskar Ein. 1951, 78.

¹⁰⁶⁸ Jarðab. Á. og P. VII, 96.

¹⁰⁶⁹ Kristján G. Þorvaldsson 1951, 63 (Árbók F.Í.).

¹⁰⁷⁰ Sama heimild.

¹⁰⁷¹ Sama heimild.

Breiðagil.¹⁰⁷² Upp af Hvannökrom eru tvö skörð eða slakkar í fjallsbrúninni og eru nefnd **Ytra-** og **Innra-Hvannakraskarð**¹⁰⁷³ en klettaufsirnar neðan við fjallsbrúnina heita **Hvannakraufsir**.¹⁰⁷⁴ Á Hvannökrom er öll fjallshlíðin vafin gróðri og sumarbeit fyrir sauðfé eins og best verður á kosið. Hér er víðast hvar nokkuð bratt en svolítið undirlendi á brúninni ofan við háa sjávarbakka þar sem nú heitir **Hvannakratún**.¹⁰⁷⁵ Þangað er aðeins 15 mínútna gangur eða því sem næst úr fjörunni við Stóra-Barð.

Ólafur Olavius, sem ferðaðist um Vestfirði sumarið 1775, segir Hvannakra vera fornt eyðibýli¹⁰⁷⁶ og séra Tómas Sigurðsson í Holti, sem ritaði sóknalýsingu árið 1840, kannaðist við sögur af því tagi.¹⁰⁷⁷ Vel er hugsanlegt að búið hafi verið á Hvannökrom um eitthvert skeið í fyrndinni en engar heimildir liggja fyrir sem skorið geti úr um hvort svo hafi verið. Í Jarðabókinni frá 1710 eru Hvannakrar ekki sagðir vera eyðibýli. Þar er hins vegar frá því greint að hér hafi á árum áður verið verstaða en hana hafi enginn notað eftir 1660.¹⁰⁷⁸ Í Jarðabókinni er þetta orðað svo:

*Hvannakrar heitir örnefni út með sjónum fyrir utan Kálfeyri og eru þar björg á milli. Þar hefur áður að fornu verstaða verið og gengið fáein, 2 eður 3, skip og galt hver maður sem á skipunum reru einn fiskafjórðung í vertoll. Lending var hér stórgrýtt og brimsöm og því hefur þessi verstaða ekki brúkast í næstu 50 ár. Tollana tók Eyrareigandi.*¹⁰⁷⁹

Ef marka má þessar upplýsingar úr Jarðabókinni hefur tollurinn sem greiddur var af hverjum vermanni verið helmingi lægri á Hvannökrom en á Kálfeyri á 17. öld (sbr. hér bls. 89). Skýring á því gæti m.a. verið sú að hér var landingin mun ótryggari. Eftir 1660 mun aldrei hafa verið róíð frá Hvannökrom.

Hér úti á Sauðanesinu þótti löngum gott til beitar fyrir sauði, bæði sumar og vetur, og allar líkur benda til þess að stærsta tóttin sem nú er sjáanleg á Hvannökrom sé gamalt sauðabyrgi. Hér verður síðar vikið nánar að tóttunum sem enn sjást á þessum stað en fyrst er vert að minna á að bændur á Eyri og á Hvilft létu fólk sitt stundum heyja hér út frá. Staðfest dæmi um þetta má nefna frá sumrinu 1846 en þá lét Magnús Einarsson, bóndi á Hvilft, heyja á Hvannökrom (sjá hér Hvilft). Hvilftarmenn höfðu þá ekki sent hingað fólk til heyskapar í allmörg ár og þegar Magnús hófst handa sumarið 1846 vefengdu eigendur Eyrar rétt hans til þessara slægna. Úr varð dómsmál sem frá er sagt á öðrum stað í þessu riti (sjá hér Hvilft). Niðurstaða í því máli varð

¹⁰⁷² Óskar Ein. 1951, 77.

¹⁰⁷³ Gunnlaugur Finnsson. – Viðtal K.Ó. við hann 5.7.1995.

¹⁰⁷⁴ Óskar Ein. 1951, 77.

¹⁰⁷⁵ Óskar Ein. 1951, 77.

¹⁰⁷⁶ Ól. Olavius 1964 I, 178.

¹⁰⁷⁷ Sóknalýs. Vestfj. II, 105.

¹⁰⁷⁸ Jarðab. Á. og P. VII, 127.

¹⁰⁷⁹ Sama heimild.

sú að forn beitarréttindi Hvilftarmanna á Sauðanesi og hlutdeild þeirra í tekjum af vertollum frá Kálfeyri voru viðurkennd en áður en dómur var kveðinn upp féllst Magnús á að sleppa öllu tilkalli til slægna og reka á nesinu.

Óvíst er nú hversu oft var heyjað á Hvannökrum á níjtjándu öld en tvímælalaust er að Snorri Sigfússon, sem var skólastjóri á Flateyri frá 1912 til 1929, var hér við heyskap sumarið 1913. Frá því segir hann sjálfur í öðru bindi ritverksins *Ferðin frá Brekku*.¹⁰⁸⁰ Snorri átti þá hálfu kú á móti Halldóri Georg Stefánssyni, sem þá var læknir á Flateyri, og þurfti að afla fódurs fyrir hana. Um miðjan júlí átti skólastjórinn að mæta til starfa við síldarmat norður á Siglufirði og þurfti því að ljúka við heyskapinn fyrir 12. júlí¹⁰⁸¹ sem ekki var einfalt mál því víðast hvar var lítið um gras í slægjulöndum svo snemma sumars. Sjálfur segir Snorri frá á þessa leið:

*Tók ég nú að íhuga möguleika á að ná í slægjur er snemmsprotnar kynnu að vera og færði þetta í tal við Ásbjörn gamla garðyrkjumann. ... Þótti honum einsætt að hvergi myndi svo sprottið í júnílok að gerandi væri að ná þar upp heyi nema úti á Hvannökrum. Þar myndi áreiðanlega vera vellandi gras innanum skriðurnar, enda væri þar gamalt sauðabyrgi og því gömul rækt í jörð. Þar hefði stundum verið heyjað lítilsháttar en fyrir löngu hætt sökum erfiðleika að ná heyi þaðan. Samt væri þetta áreiðanlega reynandi.*¹⁰⁸²

Í kringum 20. júní fóru þeir Snorri og Ásbjörn garðyrkjumaður út á Hvannakra að skoða sprettuna og sýndist þeim báðum að þarna væri hægt að ná allt að því 2/3 kýrfóðurs ef vel væri að unnið.¹⁰⁸³ Fáum dögum seinna byrjaði Snorri svo slátt hér á Hvannökrum við annan mann en hinn sláttumaðurinn var Ólafur Árnason, kaupmaður á Flateyri,¹⁰⁸⁴ sem hér hefur áður verið nefndur (sjá hér Flateyri). Lágu þeir við í 3 daga en síðan var heyið flutt á báti inn á Flateyri og þurrkað þar.¹⁰⁸⁵ Árið 1915 heyjaði Snorri aftur á Hvannökrum¹⁰⁸⁶ og vera má að enn síðar hafi verið borinn hér ljár í gras. Hér á vestanverðu Sauðanesi liggur öll fjallshlíðin mjög vel við sól og í norðan- og norðaustanátt er hér ágætt skjól af fjallinu sem má heita að sé óslitinn veggur, innan frá Klofningsdal og út á ysta annes. Gera má ráð fyrir að þetta tvennt valdi mestu um gróðursældina á þessum slóðum.

Hér var áður minnst á hinar fornu tóttir sem enn halda velli á Hvannökrum. Allar eru þær í Hvannakratúni sem svo er nefnt, mjög skammt ofan við brún sjávarbakkanna þar sem landið er best gróið. Stærsta tóttin er hringlaga og ummálið liðlega 40 metrar. Fullvíst má telja að þetta

¹⁰⁸⁰ Snorri Sigfússon 1969 II, 55-58.

¹⁰⁸¹ Sama heimild.

¹⁰⁸² Sama heimild.

¹⁰⁸³ Sama heimild.

¹⁰⁸⁴ Sama heimild.

¹⁰⁸⁵ Sama heimild.

¹⁰⁸⁶ Sama heimild, 67.

séu rústir af sauðabyrgi en þau voru yfirleitt hringlaga og sjást slíkar tóttir allvíða á Vestfjörðum þar sem sauðir gengu á beit að vetrarlagi. Skammt frá þessari stóru tótt eru þrjár aðrar sem allar eru miklu minni. Ein þeirra er nálægt því að vera hringlaga og ummál hennar er um það bil 15 metrar. Hinar tvær eru átta til tólf fermetrar að flatarmáli og gætu það verið verbúðatóttir (sbr. hér bls. 115).

Allar þessar tóttir á Hvannökrum eru enn mjög greinilegar en engin þeirra bendir sérstaklega til þess að hér hafi í fyrndinni staðið bær eins og Ólafi Olavíusi var sagt þegar hann ræddi við Önfirðinga sumarið 1775 (sjá hér bls. 115). Samt sem áður virðist hyggilegast að útiloka hvorki eitt né neitt í þeim efnum en hafi einhverju sinni verið búið á Hvannökrum er nú orðið býsna langt síðan.

Skammt utan við túnið er Leitið eða Hvannakraleiti sem við höfum lengi haft fyrir augum á þessari gönguför fyrir Sauðanes. Frá hinum vallgrónu tóttum ofan við sjávarbakkana færum við okkur nú aftur niður í fjöruna. Það fellur út og bráðum komin háfjara. Nær beint fram undan hinum fornu tóttum stendur allstór steinn upp úr sjónum, mjög skammt frá landi. Hann er á gömlu róðrarleiðinni út með Sauðanesi og var jafnan talinn varasamur því yfir hann fellur á hverri flæði.¹⁰⁸⁷ Steinninn heitir **Þormóður** og segir sagan að hann beri nafn vinnupilts sem forðum daga þjónaði bóndanum á Hvannökrum.¹⁰⁸⁸ Piltur þessi komst í kærleika við dóttur húsbónda síns og varð hún þunguð af hans völdum. Þessu reiddist faðir hennar svo mjög að hann réðst á Þormóð og náði að færa hann í bönd.¹⁰⁸⁹ Bandingjann flutti hann síðan út á steininn og reyrdi hann þar fastan. Þegar sjór féll að færðist pilturinn í kaf en mátti sig hvergi hræra.¹⁰⁹⁰ Lét hann þar líf sitt en nafn hans færðist yfir á steininn.¹⁰⁹¹

Vegalengdin frá Kálfeyri út að Hvannökrum mun vera tæplega tveir kílómetrar en frá Hvannökrum eru liðlega fjórir kílómetrar út að hreppamörkunum við **Gathamar** sem er í nánd við ystu tá á Sauðanesinu en þó hérna megin við hana. Á leiðinni frá Hvannökrum að Gathamri og fyrir Sauðanes er sjálfsagt að fylgja fjörunni.

Fram undan Hvannakraleitinu og rétt utan við það eru skammt undan landi nokkur sker sem koma sjaldan upp.¹⁰⁹² Innst þeirra er **Hlóðaflaga**, þá **Ketilsskerin** og þar fyrir utan **Breiðagilsflaga**.¹⁰⁹³ Rétt utan við Hvannakraleiti er gil í fjallinu og heitir Breiðagil.¹⁰⁹⁴ Skerið Breiðagilsflaga er aðeins spölkorn fyrir utan gilið.¹⁰⁹⁵ Fyrir utan Breiðagil eru í fjallshlíðinni grasteigar sem nefndir eru **Klofteigar**.¹⁰⁹⁶ Á móts við

¹⁰⁸⁷ Halldór Guðmundsson / Vestf. sagnir III, 211-214. Sami / Vestf. þjóðsögur III, 1, 58-64.

¹⁰⁸⁸ Sömu heimildir.

¹⁰⁸⁹ Sömu heimildir.

¹⁰⁹⁰ Sömu heimildir.

¹⁰⁹¹ Sömu heimildir.

¹⁰⁹² Óskar Ein. 1951, 77.

¹⁰⁹³ Sama heimild.

¹⁰⁹⁴ Sama heimild.

¹⁰⁹⁵ Sama heimild.

¹⁰⁹⁶ Sama heimild.

miðja Klofteigana komum við að **Drangsvík** sem er allstór bugur hér við ströndina, kenndur við stakan klettadrang sem stendur upp úr sjó.¹⁰⁹⁷ Áin sem fellur í Drangsvík heitir **Hundsá**.¹⁰⁹⁸ Hún kemur ofan úr fjalli og fellur um klettastalla sem heita **Hundsárskorur**.¹⁰⁹⁹ Þetta er eina áin sem stendur undir nafni á leiðinni fyrir Sauðanes og er stundum nokkuð vatnsmikil. Ofan við fjöruna fellur hún í boga fram af allhárri bakkabrún. Sé flæði í nánd eða lítið fallið út sleppa menn aðeins naumlega fram hjá bununni án þess að vökna því svo má heita að áin falli þá í fossi beint niður í flæðarmálið. Grasteigur í fjallshlíðinni, skammt utan við Hundsá, heitir **Bolateigur**¹¹⁰⁰ og uppi á fjallsbrúninni, ofan við Hundsá, er allmikið graslendi.¹¹⁰¹ Þetta graslendi er stórþýft á kafla og nær frá Hundsárdrögum út á ystu brún Sauðaness.¹¹⁰²

Eins og fyrr var nefnt fellur Hundsá til sjávar í Drangsvík. Skerin utan við víkina heita **Mossker** en leitið í hlíðinni þar fyrir utan heitir **Mosskerjakambur**.¹¹⁰³ Hærra í fjallinu eru svo **Mosskerjaufsir**.¹¹⁰⁴ Frá Flateyri sést út á Mosskerjakamb, að minnsta kosti frá Brimnesvegi sem er utantil á eyrinni.¹¹⁰⁵

Við Mosskerin eða innantil við þau strandaði togarinn Júní frá Hafnarfirði í aftakaveðri 1. desember 1948, sama dag og breski togarinn Sargon frá Grimsby strandaði undir Hafnarmúla innan við Örlygshöfn við vestanverðan Patreksfjörð. Björgunarsveit frá Flateyri og skipverjum á togaranum Ingólfi Arnarsyni tókst að bjarga allri skipshöfninni á Júní en þessi ágæti togari frá Hafnarfirði liðaðist sundur hér í brimgarðinum. Sumarið 1994 mátti enn sjá járn úr honum í fjörunni innan við Mossker.

Síðasta spölinn á langri gönguferð um hinn forna Mosvallahrepp röltum við með sjó fram í **Gathamarsvík** en hún nær frá Mosskerjum að Gathamri.¹¹⁰⁶ Í hlíðinni ofan við víkina skiptast á grasteigar og skriðurunnin gil en svipsterk hamrabelti prýða fjallið hið efra. Hér yst á Sauðanesi er hlíðin brött, enda heita teigarnir ofan við Gathamarsvíkina **Bröttuteigar**.¹¹⁰⁷ Enn hærra í fjallinu og beint upp af Bröttuteigum eru svo **Stútteigar** er svo hafa verið nefndir vegna þess að þeir eru flöskulaga og snúa stúturnir upp.¹¹⁰⁸

Í fjörunni rétt utan við Gathamarsvík er sjálfur Gathamarinn en það er stór klettur sem áður bar nafn með réttu því þá var á honum stórt gat

¹⁰⁹⁷ Sama heimild.

¹⁰⁹⁸ Óskar Ein. 1951, 77.

¹⁰⁹⁹ Sama heimild.

¹¹⁰⁰ Óskar Ein. 1951, 77.

¹¹⁰¹ Þorvaldur H. Þórðarson. – Viðtal K.Ó. við hann 26.6.1996.

¹¹⁰² Sama heimild.

¹¹⁰³ Sama heimild.

¹¹⁰⁴ Sama heimild.

¹¹⁰⁵ Gunnlaugur Finnsson. – Viðtal K.Ó. við hann 30.6.1996.

¹¹⁰⁶ Óskar Ein. 1951, 77.

¹¹⁰⁷ Sama heimild.

¹¹⁰⁸ Sama heimild.

sem menn gátu farið í gegnum.¹¹⁰⁹ Á árunum kringum aldamótin 1900 náði sjórinn hins vegar að brjóta það mikið úr klettinum að gatið hvarf.¹¹¹⁰

Við Gathamar eru landamerkin milli Eyrar í Önundarfirði og Staðar í Súgandafirði og hreppamörk milli hins forna Mosvallahrepps og Suðureyrarhrepps.¹¹¹¹ Mörkin milli hreppanna tveggja hafa að líkindum verið hér allt frá því að landinu var skipt í slíkar einingar á tíundu eða elleftu öld. Í vísitaziugerð Brynjólfs biskups Sveinssonar frá árinu 1639 stendur skýrum stöfum að prestssetrið Staður í Súgandafirði eigi land *millum Dalsár og Gathamars*¹¹¹² og í annarri vísitaziugerð frá árinu 1689 er þess getið að *Skálholtsstiftis prestagarða registur* frá árinu 1583 segi Stað í Súgandafirði eiga land *millum Dalsár og Gathamars*.¹¹¹³ Hér er því ekki um að villast. Annað mál er það að um miðbik nítjándu aldar virðist þó nokkur ruglingur hafa verið kominn á hugmyndir manna um þessi landamerki og mörk hreppanna. Í lýsingu Staðarsóknar í Súgandafirði frá árinu 1839 segir séra Andrés Hjaltason á Stað að hreppamörkin séu við Gathamar en lætur þess jafnframt getið að sumir telji þau vera við Mossker¹¹¹⁴ sem hér hafa áður verið nefnd. Séra Tómas Sigurðsson í Holti fullyrðir aftur á móti í sinni sóknalýsingu, sem skrifuð var árið 1840, að mörkin séu við Sauðanestá.¹¹¹⁵ Þeir Torfi Halldórsson á Flateyri og séra Janus Jónsson í Holti virðast líka hafa verið sömu skoðunar og séra Tómas um þetta. Í landamerkjalyýsingu, sem þeir skrifuðu undir 6. júní 1891 og þinglýst var 13. febrúar 1892, segir að merkin milli Eyrar og Staðar séu í *Rauf á Sauðanesi og þaðan eins og nesið gengur lengst út til sjávar*.¹¹¹⁶ Örnefnið **Rauf**, sem þarna er nefnt, má rekja til máldaga Staðarkirkju frá árinu 1324 en þar segir að kirkjan á Stað eigi *reka millum Dalsár og Raufar*.¹¹¹⁷ Um Raufina sem þarna er nefnd er fjallað hér nánar á öðrum stað (sjá hér Staður í Súgandafirði).

Við Gathamarinn var löngum talið reimt og þegar Magnús Hjaltason var að alast upp í Hestþorpinu á árunum kringum 1880 fékk hann að heyra hjá fósturu sinni sem fædd var árið 1822 þessa sögu:

Kona ein fátæk var í Önundarfirði. Hún átti barn, stálpað nokkuð. Hún fór kynnisförl til Súgandaffjarðar „til að reita sér“. Það var að haustlagi og kominn snjór mikill til fjalla. Gekk konan því fyrir Sauðanes. Barn hennar var með henni. Konan varð naumt fyrir og var komið niðamyrrkur er hún kom að Gathamrinum. Lét hún því fyrirberast undir hamrinum, í gatinu, um nóttina. Þar hjúfraði hún barnið að

¹¹⁰⁹ Sama heimild.

¹¹¹⁰ Sama heimild, 74 og 77.

¹¹¹¹ Kristján G. Þorvaldsson 1951, 60-62 (Árbók F.Í.). Óskar Ein. 1951, 77.

¹¹¹² Bps. A. II, 6. Vísitazíubók Brynjólfs biskups Sveinssonar. Staður í Súgandafirði 15.8.1639.

¹¹¹³ Bps. A. II, 11. Vísitazíubók Þórðar biskups Þorlákssonar 1675-1695 B. Staður í Súgandafirði 9.9.1689.

¹¹¹⁴ Sóknalýs. Vestfj. II, 111.

¹¹¹⁵ Sama heimild, 97.

¹¹¹⁶ Kirknaskjöl XVII. Lýsing á landamerkjum Staðar í Súgandaf., dags. 6.6.1891, þinglýst 13.2.1892.

¹¹¹⁷ D.I. II, 575.

sér og sofnaði það skjótt. En svo hafði konan síðar frá sagt að þetta hefði verið hin leiðinlegasta nótt sem hún hefði lifað. Hefðu svipir ýmsra er druknað hefðu umhverfis Sauðanesið ásótt sig og látið öllum illum látum, skælt sig og hrist, sumir höfuðlausir og sumir handleggjalausir og sumir þá fótalausir en sér hefði viljað til að barnið hefði sofið. Um dægramótin hurfu ósköpin. Konan vakti þá barnið og hélt svo áfram til Súgandafjarðar og sagði sína för ekki slétta.¹¹¹⁸

Frá Gathamri er skammur spölur að ystu tάνni á Sauðanesi þar sem strandlengjan sveigir til norðausturs og síðan áfram inn með Súgandafirði. Frá hreppamörkunum við Gathamar eru um það bil sex kílómetrar að Stað, fyrsta bænum sem komið er að í Súgandafirði þegar gengið er fyrir Sauðanes. Nú hallar sumri og orðið skuggsýnt því langt er liðið á kvöld. Við flýtum því för okkar heim að Stað og látum skeika að sköpuðu en munum síðar velja bjartan dag til að skoða strönd og hlíð á þessari sömu gönguleið.

----- o o o o -----

¹¹¹⁸ Lbs. 2736^{4to}, bls. 113-115 (Magnús Hjaltason).